Bætur skerðast óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 1% af árstekjum umfram 1,6 millj. kr.

Grunnfjárhæðir geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af leigufjárhæð, að hámarki 21.000 kr. á mánuði.

Félagsmálaráðherra tekur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, fyrir 1. október ár hvert ákvörðun um grunnfjárhæðir bóta fyrir næstkomandi ár, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga um húsaleigubætur.

II. KAFLI
Umsókn um húsaleigubætur.

2. gr.

Umsókn um húsaleigubætur skal skilað til viðkomandi sveitarfélags á sérstöku þar til gerðu eyðublaði er félagsmálaráðuneytið hefur útbúið í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga. Eyðublöðin skulu liggja frammi almenningi til afnota, á skrifstofum sveitarfélaga, hjá samtökum leigusala og leigjenda, Íbúðalánasjóði og annars staðar þar sem ástæða þykir til.

3. gr.

Sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka.

Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist sveitarfélagi eigi síðar en 15 dögum fyrir fyrsta dag útgreiðslumánaðar.

Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn koma bætur ekki til greiðslu í næsta mánuði á eftir, en réttur til bóta miðast hins vegar við umsóknartíma, berist fullnægjandi gögn síðar. Skal þá sveitarfélag gera umsækjanda grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan tveggja mánaða. Sinni umsækjandi ekki þeim tilmælum telst umsókn hans fallin niður, sbr. 12. gr. laga um húsaleigubætur.

Ákvörðun um rétt til húsaleigubóta og um bótafjárhæðir skal endurskoða á grundvelli breyttra aðstæðna bótaþega.

Gutenberg

Húsaleigubætur greiðast ekki mánaðarlega sé útreiknuð fjárhæð bóta undir 500 kr. Greiðsla þeirra fer fram í desember ár hvert.

4. gr.

Umsókn um húsaleigubætur skulu fylgja eftirfarandi gögn, sbr. 11. gr. laga um húsaleigubætur:

1. Frumrit þinglýsts húsaleigusamnings sem gerður er á staðfest eyðublað félagsmálaráðuneytis eða Íbúðalánasjóðs og undirritaður af báðum aðilum.
2. Ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra.
3. Launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölul. fyrir þrjá síðustu mánuði og/eða upplýsingar um reiknað endurgjald vegna sjálfstæðrar starfsemi.
4. Staðfesting skóla um nám þeirra sem tilgreindir eru í 2. tölul. og eru 20 ára eða eldri og stunda skólanám í sex mánuði eða lengur á árinu.
5. Íbúavottorð Hagstofu Íslands fyrir viðkomandi íbúð, hafi viðkomandi sveitarfélag ekki beinan aðgang að þjóðskrá.

Hafi sveitarfélag beinan aðgang að upplýsingum ríkisskattstjóra um tekjur og eignir umsækjanda, þ.m.t. aðgang að staðgreiðslu, getur það ákveðið að umsækjandi þurfi ekki að leggja fram afrit af skattskýrslu né launaseðlum, sbr. 2. - 3. tölul. 1. mgr., svo framarlega sem sveitarfélaginu er veitt fullt umboð til þess að afla þeirra upplýsinga hjá skattyfirvöldum.

III. KAFLI
Skuldajöfnuður og viðmið um eignir.

5. gr.

Um skuldajöfnuð fer skv. 18. gr. laga um húsaleigubætur. Að öðru leyti fer um skuldajöfnuð skv. almennum reglum kröfuréttarins, s.s. um heimild til að skuldajafna húsaleigubótum sem koma eiga til greiðslu á móti ofgreiddum bótum til sama bótaþega.

6. gr.

Viðmið um eignir sem lagt skal til grundvallar við ákvörðun um fjárhæðir húsaleigubóta árið 1999, samkvæmt 3. mgr. 9. gr. laga um húsaleigubætur, eru þrjár milljónir króna. Fjárhæð þessi er miðuð við verðlag í desember 1997 og breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á neysluvísitölu (183,7 stig í desember 1998).

Félagsmálaráðherra lætur reikna út og birtir nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

IV. KAFLI
Greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

7. gr.

Greiðslur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til sveitarfélaga skv. 3. gr. laga um húsaleigubætur skulu fara fram ársfjórðungslega. Greiðslurnar skulu inntar af hendi eigi síðar en 20. apríl, 20. júlí, 20. október og 20. janúar, vegna október til desembermánaðar, ár hvert að því tilskyldu að fullnægjandi skilagrein hafi borist sjóðnum 15 dögum fyrir hvern tilgreindan greiðsludag.

Berist skilagrein síðar en tilgreint er í 1. mgr. frestast greiðsla fram á næsta tilgreindan greiðsludag. Greiðslur falla niður hafi skilagrein ekki borist innan 6 mánaða frá greiðsludegi viðkomandi tímabils.

8. gr.

Sveitarfélög skulu skila upplýsingum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á þar til gerðum eyðublöðum Jöfnunarsjóðs, ásamt lista þar sem fram koma nöfn, lögheimili, aðsetur og kennitölur þeirra sem hafa fengið greiddar húsaleigubætur, ásamt upplýsingum um fjárhæðir bóta.

Sveitarfélög skulu jafnframt skila fyrir 1. mars ár hvert áætlun til Jöfnunarsjóðs á þar til gerðum eyðublöðum, um heildargreiðslu húsaleigubóta á árinu, miðað við grunnfjárhæð bóta, sbr. 1. gr.

9. gr.

Greiðslur til sveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga miðast við grunnfjárhæðir bóta, sbr. 1. gr.

Sveitarfélög skulu leggja út fé til greiðslu húsaleigubóta en Jöfnunarsjóður sveitarfélaga reiknar þeim ársfjórðungslega 55% af grunnfjárhæð greiddra bóta til greiðslu, sbr. þó 3. mgr.

Við hverja ársfjórðungslega greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 7. gr., skal sjóðurinn halda eftir 5% af útreiknaðari greiðslu, sbr. 2. mgr., til þess að mæta því ef heildargreiðslur sveitarfélaga fara fram úr áætlunum þeirra sbr. 2. mgr. 8. gr. Endanlegt uppgjör Jöfnunarsjóðs á greiðslum til sveitarfélaga skal fara fram í janúar ár hvert á grundvelli framlags ríkisins skv. 3. gr. laga um húsaleigubætur.

V. KAFLI
Málsskot, gildistaka o.fl.

10. gr.

Leigjandi (umsækjandi um húsaleigubætur) getur skotið ákvörðunum sveitarstjórnar um framkvæmd laga um húsaleigubætur og reglugerðar þessarar til úrskurðarnefndar félagsþjónustu, sbr. 16. gr. laga um húsaleigubætur.

11. gr.

Félagsmálaráherra skipar til fjögurra ára í senn fimm manna samráðsnefnd sem skal fylgjast með framkvæmd laga um húsaleigubætur og reglugerðar þessarar. Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir tvo fulltrúa í nefndina og félagsmálaráðherra þrjá, þar af formann nefndarinnar.

12. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 21. gr., sbr. 5., 9. og 13. gr. laga nr. 138/1997 um húsaleigubætur, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 37/1998 um húsaleigubætur.

Ákvæði 1. gr. koma til framkvæmd frá og með 1. janúar 1999.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. janúar 1999.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

AUGLÝSING

um álagningu eftirlitsgjalds þeirra aðila er lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999.

Viðskiptaráðherra hefur borist rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 1999 og samþykkt hana í samræmi við 2. mgr. 16. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, sbr. og reglugerð nr. 777/1998, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Samkvæmt áætluninni verður lagt eftirlitsgjald á eftirlitsskylda aðila, sbr. 1.-7. tölul. 3. mgr. 16. gr. laga nr. 87/1998, sem hér segir:

1. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 1. tölul. er lagt 0,019425% af eignum samtals, eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 150.000.
2. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 2. tölul. er lagt 0,3135% af bókfærðum frumtryggingariðgjöldum og 0,038% af bókfærðum endurtryggingariðgjöldum, eins og iðgjöld þessi voru tilgreind í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 150.000. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00931% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.
3. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 3. tölul. er lagt 0,05035% af því iðgjaldamagni sem miðlað var á árinu 1997, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 150.000.
4. Á þá aðila sem falla undir ákvæði 4. tölul. er álagningu háttað þannig að á sérhvert fyrirtæki í verðbréfaþjónustu er lagt 0,1015% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, á verðbréfasjóði er lagt 0,05481% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997 og á rekstrarfélög verðbréfasjóða er lagt 0,093888% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 150.000 á sérhvern aðila.
5. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 5. tölul. er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997.
6. Á sérhvern lífeyrissjóð sem fellur undir ákvæði 6. tölul. er lagt 0,00931% af hreinni eign til greiðslu lífeyris eins og hún var í árslok 1997. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem fastagjald kr. 150.000 vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir 1 milljarði króna í árslok 1997, kr. 300.000 vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá 1 til 10 milljarða í árslok 1997 og kr. 600.000 vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir í árslok 1997. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðsfélaga eins og þeir voru í árslok 1997.
7. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 7. tölul. er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en kr. 150.000.

Auglýsing þessi er birt í samræmi við ákvæði c.-liðar 1. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 777/1998 og tekur þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytinu, 6. janúar 1999.

Finnur Ingólfsson.

Þórður Friðjónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 3 – 1999

5. janúar 1999 9 Nr. 6

REGLUR

um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga.

1. gr.

Gildissvið.

Póst- og fjarskiptastofnunin setur hér með eftirfarandi reglur um númer, númeraraðir og vistföng sem notuð eru í fjarskiptaþjónustu og númer, númeraraðir og vistföng sem notuð eru við samtengingu sjálfstæðra fjarskiptaneta.

2. gr.

Skilgreiningar.

Vísað er til skilgreininga í fjarskiptalögum en auk þess hafa eftirfarandi orð sérstaka merkingu:

Notendanúmer: Númer sem áskrifendur fjarskiptaþjónustu fá úthlutað hjá rekstrarleyfishafa vegna tengingar við fjarskiptanet þeirra og hægt er að hringja í eða nota til að sækja þjónustu frá rekstrarleyfishöfum.

Símanúmer: Notendanúmer í almennri talsímaþjónustu, samneti eða farsímaþjónustu.

Forskeyti: Númer sem notandi verður að velja á undan t.d. landsnúmeri til að fá aðgang að utanlandsþjónustu eða á undan símanúmeri til að fá aðgang að langlínu.

Landsnúmer: Númer eða kóði 1-, 2- eða 3-stafa sem alþjóðafjarskiptasambandið (ITU) hefur úthlutað í samræmi við tilmæli E.164.

Neyðarnúmer: Númer sem eingöngu skal nota fyrir tilkynningar um slys og beiðni um neyðarhjálp.

Þjónustunúmer: 3- eða 4-stafa númer sem veita aðgang að sérstakri þjónustu rekstrarleyfishafa sbr. bilanatilkynningar, klukku o.fl.

A-notandi: Notandi sem efnir til samskipta við annan notanda eða þjónustuveitanda með upphringingu.

3. gr.

Tilgangur.

Samkvæmt 3. gr. fjarskiptalaga skal Póst- og fjarskiptastofnun hafa umsjón með fjarskiptamálum á Íslandi og hafa eftirlit með framkvæmd laganna.

Meðal verkefna sem lög um Póst- og fjarskiptastofnun kveða á um að hún annist er að setja reglur um úthlutun notendanúmera.

Markmið skipulags um notendanúmer eins og það kemur fram í þessum reglum er að kveða á um úthlutun númera fyrir mismunandi þjónustu og ákveða forgangsröðun. Skipu-

Gutenberg

laginu er í fyrsta lagi ætlað að tryggja rekstrarleyfishöfum sem veita fjarskiptaþjónustu aðgang að númerum fyrir notendur sína og tryggja notendum hverjum fyrir sig númer sem tengist honum einum og gerir öðrum kleift að beina til hans fjarskiptaboðum. Í öðru lagi að númer séu fáanleg fyrir samtengingu neta. Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar ekki númerum og númeraröðum til annarra en fengið hafa rekstrarleyfi hjá stofnuninni.

Úthlutun númera og númeraraða felur í sér heimild til afnota, en leiðir ekki til eignaréttar á númerum eða númeraröðum.

Skipan númeramála samkvæmt þessum reglum byggir á tilmælum alþjóðafjarskiptasamtakanna ITU um númer í alþjóðatalsíma og vistföng í gagnaflutningsnetum. Þar er m.a. kveðið á um hámarkslengd númera og um lands- og netnúmer. Þar að auki skulu ýmis forskeyti og þjónustunúmer vera í samræmi við tilskipanir ESB, sem gildi hafa tekið á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í allri fjarskiptaþjónustu sem sækir skipulag númera og vistfanga til tilmæla ITU skal eingöngu nota númer og vistföng sem Póst- og fjarskiptastofnun hefur úthlutað.

Póst- og fjarskiptastofnun setur fram heildarskipulag á númerum fyrir mismunandi þjónustu og ramma um vistföng í fjarskiptanetum. Rekstrarleyfishöfum ber að veita stofnuninni allar upplýsingar um númer í notkun sem og um möguleika jafnt sem takmarkanir fjarskiptakerfa þeirra að því er varðar notkun númera.

Breytingar á skipulagi, sem fela í sér að hópar notenda verða að breyta um númer skal stofnunin kynna með 2 ára fyrirvara. Póst- og fjarskiptastofnun bætir ekki notendum eða rekstrarleyfishöfum kostnað eða annað fjárhagslegt tjón sem hlýst af númerabreytingum.

4. gr.

Umsóknir.

Rekstrarleyfishafar sem hyggjast úthluta notendum númerum vegna fjarskiptaþjónustu skulu sækja um númeraraðir til Póst- og fjarskiptastofnunar. Í umsókn skal koma fram eftirfarandi:

Tegund þjónustu.
Landssvæði þar sem þjónusta er/verður veitt.
Fjöldi notenda í viðkomandi þjónustu.
Lengd númeraraðar/raða sem óskað er eftir.
Fjöldi notenda sem reiknað er með að bætist við;
a) á næsta heila ári og
b) á næstu 3 árum.

Póst- og fjarskiptastofnun skal úthluta rekstrarleyfishöfum númeraröðum eftir þörfum þeirra að svo miklu leyti sem heildarskipulag númera leyfir sbr. 6. gr. Við úthlutun skal miðað við þarfirnar a.m.k. næsta heila árið en til allt að þriggja ára, ef nægjanlegt svigrúm er til þess að mati stofnunarinnar.

Umsóknir um númer fyrir samtengingu neta og stuttnúmer skv. 6.-8. lið 7. gr. skulu rekstrarleyfishafar senda Póst- og fjarskiptastofnun. Með umsóknum skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi eftir því sem við á:

Tegund þjónustu.
Landssvæði þar sem þjónusta verður veitt.
Heiti neta sem á að samtengja.
Samtengistaður/staðir.
Gjaldtökuaðferð fyrir þjónustuna eða samtenginguna.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að auglýsa eftir umsóknum áður en ákvörðun er tekin um úthlutun númera fyrir val á þjónustuveitanda, ef þeir eru fleiri en einn í viðkomandi þjónustu.

5. gr.

Framsal, ábyrgð og nýting.

Ekki er rekstrarleyfishafa heimilt nema að fengnu leyfi Póst- og fjarskiptastofnunar að framselja númer eða númeraraðir til annars rekstrarleyfishafa.

Rekstrarleyfishafar eru ábyrgir fyrir réttri notkun númera þ. á m. að númer séu ekki notuð fyrir aðra þjónustu en viðkomandi númeraröð hefur verið úthlutað fyrir. Úthlutuð númer má eingöngu nota í fjarskiptaþjónustu á Íslandi.

Rekstrarleyfishafar sem fengið hafa úthlutað númeraröðum skulu leitast við að nýta þær á sem bestan hátt. Einkum er óheimilt að velja notendum númer á þann hátt að eyður myndist í númeraröð að óþörfu. Komi í ljós að númeraraðir eru vannýttar getur Póst- og fjarskiptastofnun hafnað frekari úthlutun eða dregið fyrri úthlutun til baka að öllu eða einhverju leyti. Rekstrarleyfishafi sem hefur vannýtt númeraröð með því t.d. að skilja eftir eyður í númeraröð að óþörfu á það á hættu að notendur hans einn eða fleiri kunna að sæta númerabreytingu. Rekstrarleyfishafi ber fjárhagslega ábyrgð gagnvart notanda sínum í slíku tilfelli.

Póst- og fjarskiptastofnun getur afturkallað úthlutun númeraraða, ef í ljós kemur að ekki hefur verið fylgt reglum við úthlutun einstakra númera. Sömuleiðis getur stofnunin afturkallað úthlutun að hluta til, ef rekstrarleyfishafi hefur ofmetið þörf sína fyrir númer eða þegar númer eða númeraröð hefur ekki verið tekin í notkun innan tiltekins tíma.

Breytingar á þjónustunúmerum skulu tilkynntar viðkomandi aðilum með minnst 6 mánaða fyrirvara.

6. gr.

Úthlutun.

Rekstrarleyfishöfum í talsíma-, samnets- og farsímaþjónustu skal úthluta frá 1.000 til 10.000 sjö stafa númerum í röðum í skipulaginu.

Rekstrarleyfishöfum talsíma-, samnets- og farsímaþjónustu skal úthluta 4 eða 5-stafa þjónustunúmerum í númeraskipulaginu.

Rekstrarleyfishöfum í utanlandsþjónustu skal úthluta 4 eða 5-stafa forskeytum. Fyrir þessa þjónustu er notuð röðin 10xx(x).

Útlandanúmeri 00, neyðarnúmeri 112 og þriggja stafa númerum er ekki úthlutað sérstaklega en rekstrarleyfishafar geta fengið afnot af þessum númerum til sérstakra þjónustuaðgerða samkvæmt reglum 7. gr.

Umsóknir um númer og númeraraðir skulu að jafnaði afgreiddar í sömu röð og þær berast Póst- og fjarskiptastofnun.

Úthlutun stuttnúmera er bundin þeirri notkun sem umsókn var miðuð við sbr. 4. gr. Verði þeirri notkun hætt eða hún breytist fellur úthlutunin sjálfkrafa niður.

Rekstrarleyfishafar skulu greiða gjald fyrir úthlutuð númer og raðir samkvæmt gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar. Rekstrarleyfishöfum skal heimilt að krefja viðkomandi notendur um greiðslu fyrir stuttnúmer.

7. gr.

Skipulag númera í almennri talsímaþjónustu, samneti og farsíma.

Í fjarskiptanetum þar sem veitt er talsíma-, samnets- og farsímaþjónusta skulu gilda 7-stafa símanúmer. Við upphringingar milli símnotenda sama rekstrarleyfishafa og milli símnotenda mismunandi rekstrarleyfishafa skal nota 7-stafa númer. Upphringingar símnotenda í íslenskum fjarskiptanetum til útlanda skulu gerðar með því að velja fyrst útlandaforskeyti 00, síðan landsnúmer og í sumum tilfellum svæðisnúmer og að lokum símanúmer notandans erlendis. Val á utanlandsþjónustu, þegar það er fyrir hendi, skal framkvæmt með því að velja forskeyti fyrir þjónustuaðila áður en símanúmer er valið.

Röðun númera fyrir mismunandi þjónustu og notkun skal vera sem hér segir:

1. Almenn símanúmer skulu vera 7-stafa í röðunum 20-99.
2. Fyrir þjónustu þar sem netið á að framkvæma sérstakar aðgerðir á uppköllum eftir því um hvaða númer er að ræða aðrar en taldar eru í öðrum liðum þessarar greinar skal nota 7-stafa símanúmer sem byrja á 74 og 75.
3. Þegar ekki á að gjaldfæra A-notanda fyrir símtali skal nota 7-stafa númer sem byrja á 80.
4. Fyrir símatorg skal nota 7-stafa númer sem byrja á 901-905.
5. Almenningssjálfsölum, sem tekið er aukagjald fyrir að hringja í, skal gefið 7-stafa númer sem byrjar á 909.
6. Sérstökum 4-stafa númerum sem byrja á 17 má ráðstafa til opinberra stofnana í því skyni að upplýsa almenning um ástand sem getur varðað öryggi fólks.
7. Sérstök 4-stafa númer sem byrja á 14 og 18 eru til ráðstöfunar sem þjónustunúmer þar sem rekstrarleyfishafar geta veitt upplýsingar tengdar þjónustu sem þeir veita í þjónustumiðstöð eða upplýsingar t.d. um símanúmer eða klukku.
8. Rekstrarleyfishöfum er úthlutað númerum sem byrja á 19 til notkunar í eigin kerfum, t.d. vegna reksturs símstöðva og prófana.
9. Þriggja stafa þjónustunúmer sem byrja á 11, 14, 15, 16 og 17 og voru í notkun 1. júlí 1997 má nota áfram fyrst um sinn eða þangað til annað verður ákveðið.
10. Póst- og fjarskiptastofnun skal gefa út lista yfir úthlutaðar númeraraðir í samræmi við framangreint.

8. gr.

Númera- og vistfangaskipulag fyrir gagnaflutningsþjónustu.

Gagnaflutningsnet sem taka mið af ITU tilmælum X.121 skulu nota gagnanetfangskóða eða DNIC (Data Network Identification Code) innan þess sviðs sem ITU hefur úthlutað Íslandi.

Gagnaflutningsnet sem falla undir vistfangaskipulag í samræmi við ITU tilmæli X.400/F.401 skulu nota ADMD (Administration Management Domain) vistföng í samræmi við tilmælin.

Póst- og fjarskiptastofnun heldur skrá yfir netföng (DNIC) og vistföng (ADMD) sem rekstrarleyfishöfum hefur verið úthlutað.

9. gr.

Númer fyrir skip.

Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar skipum og bátum númerum fyrir skipa- og bátastöðvar í sjófjarskiptaþjónustu (Maritime Mobile Service Identities, MMSI). Númerin skulu valin í samræmi við tilmæli ITU E.210. Stofnunin úthlutar einnig notendanúmerum fyrir Inmarsat-þjónustu (Inmarsat Mobile Number, IMN) í samræmi við tilmæli ITU E.215.

10. gr.

Kerfisnúmer og vistföng í fjarskiptanetum.

Samtenging fjarskiptaneta á grundvelli tilmæla ITU og staðla ETSI skal gerð með notkun númera og vistfangaaðferða sem ITU og ETSI hafa skilgreint. Póst- og fjarskiptastofnun annast nánari útfærslu á þessum aðferðum.

Póst- og fjarskiptastofnun annast úthlutun og skráningu á eftirfarandi kóðum:

1. ISPC (International Signalling Point Code) samkvæmt ITU tilmælum Q.708.
2. SPC (Signalling Point Code) fyrir símstöðvar í innlenda símakerfinu. Kerfisnúmer þessara símstöðva skal innihalda 14 bita og ákveður Póst- og fjarskiptastofnun fyrstu

3 bitana. Næstu 8 bita geta rekstrarleyfishafar notað til að aðgreina stöðvar eftir svæðum og 3 síðustu til að greina sundur stöðvar á sama svæði.
Rekstrarleyfishafar skulu tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun hálfsárslega um SPC, sem eru í notkun.

3. MNC (Mobile Network Code) sem er hluti af IMSI (International Mobile Subscriber Identity) samkvæmt ITU tilmælum E.212 og ETSI stöðlum ETS 300 523, 2. útgáfa.
4. IIN (Issuer Identification Number) samkvæmt tilmælum E.118.

Upplýsingar um þessa kóða má fá hjá Póst- og fjarskiptastofnun.
Ef notkun úthlutaðra kerfisnúmera og vistfanga í fjarskiptanetum er hætt, skal tilkynna það Póst- og fjarskiptastofnun innan mánaðar.

11. gr.
Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 147/1996 og nr. 143/1996 og taka gildi við birtingu. Viðurlög við brotum á reglunum fara eftir ákvæðum laga nr. 143/1996.

Póst- og fjarskiptastofnun, 5. janúar 1999.

Gústav Arnar.

Ársæll Baldursson.

7. janúar 1999 Nr. 7

REGLUGERÐ

um húsbréf og húsbréfaviðskipti.

I. KAFLI
Gildissvið og orðskýringar.
1. gr.
Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til húsbréfa og viðskipta með slík bréf, sbr. VI. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.
Reglugerð þessi tekur til starfa og starfshátta húsbréfadeildar Íbúðalánasjóðs, sbr. 17. gr. laga um húsnæðismál.

2. gr.
Orðskýringar.

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

1. *Húsbréf* eru markaðshæf skuldabréf, sem gefin eru út í nafni Íbúðalánasjóðs, sbr. 2. gr. laga um húsnæðismál.
2. *Reiknað verð húsbréfs* er nafnverð þess auk vaxta, vaxtavaxta og verðbóta, sbr. reiknijöfnu í 38. gr.
3. *Markaðsverð húsbréfa* er vegið meðaltal viðskipta hvers dags á verðbréfaþingi eða kauphöll næstliðinn dag.
4. Með *verðbréfaflokki* er átt við skuldabréf sem gefin eru út af sama aðila með sömu vöxtum, lánstíma og endurgreiðsluskilmálum.
5. *Fasteignaveðbréf* er veðskuldabréf sem skipta má fyrir húsbréf Íbúðalánasjóðs. Fasteignaveðbréfi má skipta í frumbréf og viðaukabréf, sbr. 2. gr. laga um húsnæðismál.

6. Með *íbúðarkaupanda* er átt við einstakling, hjón eða sambúðarfólk.
7. Með *húsbyggjanda* er átt við einstakling, hjón eða sambúðarfólk.
8. Með *sambúðarfólki* er átt við skráða sambúð karls og konu, er eiga sameiginlegt lögheimili samkvæmt þjóðskrá.
9. Með *byggingaraðila* er átt við hvern þann viðurkenndan framkvæmdaraðila sem byggir og selur fullfrágengnar íbúðir, skv. ÍST 51.
10. Með *íbúðareiganda* er átt við einstakling, hjón eða sambúðarfólk.
11. Með *nýbyggingu* er átt við nýja íbúð sem hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda og ekki hefur verið tekin í notkun eða hefur verið í notkun í 6 mánuði eða skemur þegar fasteignaveðbréf (frumbréf) er gefið út.
12. *Núvirði kaupverðs* er verð íbúðar á kaupdegi að teknu tilliti til lánskjara áhvílandi lána og dreifingu greiðslna á kaupverði miðað við gefna verðbólguspá.
13. *Íbúðarkaupandi eða húsbyggjandi* telst vera að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, ef hann hefur ekki átt íbúð eða hluta úr íbúð síðastliðin 3 ár. Íbúðarkaupandi eða húsbyggjandi skal leggja fram íbúðarvottorð frá skattstjóra fyrir næstliðin þrjú tekjuár. Heimilt er að miða tímabilið við dagsetningu þinglýsts kaupsamnings.

II. KAFLI
Húsbréfadeild.

3. gr.
Fjárhagur og rekstrarkostnaður.

Fjárhagur húsbréfadeildarinnar skal aðskilinn frá öðrum þáttum í starfsemi Íbúðalánasjóðs.

Rekstrarkostnaður húsbréfadeildarinnar og áætlað tap vegna útlána skal greitt af tekjum deildarinnar. Félagsmálaráðherra ákveður að fengnum tillögum stjórnar Íbúðalánasjóðs, lántökugjald auk vaxtaálags til að standa straum af rekstrarkostnaði og til að mæta áætluðum útlánatöpum. Verði tekjur hærri en útgjöld skal mynda sérstakan varasjóð til að bera þann kostnað sem verður af sveiflum í tekjum deildarinnar og mögulegu tapi vegna útlána.

III. KAFLI
Útgáfa húsbréfa.

4. gr.
Húsbréfaflokkar.

Húsbréfadeild gefur út flokka markaðshæfra skuldabréfa í nafni Íbúðalánasjóðs, svonefnd húsbréf. Þau skulu gefin út í verðbréfaflokkum og öll bréf í sama flokki bera sömu fjárhæð og lánskjör. Vextir húsbréfa í hverjum flokki skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Húsbréf skal endurgreiða að undangengnum útdrætti. Verði húsbréf ekki dregið út endurgreiðist það í samræmi við lánstímann. Hámarkslánstími skal vera 40 ár.

Stjórn Íbúðalánasjóðs gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðslur, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum húsbréfaflokki. Félagsmálaráðherra tekur ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Ráðherra birtir ákvörðun þessa sem sérstaka reglugerð fyrir hvern húsbréfaflokk.

5. gr.
Skráning og framsal.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt.

6. gr.
Ráðstöfun.

Húsbréfadeildin ráðstafar húsbréfum til seljanda, húsbyggjanda, íbúðareiganda eða byggingaraðila í skiptum fyrir þinglýst fasteignaveðbréf. Þegar skiptin eiga sér stað er fasteignaveðbréf greitt með húsbréfum metnum á reiknuðu verði þeirra miðað við fyrsta vaxtadag fasteignaveðbréfsins, sbr. 38. gr., og skal reiknað verð húsbréfa vera sem næst nafnverði fasteignaveðbréfs á þeim degi. Mismuninn greiðir húsbréfadeildin án vaxta og verðbóta.

7. gr.
Skráning á verðbréfaþingi eða í kauphöll.

Húsbréfadeild skal stuðla að því að húsbréf séu ávallt seljanleg á markaði. Í því skyni skal húsbréfadeild leita eftir skráningu húsbréfa á verðbréfaþingi eða í kauphöll og jafnframt tryggja að kaup- og sölutilboð liggi ávallt þar frammi. Löggiltum fasteignasölum er skylt að hafa aðgengilega skrá yfir verðgildi húsbréfa og upplýsa íbúðakaupendur og íbúðaseljendur um atriði sem þau varða.

Húsbréfadeildin skal sjá til þess að daglega verði birt opinberlega upplýsingar um tilboð og viðskipti á verðbréfaþingi eða í kauphöll.

8. gr.
Skráning á verðgildi húsbréfa.

Fyrirtækjum sem leyfi hafa til verðbréfaviðskipta og sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að hafa á reiðum höndum nýjustu skráningu á verðgildi húsbréfa fyrir viðskiptaaðila sína. Óheimilt er að láta fara fram viðskipti sem eru í ósamræmi við það bil sem er á milli hæsta og lægsta sölu- eða kaupverðs sem opinbert er. Fyrirtækjum sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að tilkynna öll viðskipti, sem þeir annast, jafnharðan til þess verðbréfaþings eða kauphallar sem annast skráningu húsbréfa.

9. gr.
Skattskylda.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim fer samkvæmt ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt á hverjum tíma, sbr. nú 8., 73. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum.

10. gr.
Eftirlit.

Fjármálaeftirlitið skal hafa eftirlit með starfsemi og fjárhag húsbréfadeildar og útgáfu húsbréfa. Einnig skal Fjármálaeftirlitið hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á eftirmarkaði á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti og laga um verðbréfasjóði, eins og þau eru á hverjum tíma.

11. gr.
Viðskipti Íbúðalánasjóðs með húsbréf.

Íbúðalánasjóði er heimilt að ráðstafa hluta af fjármunum sínum til viðskipta með húsbréf í því skyni að ávallt sé markaður fyrir þau. Íbúðalánasjóður getur falið öðrum aðilum að gegna þessu hlutverki. Seðlabanki Íslands skal hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt.

IV. KAFLI
Sameiginleg ákvæði fasteignaveðbréfa.

12. gr.
Kjör fasteignaveðbréfa.

Fasteignaveðbréf skal vera verðtryggt með vísitölu neysluverðs sem Hagstofa Íslands reiknar út og birtir með heimild í 1. gr. laga nr. 12/1995 um vísitölu neysluverðs, og hefur sömu lánskjör og þau húsbréf sem skipta á fyrir fasteignaveðbréfið, að viðbættu föstu vaxtaálagi, sbr. 3. gr.

Fasteignaveðbréf ber vexti og verðbætur frá þeim degi sem kaup takast eða þeim degi sem aðilar koma sér saman um.

Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Lánstími er hinn sami og lánstími húsbréfa, sbr. 4. gr.

Fasteignaveðbréfið skal endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana, þ.e. jafngreiðslulán, að viðbættum verðbótum samkvæmt vísitölu neysluverðs.

Gjalddagar fasteignaveðbréfa skulu vera 15. dag hvers mánaðar, þó er heimilt að óska eftir að gjalddagar verði ársfjórðungslega. Fyrsta greiðsla afborgunar, vaxta og verðbóta af fasteignaveðbréfi með mánaðarlegum greiðslum skal vera í síðasta lagi á þriðja gjalddaga frá útgáfudegi þess en fyrsta greiðsla afborgunar, vaxta og verðbóta af fasteignaveðbréfi með ársfjórðungslegum greiðslum er í síðasta lagi á öðrum reglulega gjalddaga frá útgáfudegi þess. Vextir á hverjum gjalddaga skulu reiknast þannig að deilt er með fjölda gjalddaga á hverju ári í ársvextina.

Húsbréfadeild er heimilt að bjóða þeim sem þegar hafa gefið út fasteignaveðbréf með ársfjórðungslegum gjalddögum að breyta veðbréfinu þannig, að það beri mánaðarlega gjalddaga. Einnig getur skuldari fasteignaveðbréfs, sem þegar hefur verið gefið út með mánaðarlegum gjalddögum, óskað eftir að því verði breytt þannig, að það beri ársfjórðungslega gjalddaga.

13. gr.
Aukaafborganir og uppgreiðsla.

Heimilt er skuldara fasteignaveðbréfs að greiða aukaafborganir eða endurgreiða skuldina að fullu hvenær sem er á lánstímanum.

14. gr.
Eigendaskipti á íbúð.

Við eigendaskipti á íbúð, sem á hvílir fasteignaveðbréf í eigu Íbúðalánasjóðs, skal liggja fyrir samþykki deildarinnar, að öðrum kosti hefur húsbréfadeildin heimild til að gjaldfella lánið.

Að sérstökum skilyrðum uppfylltum er heimil tímabundin yfirtaka fasteignaveðbréfs án undangengins greiðslumats.

Tímabundin yfirtaka verður einungis veitt í þeim tilfellum þegar kaupandi eignar er að verja hagsmuni sína, með eftirgreindum hætti:

a. Kröfuhafi kaupir fasteign á uppboði í þeim tilgangi að verja veðkröfu sína og ætlar að selja hana strax aftur.
b. Íbúð með áhvílandi fasteignaveðbréfi er tekin sem greiðsla upp í aðra og verðmeiri íbúð.
c. Riftun kaupsamnings hefur átt sér stað og eigandi þarf að fá frest til að selja eignina aftur.

Tímabundin yfirtaka er veitt fyrst til 12 mánaða og verður ekki framlengd í allt að 12 mánuði til viðbótar, nema söluaðgerðir hafi verið viðhafðar allt tímabilið en ekki borið

árangur. Tímabundin yfirtaka getur ekki varað lengur en 24 mánuði frá því að eigendaskipti hafa átt sér stað.

15. gr.

Kaup á hluta úr íbúð.

Heimilt er að kaupa fasteignaveðbréf vegna kaupa á hluta úr íbúð ef kaupandi verður einn eigandi á eftir. Fjárhæð fasteignaveðbréfsins má nema allt að 65% af matsverði íbúðarinnar, þó ekki hærri fjárhæð en sem nemur kaupverðinu. Um matsverð íbúða gilda ákvæði 29. gr.

16. gr.

Endurkaup íbúðar.

Upphaflegum kröfuhafa er óheimilt að yfirtaka fasteignaveðbréf við endurkaup á íbúð nema liðin séu a.m.k. þrjú ár frá því að afsali hans til annars aðila vegna íbúðarinnar var þinglýst, og að hann hafi ekki nýtt íbúðina í millitíðinni samkvæmt íbúðarvottorði.

17. gr.

Sameiginlegt greiðslumat.

Kaup á fasteignaveðbréfum, eða samþykki fyrir yfirtöku, skulu byggjast á sameiginlegu greiðslumati fyrir alla þá, er kauptilboðið gera. Um greiðslumat fer eftir 30. gr.

V. KAFLI
Útgáfa fasteignaveðbréfa vegna notaðra íbúða.

18. gr.

Notaðar íbúðir.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf sem gefið er út í tengslum við eigendaskipti á íbúð, er hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda. Tekið er veð í viðkomandi íbúð. Fasteignaveðbréf skal gefið út á nafn seljanda íbúðar. Áður en skipt er á fasteignaveðbréfi fyrir húsbréf, skal því þinglýst.

Fasteignaveðbréfi má skipta í frumbréf og viðaukabréf í þeim tilvikum er seljandi þarf að aflétta áhvílandi veðskuldum sem kaupandi tekur ekki yfir. Við undirritun kaupsamnings er gefið út frumbréf en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar seljandi hefur lokið aflýsingum.

Við gerð frumbréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum. Viðaukabréf geta numið mismuninum á umbeðinni fjárhæð og fjárhæð frumbréfsins á kaupsamningsdegi og skal höfuðstóll þeirra ekki uppfærður til útgáfudags þeirra. Við gerð viðaukabréfs skal einnig tekið tillit til nýrra áhvílandi lána, uppfærðra.

Frumbréfið skal hafa borist húsbréfadeild fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks, þó eigi síðar en ári frá undirskrift kaupsamnings, og skal ljósrit af þinglýstum kaupsamningi fylgja því. Bréfið skal gefið út við undirskrift kaupsamnings.

Viðaukabréf skal hafa borist húsbréfadeildinni fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks, þó eigi síðar en ári frá undirskrift kaupsamnings.

19. gr.

Skuldabréfaskipti.

Skipta má á fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði notaðrar íbúðar, sbr. 29. gr., ef umsækjandi er að kaupa sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en 6.200.000 kr. miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1999, 231,2 stig.

Ekki verður skipt á fasteignaveðbréfi fyrir húsbréf sem nemur lægri fjárhæð en 800.000 kr. miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1999, 231,2 stig.

Fasteignaveðbréf má ekki nema hærri fjárhæð en nemur mismuni á söluverði fyrri eignar að frádregnum lánum umsækjanda, öðrum en lánum vegna atvinnurekstrar, og matsverði, sbr. 29. gr., þeirrar íbúðar sem sótt er um skuldabréfaskipti fyrir. Hafi sala fyrri íbúðar ekki farið fram skal miða við áætlað söluverð.

Fjárhæðir samkvæmt grein þessari breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni og skulu vera í heilum þúsundum króna.

VI. KAFLI.
Útgáfa fasteignaveðbréfa vegna nýrra íbúða.

20. gr.
Nýbyggingar.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf vegna nýrrar íbúðar, sem gefin eru út í tengslum við byggingu hennar eða kaup og með veði í henni. Fasteignaveðbréf skal gefið út af húsbyggjanda eða byggingaraðila á nafn eða af íbúðarkaupanda á nafn seljanda. Áður en skipt er á fasteignaveðbréfi fyrir húsbréf skal því þinglýst.

Fasteignaveðbréfi vegna íbúðarbyggingar má skipta í frumbréf og viðaukabréf. Frumbréf má gefa út þegar fokheldisvottorð liggur fyrir en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar brunabótamat er fyrir hendi.

Við gerð frumbréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum. Fjárhæð frumbréfs getur numið allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði fokheldrar íbúðar, sbr. þó 21. gr., enda hafi byggingarkostnaður áður hlotið samþykki húsbréfadeildar.

Beiðni um útgáfu frumbréfs skal fylgja fokheldisvottorð, vottorð um smíðatryggingu og ljósrit af kaupsamningi þegar hann er fyrir hendi. Frumbréf skal hafa borist húsbréfadeild fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks, þó eigi síðar en einu ári frá dagsetningu fokheldisvottorðs.

Við gerð viðaukabréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum, til þess dags sem brunabótavottorð er gefið út.

Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal hafa borist húsbréfadeildinni fyrir lokun viðkomandi húsbréfaflokks þó eigi síðar en þremur árum frá dagsetningu fokheldisvottorðs. Beiðni um útgáfu viðaukabréfs skal fylgja nýtt brunabótavottorð og ljósrit af þinglýstum kaupsamningi ef um íbúðarkaup er að ræða. Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal eigi gefið út fyrr en íbúðarseljandi hefur lokið aflýsingum þeirra lána sem kaupandi yfirtekur ekki.

Viðaukabréf eða fasteignaveðbréf ef það er óskipt, er gefið út af húsbyggjanda, á nafn Íbúðalánasjóðs, eða af íbúðarkaupanda, á nafn seljanda. Húsbréfadeild kaupir einungis frumbréf af byggingaraðila, sbr. 3. mgr.

21. gr.
Skuldabréfaskipti vegna nýbygginga.

Skipta má á fasteignaveðbréfi fyrir húsbréf fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði nýrrar íbúðar, sbr. 29. gr., ef umsækjandi er að kaupa eða byggja sína fyrstu íbúð, en annars allt að 65% af matsverði íbúðar, þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en 7.450.000 kr. miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1999, 231,2 stig.

Ekki verður skipt á fasteignaveðbréfum fyrir húsbréf sem nemur lægri fjárhæð en. 800.000 kr. miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1999, 231,2 stig.

Fasteignaveðbréf má ekki nema hærri fjárhæð en nemur mismuni á söluverði fyrri eignar að frádregnum lánum umsækjanda, öðrum en lánum vegna atvinnurekstrar, og matsverði, sbr. 29. gr., þeirrar íbúðar sem sótt er um skuldabréfaskipti fyrir. Hafi sala fyrri íbúðar ekki farið fram skal miða við áætlað söluverð.

Fjárhæðir samkvæmt grein þessari breytast ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni og skulu vera í heilum þúsundum króna.

VII. KAFLI.
Útgáfa fasteignaveðbréfa vegna meiri háttar viðhalds, endurbóta og endurnýjunar.

22. gr.
Viðhald, endurbætur og endurnýjun.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf sem gefið er út í tengslum við viðbyggingu, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði. Þegar um endurbætur og/eða endurnýjun er að ræða skulu a.m.k. 15 ár vera liðin frá fokheldi eignar. Tekið er veð í viðkomandi íbúð. Fasteignaveðbréf skal gefið út af íbúðareiganda á nafn Íbúðalánasjóðs. Áður en skipt er á fasteignaveðbréfi fyrir húsbréf skal því þinglýst.

Ef um viðbyggingu er að ræða má skipta fasteignaveðbréfi í frumbréf og viðaukabréf. Frumbréf má gefa út þegar fokheldisvottorð liggur fyrir en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar brunabótamat er fyrir hendi vegna viðbyggingarinnar. Umsóknum um skuldabréfaskipti vegna viðbyggingar, endurbóta eða endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing á eyðublöðum sem húsbréfadeild samþykkir og skal umsókn berast húsbréfadeild áður en framkvæmdir hefjast.

Ekki verður skipt á fasteignaveðbréfi fyrir húsbréf vegna viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði fyrr en eftir að húsbréfadeild hefur staðfest að verkið hefur verið unnið á þann veg sem fram kemur í verklýsingu. Húsbréfadeild getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast ofangreinda úttekt.

23. gr.
Endurnýjun og endurbætur.

Til meiri háttar endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði teljast m.a. eftirfarandi framkvæmdir:

1. Endurbygging eða viðamikil viðgerð á þaki og gólfum.
2. Endurnýjun á gluggum, jafnt gluggakörmum, póstum og gleri.
3. Endurnýjun á rafkerfi.
4. Endurnýjun á lagnakerfi.
5. Utanhússklæðning.
6. Endureinangrun og/eða klæðning á þaki og veggjum.

Óheimilt er að skipta á fasteignaveðbréfi og húsbréfum vegna venjulegs viðhalds á íbúðarhúsnæði, eins og:

a. Málningarvinnu úti og inni.
b. Endurnýjunar á innréttingum.
c. Endurnýjunar á gólfefni.

Íbúðalánasjóður hefur þó heimild til að taka tillit til þessara þátta ef um heildarendurnýjun á íbúðarhúsnæði er að ræða.

Ekki er lánað til bílskúra né til lóðaframkvæmda.

24. gr.

Viðbyggingar.

Fasteignaveðbréf, frumbréf og viðaukabréf, geta numið að hámarki 65% af samþykktri kostnaðaráætlun vegna viðbyggingarinnar, sbr. þó 25. gr. Fjárhæð frumbréfs vegna viðbyggingar getur numið allt að 90% af byggingarkostnaði fokheldrar viðbyggingar, sbr. þó 25. gr. Viðaukabréf getur numið mismuninum á umbeðinni fjárhæð og fjárhæð frumbréfs á útgáfudegi þess. Við gerð viðaukabréfs skal einnig taka með í reikninginn uppfærð áhvílandi lán.

Fjárhæð fasteignaveðbréfs vegna meiri háttar endurbóta eða endurnýjunar á notuðu húsnæði getur numið að hámarki 65% af samþykktri kostnaðaráætlun vegna endurbóta eða endurnýjunar, sbr. þó 25. gr.

25. gr.

Hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfs.

Hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfa vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar á notuðu húsnæði má að hámarki nema 3.700.000 kr. miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1999, 231,2 stig.

Ekki verður skipt á fasteignaveðbréfi fyrir húsbréf sem nemur lægri fjárhæð en 550.000 kr. miðað við byggingarvísitölu 1. janúar 1999 231,2 stig.

Hámarkslánstími fasteignaveðbréfa vegna viðbygginga, endurbóta eða endurnýjunar á húsnæði skal vera 25 ár.

Fjárhæðir þessar breytast ársfjórðungslega samkvæmt byggingarvísitölu í samræmi við breytingar á vísitölum og skal vera í heilum þúsundum króna.

Hámarksveðsetning íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar er 65% af matsverði íbúðarinnar skv. 29. gr.

VIII. KAFLI

Innheimta fasteignaveðbréfa og endurgreiðsla húsbréfa.

26. gr.

Endurgreiðsla húsbréfa.

Íbúðalánasjóður innheimtir afborganir, vexti og verðbætur af fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé til endurgreiðslu húsbréfa að undangengnum útdrætti hjá Raunvísindastofnun Háskólans, sem sýslumaður hefur umsjón með.

Íbúðalánasjóður innleysir og endurgreiðir húsbréf í hlutaðeigandi húsbréfaflokki að fullu eftir útdrætti á föstum gjalddögum sem ákveðnir eru í sérstakri reglugerð fyrir hvern flokk fyrir sig. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Um skráningu á eignarhaldi húsbréfa og framsali þeirra fer skv. 5. gr. Sé röð framsala húsbréfs gölluð verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi sönnur á eignarheimild sína.

Húsbréf endurgreiðast á reiknuðu verði á gjalddaga, sbr. 38. gr.

27. gr.

Áætlanir um fjárstreymi.

Húsbréfadeild skal gæta þess að inn- og útgreiðslur af fasteignaveðbréfum og húsbréfum standist á þannig að jafnvægi sé í hverjum ársfjórðungi. Í þessu skyni skal deildin gera áætlanir um fjárstreymi. Þó er heimilt að taka við greiðslum af fasteignaveðbréfum til varðveislu án þess að ráðstafa þeim til útdráttar húsbréfa.

Verði innstreymi fjár vegna aukaafborgana af fasteignaveðbréfum, sbr. 13. gr., meira en sem nemur vanskilum fasteignaveðbréfa er heimilt að innleysa útgefin húsbréf sem þeim mun svarar, sbr. 26. gr.

28. gr.

Gjaldfallnar endurgreiðslur.

Endurgreiðslur höfuðstóls, vaxta og verðbóta húsbréfa, sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan 10 ára frá gjalddaga. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

IX. KAFLI
Matsverð íbúða.

29. gr.

Matsverð notaðrar íbúðar er kaupverð hennar en þó aldrei hærra en brunabótamat. Matsverð nýrrar íbúðar er samþykktur byggingarkostnaður hennar, þó aldrei hærra en kaupverð eða brunabótamat. Matsverð notaðrar íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar er brunabótamat hennar.

Íbúðalánasjóði er heimilt að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar með tilliti til markaðsverðs íbúða eða færa það til núvirðis ef greiðslufyrirkomulag er óeðlilegt.

Íbúðalánasjóði er heimilt að leiðrétta matsverð nýrra íbúða með tilliti til markaðsverðs, ef markaðsverð á viðkomandi landsvæði hefur verið óeðlilega lágt til lengri tíma og fyrir liggur að ekki er þörf fyrir frekari íbúðarbyggingar og að íbúðir eru á lausu á viðkomandi svæði.

Íbúðalánasjóði er heimilt að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar með tilliti til markaðsverðs.

Íbúðalánasjóður getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast ofangreint mat.

X. KAFLI
Greiðslugeta íbúðarkaupenda og húsbyggjenda og veðhæfni íbúða.

30. gr.

Greiðslumat.

Áður en gengið er frá kaupsamningi, bygging eða viðbygging hafin eða endurnýjun eða endurbætur hafnar, skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi eða íbúðareigandi fá greiðslugetu sína metna hjá fjármálastofnunum sem Íbúðalánasjóður hefur gert samninga við, sbr. 2. mgr. 11. gr. og 3. mgr. 18. gr. laga um húsnæðismál. Til að unnt sé að meta greiðslugetuna þarf væntanlegur kaupandi, íbúðarbyggjandi eða íbúðareigandi að leggja fram þau gögn sem Íbúðalánasjóður krefst hverju sinni. Stjórn Íbúðalánasjóðs setur nánari reglur um framkvæmd greiðslumatsins.

31. gr.

Áskilnaður um greiðslumat.

Húsbréfadeild skal ekki samþykkja skipti á skuldabréfum eða yfirtöku fasteignaveðbréfa nema fyrir liggi greiðslumat skv. 30. gr., sbr. þó 2. mgr. 14. gr.

32. gr.

Ábyrgð vegna byggingaraðila.

Byggingaraðilar, sem fullnægja ákvæðum 9. tölul. 2. gr., geta fengið frumbréfum skipt fyrir húsbréf gegn því að leggja fram ábyrgð frá viðurkenndri fjármálastofnun. Fyrrgreind ábyrgð verður að gilda þar til væntanlegur íbúðarkaupandi, sem Íbúðalánasjóður samþykkir, yfirtekur frumbréfið. Falli ábyrgð niður, áður en íbúð er seld, er heimilt að gjaldfella lánið.

33. gr.

Mat á veðhæfni.

Áður en gengið er frá kaupsamningi og/eða fasteignaveðbréfi (frumbréfi), á eyðublöðum sem Íbúðalánasjóður samþykkir, skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi, byggingaraðili eða íbúðareigandi leita til Íbúðalánasjóðs eða þess sem hann vísar til eftir mati á veðhæfni þeirrar íbúðar sem hann hyggst festa kaup á, byggja, byggja við eða endurbæta og endurnýja, sbr. 29. gr.

Til að unnt sé að leggja mat á veðhæfni íbúðar skulu eftirtalin gögn liggja fyrir eftir því sem við á:

- Fokheldisvottorð.
- Þinglýsingavottorð.
- Brunabótamat, staðfest af Fasteignamati ríkisins eða smíðatrygging ef um frumbréf vegna nýbyggingar er að ræða.
- Kostnaðaráætlun vegna nýbyggingar á eyðublaði Íbúðalánasjóðs.
- Kostnaðaráætlun vegna viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði á eyðublaði Íbúðalánasjóðs.
- Kauptilboð sem samþykkt er af væntanlegum seljanda með fyrirvara um skuldabréfaskipti við húsbréfadeild. Í kauptilboði skulu koma fram upplýsingar um áhvílandi uppfærð lán ásamt lánskjörum þeirra. Kauptilboðið skal vera á eyðublaði sem Íbúðalánasjóður samþykkir.
- Ljósrit af síðasta greiðsluseðli allra áhvílandi lána.
- Yfirlýsingu húsfélags (upplýsingar um hússjóð, væntanlegar viðgerðir o.fl.).
- Staðfesting á ábyrgð viðurkenndrar fjármálastofnunar eða sveitarfélags þegar um viðurkenndan byggingaraðila er að ræða.

Óski húsbyggjandi eða íbúðarkaupandi sem telst vera að byggja eða kaupa sína fyrstu íbúð eftir því að skipta fasteignaveðbréfi fyrir fjárhæð sem nemur allt að 70% af matsverði íbúðar skal hann leggja fram staðfestingu skattyfirvalda þess efnis að hann hafi ekki átt íbúð eða hluta úr íbúð síðastliðin 3 ár.

34. gr.

Afgreiðsla fasteignaveðbréfs.

Ef greiðslubyrði íbúðarkaupanda, húsbyggjanda eða íbúðareiganda er í samræmi við mat á greiðslugetu, sbr. 30. gr., og að gættum ákvæðum IV. til VI. kafla tekur húsbréfadeild við fasteignaveðbréfum. Íbúðalánasjóður, eða þeir sem hann vísar til, veitir upplýsingar um andvirði húsbréfa, sem skipt verður fyrir fasteignaveðbréf, miðað við markaðsverð húsbréfa á þeim degi sem fasteignaveðbréfið er afhent.

35. gr.

Áskilnaður um samþykki húsbréfadeildar.

Ekki verður skipt á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf sem gefin hafa verið út án samþykkis húsbréfadeildarinnar, sbr. 30., 32. og 33. gr.

36. gr.

Málamyndagerningar.

Húsbréfadeild hefur heimild til að hafna skiptum á húsbréfum fyrir fasteignabréf ef sýnt þykir að um málamyndagerning sé að ræða.

37. gr.

Veðsetning á undan fasteignaveðbréfi.

Húsbréfadeild heimilar ekki nýja veðsetningu á veðréttum á undan fasteignaveðbréfi, sem hún hefur tekið við, nema getið sé um slíka veðsetningu í fasteignaveðbréfi.

XI. KAFLI
Reiknað verð húsbréfa.

38. gr.

Reiknað verð húsbréfs, fylgir eftirfarandi reiknijöfnu:

$$V = N*L2 / L1*(1 + v / 100)^{da/360} *(1 + P / 100)^{db/30}$$

þar sem

V er reiknað verð húsbréfs á reiknidegi. Reiknidagur getur verið fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs, sbr. 4. gr., eða gjalddagi húsbréfs, sbr. 26. gr.

N er nafnverð húsbréfs.

L1 er grunnvísitala húsbréfs, þ.e. vísitala neysluverðs eða lánskjaravísitala á útgáfudegi húsbréfs.

L2 er vísitala neysluverðs eða lánskjaravísitala á reiknidegi. L2 getur verið grunnvísitala fasteignaveðbréfs, sbr. 4. gr., eða lánskjaravísitala á gjalddaga húsbréfs, sbr. 26. gr.

v eru nafnvextir húsbréfs í prósentum á ári.

da er dagafjöldi frá og með útgáfudegi húsbréfs til reiknidags. Reiknað er með 30 dögum í mánuði og 360 dögum á ári.

P er verðbólguforsenda á mánuði í þeim mánuði sem skipti á fasteignaveðbréfi og húsbréfum fara fram samkvæmt upplýsingum Verðbréfaþings Íslands.

db er dagafjöldi innan mánaðar milli útgáfudags húsbréfs og fyrsta vaxtadags fasteignaveðbréfs, þ.e. fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs að frádregnum útgáfudegi húsbréfs. db er 0 sé um að ræða reiknað verð húsbréfs á gjalddaga, sbr. 26. gr.

XII. KAFLI
Meðferð ágreiningsmála.

39. gr.

Telji einhver á rétt sinn hallað af hálfu húsbréfadeildar Íbúðalánasjóðs eða stjórnar Íbúðalánasjóðs við framkvæmd reglugerðar þessarar eða VI. kafla laga um húsnæðismál getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til kærunefndar húsnæðismála.

Ekki er skilyrði málskots, skv. 1. mgr. að stjórn Íbúðalánasjóðs hafi áður fjallað um ákvörðun eða afgreiðslu húsbréfadeildar.

XIII. KAFLI

Gildistaka.

40. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 3. mgr. 18. gr., 2. mgr. 19. gr., 21. gr., 22. gr. og 29. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 7. janúar 1999.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 1/1999 um skilafresti launaskýrslna o.fl. gagna samkvæmt 92. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

Samkvæmt lokamálsgrein 93. gr. nefndra laga hefur skilafrestur eftirtalinna gagna, sem skila ber á árinu 1999 vegna greiðslna o.fl. á árinu 1998, verið ákveðinn sem hér segir:

I. Til og með 21. janúar 1999:

1. Launamiðar ásamt almennu launaframtali. Á launamiðum komi meðal annars fram greiðslur til verktaka fyrir efni og vinnu.
2. Hlutafjármiðar ásamt samtalningsblaði.
3. Stofnsjóðsmiðar ásamt samtalningsblaði.
4. Bifreiðahlunnindamiðar ásamt samtalningsblaði.
5. Greiðslumiðar vegna lífeyrisgreiðslna, tryggingabóta o.þ.h.

II. Til og með 20. febrúar 1999:

1. Afurða- og innstæðumiðar ásamt samtalningsblaði.
2. Sjávarafurðamiðar ásamt samtalningsblaði.

III. Til og með 15. maí 1999:

Gögn frá lífeyrissjóðum þar sem sundurliðuð er greiðsla iðgjalda sjóðsfélaga.

IV. Til og með síðasta skiladegi skattframtala 1999, sbr. 1.-4. mgr. 93. gr. nefndra laga:

1. Greiðslumiðar yfir hvers konar greiðslur fyrir leigu eða afnot af lausafé, fasteignum og fasteignaréttindum, sbr. 1. og 2. tölulið C-liðar 7. gr. sömu laga.
2. Gögn frá eignarleigufyrirtækjum þar sem fram koma upplýsingar varðandi samninga sem eignarleigufyrirtæki, sbr. II. kafla laga nr. 19/1989, hafa gert og í gildi voru á árinu 1998 vegna fjármögnunarleigu eða kaupleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 manns. M.a. skulu koma fram nöfn leigutaka og kennitala, skráningarnúmer bifreiðar, leigutímabil ásamt því verði er eignarleigufyrirtæki greiddi fyrir bifreiðina.

Ofangreind gögn skulu fyllt út og árituð eftir formi sínu. Æskilegt er, en þó í samráði við skattstjóra, að upplýsingum á launamiðum sé skilað á tölvulæsum segulmiðli.

Reykjavík, 1. janúar 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

STJÓRNARTÍÐINDI B 4 – 1999

12. janúar 1999 25 Nr. 9

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 698/1998, um ráðstöfun iðgjalds til lífeyrissparnaðar og viðbótartryggingavernd.

1. gr.

2. mgr. 5. gr. orðast svo:

Samningur um lífeyrissparnað sem gerður er við viðskiptabanka eða sparisjóð skal kveða á um innlegg á bundinn innlánsreikning eða vera í samræmi við 3. mgr.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 12. janúar 1999.

F. h. r.
Áslaug Guðjónsdóttir.

Tómas N. Möller.

12. janúar 1999 Nr. 10

REGLUGERÐ

um (4.) breytingu á reglugerð nr. 566/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
Úr tollnúmeri:			kg	%	kr./kg
0704.9003	Kínakál	14.01.-15.03.99	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 12. janúar 1999.

F. h. r.
Björn Sigurbjörnsson.

Hjördís Halldórsdóttir.

Stjórnartíðindi B 4, nr. 9–10. Útgáfudagur 14. janúar 1999.

Gutenberg

Nr. 11 26 5. janúar 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Keilugrandi 1.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. janúar 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur frá 18. ágúst 1997.

Breytt er landnotkun á lóðinni Keilugrandi 1 úr blönduðu stofnana og íbúðarsvæði í athafna- og íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 5. janúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 12 4. janúar 1999

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 1999 vera 477.000 kr. hið minnsta.

Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 13 6. janúar 1999

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi.

1. gr.

Árgjald fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpeyðingu) í Reykhólahreppi skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

A.	Íbúðir	kr. 9 500
B.	Sumarhús	kr. 4 750

Gutenberg

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 750/1998 um sorphirðu í Reykhólahreppi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. janúar 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

6. janúar 1999 Nr. 14

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Djúpavogshreppi.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Djúpavogshreppi, sbr. staflið e, 1. gr. samþykktar nr. 75/1995 um hundahald í Djúpavogshreppi, skal vera kr. 7.400 pr/hund á ári.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 31. maí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald, samkvæmt 2. gr. framangreindrar samþykktar, skal vera kr. 3.500 í fyrsta skipti, en síðar hækkar það í 7.000 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Djúpavogshrepps staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. janúar 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 618/1996 vegna hundahalds í Garðabæ.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. gjaldskrárinnar orðast svo:
Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. febrúar ár hvert.

2. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. janúar 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 16 6. janúar 1999

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hrunamannahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A. *Sorpeyðing*	kr. á ári
Íbúðarhús	5.000
Atvinnurekstur, bújarðir, garðyrkjustöðvar o. fl.	8.000
Sumarhús	3.000

Stærri atvinnurekstur- sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr. á ári
a)	10.000
b)	20.000
c)	30.000
d)	70.000
e)	100.000
f)	150.000

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra og magni úrgangs.

B. *Sorphreinsun*	kr. á ári
Sótt vikulega, íbúðarhús	3.000

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af hreppsnefnd Hrunamannahrepps, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast

þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 659/1996 fyrir sorphirðu í Hrunamannahreppi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. janúar 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

4. janúar 1999 Nr. 17

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í landi Ingólfshvols, Ölfushreppi.

Sveitarstjórn Ölfushrepps hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi í landi Ingólfshvols, Ölfushreppi.

Tillagan var auglýst skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin af Skipulagsstofnun. Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi áður samþykkt deiliskipulag frá 8. september 1997.

Svæðið nær yfir byggingarreit fyrir reiðhöll og hesthús og annan reit fyrir byggingu smáhýsa/starfsmannahúsa, er tilheyra rekstri reiðhallarinnar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 4. janúar 1999.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

4. janúar 1999 Nr. 18

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar fyrir unghænuhús og vélageymslu í landi Auðsholts, Ölfushreppi.

Sveitarstjórn Ölfushrepps hefur samþykkt deiliskipulag lóðar fyrir unghænuhús og vélageymslu í landi Auðsholts, Ölfushreppi.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Svæðið nær yfir byggingarreit fyrir unghænuhús og vélageymslu.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 4. janúar 1999.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um deiliskipulag lóðar úr landi Akurgerðis, Ölfushreppi.

Sveitarstjórn Ölfushrepps hefur samþykkt deiliskipulag lóðar úr landi Akurgerðis, Ölfushreppi, er nefnist Borgargerði.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Svæðið liggur við veg nr. 374 og nær yfir landsvæði sem er 5,7 ha. Þar innan eru byggingarreitir fyrir íbúðarhús, 900 m^2 og útihús, 1.600 m^2.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 4. janúar 1999.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Nr. 20 7. janúar 1999

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.

Samkvæmt orkulögum nr. 58/1967 og 6. og 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar er taki gildi 1. janúar 1999.

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar nr. 27/1998 breytist þannig:

Verð fyrir hvern rúmmetra af heitu vatni lækkar 1. janúar 1999 úr kr. 106 í kr. 103.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. janúar 1999.

F. h. r.
Jón Ingimarsson.

Katrín Jóhannsdóttir.

Nr. 21 6. janúar 1999

GJALDSKRÁ

fyrir útgáfu og birtingu gagna frá Landmælingum Íslands á prentuðu formi.

1. gr.

Af útgáfu og birtingu efnis og gagna frá Landmælingum Íslands, hér eftir nefnd LMÍ á prentuðu formi skal stofnunin innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Veitt eru leyfi fyrir útgáfu og birtingu eftirfarandi efnis og gagna í bókum, blöðum, tímaritum, bæklingum og sérstökum útgáfum:

1. Ljósmyndir/loftmyndir/gervitunglamyndir.
2. Kort.
3. Stafræn gögn.
4. Annað efni í vörslu stofnunarinnar.

3. gr.

Hjá LMÍ fást sérstök umsóknareyðublöð sem nota skal þegar sótt er um leyfi til útgáfu eða birtingar á efni eða gögnum í vörslu stofnunarinnar. Á umsóknareyðublaði skal meðal annars koma fram hvar fyrirhugað er að birta efni eða gögnin og með hvaða hætti, í hvaða upplagi, stærð og/eða mælikvarða. Í framhaldi af umsókn skal gerður sérstakur afnotasamningur þar sem kveðið er á um gjald og nánari skilmála fyrir útgáfu eða birtingu efnis eða gagna. Að lokinni undirritun fær umsækjandi gögnin til notkunar.

4. gr.

Gjaldflokkar.

Lágmarksupphæð vegna afgreiðslu á umsókn á útgáfu- og birtingarleyfi er kr. 5.000 með virðisaukaskatti.

Gjaldskráin skiptist í fjóra gjaldflokka sem hér segir:

Flokkur 1.

Gjald fyrir birtingu efnis eða gagna þegar um er að ræða:

1. Nákvæma endurgerð gagna eða efnis.
2. Birt gögn eða efni í endanlegri útfærslu sem innihalda meira en 60% af kortagögnum, texta, myndefni eða öðru efni LMÍ.

Flokkur 2.

Gjald fyrir birtingu efnis eða gagna sem endurgerð eru eftir gögnum LMÍ þegar um er að ræða:

1. Mikilsverðar breytingar án endurteikningar eða einföldunar.
2. Birt gögn eða efni í endanlegri útfærslu sem innihalda 30-60% af kortagögnum, texta, myndefni eða öðru efni frá LMÍ.

Flokkur 3.

Gjald fyrir það efni eða gögn sem hafa verið unnin upp úr grunngögnum LMÍ sem innihalda á bilinu 10-30% af birtu efni. Ekki skal innheimta gjald séu gögn LMÍ undir 10% af birtu efni eða gögnum. Birting loftmynda LMÍ skal gjaldtekin samkvæmt þessum flokki.

Flokkur 4.

Gjald fyrir efni eða gögn þar sem þau eru eingöngu notuð til endurskoðunar, hvort sem þau eru endurskoðuð eftir gögnum eða efni útgefnu af LMÍ eða eftir óútgefnum gögnum eða efni.

Gjald fyrir einföld (skematísk) kort teiknuð af öðrum en LMÍ með takmörkuðum upplýsingum um staðfræði.

5. gr.

LMÍ er heimilt að gera samninga um lægri gjöld fyrir birtingu en kveðið er á um í flokki 1 og 2 í 4. gr. sé um að ræða viðamikið verkefni, stórt upplag, eða viðvarandi verkefni.

Kort í kortabókum, leiðsögubókum o.þ.h. eru talin saman að heildarflatarmáli við ákvörðun stærðarflokks. Skal þá miða við 20% skörun á heildarkortastærð vegna endurtekninga á kortasvæðum frá síðu til síðu.

Ekki skal innheimta gjald vegna smákorta og skýringarmynda sem teiknuð eru af öðrum en LMÍ í A4 stærð eða minni eða í mælikvarða 1:2.000.000 eða minni. Sama gildir um kort sem birt eru í vísindalegum tilgangi og sem ætluð eru til almennrar dreifingar án endurgjalds.

6. gr.

Leyfi til að birta efni eða gögn frá LMÍ gildir aðeins fyrir eina prentun, nema um annað sé samið sérstaklega.

7. gr.

Efni eða gögn sem eiga uppruna sinn að rekja til LMÍ skulu merkt á eftirfarandi hátt: „© Landmælingar Íslands, f.h. íslenska ríkisins."

Þegar fleiri en einn aðili á höfundarrétt að endanlegri útgáfu efnis eða gagna skal haft samráð við LMÍ um merkingu þeirra gagna eða efnis sem fengin eru frá LMÍ.

8. gr.

Um upphæð gjalda fer samkvæmt fylgiskjali með gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni eru virðisaukaskattskyld.

9. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 1. tl. 10. gr. laga nr. 95/1997, um landmælingar og kortagerð, og öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 645/1998 fyrir útgáfu og birtingu gagna frá Landmælingum Íslands á prentuðu formi.

Umhverfisráðuneytinu, 6. janúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

Fylgiskjal.

Fylgiskjal með gjaldskrá fyrir útgáfu og birtingu gagna frá Landmælingum Íslands á prentuðu formi.

Stærð korts og mynda sem á að gefa út	**A6 og minna 155 sm²**	**A5 og minna 310 sm²**	**A4 og minna 625 sm²**	**A3 og minna 1250 sm²**	**A2 og minna 2500 sm²**	**A1 og minna 5000 sm²**	**A0 og minna 10000 sm²**
	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.	kr.
Flokkur 1	2,00	4,00	10,00	20,00	33,00	46,00	65,00
Flokkur 2	1,50	3,00	7,50	15,00	25,00	35,00	50,00
Flokkur 3	1,00	1,50	2,50	5,00	7,50	10,00	15,00
Flokkur 4	0,25	0,50	1,00	2,00	3,00	4,00	6,00

Ofangreint verð er miðað við gjald fyrir hvert eintak. Allar fjárhæðir eru tilgreindar án virðisaukaskatts.

Nr. 22 6. janúar 1999

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Reykjavík.

1. gr.

Af hundum í Reykjavík skal Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, sem ætlað er að standi undir kostnaði við framkvæmd heilbrigðissamþykktar um hundahald, sbr. staflið c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989, um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

2. gr.

Við leyfisveitingu hunds skal innheimta gjald sem hér segir:

	kr.
Fyrsta leyfisveiting	10.300
Leyfisveiting eftir útrunninn frest	15.900

3. gr.

Af leyfðum hundum skal innheimta árlegt eftirlitsgjald	9.100

4. gr.

Við afhendingu handsamaðs hunds ber að innheimta gjald sem hér segir:

1. Fyrsta afhending	13.800
2. Fyrsta afhending hunds með leyfi og ef eftirlitsgjald og vottorð er í skilum við handsömun	6.900
3. Önnur afhending, hafi við fyrstu afhendingu verið greitt gjald samkvæmt 2. tl.	20.700

Að auki skal greiða þann kostnað sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds.

5. gr.

Gjalddagi samkvæmt 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. maí ár hvert. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við afskráningu hunds ber að endurgreiða árlega gjaldið í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir eru af árinu.

6. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi, viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka gjöld samkvæmt 3. gr. gjaldskrár þessarar um allt að helming enda séu þau þegar greidd. Heilbrigðisnefnd er heimilt að fella niður gjöld samkvæmt 2. og 3. gr. gjaldskrár þessarar af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar fyrir 1. júlí ár hvert.

7. gr.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá nr. 49/1998 fyrir hundahald í Reykjavík.

Umhverfisráðuneytinu, 6. janúar 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 2/1999 um skattmat í staðgreiðslu á árinu 1999.

1. Inngangur.

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda teljast fríðindi og hlunnindi, svo sem fatnaður, fæði, húsnæði og afnot bifreiða, til launa sem reikna skal staðgreiðslu af. Samkvæmt 116. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt skal ríkisskattstjóri meta hlunnindi til verðs.

Með tilvísun til ofangreindra lagagreina metur ríkisskattstjóri eftirtalin hlunnindi, sem veitt verða á árinu 1999, þannig til verðs sem staðgreiðsla reiknast af:

2. Bifreiðahlunnindi.

2.1. Endurgjaldslaus afnot launamanns.

Endurgjaldslaus afnot launamanns af fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) og jeppabifreið, eða öðrum bifreiðum sem hægt er að hafa sambærileg not af, svo sem sendiferðabifreiðum, sem launagreiðandi hans lætur honum í té til fullra umráða, skulu metin launamanni til tekna. Teknamatið skal miðað við afnot í heilt ár og höfð hliðsjón af verði og aldri bifreiðarinnar og skal miðað við verð á síðustu árgerð eins og það var 31. desember 1998.

Af bifreið sem tekin var í notkun á árunum 1997 og 1998, eða tekin verður í notkun á árinu 1999, skal meta hlunnindi til tekna sem 20% af kostnaðarverði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir, sjá 2.2. Af eldri bifreið skal meta hlunnindi til tekna sem 15% af kostnaðarverði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir. Eigi skiptir máli í þessu sambandi hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári þegar hún var framleidd.

2.2. Kostnaðarverð.

Kostnaðarverð er í þessu sambandi skilgreint sem staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á sams konar bifreið nýrri frá bifreiðaumboði af síðustu árgerð, að meðtöldum kostnaði vegna hvers konar auka- eða sérútbúnaðar. Sé eigi unnt að ákveða matsverð með þessum hætti vegna þess að síðasta árgerð er eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum. Einnig skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum ef sú bifreið sem meta þarf er eigi lengur á markaði.

Hafi launamaður greitt hluta af verði bifreiðar skal lækka hlunnindamat miðað við heilt ár sem svarar til árlegrar meðalafskriftar bifreiðar þegar hún hefur verið lækkuð í réttu hlutfalli við eignarhluta launamanns í bifreiðinni. Árleg meðalafskrift reiknast kr. 164.399. Hafi launamaður t.d. greitt 30% af kostnaðarverði bifreiðar, eins og það er skilgreint hér að framan, lækkar því hlunnindamat um kr. 49.320, miðað við heilt ár, eða um kr. 4.110 á mánuði.

2.3. Mánaðarleg hlunnindi.

Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum skv. 2.1. og 2.2. Hafi launamaður aðeins haft afnot af bifreið hluta af mánuði skulu bifreiðarhlunnindi hans metin í réttu hlutfalli við þann dagafjölda í mánuðinum sem hann hafði afnot af bifreiðinni. Sömu aðferð skal beitt við mat á hlunnindum ef skipt var um bifreið þannig að launþegi hafði afnot af fleiri en einni bifreið í sama mánuði.

2.4. Afnot takmörkuð við ákveðinn kílómetrafjölda.

Séu endurgjaldslaus afnot launamanns takmörkuð við ákveðinn kílómetrafjölda þannig að hann greiði launagreiðanda sínum fyrir ekna kílómetra umfram umsamið

hámark skal reikna honum full mánaðarleg hlunnindi til tekna uns umsömdu hámarki aksturs er náð. Eftir þau tímamörk skal draga greiðslu launamanns frá fjárhæð mánaðarlegra hlunninda og falla þau niður sé greiðsla launamanns jafnhá þeim.

2.5. *Launamaður tekur þátt í rekstrarkostnaði.*
Greiði launamaður eldsneytiskostnað (og smurningu) bifreiðar sem hann hefur til fullra umráða frá launagreiðanda sínum skal lækka hlunnindamat um 4 prósentustig, þ.e. í 16% eða 11% eftir aldri bifreiða. Greiði launamaður einnig annan rekstrarkostnað bifreiðar en eldsneytiskostnað má lækka hlunnindamat um fjárhæð þess kostnaðar, enda afhendi launamaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Eigi má telja kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, með í slíkum kostnaði og eigi heldur sektir sem af akstri launþegans hljótast.

2.6. *Endurgjald fyrir afnot.*
Greiði launamaður launagreiðanda sínum endurgjald fyrir afnot af bifreið launagreiðanda, sem lægra er en hlunnindamat samkvæmt þeim reglum sem að framan er lýst, skal mismunurinn teljast launamanni til tekna.

2.7. *Hlunnindamat vegna takmarkaðra afnota launamanns.*
Hafi launamaður bifreið frá launagreiðanda sínum sem honum er heimilt að nota utan vinnutíma að takmörkuðu leyti skal meta slík takmörkuð afnot til hlunninda launamanns. Takmörkuð afnot eru eingöngu akstur milli heimilis og vinnustaðar og tilfallandi og einstök afnot. Sé um frekari afnot að ræða telst launamaður hafa full umráð bifreiðar skv. 2.1.
Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattyfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá launamanni.
Takmörkuð afnot skal meta launamanni til hlunninda á gildandi kílómetragjaldi á hverjum tíma sem nú er kr. 36,45 pr. ekinn km.

3. Ökutækjastyrkir.

3.1. *Almennt.*
Samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, skal ríkisskattstjóri meta endurgreiddan kostnað til launamanns vegna afnota launagreiðanda af bifreið hans, sem halda má utan staðgreiðslu.
Með tilvísun til áðurnefndrar reglugerðargreinar metur ríkisskattstjóri endurgreiddan bifreiðakostnað sem halda má utan staðgreiðslu á árinu 1999 þannig:

3.2. *Mat á kílómetragjaldi innan viðmiðunarmarka.*
Mat samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar, þ.e. á kílómetragjaldi innan viðmiðunarmarka:

Fyrir	1	-	10.000 km	kr.	36,45 pr. km
"	10.001	-	20.000 km	"	32,60 pr. km
"	20.001	-	>	"	28,75 pr. km

Þar eð kílómetragjald er lægra fyrir akstur umfram 10.000 km þarf launagreiðandi að fylgjast með heildarakstri launamanna í hans þágu.
Fái launamaður greitt kílómetragjald sem miðast við „sérstakt gjald“ sem ferðakostnaðarnefnd ákveður, má hækka viðmiðunarfjárhæðir fyrir 1 - 10.000 km akstur um kr. 5,55 pr. km og um kr. 16,70 pr. km miðist kílómetragjaldið við „torfærugjald“ sem ferðakostnaðarnefnd ákveður einnig. Fyrir akstur á bilinu 10.001 - 20.000 km má hækkun vegna sérstaks gjalds nema kr. 5,00 pr. km en kr. 14,95 pr. km vegna torfærugjalds. Fyrir akstur umfram 20.000 km má hækkun vegna sérstaks gjalds nema kr. 4,40 pr. km en kr. 13,20 vegna torfærugjalds, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.

3.3. Skilyrði fyrir heimild til frádráttar.
Um heimild til frádráttar gilda almennar reglur um frádráttarbærni kostnaðar við akstur bifreiðar launþega vegna aksturs í þágu launagreiðanda, sbr. skattmat ríkisskattstjóra. Einungis er frádráttarbær sá sannanlegi kostnaður sem launþegi hefur orðið fyrir vegna rekstrar ökutækis hans.

3.4. Sönnun akstursþarfar.
Þeir aðilar sem hyggjast gera kröfu um að fá kostnað dreginn frá ökutækjastyrk sem þeir fá greiddan á árinu 1999 þurfa frá byrjun þess árs að færa akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem skráð er hver ferð í þágu launagreiðanda, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 490 frá 28. desember 1992. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

4. Dagpeningar - ferðapeningar.

4.1. Almennt.
Samkvæmt 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 591/1987, um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu, skal ríkisskattstjóri meta fjárhæð dagpeninga sem launamaður fær greidda vegna ferða sinna á vegum launagreiðanda og halda má utan staðgreiðslu. Frádrátturinn er háður því skilyrði að um sé að ræða dagpeningagreiðslu vegna tilfallandi ferða utan venjulegs vinnustaðar og að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launamanni, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launamanns.

4.2. Dagpeningar erlendis.
Mat á fjárhæð dagpeninga til greiðslu á gistingu, fæði, minniháttar risnu, fargjöldum innan þess svæðis sem dvalið er á og fargjöldum frá og að flugvöllum erlendis verður sem hér segir:

Almennir dagpeningar:	**Gisting**	**Annað**
	SDR	SDR
Bretland	127	88
New York	119	70
Asía	129	102
Annars staðar	94	88
Dagpeningar vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:		
Bretland	81	56
New York	76	45
Asía	83	66
Annars staðar	60	56

Sé dvalist skemur en 3 vikur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga. Sé dvalist 3 vikur eða lengur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga, sbr. þó næstu málsgrein.
Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

4.3. Dagpeningar innanlands.
Mat á dagpeningum til greiðslu á gistingu og fæði innanlands verður sem hér segir:

	kr.
Gisting og fæði í einn sólarhring	7.500
Gisting í eina nótt	3.800
Fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	3.700
Fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	1.850

4.4. Dagpeningar umfram 30 daga.
Fái launamaður greidda dagpeninga fyrir 30 daga eða fleiri á árinu 1999 skulu viðmiðunarmörk hér að framan lækka um kr. 851 fyrir hvern dag sem dagpeningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfellt. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands. Samsvarandi fjárhæð vegna dagpeningagreiðslna innanlands fyrir hálfan dag er kr. 426.

5. Fæðishlunnindi, fæðispeningar.
Fæði, sem launagreiðandi lætur launamanni í té endurgjaldslaust, skal metið honum til tekna og af því reiknist staðgreiðsla sem hér segir:

	kr. á dag
Fyrir fullt fæði, fullorðins	851
Fyrir hálft fæði, fullorðins	426
Fyrir fullt fæði barns, yngra en 12 ára	683
Fyrir fæði að hluta (ein máltíð)	340

Láti launagreiðandi launamanni í té fæði á lægra verði en skattmat ríkisskattstjóra segir til um skal telja mismuninn tekjur launamanns og reikna af honum staðgreiðslu.
Af fjárhæð fæðisstyrks (fæðispeninga) í stað fulls fæðis eða fæðis að hluta ber að reikna staðgreiðslu að fullu.
Af öllu fæði, sem fjölskyldu launamanns er látið í té endurgjaldslaust hjá launagreiðanda hans, svo og fjárhæð fæðisstyrkja (fæðispeninga) sem launamanni er greidd frá launagreiðanda hans vegna fjölskyldu launamannsins, ber að reikna staðgreiðslu á sama hátt.
Af sérhverjum öðrum fæðishlunnindum sem látin eru launamanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, ber að reikna staðgreiðslu af kostnaðarverði.

6. Húsnæðishlunnindi.
Endurgjaldslaus afnot íbúðarhúsnæðis, sem launagreiðandi lætur launamanni sínum í té, skulu metin launamanni til tekna og af þeim reiknuð staðgreiðsla sem hér segir:
Fyrir ársafnot reiknast 2,7% af gildandi fasteignarmati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar. Fjárhæð þessi skiptist hlutfallslega á greiðslutímabil miðað við tímalengd þeirra.
Hafi launamaður afnot íbúðarhúsnæðis, sem launagreiðandi hans lætur honum í té gegn endurgjaldi sem er lægra heldur en 2,7% af gildandi fasteignarmati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar, skal meta launþega mismuninn til tekna og reikna af honum staðgreiðslu eftir því sem hlutfall greiðslutímabils segir til um. Af þeim hluta orkukostnaðar launamanns sem launagreiðandi hans greiðir skal reiknuð full staðgreiðsla.
Af endurgjaldslausum afnotum launamanns á orku (rafmagni og hita) skal staðgreiðsla reiknuð af kostnaðarverði.
Af húsaleigustyrk, sem launagreiðandi greiðir launamanni sínum, ber að reikna staðgreiðslu að fullu.
Fylgi starfi launþega kvöð um búsetu í húsnæði, sem vinnuveitandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir staðgreiðsluár, svo sem verið hefur ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði, allt að 150m^2, telst fullnýtt séu íbúar húsnæðisins 6 manns eða færri. Hver íbúi umfram 6 telst nota 5m^2 húsnæði. Til íbúðarhúsnæðis í þessu sambandi telst eigi húsnæði allt að 15m^2, sem vinnuveitandi hefur samþykkt að launþegi noti sem skrifstofu- eða starfshúsnæði í þágu ríkisins.

Eigi skal meta launamanni til hlunninda afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

7. Fatapeningar.

Af fatnaði, sem ekki telst einkennisfatnaður, skal reikna staðgreiðslu af kostnaðarverði. Eigi skal reikna launamanni til tekna nauðsynlegan hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf í þágu launagreiðandans. Af greiðslum launagreiðanda til launamanns til kaupa á fatnaði skal hins vegar ávallt reikna staðgreiðslu af allri greiðslunni.

Reykjavík, 4. janúar 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

Nr. 24 4. janúar 1999

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

3. gr orðast svo:

Náms- og þjálfunarkröfur miðast við stærð og gerð viðkomandi vinnuvéla samkvæmt eftirfarandi flokkum:

A. Frumnámskeið.

1. Gaffallyftarar með lyftigetu 1,2 – 10 tonn miðað við 0,6 m hlassmiðju.Vinnueftirlit ríkisins getur þó ákveðið að stjórnendur lyftara með lyftigetu undir 1,2 tonnum skuli í einstökum tilvikum sækja námskeið skv. þessum lið.
2. Dráttarvélar með beintengdum eða vökvaknúnum sértækjabúnaði s.s. loftpressum og skóflum.
3. Körfubílar.
4. Valtarar.
5. Steypudælukranar.
6. Vélar til útlagningar á bundnu slitlagi og fræsivélar fyrir bundið slitlag.
7. Byggingakranar, sérnámskeið.

Náms- og þjálfunarkröfur.

Námskeið í öryggismálum og slysavörnum haldið á vegum Vinnueftirlits ríkisins. Að prófi loknu öðlast þátttakendur rétt til verklegrar þjálfunar undir umsjón kennara, sbr. 6. gr. og að þjálfun lokinni rétt til að gangast undir verklegt próf, sbr. 7. gr.

B. Grunnnámskeið.

1. Gaffallyftarar með yfir 10 tonna lyftigetu miðað við 0,6 m hlassmiðju.
2. Traktorsgröfur.
3. Aðrar gröfur allt að 18 tonna eigin þunga.
4. Jarðýtur allt að 27 tonna eigin þunga.
5. Hjólaskóflur allt að 4 m^3 skóflustærð.
6. Dragskóflur.

7. Bíla- og beltakranar með allt að 20 tonna lyftigetu.
8. Vegheflar.

Náms- og þjálfunarkröfur.

Námskeið sem viðurkennt er af Vinnueftirliti ríkisins skv. fyrirliggjandi námsskrá. Um námsefni og framkvæmd fer eftir ákvörðun verkefnisráðs sem skipað er fulltrúum frá Vinnueftirliti ríkisins,Verkamannasambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Að loknu prófi og þjálfun, sbr. 6. gr., öðlast þátttakendur rétt til að gangast undir verklegt próf, sbr. 7. gr., sem veitir rétt til að stjórna ofangreindum tækjum sem og vinnuvélum í A flokki.

C. Framhaldsnámskeið.

Öll tæki ofan stærðarmarka B-flokks.

Náms- og þjálfunarkröfur.

Framhaldsnámskeið skv. námsskrá er verkefnisráð vinnuvélanámskeiða setur. Námskeiðið veitir rétt til að stjórna öllum vinnuvélum ofan stærðarmarka í B-flokki.

2. gr.

7. gr. orðast svo:

Þegar nemandi hefur lokið námi og verklegri þjálfun skv. reglum þessum skal senda Vinnueftirliti ríkisins umsókn um próftöku.

Umsókn skal fylgja:

1. Umsögn um þátttöku á námskeiði og próf skv. 3. gr.
2. Vottorð kennara um að verklegri kennslu sé lokið.

Vinnueftirlit ríkisins getur krafist vottorðs læknis um að umsækjandi fullnægi kröfum sem gerðar eru um sjón og heyrn og andlega og líkamlega hreysti. Þegar framangreind gögn liggja fyrir sér Vinnueftirlit ríkisins um að prófa umsækjanda.

3. gr.

8. gr. orðast svo:

Standist umsækjandi verklegt próf skv. 7. gr. gefur Vinnueftirlitið út skírteini því til staðfestingar.

Í skírteini skal koma fram:

1. Númer þess.
2. Nafn og kennitala.
3. Útgáfudagur.
4. Hvenær skírteinið var fyrst gefið út.
5. Gildistími.
6. Tæki sem réttindi ná til.

Stjórnandi vinnuvélar skal hafa skírteinið tiltækt og framvísa því ef löggæslumaður eða eftirlitsmaður Vinnueftirlits ríkisins óska þess.

Skírteinið gildir þar til handhafi þess verður 70 ára en þá getur hann endurnýjað það í 3 ár í senn. Með umsókn um endurnýjun skal fylgja læknisvottorð skv. 7. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skulu þeir, sem hafa réttindi til að stjórna krana í flokkum A, B, D eða P, leggja fram vottorð læknis á 10 ára fresti um að heilsa þeirra uppfylli öryggiskröfur, sbr. ákvæði 7. gr.

Réttindaflokkar eru skilgreindir í viðauka I.

4. gr.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 49. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 4. janúar 1999.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

VIÐAUKI I

Skilgreining á réttindaflokkum í vinnuvélaskírteini.

A Staðbundnir kranar, byggingarkranar.
B Farandkranar stærri en 18 tm.
C Brúkranar.
D Kranar minni en 18 tm.
E Gröfur þyngri en 4.000 kg.
F Hjólaskóflur.
G Jarðýtur.
H Vegheflar.
I Dráttarvélar og minni jarðvinnuvélar.
J Lyftarar með allt að 10 t lyftigetu.
K Lyftarar með meira en 10 t lyftigetu.
L Valtarar.
M Malbikunarvélar.
P Hleðslukranar minni en 18 tm.

Nr. 25 8. janúar 1999

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar er heimilt að leggja á sérstakt gjald vegna sorphirðu (sorphreinsunar og sorpeyðingar) í Ísafjarðarbæ.

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir og skal innheimta með fasteignagjöldum:

			kr.
A)	Íbúðir, íbúðarhúsnæði:	Sorphirðugjald á íbúð	8.100
B)	Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir lögaðilar:		
	Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	0
	Flokkur 2	"	16.200
	Flokkur 3	"	32.400
	Flokkur 4	"	64.800
	Flokkur 5	"	97.200
	Flokkur 6	"	162.000
	Flokkur 7	"	226.800
	Flokkur 8	"	372.600

		kr.
Flokkur 9	Sorpeyðingargjald	567.000
Flokkur 10	"	745.200
Flokkur 11	"	15 kr/kíló

Bæjarstjórn skipar aðilum í gjaldflokka og tekur við álagningu svo sem kostur er mið af umfangi starfsemi og sorpgerð. Bæjarstjórn er heimilt að endurskoða álagningu einstakra lögaðila ef verulegar breytingar verða á forsendum álagningarinnar.

Aðilar skulu sjálfir sjá um að koma úrgangi á móttökustað.

Gjaldið innheimtist með fasteignagjöldum hjá þeim aðilum sem eiga fasteignir. Fyrir aðra greiðendur verður gefinn út sérstakur reikningur í byrjun árs, með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar mun setja sérstaka gjaldskrá fyrir þjónustu FUNA sem veitt er aðilum utan marka kaupstaðarins. Ef aðili er með rekstur bæði innan og utan marka bæjarfélagsins skal greiða sérstaklega fyrir förgun sorps frá þeim hluta starfseminnar sem staðsett er utan Ísafjarðarbæjar.

Heimilt er að innheimta fyrir urðun á rækjuskel og öðrum stoðgrindum hryggleysingja sem svarar áætluðum urðunarkostnaði sem bæjarstjórn hefur samþykkt.

4. gr.

Að lokinni álagningu gjalda, samkvæmt B lið 2. gr., gefst greiðendum 30 daga frestur til að gera athugasemdir við gjaldtöku bæjarstjórnar. Ósk um breytingu gjalda skal vera skrifleg og vel rökstudd og er bæjarstjórn heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmæti framsettra athugasemda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir sorphirðu í Ísafjarðarbæ nr. 28/1998.

Umhverfisráðuneytinu, 8. janúar 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

7. janúar 1999 Nr. 26

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

3. gr.

				kr.
Gjaldið er sem hér greinir:				
A)	Íbúðir		sorphirðugjald	5.000
B)	Fyrirtæki			
	Flokkur 1	sorphreinsigjald kr. 275.000 og	sorpeyðingargjald	110.000
	" 2	" " 110.000 og	"	90.000
	" 3		sorphirðugjald	65.000
	" 4		"	45.000
	" 5		"	22.000
	" 6		"	11.000
	" 7		"	6.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m. a. eftir magni úrgangs.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphreinsigjalds á fyrirtæki sem annast alla hreinsun og flutnings sorps á förgunarstað.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytinu, 7. janúar 1999.

F. h. r.
Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Nr. 27 5. janúar 1999

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 4/1999 um reiknaða fyrningu og vexti vegna fjármögnunarleigu fólksbifreiða.

Auglýsing frá ríkisskattstjóra um reikning fyrninga og vaxta vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu fólksbifreiða skv. 4. tölul. 52. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, *sbr. 3. gr. laga nr. 2/1988, um breyting á þeim lögum.*

Ríkisskattstjóri hefur ákveðið að eftirfarandi reglur skuli gilda gjaldárið 1999 við útreikning frádráttarbærs hluta leigugreiðslna vegna kaupleigu eða fjármögnunarleigu á fólksbifreiðum fyrir færri en 9 menn að undanskildum leigubifreiðum:

1. Fyrningargrunnur telst vera kaupverð bifreiðar eins og það er ákveðið við kaup leigusala (fjármögnunarleigu- eða kaupleigufyrirtækis) á viðkomandi bifreið.
2. Fyrningargrunnur rekstrarársins 1997 framreiknast samkvæmt verðbreytingarstuðli ríkisskattstjóra fyrir árið 1998.
3. Til frádráttar hjá leigutaka á rekstrarárinu 1998 telst *10%* fyrning af fyrningargrunni skv. 1. eða 2. tölul. hér að framan, að viðbættum *8,8%* vöxtum reiknuðum hlutfallslega

miðað við upphaf eða lok leigutíma á árinu 1998. Vextir reiknast af fyrningargrunni þegar frá hefur verið dregin framreiknuð fyrning fyrri ára.

4. Fyrning skv. 3. tölul. hér að framan er heimil að fullu rekstrarárið 1998 hvort sem leigutímabilið hefst eða því lýkur á því ári.

Reykjavík, 5. janúar 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

1. janúar 1999 Nr. 28

REGLUGERÐ

um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við almennar tannlækningar.

1. gr.

Samkvæmt reglum þessum skal þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við nauðsynlegar tannlækningar eftirtalinna einstaklinga vera sem hér segir:

1. 100%: Elli- og örorkulífeyrisþegar sem eru langsjúkir og dveljast á sjúkrastofnunum eða í þjónustuhúsnæði aldraðra.
2. 75%: Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta tekjutryggingar.
   Börn, 17 ára og yngri, sbr. þó 2. gr. gjaldskrár nr. 166/1992.
3. 50%: Elli- og örorkulífeyrisþegar sem njóta ekki tekjutryggingar.

2. gr.

Sjúkratryggð börn, 17 ára og yngri, skulu hafa einn ábyrgðartannlækni sem annast allar nauðsynlegar almennar tannlækningar þeirra. Heimilt er, vegna ófyrirsjáanlegra atvika, að leita aðkallandi aðstoðar annars en ábyrgðartannlæknis. Ábyrgðartannlæknir getur verið hvort heldur er skólatannlæknir eða einkatannlæknir.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í tannlækningum barna og unglinga 17 ára og yngri öðrum en gullfyllingum, krónu- og brúargerð, sbr. 2. tl. 1. gr. Heimilt er á hverju almanaksári að taka þátt í kostnaði sjúkratryggðra við skoðun, eftirlit og fræðslu, röntgenmyndir, flúormeðferð, tannhreinsun og aðra sambærilega meðferð samkvæmt því sem hér greinir, enda teljist viðkomandi ekki í sérstakri áhættu vegna munnsjúkdóma:

1. Skoðun, eftirlit og fræðsla; ein tímaeining alls.
2. Röntgenmyndir; tvær myndir hið mesta.
3. Flúormeðferð barna 12 ára og yngri; ein meðferð.
4. Tannhreinsun barna 13 ára og eldri; tvær tímaeiningar hið mesta.

Heimilt er á hverju almanaksári að taka þátt í kostnaði sjúkratryggðra sem eru í sérstaka áhættu vegna munnsjúkdóma við skoðun, eftirlit og fræðslu, röntgenmyndir, flúormeðferð, tannhreinsun og aðra sambærilega meðferð samkvæmt því sem hér greinir:

1. Skoðun, eftirlit og fræðsla; tvær tímaeiningar alls.
2. Röntgenmyndir; fjórar myndir hið mesta.
3. Flúormeðferð barna 12 ára og yngri; tvær meðferðir hið mesta.
4. Tannhreinsun barna 13 ára og eldri; fjórar tímaeiningar hið mesta.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur aðeins þátt í kostnaði við skorufyllur fullorðinsjaxla annarra en endajaxla og því aðeins að minna en tvö ár séu frá uppkomu viðkomandi tanna. Stofnunin tekur ekki þátt í kostnaði við endurgerð skorufylla.

Tryggingastofnun er ekki heimilt að taka þátt í kostnaði við gerð fyllingar í tönn ef minna en tvö ár eru liðin frá því fylling eða skorufylla var sett í sama flöt tannarinnar.

5. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega vegna smíði gervigóma, heilgóma eða parta á sex ára fresti hið mesta og fóðrana þeirra á þriggja ára fresti hið mesta.

Heimilt er, þegar sérstakar ástæður krefja, að veita undanþágu frá þessu ákvæði að undangenginni umsókn. Skal ákvörðun Tryggingastofnunar ríkisins liggja fyrir áður en meðferð hefst.

Ekki er heimilt að taka þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega vegna gullfyllinga, króna, brúa eða annarrar sambærilegrar meðferðar, svo sem tannplanta.

Heimilt skal þó, í undantekningartilvikum og að undangenginni umsókn, að taka þátt í kostnaði elli- og örorkulífeyrisþega við ísetningu tveggja tannplanta í ótenntan neðri góm enda hafi aðrir meðferðarmöguleikar áður verið útilokaðir að mati Tryggingastofnunar ríkisins.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 66. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993, sbr. síðustu mgr. 36. og 37. gr. s.l., og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 664/1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. janúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 29 1. janúar 1999

REGLUR

um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannlækningar vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma og slysa.

1. gr.

Greiðslur tannlækniskostnaðar skv. reglum þessum miðast við gildandi gjaldskrá Tryggingastofnunar ríkisins á hverjum tíma. Sækja skal um þátttöku í kostnaði til Tryggingastofnunar ríkisins áður en meðferð, önnur en bráðameðferð, hefst.

2. gr.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 90% nauðsynlegs kostnaðar við almenna tannlæknismeðferð þeirra barna sem falla undir 1., 2. og 3. flokk reglugerðar nr. 504/1997 um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna, svo og andlega þroskahamlaðra einstaklinga, 17 ára og eldri, sem dveljast á vistheimilum eða sambýlum skv. reglugerð félagsmálaráðuneytisins nr. 555/1994 um búsetu fatlaðra. Þátttaka sjúkratrygginga í almennum tannlækniskostnaði hvers einstaklings, án umsóknar, takmarkast við greiðslu allt að 30.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili. Þátttaka í kostnaði vegna umfangsmeiri meðferðar er háð samþykki Tryggingastofnunar að undangenginni umsókn.

Tryggingastofnun ríkisins greiðir 75% nauðsynlegs kostnaðar vegna barna, 17 ára og yngri, en 50% kostnaðar vegna einstaklinga 18 ára og eldri. Heimilt er að auka þátttöku í kostnaði í allt að 90% af kostnaði samkvæmt reglum tryggingaráðs, vegna efnaleysis umsækjanda eða forráðenda þeirra.

Heimilt er að taka þátt í kostnaði við nauðsynlega endurnýjun tannaðgerða sem stofnað hefur verið til vegna alvarlegra afleiðinga fæðingargalla, sjúkdóma eða slysa, þegar sýnt þykir að endurnýjunar er þörf vegna takmarkaðs endingartíma viðurkenndra efna eða aðferða.

3. gr.

Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði við nauðsynlegar tannlækningar, aðrar en tannréttingar, vegna eftirtalinna tilvika, enda verði þau ekki rakin til stórkostlegs gáleysis umsækjanda, sbr. 4.-7. tl.:

1. Meðfæddrar tannvöntunar.
2. Vansköpunar tanna sem leiðir til alvarlegra útlitsgalla eða starfrænna truflana þeirra.
3. Rangstæðra tanna, sem valdið geta alvarlegum skaða.
4. Alvarlegra einkenna frá kjálkaliðum eða tyggivöðvum.
5. Alvarlegrar sýrueyðingar tannvefs.
6. Alvarlegs niðurbrots á stoðvefjum tanna einstaklinga 25 ára og yngri.
7. Annarra sambærilegra alvarlegra tilvika.

4. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal taka þátt í kostnaði við nauðsynlegar tannréttingar vegn eftirtalinna alvarlegra tilvika:

1. Skarðs í vör eða gómi sem valdið getur grófri tannskekkju.
2. Meðfæddrar tannvöntunar 4 eða fleiri fullorðinstanna, framan við tólfárajaxla, sem ekk verður bætt án réttingar.
3. Annarra sambærilegra tilvika, s.s. alvarlegs misræmis í vexti kúpu og kjálka.

5. gr.

Veita skal styrk vegna kostnaðar við tannréttingar barna og ungmenna, 20 ára og yngri, vegna annarra tilvika en um getur í 4. gr. samkvæmt reglum tryggingaráðs. Ákvæði 2. ml. 2. mgr. 2. gr. um tekjutengingu nær ekki til styrkja vegna tannréttinga samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal taka þátt í kostnaði við nauðsynlegar tannlækningar vegna alvarlegra slysaatburða þegar slys verður ekki rakið til ásetnings eða stórkostlegs gáleysis umsækjanda og slysatryggingar samkvæmt lögum um almannatryggingar bæta ekki kostnað eða skaðabætur þriðja aðila fást sannanlega ekki greiddar.

Áverkavottorð og lögregluskýrsla skulu fylgja umsóknum einstaklinga, 18 ára og eldri, um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði vegna slysaatburða.

7. gr.

Heimilt er að endurgreiða kostnað við tannplantaaðgerðir vegna tilvika sem falla undir 3., 4. og 6. gr., sbr. 2. gr., svo sem hér greinir:

1. Kosið er að beita tannplöntum í stað hefðbundinna aðgerða og er þá endurgreiðslufjárhæðin í báðum þessum tilvikum hin sama.

2. Gert er að meiriháttar vanskapnaði og sambærilegum áunnum lýtum og slysaáverkum þegar sýnt þykir að viðunandi árangur náist þá aðeins að tannplantar séu notaðir, enda hafi aðrir möguleikar hefðbundinna aðgerða áður verið kannaðir.

8. gr.

Reglur þessar eru settar, að fengnum tillögum tryggingaráðs, skv. c-lið 33. gr., sbr. síðustu málsgrein 36. gr. laga um almannatryggingar nr. 117/1993 og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 663/1996.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. janúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 30 4. janúar 1999

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Berklaveikrasjóðinn Þorbjörgu.

1. gr.

Sjóður þessi var stofnaður af hjónunum Thor Jensen kaupmanni í Reykjavík og konu hans Margréti Þorbjörgu. Skipulagsskrá fyrir sjóðinn var staðfest 15. apríl 1915 og er nafn sjóðsins: Berklaveikrasjóðurinn Þorbjörg.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins voru hlutabréfin Ltr. E. nr. 21, að upphæð 1.000 kr. og Ltr. F. nr. 1 að upphæð 5.000 kr. í hlutafélaginu Eimskipafélag Íslands og 400 kr. - fjögur hundruð krónur - í peningum. Í árslok 1997 er hlutafjáreign sjóðsins í Eimskipafélaginu að nafnverði 3.073.908 kr. og peningaeign hans 2.895.647 kr.

3. gr.

Hinn 1. janúar 1998 voru tíu sjóðir sameinaðir Berklaveikrasjóðnum Þorbjörgu og eiga þeir allir það sameiginlegt að hafa verið stofnaðir í þeim tilgangi að styrkja berklasjúklinga. Peningaeign sjóðanna í árslok 1997 var 302.804 kr. og hlutabréfaeign í Eimskipafélagi Íslands hf. að nafnverði 25.618 kr., sbr. 2. málsgr. þessarar greinar.

Um er að ræða eftirtalda sjóði:

	Peningaeign 31. des. 1997
Minningarsjóður Björns Vilhjálmssonar (nr. 130/1912)	6.130
Minningarsjóður Þorvaldínu S. Jónsdóttur (nr. 63/1915)	35.477
Styrktarsjóður sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi (nr. 124/1939)	19.221
Gjafasjóður Guðna Brynjólfssonar (nr. 132/1941)	8.997
Gjafasjóður Lenu Brandson (nr. 133/1941)	35.812
Gjafasjóður Sigurðar Erlendssonar (nr. 134/1941)	84.572
Gjafasjóður G. Aubertin (nr. 135/1941)	16.754
Barnadeildarsjóður Vífilsstaða (nr. 136/1941)	1.533
Gjöf Þórðar Sigmundssonar (nr. 137/1941)	83.828
Gjafasjóður Sigríðar Ásgeirsdóttur (nr. 144/1941)	10.480
Samtals	302.804

	Hlutafjáreign 31. des. 1997
Gjafasjóður Sigurðar Erlendssonar (nr. 134/1941)	25.618
Samtals	25.618

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins, sem telst vera andvirði hlutabréfaeignar hans í Eimskipafélagi Íslands samkvæmt 2. gr., má aldrei skerða.

Peningaeign sjóðsins samkvæmt 2. og 3. gr., hlutabréfaeign samkvæmt 3. gr. ásamt vöxtum af höfuðstól, sbr. 1. mgr. þessarar greinar, skal varið í samræmi við tilgang hans, sbr. 5. gr.

Stjórn sjóðsins getur ákveðið að selja hlutabréf hans í Eimskipafélagi Íslands og fjárfest andvirði þeirra í ríkistryggðum verðbréfum. Hlutabréfin má þó aldrei selja undir skráðu gengi þeirra á Verðbréfaþingi. Sama gildir ef Eimskipafélag Íslands verður lagt niður.

5. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bæta aðstöðu berkla- og lungnasjúklinga, m.a. með því að leggja fram fé til kaupa á lækningatækjum fyrir lungnadeild Landspítalans. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að veita fé til að bæta aðstöðu annarra sjúklinga með langvarandi sjúkdóma.

6. gr.

Stjórnarnefnd Ríkisspítala skipar þrjá menn í stjórn sjóðsins til fjögurra ára í senn að fengnum tillögum framkvæmdastjórnar spítalans.

Stjórnarfundir skulu haldnir a.m.k. einu sinni á ári og skal til þeirra boðað af formanni. Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður styrkveitingar úr sjóðnum í samræmi við tilgang hans, sbr. 5. gr. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða fyrir eitt ár í senn að leggja vextina við höfuðstólinn en þó eigi oftar en svo að öllum ársvöxtum sé varið til styrkveitinga sjö ár af hverju tíu ára tímabili.

8. gr.

Fjárvörslu sjóðsins annast fjármálaskrifstofa Ríkisspítala og skal reikningsár sjóðsins miðast við almanaksárið. Fjármálaskrifstofan semur árlega fyrir stjórn sjóðsins reikning yfir tekjur og gjöld hans, svo og efnahagsreikning og skal hann liggja fyrir eigi síðar en 1. apríl vegna undangengins árs.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðunarskrifstofu Ríkisspítala.

Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari verður hvorki breytt né Berklaveikrasjóðurinn Þorbjörg lagður niður nema með einróma samþykki sjóðstjórnar og að fengnu samþykki dómsmálaráðherra.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari. Jafnframt fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Berklaveikrasjóðinn Þorbjörgu sem staðfest var 15. apríl 1915 (B-deild Stjórnartíðinda nr. 64/1915).

Ennfremur falla úr gildi skipulagsskrár sjóða þeirra sem sameinaðir hafa verið sjóði þessum, sbr. 3. gr., en þeir eru:

Minningarsjóður Björns Vilhjálmssonar nr. 130 11. nóvember 1912,
Minningarsjóður Þorvaldínu S. Jónsdóttur nr. 63 15. apríl 1915,
Styrktarsjóður sjúklinga Hressingarhælisins í Kópavogi nr. 124 3. júlí 1939,
Gjafasjóður Guðna Brynjólfssonar nr. 132 1. ágúst 1941,
Gjafasjóður Lenu Brandson nr. 133 1. ágúst 1941,
Gjafasjóður Sigurðar Erlendssonar nr. 134 1. ágúst 1941,
Gjafasjóður G. Aubertin nr. 135 1. ágúst 1941,
Barnadeildarsjóður Vífilsstaða nr. 136 1. ágúst 1941,
Gjöf Þórðar Sigmundssonar nr. 137 1. ágúst 1941 og
Gjafasjóður Sigríðar Ásgeirsdóttur nr. 144 1. ágúst 1941.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. janúar 1999.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 31 4. janúar 1999

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 3/1999 um skattmat tekjuárið 1998 (framtalsárið 1999).

Með vísan til 2. tl. 74. gr., A-liðs 30. gr. og 116. gr. l. nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með áorðnum breytingum, hefur ríkisskattstjóri gefið út svofelldar reglur um mat á búpeningi til eignar í árslok 1998, á hlunnindum og öðrum tekjum og frádrætti á tekjuárinu 1998 (framtalsárinu 1999), sem meta þarf til verðs samkvæmt greindum lögum:

1.0.0. Búfé til eignar í árslok 1998 (framtalsár 1999):

	kr.
Mjólkurkýr	69.874
Holdakýr	26.615
Kvígur, 1 1/2 árs og eldri	47.258
Geldneyti og naut	26.711
Kálfar, yngri en 1/2 árs	7.921
Ær og sauðir	7.199
Hrútar	9.695
Gemlingar	5.267
Hestar á 14. vetri og eldri	15.590
Hryssur á 14. vetri og eldri	15.590
Hestar á 5. - 13. vetri	27.770
Hryssur á 5. - 13. vetri	25.000
Tryppi á 2. - 4. vetri	9.650
Folöld	5.935
Hænsni, eldri en 6 mánaða	606
Hænsni, yngri en 6 mánaða	308
Endur	822
Gæsir	1.160
Kalkúnar	1.683
Geitur	5.133
Kiðlingar	3.841
Gyltur	11.901
Geltir	18.284

		kr.
Grísir, eldri en 1 mánaðar		4.254
Grísir, yngri en 1 mánaðar		0
Loðkanínur: Karldýr og kvendýr		2.500
Feldkanínur: Karldýr og kvendýr		2.172
Minkar:	Karldýr	3.401
	Kvendýr	1.801
	Hvolpar	0
Refir:	Karldýr og kvendýr	3.815
	Hvolpar	0

2.0.0. Hlunninda- og teknamat á tekjuárinu 1998 (framtalsárið 1999).

2.1.0. Teknamat af landbúnaði.

Allt sem selt er frá búi skal talið með því verði, sem fyrir það fæst. Ef það er greitt í vörum, vinnu eða þjónustu ber að færa greiðslurnar til peningaverðs og telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvarandi vörur, vinnu eða þjónustu, sem seldar eru á hverjum stað og tíma.

Verðuppbætur á búsafurðir teljast til tekna þegar þær eru greiddar eða færðar framleiðanda til tekna í reikning hans.

Heimanotaðar búsafurðir (búfjárafurðir, garðávextir, gróðurhúsaafurðir, hlunninda-afrakstur), svo og heimilisiðnað, skal telja til tekna með sama verði og fæst fyrir tilsvarandi afurðir sem seldar eru á hverjum stað og tíma. Verði ekki við markaðsverð miðað, t.d. í þeim hreppum þar sem mjólkursala er lítil eða engin, skal skattstjóri meta verðmæti þeirra til tekna með hliðsjón af notagildi. Sé söluverð frá framleiðanda hærra en útsöluverð til neytenda vegna niðurgreiðslu á afurðaverði skulu þó þær heimanotuðu afurðir sem svo er ástatt um taldar til tekna á útsöluverði til neytenda. Mjólk sem notuð er til búfjárfóðurs skal þó telja til tekna með hliðsjón af verði á fóðurbæti miðað við fóðureiningar.

Þar sem mjólkurskýrslur eru ekki haldnar skal áætla heimanotað mjólkurmagn.

Matsverð heimanotaðs kjöts af sauðfé sem telja skal til tekna er ákvarðað með hliðsjón af heildsöluverði þessara afurða.

Með hliðsjón af ofangreindum reglum hefur matsverð á eftirtöldum búsafurðum til heimanotkunar verið ákveðið þannig:

2.1.1. Afurðir og uppskera: (Verð án virðisaukaskatts)

	kr.	
Mjólk þar sem mjólkursala fer fram	56,27	pr. ltr.
Mjólk þar sem engin mjólkursala fer fram, miðað við 350 l neyslu á mann	56,27	pr. ltr.
Mjólk til búfjárfóðurs	18,69	pr. ltr.
Hænuegg (önnur egg hlutfallslega)	242,00	pr. kg
Sauðfjárslátur	223,00	pr. stk.
Kartöflur til manneldis	6.076,00	pr. 100 kg
Rófur til manneldis	9.981,00	pr. 100 kg
Kartöflur og rófur til skepnufóðurs	707,00	pr. 100 kg

2.1.2. Búfé til frálags (slátur meðtalið): (Verð án virðisaukaskatts)

		kr.
Dilkar		5.471
Dilkar (lakara kjöt)		4.963
Veturgamalt og sauðir		6.783
Geldar ær		5.254
Mylkar ær og hrútar		3.394
Naut	I. og II. fl.	61.043
Kýr	I. og II. fl.	40.739
Kýr	III. og IV. fl.	27.768

Eldri kálfar og ungneyti metist hlutfallslega miðað við naut.

	kr.
Ungkálfar	3.068
Folöld I. flokkur	9.647
Tryppi I. flokkur	11.362
Hross I. flokkur	12.768
Folöld II. flokkur	5.743
Tryppi II. flokkur	5.731
Hross II. flokkur	6.263
Hross III. flokkur	3.100
Svín 4 - 6 mánaða	15.971

2.1.3. Veiði og hlunnindi: (Verð án virðisaukaskatts)

	kr. pr. kg
Lax	290
Silungur	232
Æðardúnn	48.235

2.1.4. Kindafóður:
Metast 50 % af fullu eignarmati sauðfjár.

2.2.0. Hlunnindamöt til tekna:

2.2.1. Fatnaður:
Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launþega í té án endurgjalds skal metinn honum til tekna sem hér segir:

	kr.
Einkennisföt	15.100
Einkennisfrakki	11.073

Fatnað sem ekki telst einkennisfatnaður skal telja á kostnaðarverði.
Eigi skal reikna launamanni til tekna nauðsynlegan hlífðarfatnað sem launagreiðandi afhendir honum til afnota við störf í þágu launagreiðandans.

2.2.2. Bifreiðahlunnindi.

Endurgjaldslaus afnot launamanns af fólksbifreið, þ.m.t. skutbifreið (station) og jeppabifreið, eða öðrum bifreiðum sem hægt er að hafa sambærileg not af, svo sem sendibifreiðum, sem launagreiðandi hans lætur honum í té til fullra umráða, skulu metin launamanni til tekna. Teknamatið skal miðað við afnot í heilt ár og höfð hliðsjón af verði og aldri bifreiðarinnar og skal miðað við verð á síðustu árgerð eins og það var 31. desember 1997.
Af bifreið sem tekin var í notkun á árunum 1996, 1997 eða 1998, skal meta hlunnindi til tekna sem 20% af kostnaðarverði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir. Af eldri bifreið skal meta hlunnindi til tekna sem 15% af kostnaðarverði bifreiðarinnar eins og það er skilgreint hér á eftir. Eigi skiptir máli í þessu sambandi hver upphaflegur eigandi bifreiðarinnar var. Bifreið sem flutt var inn notuð telst hafa verið tekin til notkunar á því ári sem hún var framleidd.

Kostnaðarverð bifreiðar er í þessu sambandi skilgreint sem staðgreiðsluverð samkvæmt verðlista á sams konar bifreið nýrri frá bifreiðaumboði af síðustu árgerð, að meðtöldum kostnaði vegna hvers konar auka- eða sérútbúnaðar. Sé eigi unnt að ákveða matsverð með þessum hætti vegna þess að síðasta árgerð er eigi til sölu og eigi unnt að fá upplýsingar um verð á henni skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum. Einnig skal miða við verð á sambærilegum bifreiðum ef sú bifreið sem meta þarf er eigi lengur á markaði.

Hafi launamaður greitt hluta af verði bifreiðar skal lækka hlunnindamat miðað við heilt ár sem svarar til árlegrar meðalafskriftar bifreiðar þegar hún hefur verið lækkuð

í réttu hlutfalli við eignarhluta launamanns í bifreiðinni. Árleg meðalafskrift reiknast kr. 141.699. Hafi launamaður t.d. greitt 30% af kostnaðarverði bifreiðar, eins og það er skilgreint hér að framan, lækkar því hlunnindamat um kr. 42.516, miðað við heilt ár, eða um kr. 3.543 á mánuði.

Mánaðarleg hlunnindi teljast 1/12 af hlunnindum reiknuðum af hlunnindum eins og að framan er greint. Hafi launamaður aðeins haft afnot af bifreið hluta af mánuði skulu bifreiðahlunnindi hans metin í réttu hlutfalli við þann dagafjölda í mánuðinum sem hann hafði afnot af viðkomandi bifreið. Sömu aðferð skal beitt við mat á hlunnindum ef skipt var um bifreið þannig að launþegi hafði afnot af fleiri en einni bifreið í sama mánuði.

Afnot takmörkuð við ákveðinn kílómetrafjölda. Séu endurgjaldslaus afnot launamanns takmörkuð á þann hátt að hann greiði launagreiðanda sínum fyrir ekna kílómetra umfram umsamið hámark skal reikna honum full mánaðarleg hlunnindi til tekna uns umsömdu hámarki aksturs er náð. Eftir þau tímamörk skal draga greiðslu launamanns frá fjárhæð mánaðarlegra hlunninda og falla þau niður sé greiðsla launamanns jafnhá þeim.

Launamaður tekur þátt í rekstrarkostnaði. Greiði launamaður eldsneytiskostnað (og smurningu) bifreiðar sem hann hefur til fullra umráða frá launagreiðanda sínum skal lækka hlunnindamat um 4 prósentustig, þ.e. í 16% eða 11% eftir aldri bifreiða. Greiði launamaður einnig annan rekstrarkostnað bifreiðar en eldsneytiskostnað má lækka hlunnindamat um fjárhæð þess kostnaðar, enda afhendi launamaður launagreiðanda sínum kvittanir frá þriðja aðila fyrir slíkum kostnaði og fái hann ekki endurgreiddan. Eigi má telja kostnað við eðlilega umhirðu á bifreiðinni, svo sem þvotta og bónun, með í slíkum kostnaði og eigi heldur sektir sem af akstri launþegans hljótast.

Endurgjald fyrir afnot. Greiði launamaður launagreiðanda sínum endurgjald fyrir afnot af bifreið launagreiðanda, sem lægra er en hlunnindamat samkvæmt þeim reglum sem að framan er lýst, skal mismunurinn teljast launamanni til tekna.

Hlunnindamat vegna takmarkaðra afnota launamanns. Hafi launamaður bifreið frá launagreiðanda sínum sem honum er heimilt að nota utan vinnutíma að takmörkuðu leyti skal meta slík takmörkuð afnot til hlunninda launamanns. Takmörkuð afnot eru eingöngu akstur milli heimilis og vinnustaðar og tilfallandi einstök afnot. Sé um frekari afnot að ræða telst launamaður hafa full umráð bifreiðar eins og greint er frá hér að framan. Gögn um takmörkuð afnot skulu greinilega færð og vera aðgengileg skattyfirvöldum hvort sem er í bókhaldi launagreiðanda eða hjá launamanni. Takmörkuð afnot skal telja launamanni til hlunninda á gildandi kílómetragjaldi á hverjum tíma, sem nú er kr. 35,15 pr. ekinn km.

2.2.3. Fæðishlunnindi. Fæðispeningar.

Fæði, sem launagreiðandi lætur launamanni í té endurgjaldslaust, skal metið honum til tekna sem hér segir:

	kr. á dag
Fyrir fullt fæði, fullorðins	819
Fyrir hálft fæði fullorðins	410
Fyrir fullt fæði barns, yngra en 12 ára	657
Fyrir fæði að hluta (ein máltíð)	327

Láti launagreiðandi launamanni í té fæði á lægra verði en skattmat ríkisskattstjóra segir til um skal telja mismuninn tekjur launamanns. Fjárhæð fæðisstyrks (fæðispeninga) sem launamanni er greidd frá launagreiðanda hans, svo og fjárhæð fæðisstyrkja (fæðispeninga) sem launamanni er greidd frá launagreiðanda hans vegna

fjölskyldu launamannsins, ber að telja til tekna á sama hátt. Sérhver önnur fæðishlunnindi, sem látin eru launamanni og fjölskyldu hans í té endurgjaldslaust, ber að telja til tekna á kostnaðarverði.

2.2.4. Húsnæðishlunnindi.

Endurgjaldslaus afnot íbúðarhúsnæðis, sem launagreiðandi lætur launamanni sínum í té, skulu metin launamanni til tekna sem hér segir:

Fyrir ársafnot reiknast 2,7% af gildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar. Fjárhæð þessi skiptist hlutfallslega á greiðslutímabil miðað við tímalengd þeirra. Hafi launamaður afnot íbúðarhúsnæðis, sem launagreiðandi hans lætur honum í té gegn endurgjaldi sem er lægra heldur en 2,7% af gildandi fasteignamati íbúðarhúsnæðisins (þ.m.t. bílskúr) og lóðar, skal meta launþega mismuninn til tekna eftir því sem hlutfall greiðslutímabils segir til um. Sá hluti orkukostnaðar launamanns sem launagreiðandi hans greiðir skal teljast að fullu til tekna. Endurgjaldslaus afnot launamanns á orku (rafmagni og hita) skulu teljast til tekna á kostnaðarverði. Húsaleigustyrkur, sem launagreiðandi greiðir launamanni sínum, telst að fullu til tekna.

Fylgi starfi launþega kvöð um búsetu í húsnæði, sem vinnuveitandi lætur honum í té, er skattstjóra heimilt að lækka mat húsnæðishlunninda við álagningu opinberra gjalda á næsta ári eftir staðgreiðsluár, svo sem verið hefur ef launþegi telst ekki nýta húsnæðið að fullu. Íbúðarhúsnæði, allt að 150 m2, telst fullnýtt séu íbúar húsnæðisins 6 manns eða færri. Hver íbúi umfram 6 telst nota 5 m2 húsnæði. Til íbúðarhúsnæðis í þessu sambandi telst eigi húsnæði allt að 15 m2, sem vinnuveitandi hefur samþykkt að launþegi noti sem skrifstofu- eða starfshúsnæði í þágu ríkisins.

Eigi skal meta launamanni til hlunninda afnot af húsnæði í verbúðum eða vinnubúðum þar sem launamaður dvelur um takmarkaðan tíma í þjónustu launagreiðanda.

3.0.0. Möt til frádráttar:

3.1.0. Frádráttarbær kostnaður vegna ökutækjastyrks.

Frá ökutækjastyrkjum, sem launþegi hefur fært til tekna, skal leyfa sem frádrátt sannanlegan kostnað vegna öflunar þessara tekna.

3.1.1. Sönnun akstursþarfar.

Krafa um frádrátt kostnaðar á móti greiddum ökutækjastyrk á árinu 1998 þarf að byggja á því að færð hafi verið akstursdagbók eða akstursskýrsla þar sem skráð er hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald greitt launamanni, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer viðkomandi ökutækis, sbr. reglugerð nr. 490 frá 28. desember 1992. Skal færa þessi gögn reglulega og skulu þau vera aðgengileg skattyfirvöldum þegar þau óska þess.

Því aðeins telst ökutækjakostnaður sannaður að fullnægt sé neðangreindum skilyrðum:

1. Að fram sé lögð á þar til gerðu eyðublaði (ökutækjastyrkur og ökutækjarekstur RSK 3.04), eða á annan jafn fullnægjandi hátt, nákvæm sundurliðun á heildarrekstrarkostnaði ökutækisins, þ.m.t. árleg afskrift bifreiðar sem reiknast kr. 154.916. Árleg afskrift annarra ökutækja en bifreiða reiknast 10% af kaupverði (stofnverði). Afskrift ökutækis sem notað er hluta úr ári reiknast hlutfallslega.
2. Að fram sé lögð á sama eyðublaði og um ræðir í 1, eða á annan jafn fullnægjandi hátt, greinargerð um heildarnotkun ökutækisins á árinu, þannig sundurliðuð:

a. Akstur til og frá vinnu, en hann telst allur vera í eigin þágu.
b. Annar akstur í eigin þágu.
c. Akstur í þágu launagreiðanda.

Til frádráttar skal leyfa þann hluta af heildarrekstrarkostnaði bifreiðarinnar sem svarar til afnota hennar í þágu launagreiðanda, þó að hámarki þá fjárhæð sem kemur út með því að margfalda með kr. 35,78 þá kílómetratölu sem ákvörðuð hefur verið sem akstur í þágu launagreiðanda. Aldrei leyfist þó hærri fjárhæð til frádráttar en talin er til tekna sem ökutækjastyrkur.
Hafi launþegi fengið greiðslu fyrir afnot af eigin bifreið í þágu launagreiðanda síns á árinu 1998, þannig að um hafi verið að ræða endurgreiðslu á kostnaði við rekstur hennar, og sá akstur verið *2000 km eða minni*, er fallið frá kröfu um sannanlegan ökutækjakostnað. Þetta er bundið þeim skilyrðum að launþegi hafi fært akstursdagbók eða aksturssskýrslu þar sem skráð hefur verið hver ferð, ekin vegalengd og aksturserindi og að kílómetragjald hafi verið greitt í samræmi við skattmat ríkisskattstjóra á árinu 1998 fyrir hvern ekinn km skv. akstursdagbók.
Hafi launþegi fengið greitt svonefnt „sérstakt gjald“ eða „torfærugjald“ á árinu 1998 fyrir akstur (eigin) ökutækis síns má hann hækka fjárhæð frádráttar, kr. 35,78, fyrir hvern ekinn km sem hann fékk greiddan skv. „sérstöku gjaldi“ um kr. 5,47 og skv. „torfærugjaldi“ um kr. 16,62, enda sé gerð fullnægjandi grein fyrir því að forsendur fyrir greiðslu sérstaks gjalds og torfærugjalds séu uppfylltar.
Samkvæmt 3. kafla í skattmati í staðgreiðslu 1998 var kílómetragjald, sem í gildi var frá upphafi árs 1998, sem hér segir:

Fyrir	kr. pr. km
1 - 10.000 km	35,15
10.001 - 20.000 km	31,45
20.001 - >	27,75

Frá og með *1. júní* til loka október breyttist matið þannig vegna breytinga á mati ferðakostnaðarnefndar:

Fyrir	kr. pr. km
1 - 10.000 km	36,15
10.001 - 20.000 km	32,35
20.001 - >	28,55

Frá og með *1. nóvember* til loka desember breyttist matið þannig vegna breytinga á mati ferðakostnaðarnefndar:

Fyrir	kr. pr. km
1 - 10.000 km	36,45
10.001 - 20.000 km	32,60
20.001 - >	28,75

3.2.0. Frádráttur á móti fengnum dagpeningum.
Frádráttur á móti dagpeningum sem launamaður hefur fengið greidda frá launagreiðanda sínum er heimill enda hafi dagpeningarnir verið greiddir vegna tilfallandi ferða á vegum launagreiðandans utan venjulegs vinnustaðar og ætlaðir til greiðslu á gistingu og fæði innanlands en erlendis á greiðslu á gistingu, fæði, minniháttar risnu, fargjöldum innan þess svæðis sem dvalið er á og fargjöldum frá og að flugvöllum.
Frádrátturinn er háður því skilyrði að fyrir liggi í bókhaldi launagreiðanda, sem og hjá launamanni, gögn um tilefni ferðar og fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga eða dagpeninga, svo og nafn og kennitala launamanns.
Að uppfylltum framangreindum skilyrðum er mat ríkisskattstjóra á leyfilegum frádrætti frá greiddum dagpeningum á árinu 1998 sem hér segir:

Frádráttur frá dagpeningum innanlands.

1. janúar - 31. maí	kr.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	7.500
Fyrir gistingu í eina nótt	3.800
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	3.700
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	1.850

1. júní - 30. október	kr.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	9.300
Fyrir gistingu í eina nótt	5.500
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	3.800
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	1.900

1. nóvember - 31. desember	kr.
Fyrir gistingu og fæði í einn sólarhring	7.500
Fyrir gistingu í eina nótt	3.800
Fyrir fæði hvern heilan dag, minnst 10 tíma ferðalag	3.700
Fyrir fæði í hálfan dag, minnst 6 tíma ferðalag	1.850

Frádráttur frá dagpeningum erlendis. (Ákvarðast í SDR).

1. janúar - 31. maí

Almennir dagpeningar:	Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland og Sviss	105	87
New York	108	69
Asía	129	102
Annars staðar	88	87

Vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:	Gisting	Annað
Svíþjóð, Bretland og Sviss	67	56
New York	69	44
Asía	83	66
Annars staðar	57	56

1. júní - 31. desember

Almennir dagpeningar:	Gisting	Annað
Bretland	127	88
New York	119	70
Asía	129	102
Annars staðar	94	88

Vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa:	Gisting	Annað
Bretland	81	56
New York	76	45
Asía	83	66
Annars staðar	60	56

Sé dvalið skemur en 3 vikur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga. Sé dvalið 3 vikur eða lengur á sama stað skal draga frá fulla almenna dagpeninga fyrstu vikuna en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga, sbr. þó næstu málsgrein.

Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 3 mánuðum skal frádráttur vegna þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeninga lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði.

Hafi gisting launþega verið greidd samkvæmt reikningi frá þriðja aðila er honum heimilt að draga viðkomandi fjárhæð fyrir „Annað“ frá fengnum dagpeningum eða ferðafé.

Dagpeningar umfram 30 daga.

Hafi launamaður fengið greidda dagpeninga fyrir 30 daga eða fleiri á árinu 1998 skulu viðmiðunarfjárhæðir hér að framan lækka um kr. 819 fyrir hvern dag sem dag-

peningagreiðslur fara fram yfir 30 daga samfellt. Gildir það bæði varðandi almenna dagpeninga erlendis, dagpeninga vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa og dagpeninga innanlands. Samsvarandi fjárhæð vegna dagpeningagreiðslna innanlands fyrir hálfan dag er kr. 410.

3.3.0. Fæðisfrádráttur.

3.3.1. Fæðisfrádráttur hjá launagreiðanda.
Launagreiðendur sem ekki færa sérreikning yfir fæðiskostnað launþega sinna mega draga frá tekjum sínum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi kr. 426 fyrir hvern heilan fæðisdag sem þeir láta launþegum sínum í té fæði án endurgjalds. Sama gildir um fæði sem launagreiðandi lætur fjölskyldu launþegans í té án endurgjalds.

Reykjavík, 4. janúar 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

8. janúar 1999 Nr. 32

AUGLÝSING

um ríki, svæði og starfstöðvar utan Evrópska efnahagssvæðisins, sem innflutningur á lifandi samlokum, skrápdýrum, möttuldýrum og sæsniglum er heimill frá.

1. gr.

Innflutningur lifandi samloka, skrápdýra, möttuldýra og sæsnigla er heimill frá þeim ríkjum, svæðum og starfstöðvum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem eru á skrá í viðauka I við auglýsingu þessa. Um innflutninginn gilda IV. og V. kafli laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og reglur settar á grundvelli þeirra.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. janúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

VIÐAUKI I

Flokkur I-I

Listi yfir ríki og svæði utan Evrópska efnahagssvæðisins sem sérstök ákvörðun hefur verið tekin að fullnægi heilbrigðiskröfum samkvæmt tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 91/492.

Ástralía

Framleiðslusvæði

Svæðisnúmer	Svæði
	Tasmanía
	Bigbay
	Duc Bay
	Port Sorell
	Moulting Bay
	Great Swanport
	Little Swanport
	Blackman Bay
	Dunalley Bay
	EagleHawk Bay
	Garfish Bay/Dart Island
	Little Norfolk Bay
	Pirtwater
	Pipeclay Lagoon
	Bircha Bay
	Fleurty´s Bay
	Long Bay Reef
	Great Bay
	Simpsons Bay
	Little Taylors/Satellite
	Deep Bay
	Chale Bay
	Port Esperance
	Hastings Bay
	Recherche Bay

Svæðisnúmer	Svæði
	Garden Bay
	Huon River
	Gardners Bay
	Flinders Bay
	Ansons Bay
	Apollo/Roberts/Sykes
	Norfolk
	Queensland
	Moreton Island
	North Stradbroke Island
	Mud Island
	Victoria
	Beaumaris Flinders
	Dromana
	Clifton Springs
	Pr Arlington (Grassy Point)
	Western Australia
	Clockburn Sound (Kwinana Grain Terminal)
	Oyster Harbour
	South Australia
	Denial Bay
	Franklin Harbour
	Smoky Bay
	Nepean Bay
	Streaky Bay
	Coffin Bay

Chíle

Framleiðslusvæði

Svæðisnúmer	Svæði
03002	BAHÍA FLAMENCO
03003	BAHÍA INGLESA
04102	BAHÍA GUANAQUEROS
04103	BAHÍA TONGOY
05001	CELETA HORCÓN
10204	CELETA RILÁN
10205	ISLA QUEHUI
10206	PUNTA PULLAO
10207	CHEQUIAN
10208	MATAO
04101	BAHÍA COQUIMBO
08101	TUBUL
10101	CALBUCO
10102	MAULLÍN
10103	CARELMAPU
10201	ANCUD
10203	DALCAHUE
10209	QUEILEN
10213	GOLFO DEL CORCOVADO
10216	ISLAS GUAPIQUILÁN
10301	VALDIVIA
10214	QUELLON

Perú

Framleiðslusvæði

Svæðisnúmer	Svæði
001	Pucusana Bay (Province of Lima)

Starfstöðvar

Númer	Nafn	Heimilisfang
ME - 0392 - 012 - 3	Mariexport SA, Pucasana	Pucasana

Marokkó

Framleiðslusvæði

Svæðisnúmer	Svæði
	Miðjarðarhaf
25	Nador lagoon (excluding the Nador urban sea area)
02	Coastal zone situated at Essaidia
	Atlantshaf
42	Mouth of the Oued Tahadart
18	Moulay Bousselham lagoon
10	Sidi Moussa lagoon and Oualidia lagoon
27	Bay of Dakhla (excluting urban and harbour areas)

Starfstöðvar

Númer	Nafn	Heimilisfang
01-10-065	Najmat Allah	Nador
01-10-066	Marost	Nador
01-1070	Société Aquacole de la Moulouya	Essaidia
03-10-080	SOMECOP	Tetovan
09-10-113	Société "Les huîtres OSTREA"	Oualidia
09-10-112	Sea Products	Sidi Moussa

Suður-Kórea

Framleiðslusvæði

Svæðisnúmer	Svæði
1	Hansando Kojeman
2	Charanman Saryangdo
3	Mirukto
4	Kamakman

Túnis

Framleiðslusvæði

Svæðisnúmer	Svæði
T1	LAC DE TUNIS
T2	CANAL DE TUNIS
B1	MENZEL JEMIL
B2	FAROUA
S1	SFAX NORD
S2	GARGOUR
S3	GUETIFA
S4	O. MALTINE NORD
S5	O. MALTINE SUD
S6	SKHIRA
G1	GABES NORD
G2	GABES SUD 1
G3	GABES SUD 2
M1	MEDENINE NORD
M2	LAGUNE BOUGHRARA
M3	DJERBA NORD

Starfstöðvar

Númer	Nafn	Heimilisfang
P.U 200	M.A. TRAD	PORT DE ZARZOUNA -BIZERTE
P.U 300	PRINCE EXPORT	PORT PRINCE - NABEUL
P.U 306	MEDIPECHE EL GHOUL	SIDI DAOUD - NABEUL

Flokkur I-II

Ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem ekki hefur verið tekin sérstök ákvörðun um að fullnægi heilbrigðiskröfum samkvæmt tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 91/492 en innflutningur er heimill frá til bráðabirgða. Haft skal fullt eftirlit með öllum innflutningi lifandi samloka, skrápdýra, möttuldýra og sæsnigla frá þessum ríkjum. Innflutningur skal aðeins heimill frá framleiðslusvæði og ef við á starfstöð sem hefur verið viðurkennd af lögbæru yfirvaldi viðkomandi ríkis enda fullnægi vörurnar kröfum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu varðandi meðferð, vinnslu og dreifingu þeirra.

Kanada
Færeyjar
Grænland
Nýja Sjáland
Bandaríkin

8. janúar 1999 Nr. 33

AUGLÝSING

um ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem innflutningur á fiskmjöli er heimill frá.

1. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskmjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis og aðrar vörur sem innihalda blöndu úr þessum afurðum frá þeim ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins sem greind eru í viðauka I við auglýsingu þessa. Skilyrði innflutnings eru að framleiðsla hafi farið fram í samræmi við kröfur sem settar eru í reglugerð um framleiðslu á fiskmjöli og lýsi, mjölið komi frá skráðri starfstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi landi, og að mjölinu fylgi heilbrigðisvottorð í samræmi við viðauka II við auglýsingu þessa.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett með stoð í lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. janúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

VIÐAUKI I

Ríki	Ríki
Albanía	Malasia
Argentína	Maldíveyjar
Ástralía	Marokkó
Bandaríkin	Máritanía
Bangladesh	Mexíkó
Belize	Namibía
Brasilía	Nýja Sjáland
Chile	Panama
Eistland	Perú
Ekvador	Pólland
Falklandseyjar	Puerto Riko
Filippseyjar	Rússland
Fílabeinsströndin	Senegal
Færeyjar	Seychelleyjar
Gambía	Singapore
Grænland	Slóvenía
Gvatemala	Suður Afríka
Honduras	Suður Kórea
Indland	Sviss
Indónesía	Tævan
Japan	Tæland
Kanada	Togo
Kína	Túnis
Kosta Ríka	Tyrkland
Kólombía	Úrúgvæ
Króatía	Úkraína
Kúba	Venesúela
Madagaskar	Víetnam

VIÐAUKI II

Heilbrigðisvottorð
fyrir fiskmjöl, þar með talið mjöl úr sjávardýrum öðrum en spendýrum og afurðir, þar með taldar blöndur, aðrar en gæludýrafóður, sem innihalda þessar afurðir og ætlað er til útflutnings til Evrópska efnahagssvæðisins.

Upplýsingar fyrir innflytjanda:
Þetta vottorð er aðeins vegna heilnæmis og á að fylgja sendingu þar til hún kemur á skoðunarstað á landamærum.

Ákvörðunarland: _____
Tilvísunarnúmer heilbrigðisvottorðs: _____
Útflutningsland: _____
Ráðuneyti í forsvari: _____
Útgefandi vottorðs: _____

I. Lýsing á próteini eða afurð

Gerð umbúða: _____
Fjöldi pakkninga: _____
Nettó þyngd: _____

II. Uppruni próteins eða afurðar

Heimilisfang og vinnsluleyfisnúmer vinnsluleyfishafa: _____
_____
_____

III. Ákvörðunarstaður próteins eða afurðar

Fiskmjölið verður sent
frá: _____
(lestunarstaður)
til: _____
(land og ákvörðunarstaður)
með eftirfarandi flutningatæki: _____
Númer innsiglis[1]: _____
Nafn og heimili sendanda:
_____
Nafn og heimili móttakanda: _____

1) Má sleppa.

IV. Yfirlýsing

Undirritaður opinber eftirlitsmaður vottar hér með að próteinið eða afurðin sem lýst er að ofan:

a) hefur verið hituð í að minnsta kosti 80°C í gegnum allt efnið;
b) var rannsökuð í geymslu í verksmiðjunni með úrtakssýni og sýndi sig að uppfylla eftirfarandi staðla:[1)]
   – *Salmonella:* ekki til staðar í 25 g, n = 5, c = 0, m = 0, M = 0;
   – *Enterobacteriaceae:* n = 5, c = 2, m = 10, M = $3*10^2$ í g;
c) var unnin úr fiski eða öðrum sjávardýrum að undanskildum spendýrum, veitt á opnu hafi eða úr nýjum beinum frá fiskvinnslu til manneldis;
d) var ekki unninn úr skemmdum fiski;
e) var ekki unninn úr fiski sem ekki stóðst mat samkvæmt reglum Evrópska efnhagssvæðisins um kröfur vegna innflutnings til svæðisins;
f) lokaafurðin var rannsökuð stuttu fyrir útskipun af til þess bæru yfirvaldi með úrtakssýni og uppfyllti þessa staðla[2)]:
   – *Salmonella:* ekki til staðar í 25 g, n = 5, c = 0, m = 0, M = 0;
g) lokaafurðinni
   – var pakkað í nýjar umbúðir[3)]
   eða
   – þar sem flutt er í lausu, gámum eða með hvaða öðru móti, hafi verið þrifið og sótthreinsað með sótthreinsiefni sem samþykkt var af til þess bæru yfirvaldi fyrir notkun[4)];
h) gætt hefur verið allrar varúðar til þess að forðast eftirmengun lokaafurðarinnar af sýklum eftir hitun.

Gert í/á _____ þann _____

(Staður) (dagsetning)

_____

(Undirskrift opinbers eftirlitsmanns[5)])

Stimpill[6)]

_____

(Nafn með hástöfum, staða og menntun)

[1)] Þar sem
n = fjöldi eininga sem sýnið samanstendur af;
m = markgildi fyrir fjölda gerla; niðurstöður teljast viðunandi ef fjöldi gerla er ekki umfram m í neinu sýni;
M = hámarksgildi fyrir fjölda gerla; niðurstöður teljast óviðunandi ef fjöldi gerla í einu eða fleiri einingum er M eða fleiri;
c = fjöldi eininga í sýninu þar sem gerlatalning má vera milli m og M en sýnið samt talið í lagi ef gerlatalning í öðrum einingum sýnisins er jafnt og m eða lægra.

[2)] Strikið út eins og við á.

[3)] Strikið út eins og við á.

[4)] Strikið út eins og við á.

[5)] Undirskriftin og stimpillinn verða að vera í lit sem er annar en meginmál eyðublaðsins.

[6)] Undirskriftin og stimpillinn verða að vera í lit sem er annar en meginmál eyðublaðsins.

AUGLÝSING

um bann við innflutningi á óslægðum Atlantshafslaxi frá Noregi.

1. gr.

Óheimilt er að flytja inn óslægðan Atlantshafslax frá Noregi til 1. júlí 1999 nema hann komi frá eldisstöðvum sem greindar eru í viðauka I og honum hafi verið slátrað og pakkað inn hjá starfstöðvum sem greindar eru í viðauka II og staðsettar eru meðfram strönd Noregs frá landamærum Svíþjóðar að landamærunum milli sveitarfélaganna Hå og Eigersund (Rogalandi).

2. gr.

Á pakkningum sem innihalda óslægðan Atlantshafslax skal koma fram að um heilan lax sé að ræða og leyfisnúmer viðkomandi eldisstöðva og starfstöðva.

3. gr.

Heilbrigðisvottorð í samræmi við viðauka III með auglýsingu þessari skal fylgja hverri sendingu af óslægðum Atlantshafslaxi.

4. gr.

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 8. janúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

VIÐAUKI I

Númer	Nafn eldisstöðvar
VAFS 10	Storøy Laks, C/O Hidra Edelfisk A/S, 4432 Hidrasund
BD/r 2	Marin Production, v/ Torjan Bodvin 4812 Kongshamn
TK/K 2	Lien Sjø-ørret, Thor Lien, 3166 Sannidal
TK/K 1	Skaggerak Orret
AA/A 2	Marin Production AS, Bota, 4920 Staubø
AA/L 1	Åberøy Ørretoppdrett, v/Karl Olaf Jørgensen, 4470 Høvåg
AA/L 4	Hellesund Fiskeoppdrett A/S, v/Karl Olaf Jørgensen, 4470 Høvåg
AA/R 3	Hellesund Fiskeoppdrett A/S, v/Karl Olaf Jørgensen, 4470 Høvåg
VA/S 2	Langenes Fiskeopdrett A/S, Reinhardsen & Co, Tordenskjoldsgt. 30, 4612 Kristiansand
VA/S 1	Borøy Fiskeoppdrett A/S, v/ Ragnar Severinsen, 4630 Kristiansand
VA/LD 4	Korshamn Fiskeoppdrett A/S, Berge, 4580 Lyngdal
VA/LD 8	Lindesnes Laks A/S, v/ Terje Gabrielsen, 4512 Lindesnes
VA/F 3	Rasvå Fiskeoppdrett A/S, v/Arnfred Hansen, 4432 Hidrasund
VA/F 4	Øyna Fiskeoppdrett A/S, Boks 96, 4401 Flekkefjord
VA/F 5	Aqua Sør A/S, v/Tore Skarpnes, 4432 Hidrasund
VA/F 13	Støytland Fisk A/S, 4401 Flekkefjord
VA/F 10	Hidra Edelfisk A/S, 4432 Hidrasund
VA/KL 3	Hidra Edelfisk A/S, 4432 Hidrasund
VA/F 14	Agder Fiskeoppdrett A/S, Postboks 96, 4401 Flekkefjord
R/HA 2	Holmane Edelfisk A/S, 4364 Sirevåg

VIÐAUKI II

Númer	Nafn starfsstöðvar
VA-60	Abelnes Aqua A/S, Abelnes, 4400 Flekkefjord
VA-69	Ulland A/S, Kirkehamn, 4432 Hidrasund
VA-70	Hidra Edelfisk A/S, Bukstad, 4432 Hidrasund
VA-113	Reinhardsen & Co, Tordenskjoldsgt. 30, 4612 Kristiansand

VIÐAUKI III

Heilbrigðisvottorð
fyrir innflutning á óslægðum Atlantshafslaxi frá Noregi til Evrópska efnahagssvæðisins.

Auðkenni safns

1. Upprunaeldisstöð (leyfisnúmer og nafn): _____

2. Upprunastarfsstöð þar sem fiski var slátrað og pakkað (leyfisnúmer og nafn): _____
_____

3. Heildarþyngd: _____
Fjöldi kassa: _____

Flutningsfar

Gerð flutningsfars og auðkenni: _____

Ákvörðunarstaður

Ákvörðunarland innan EES: _____
Viðtakandi (nafn og heimilisfang): _____
_____
_____

Heilbrigðisyfirlýsing

1. Undirritaður lýsir því hér yfir að allar vörur þessarar vörusendingar koma frá eldisstöðvum og starfsstöðvum sem staðsettar eru á því svæði í Noregi sem vísað er til í 1. mgr. 2. gr. ákvörðunar Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 97/586/EB og hafa ekki verið sendar frá þeim hluta Noregs sem er norðan við þetta svæði.

Gert í/á _____ dagsetning: _____
Nafn opinbers eftirlitsmanns: _____
Nafn opinbers ábyrgðaraðila: _____
(með hástöfum)
Staða þess sem undirritar: _____
Undirskrift: _____

Stimpill opinbers eftirlitsaðila:

AUGLÝSING

ríkisskattstjóra nr. 5/1999 um ýmsar grunnfjárhæðir í almennum skattskilum og hækkanir samkvæmt bráðabirgðaákvæði VI, laga nr. 65/1997.

1. **Hámark verðmætis íbúðarhúsnæðis og einkabifreiðar með tilliti til verðbreytingarfærslu skv. 53. gr. laga nr. 75/1981.**
Hámark verðmætis íbúðarhúsnæðis til eigin nota og einkabifreiðar hjá mönnum sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi, sbr. 5. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1981, skal breytast í samræmi við verðbreytingarstuðul skv. 26. gr. sömu laga:
Hækkunarstuðullinn við álagningu 1999 (tekjuár 1998) verður 22,0405 og í stað 500.000 kr. koma því 11.020.250 kr.

2. **Fjárhæðir í 1. tölul. B-liðar 30. gr. laga nr. 75/1981, sbr. b-lið 5. gr. laga nr. 154/1998, vegna fjárfestingar í hlutabréfum, samvinnuhlutabréfum og stofnfjárbréfum í sparisjóðum:**
a) Frádráttur frá skattskyldum tekjum skal vera 60% af verðmæti keyptra hlutabréfa eða stofnfjárbréfa umfram verðmæti seldra bréfa á árinu 1998, að hámarki 80.000 kr. hjá einstaklingi og 160.000 kr. hjá hjónum.
b) Lágmark hlutafjár staðfestra félaga skal vera 22.000.000 kr.

3. **Stofnfjárreikningar samkvæmt lögum nr. 9/1984.**
Lágmarkskaupverð varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. 6. gr. laga nr. 9/1984:
Í stað 200.000 kr. komi 858.440 kr. (stuðull: 4,2922).

4. **Laun utan staðgreiðslu á árinu 1999.**
Fjárhæðir skv. 16., 17., 19. og 20. tölul. 1. mgr. 2. greinar reglugerðar nr. 591/1987 verða þær sömu við ákvörðun á staðgreiðslu 1999 og þær voru á fyrra ári.
Samkvæmt því verða umræddar fjárhæðir vegna greiddra launa á árinu 1999 þessar:
a) Heimilishjálp, húsfélög o.þ.h.: Í 16. tölul. verða 107.656 kr. og 215.312 kr.
b) Reiknað endurgjald í sjálfstæðri starfsemi: Í 17. tölul. verða 179.427 kr.
c) Höfundarlaun: Í 19. tölul. verða 215.313 kr.
d) Greiðslur til vistmanna elliheimila: Í 20. tölul. verða 215.313 kr.

5. **Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra:**
a) Fjárhæð gjalds.
Samkvæmt 1. tölul. 10. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra, sbr. 14. og 26. gr. laga nr. 140/1996, skal fjárhæð gjalds í framkvæmdasjóð aldraðra verða 4.162 kr. við álagningu 1999 vegna tekna 1998.
b) Tekjumark.
Tekjuviðmiðun samkvæmt sama 1. tölul. 10. gr. skal breytast árlega í samræmi við þær breytingar sem verða á persónuafslætti skv. 68. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, og innheimtuhlutfalli vökomandi staðgreiðsluárs samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum.
Við álagningu 1999, tekjuárið 1998, verður gjaldið því ekki lagt á þá sem hafa tekjur undir 718.401 kr.

6. **Fjárhæð greiddra launa á árinu 1999 sem undanþegin er staðgreiðsluskilum á tryggingagjaldi.**
Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. laga, um tryggingagjald, nr. 113/1990, breytast grunnfjárhæðir 1. og 2. mgr. þeirrar greinar í samræmi við breytingar á verðbreytingarstuðli, sbr. 26. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, og skulu þær reiknast í heilum þúsundum króna.

Með vísan til þessa verður hækkunarstuðullinn 1,2759 og í stað fjárhæðarinnar 30.000 kr. komi 38.000 kr. (mánaðarleg skil) og í stað fjárhæðarinnar 360.000 kr. komi 456.000 kr. (heildarskil) (óbreytt frá fyrra ári).

7. Hækkanir samkvæmt bráðabirgðaákvæði VI, laga nr. 65/1997.

A. Samkvæmt bráðabirgðaákvæðum VI, laga nr. 65/1997, skal við álagningu 1999 hækka um 2,5% þær fjárhæðir sem um er að ræða í eftirtöldum greinum laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum:

1. 17. gr. 5. mgr.: Hámark skattfrjáls söluhagnaðar af vissum hlutabréfum.
2. 17. gr. 6. mgr.: Frestun á tekjufærslu söluhagnaðar af hlutabréfum.
3. 30. gr. 2. mgr.: Heildarfyrningargrunnur íbúðarhúsnæðis.
4. 41. gr.: Gjaldfærsla eigna eða eignasamstæðna.
5. 67. gr. 2. mgr.: Frítekjumark barna.
6. 67. gr. 3. mgr.: Hámark söluhagnaðar sem fjármagnstekjur.
7. 69. gr. A 3. mgr.: Barnabætur, óskertar.
8. 69. gr. A 4. mgr.: Barnabætur, tekjumark.
9. 69. gr. A 5. mgr.: Barnabætur, eignamark.
10. 69. gr. B: Vaxtabætur.
11. 78. gr.: Frádráttur vegna hlutabréfaeignar og stofnsjóðsinnstæðna.
12. 83. gr.: Skattfrjáls hrein eign manna.
13. 84. gr.: Skattfrjáls hrein eign dánarbús í lok andlátsárs.

Með vísan til framanritaðs breytast þær fjárhæðir sem tilteknar eru í framanrituðum ákvæðum laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sem hér greinir:

1. 17. gr. 5. mgr.: Í stað 341.377 kr. komi 349.911 kr.
2. 17. gr. 6. mgr.: Í stað 3.000.000 kr. komi 3.075.000 kr.
3. 30. gr. 2. mgr.: Í stað 21.823.200 kr. og 43.646.400 kr. komi 22.368.780 kr. og 44.737.560 kr.
4. 41. gr.: Í stað 119.508 kr. komi 122.496 kr.
5. 67. gr. 2. mgr.: Í stað 77.940 kr. komi 79.889 kr.
6. 67. gr. 3. mgr.: Í stað 3.000.000 kr. og 6.000.000 kr. komi: 3.075.000 kr. og 6.150.000 kr.
7. 69. gr. A 3. mgr.: Í stað 102.436 kr., 121.932 kr., 170.614 kr., 175.014 kr. og 30.176 kr. komi: 104.997 kr., 124.980 kr., 174.879 kr., 179.389 kr. og 30.930 kr.
8. 69. gr. A 4. mgr.: Í stað 1.141.042 kr. og 570.521 kr. komi: 1.169.568 kr. og 584.784 kr.
9. 69. gr. A 5. mgr.: Í stað 4.174.466 kr. og 6.262.219 kr. komi: 4.278.828 kr. og 6.418.774 kr.
10. 69. gr. B 3. mgr.: Í stað 411.209 kr., 539.830 kr. og 668.450 kr. komi: 421.489 kr., 553.326 kr. og 685.161 kr.;
    69. gr. B 4. mgr.: Í stað 3.092.937 kr. og 5.127.077 kr. komi: 3.170.260 kr. og 5.255.254 kr.;
    og í stað 140.903 kr., 181.212 kr. og 233.015 kr. komi: 144.426 kr., 185.742 kr. og 238.840 kr.;
    og í stað 520 kr. komi: 533 kr.
11. 78. gr. 1. mgr.: Í stað 1.229.374 kr. og 2.458.748 kr. komi: 1.260.108 kr. og 2.520.216 kr.
12. 83. gr.: Í stað 3.651.749 kr. komi 3.743.043 kr.
13. 84. gr.: Í stað 3.651.749 kr. komi 3.743.043 kr.

B. Samkvæmt ákvæðum 2. málsl. a-liðar 3. gr. laga nr. 83/1989, með síðari breytingum, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga er fjárhæð í 1. málsl. a-liðar 3. gr. þeirra laga 5.277.058 kr.

C. Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, með síðari breytingum, skal tryggingagjaldsstofn manns vegna vinnu hans við eigin atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi eigi vera lægri en 748.224 kr. miðað við heilt ár.

D. Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða III og VI með lögum nr. 65/1997 hækkar grunnfjárhæð til útreiknings sérstaks tekjuskatts sem lagður verður á á árinu 1999. Samkvæmt framangreindu breytast fjárhæðir í umræddu ákvæði til bráðabirgða III sem hér segir:
Í stað 3.120.000 kr. og 6.240.000 kr. komi: 3.198.000 kr. og 6.396.000 kr.

E. Fyrirframgreiðslu vegna sérstaks tekjuskatts, sem lagður verður á árið 2000, ber að inna af hendi í mánuðunum ágúst - desember 1999.
Með vísan til ákvæðis til bráðabirgða IV og VI, með lögum nr. 65/1997, breytast fjárhæðirnar sem hér segir:
Í stað 3.120.000 kr. og 6.240.000 kr. komi: 3.198.000 kr. og 6.396.000 kr.

Reykjavík, 8. janúar 1999.

Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.

Nr. 36 15. janúar 1999

AUGLÝSING

um deiliskipulag urðunarsvæðis við Fíflholt í Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt deiliskipulag að urðunarsvæði við Fíflholt í Borgarbyggð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. lögum nr. 73/1997.

Ofangreint deiliskipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 15. janúar 1999.

Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri Borgarbyggðar.

REGLUGERÐ

um sundurliðun gjaldstofns til búnaðargjalds.

1. gr.

Á framtali til búnaðargjalds skal eftirfarandi tafla gilda um sundurliðun jaldstofnsins:

Nautgripaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra og beingreiðslur)	+
Sauðfjár- og geitaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra og beingreiðslur)	+
Hrossaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra)	+
Svínaafurðir (þ.m.t. sala lífdýra)	+
Alifuglaafurðir, þó ekki egg (þ.m.t. sala líffugla)	+
Egg	+
Kartöflur	+
Gulrófur	+
Annað grænmeti og blóm	+
Grávara (þ.m.t. sala lífdýra)	+
Æðardúnn	+
Skógarafurðir	+
Heysala og annað	+
Stofn til búnaðargjalds	=

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 84/1997 um búnaðargjald, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. janúar 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

13. janúar 1999 Nr. 38

REGLUGERÐ

um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 1999.

1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 1999.

2. gr.

Veiðar sbr. 1. gr. innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

3. gr.

Óheimilt er færeyskum skipum að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30'V og norðan 65°00'N við Austurland og óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar á grynnra vatni en 110 föðmum, en þó aldrei nær landi en 12 sjómílur frá viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.

Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi eða kasti. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Veiðarfæri um borð, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

5. gr.

Um tilkynningar færeyskra skipa, sem leyfi fá til veiða innan fiskveiðilandhelginnar samkvæmt 2. gr., skulu gilda eftirfarandi reglur:

Tilkynna skal siglingu inn í íslenska lögsögu með sex klukkustunda fyrirvara og um afla um borð.

Tilkynna skal staðsetningu skipsins og afla síðasta sólarhrings milli kl. 10.00 og 12.00 hvern dag.

Tilkynna skal siglingu út úr íslenskri lögsögu, staðsetningu og heildarafla um borð með sex klukkustunda fyrirvara.

Landi skip afla sínum í íslenskum höfnum skal tilkynna heildarafla þegar eftir löndun.

Framangreindar tilkynningar skulu sendast Landhelgisgæslu Íslands.

6. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

7. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. janúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 784, 22. desember 1998, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða.

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 12. gr. komi ný mgr. er hljóðar svo: Landamærastöðvar skulu uppfylla þau skilyrði sem fram koma í viðauka E við reglugerð þessa.

2. gr.

Á eftir viðauka D komi nýr viðauki E er hljóðar svo:

VIÐAUKI E

Landamærastöðvar skulu starfræktar undir stjórn Fiskistofu og skal eftirlit fara fram á hennar vegum. Landamærastöðvar skulu:

1. Hafa á að skipa nauðsynlegum fjölda hæfra starfsmanna til að annast eftirlit skv. 14. gr.
2. Hafa til umráða nægilega rúmgott húsnæði og aðra aðstöðu fyrir sýnatöku og úrvinnslu sýna.
3. Hafa til umráða frysti- og/eða kæligeymslu, þar sem unnt er að geyma hluta sendinga sem eru teknar til prófunar og vörur sem eftirlitsaðili hefur ekki gefið leyfi til að settar verði í frjálsa dreifingu.
4. Hafa tölvukerfi í samræmi við kröfur sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Þá skulu landamærastöðvar vera útbúnar og starfræktar í samræmi við eftirfarandi kröfur:

1. Allar fullnægjandi varúðarráðstafanir skulu gerðar til að koma í veg fyrir víxlmengun milli vara. Á hverri stöð skal vera búnaður til að þrífa og sótthreinsa vinnusvæði.
2. Ef innflutningur frá þriðju ríkjum er nægilega umfangsmikill og fjölbreyttur til að réttlæta slíkt er heimilt að skipta viðurkenndum landamærastöðvum, að uppfylltum sömu skilyrðum og um getur í 1. tl., upp í stöðvar sem hver fyrir sig hefur á að skipa starfsmönnum, búnaði og skoðunar- og geymsluhúsnæði sem hentar fyrir það magn og þær tegundir sem þar eru afgreiddar.
3. Við sannprófun auðkenna, eftirlit með heilnæmi og sýnatöku skal forðast að vörur verði fyrir mengun og, ef þurfa þykir, taka tillit til stýrðra hitaskilyrða við flutning þeirra. Allt eftirlit með vörum til manneldis sem eru án umbúða skal fara fram í skjóli frá veðri og gera skal ráðstafanir um hreinlæti við meðhöndlun og vernd slíkra afurða við affermingu og fermingu. Þrátt fyrir framangreint skal löndun afla fara fram í samræmi við kröfur sem settar eru í reglugerð um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.
4. Hreinlæti starfsfólks, húsnæði og búnaður skal vera þannig að það geti ekki haft áhrif á niðurstöður eftirlits.
5. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að rannsóknastofu þar sem unnt er að gera sérstök próf á sýnunum.
6. Þar til samræmt tölvukerfi á Evrópska efnhagssvæðinu hefur verið tekið í notkun skal Fiskistofa að minnsta kosti hafa aðgang að:
   a) Uppfærðri skrá yfir þriðju ríki eða svæði sem hafa heimild til að senda vörur til Evrópska efnahagssvæðisins eða, ef við á, til tiltekinna ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.

b) Afriti af þeim ákvörðunum sem banna eða takmarka innflutning vara til Evrópska efnahagssvæðisins.
c) Afriti af ýmsum ákvörðunum sameiginlegu EES-nefndarinnar eða aðildarríkjanna um fyrirmynd að heilbrigðissvottorði eða öðru skjali sem á að fylgja með afurðum frá þriðju ríkjum sem eru sendar til Evrópska efnhagssvæðisins eða, ef við á, til tiltekinna ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins.
d) Uppfærðri skrá yfir landamærastöðvar fyrir innflutning afurða frá þriðju ríkjum, með upplýsingum um stöðvarnar, einkum samskiptabúnað þeirra.
e) Uppfærðri skrá yfir starfsstöðvar í þriðju ríkjum sem hafa heimild til að senda afurðir til bandalagsins, ef slík skrá er til að því er varðar tilteknar vörur.
f) Uppfærðum upplýsingum um vörusendingar sem bannað hefur verið að koma með eða flytja inn á Evrópska efnahagssvæðið og hafa verið endursendar. Fiskistofa skal senda lögbærum yfirvöldum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins og Eftirlitsstofnun EFTA allar upplýsingar um endursendar vörur.
g) Yfirliti yfir það eftirlit á Evrópska efnhagssvæðinu sem hefur farið fram með vörum frá einstökum þriðju ríkjum og hefur leitt til þess að þær hafa verið endursendar.
h) Uppfærðri skrá yfir vörusendingar sem hafa verið endursendar, eyðilagðar eða eftirlitsaðili á stöðinni hefur heimilað að notaðar væru til annars en manneldis.
i) Skrá yfir öll sýni sem eru tekin á stöðinni og sett í rannsóknastofupróf, ásamt niðurstöðum úr slíkum prófum.
j) Skrá yfir niðurstöður úr eftirliti sem fer fram með sjávarafurðum sem eru ætlaðar áhöfn og farþegum til neyslu um borð í flutningatækjum í millilandaflutningum, og úrgangi slíkra afurða.
k) Nægilegu skjalageymslurými fyrir varðveislu upplýsinga í tengslum við skoðun vara frá þriðju ríkjum.

7. Fiskistofa skal tryggja hámarkssamræmingu á starfsemi þeirra aðila sem eiga þátt í eftirliti með afurðum frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. gr.

Fiskistofa skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA og lögbærum yfirvöldum ríkja Evrópska efnahagssvæðisins um allar breytingar á skipulagi og starfsemi landamærastöðva sem að einhverju leyti varða viðurkenningu þeirra.

4. gr.

Við gerð reglugerðar þessarar var höfð hliðsjón af tilskipun ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 90/675 og ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins nr. 92/525 og 93/352.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 55. frá 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. janúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um innra eftirlit í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum þeirra.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til innra eftirlits í sláturhúsum og kjötpökkunarstöðvum sem starfa samkvæmt lögum nr. 96/1997 um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Um kjötvinnslu í sláturhúsi gildir reglugerð nr. 522/1994 um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.

2. gr.

Merking orða og orðasambanda í reglugerð þessari er sem hér segir:

Innra eftirlit: Eftirlit á vegum sláturleyfishafa í þeim tilgangi að tryggja gæði, öryggi og hollustu afurða.

Kjötskoðunarlæknir: Héraðsdýralæknir eða annar dýralæknir, sem samkvæmt ákvörðun yfirdýralæknis annast kjötskoðun og heilbrigðiseftirlit í sláturhúsi og kjötpökkunarstöð.

Kjötpökkunarstöð: Vinnslustöð þar sem einungis er unnið með ferskt eða fryst kjöt án aukefna.

Sláturleyfishafi: Hver sá sem fengið hefur löggildingu á sláturhúsi.

GÁMES: Greining áhættuþátta og mikilvægra eftirlitsstaða (HACCP - Hazard Analysis Critical Control Points):

Áhættuþáttur: Eðlis-, efna- eða örverufræðilegur þáttur í framleiðslu- eða dreifingarferli sem valdið getur heilsutjóni ef ekki er haft eftirlit með honum.

Mikilvægur eftirlitsstaður: Staður eða þrep í framleiðslu- eða dreifingarferli þar sem unnt er að hafa eftirlit með áhættuþáttum.

Viðmiðunargildi: Skilyrði eða staðlar sem þarf að uppfylla á mikilvægum eftirlitsstöðum.

Vikmörk: Leyfileg frávik frá viðmiðunargildum.

3. gr.

Sláturleyfishafi skal láta útbúa, vinna eftir og viðhalda skriflegri áætlun um innra eftirlit í sláturhúsi og kjötpökkunarstöð samkvæmt reglugerð þessari. Framkvæmdastjóri eða fulltrúi hans skal staðfesta áætlunina með undirritun sinni og jafnframt ábyrgjast að unnið sé eftir gildandi löggjöf. Þeir skulu og tilnefna sérstaka ábyrgðarmenn sem bera ábyrgð á innra eftirliti eða einstökum þáttum þess.

4. gr.

Innra eftirlit skal að lágmarki taka til eftirfarandi þátta:

1. Vatnsgæða.
2. Meindýravarna.
3. Skráningar hitastigs.
4. Hreinlætisáætlunar.
5. Heilsufarsskoðunar á starfsfólki.
6. Ferlirita.
7. Verklýsinga.
8. Viðbragða við frávikum frá viðmiðunargildum umfram vikmörk.
9. Fræðslu og þjálfunar starfsfólks.
10. Móttöku- og afhendingareftirlits.
11. Örverurannsókna.
12. Innköllunar á skemmdum eða hættulegum vörum.
13. Almenns viðhalds á byggingum og búnaði.

5. gr.

VPH-FE-003	Amoy Canning Corporation (Singapore) Ltd	Singapore 2261		PP
VPH-SE-001	Woh Hup Food Industries Pte Ltd	Singapore 0512		PP

Í stað lista fyrir Tansaníu kemur nýr listi:

Tansanía

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/Svæði	Gildistími	Tegund
A-PP-206	Fish Pak Tanzania Ltd	MUSOMA		PP
A-102	MFV ARUSHA (Heltanco Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-103	MFV ODYSSEAS (Heltanco Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-106	MFV BANUSO II (Den-Tan Resources Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-110	MFV MAMA LEDA (Tramico Investment Company Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-111	MFV MARIETTA (African Fishing Co. Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-112	MFV MTONI (Ocean Fisheries (T) Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-113	MFV MAENDELBEO (African Fishing Company Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-114	MFV CONNIE (African Fishing Company Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-115	MFV CANADA (African Fishing Company Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-116	MFV DEBBIE (African Fishing Company Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-117	MFV HIGHLANDER (African Fishing Co. Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-118	MFV HEATHER (African Fishing Co. Ltd)	DAR ES SALAAM		ZV
A-119	FFPP COMMANDER (Tanpesca Company)	MAFIA ISLAND		ZV
A-PP-200	Hellas Tanzania Mafia Fish. Processing Plant Ltd	MAFIA ISLAND		PP
A-PP-203	Fruits De la Mer Ltd	DAR ES SALAAM		PP
A-PP-205	Vickfish Ltd	MWANZA		PP
A-PP-207	Tan Perch Ltd	MWANZA		PP
A-PP-208	Nile Perch Fisheries Ltd	MWANZA		PP
A-PP-209	Tanzania Fish Processors Ltd	MWANZA		PP
A-PP-210	Mwanza Fishing Industries Ltd	MWANZA		PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/Svæði	Gildistími	Tegund
A-PP-211	Victoria Fisheries Ltd	MWANZA		PP
A-PP-214	Selthmar Ocean Products Ltd	KILWA MASOKO		PP
A-PP-215	Omega Fish Ltd	MWANZA		PP
B-110	MFV ALWALY	DAR ES SALAAM		ZV
B-111	MFV SEASHORE I	DAR ES SALAAM		ZV
B-112	MFV SEASHORE II	DAR ES SALAAM		ZV
B-113	MFV MALKIA WA BAHARI (Onda Blue Co. Ltd.)	DAR ES SALAAM		ZV

Á eftir lista yfir starfstöðvar í Tælandi kemur:

Túnis

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
1	JERBA AQUACULTURE TUNISIE (JAT)	MEDENINE		PP
3	LE DAUPHIN	AJIM-JERBA		PP
10	MEDIGEL	MEDENINE		PP
12	Sté.BEN KALIA ET FILS	MEDENINE		PP
14	COTUPROM	MEDENINE		PP
17	COPROD	MEDENINE		PP
101	MEDI-PECHE EL GHOUL	TUNIS		PP
105	MONDHER EL GHOUL	TUNIS		PP
106	KAMEXPORT	TUNIS		PP
107	FISHFARMER	ARIANA		PP
112	EQUIMAR-CONGELATION	TUNIS		PP
116	Sté BEN HAMIDA AUX POISSONS MEDITERRANEENS	TUNIS		PP
118	MARISTAR	TUNIS		PP
134	MEDITERRANEEN PESCA	TUNIS		PP
201	MOHAMED AOUADI	BIZERTE		PP
203	JALTA EXPORT	BIZERTE		PP
204	PECHE EXPORT	BIZERTE		PP
205	Sté TRAD PRODUITS DE LA MER	BIZERTE		PP
207	Sté EL BOUHAIRA	BIZERTE		PP
208	HORCHANI MADRAGUE	BIZERTE		PP
209	Sté MONDHER EL GHOUL	BIZERTE		PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
210	SITEX	BIZERTE		PP
215	SITTEP	BIZERTE		PP
221	STIC	BIZERTE		PP
303	LA PROSPERE	NABEUL		PP
310	SERIMEX PECHE	NABEUL		PP
420	Sté CALAMBO	SFAX		PP
423	Sté MOHAMED SALLEM ET FILS	SFAX		PP
426	PROMEBAR	SFAX		PP
427	PRODUITS CONGELES DU BASSIN MEDITERRANEEN (PCBM)	SFAX		PP
435	LA PERLE DES MERS	SFAX		PP
436	LA REINE DES MERS	SFAX		PP
437	SOMOPECHE	SFAX		PP
438	FISH TUNISIE	SFAX		PP
439	FRIGOMAR	SFAX		PP
441	SOCEPA	SFAX		PP
442	FRUITUMER	SFAX		PP
450	IMPEX TUNISIE	SFAX		PP
457	MEDIFISH	SFAX		PP
461	MEDIFI	SFAX		PP
465	Sté ALI MEZGHANI	SFAX		PP
501	AQUACULTURE HERGLA	SOUSSE		PP
602	ZAGNANI HASSEN-LA BONTE DE LA MER	MONASTIR		PP
603	SCALA	MONASTIR		PP
700	BENNOUR et CIE-KURIAT	MAHDIA		PP
751	FRIMAR	MAHIDA		PP
753	CONGELATION BEN MESSAOUD	MAHDIA		PP
754	BEN HASSEN ABDELJELIL EXPORT	MAHDIA		PP
800	POISSON D' OR	TABARKA		PP
211	LA GALITE I	BIZERTE		ZV
212	LA GALITE II	BIZERTE		ZV

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
300	EL BAHRI OMAR	NABEUL		ZV
308	IBN ZIAD	NABEUL		ZV
801	NAVIRE USINE DHAKER	JENDOUBA		ZV

Á eftir lista yfir starfstöðvar í Túnis kemur :

Úrúgvæ

Leyfisnúmer	Nafn	Borg / Svæði	Fyrra leyfisnúmer	Tegund
CS-01	Frimaral S.A.	MONTEVIDEO	D-01	PP
CS-02	Frigorifico del Puerto Entretin S.A.	MONTEVIDEO	D-02	PP
ZV-01	Dorita (Dalvasur S.A.)	MONTEVIDEO	PC-01	ZV
FV-02	Rio Solís (Belnova S.A.)	MONTEVIDEO	CA-02	FV
FV-03	Sofia Star (Naifen S.A.)	MONTEVIDEO	CA-03	FV
FV-04	Jin Young 203 (Cevelmar S.A.)	MONTEVIDEO	PC-04	ZV
FV-05	Jin Young 102 (Cevelmar S.A.)	MONTEVIDEO	PC-05	ZV
FV-06	Orgyong 56 (Estellmar S.A.)	MONTEVIDEO	PC-02	ZV
FV-07	Young Hwa 99 (Tizelmar S.A.)	MONTEVIDEO	PC-07	ZV
FV-08	Young Hwa 77 (Nadylmar S.A.)	MONTEVIDEO	PC-08	ZV
FV-13	Marpez (Imarella S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		FV
FV-14	Illa de Rua (Lingont S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		FV
FV-15	Marpez 5 (Imarella S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		FV
FV-16	Atila II (Cadolur S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		FV
FV-17	Pato (Itencor S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		FV
FV-18	Pesca Chile I (Atunova S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		FV
FV-19	Pesca Chile II (Atunova S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		FV
FV-20	Lerez (Atunova S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		ZV
FV-21	Grampian Fury (American Shipping S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		FV
FV-22	Del Plata I (Virex S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		FV
FV-23	Virginia (Lersol S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		FV
FV-24	Ramblin Man (Incotur S.A.)	MONTEVIDEO MONTEVIDEO		FV
FV-25	Viking Sky (Encomar S.A.)	MONTEVIDEO		FV
PP-02	Industrial Serrana S.A.	SOLÍS DE MATAOJO	C-02	PP

Leyfisnúmer	Nafn	Borg / Svæði	Fyrra leyfisnúmer	Tegund
PP-03	Shelli S.A.	MONTEVIDEO	C-03	PP
PP-04	Fripur S.A.	MONTEVIDEO	C-04	PP
PP-12	Compañia Comercial Greco-Uruguaya S.A.	LA PALOMA	C-12	PP
PP-22	Pescamar Uruguay S.A.	MONTEVIDEO	C-22	PP

Við 1. mgr. í flokki I-II bætist nýr málsl. svohljóðandi:
Með öllum sendingum skal fylgja heilbrigðisvottorð í samræmi við viðauka I við auglýsingu þessa.

Á eftir orðinu „Venesúela“ í flokki I-II kemur:
Víetnam

Orðið „Mexíkó“ fellur brott úr flokki I-II

Á eftir orðinu „Kína“ í flokki I-II kemur: ***

Á eftir orðinu „Tyrkland“ í flokki I-II kemur:****

Á eftir 3. mgr. í flokki I-II kemur:

*** Óheimilt er að flytja inn ferskan fisk frá Kína. Þá er óheimilt að flytja inn fiskafurðir frá eftirtöldum starfstöðvum í **Kína**:

Leyfisnúmer	Nafn	Borg/svæði	Gildistími	Tegund
Code No. 3700/D2539	Quindao Hongdao Fisheries Group, Corp. Fish Plant, Yang Mao Tan	Hongdao Quindao		PP
Code No. 3200/02226	Yangcheng Fengbao Aquatic Food Co. Ltd.			PP
Code No. 3300/02097	Pingyang freezing multiple-producing factory	No. 60 Jiangkou Road Aojiang, Zhejiang		PP
Code No. 3300/02083	Wenzhou Hongdali aquatic products processing Co. Ltda Yanting cold storage plant Yanting	Cangnan - Zhejiang		PP
Code No. 3300/02072	Xiamen Standland Foods Co. Ltd, Zhousan Plant Dinghai, Zhousan	Zhejiang		PP
Code No. 3700/02405	Vessel Yan Yuan No 3	No. 178, North Road, Yantai, Shandong		PP
Code No. 3200/02061	Yancheng Baolong Aquatic Foods Co. Ltd,,	Douloggang, Dafeng County, Jiangsun Province		PP
Code No. 4200/02008	Wuhan Standhampton Foodstuff Co. Ltd	181,27. Avenue, JianganDistrict, Wuhan		PP
Code No. 3700/02410	Laoghan Aquatic products cold storage	Qingdao		PP

Fiskistofa skal framkvæma örverufræðilegar prófanir á öllum frosnum og unnum afurðum, öðrum en þeim sem hafa verið dauðhreinsaðar, til að athuga heilnæmi afurðanna. Sérstaklega skal athuga hvort að afurðirnar séu smitaðar af *Salmonellu, Vibrio choleru* eða *Vibrio parahaemolyticus*. Ekki skal heimila innflutning á fiskafurðum ef framangreindar prófanir sýna að afurðirnar eru ekki heilnæmar.

**** Óheimilt er að flytja inn samlokur, skrápdýr, möttuldýr og sæsnigla frá Tyrklandi.

Við auglýsinguna bætist eftirfarandi sem viðauki:

VIÐAUKI I

Heilbrigðisvottorð
fyrir fiskafurðir sem ætlaðar eru til útflutnings til Evrópska efnahagssvæðisins

Upprunaland: _____

Lögmætt stjórnvald[1]: _____

Skoðunaraðili[1]: _____

Tilvísunarnúmer heilbrigðisvottorðs: _____

I. Atriði sem auðkenna fiskafurðirnar

Lýsing:

- tegund (vísindalegt heiti): _____
- ástand[2] eða tegund framleiðsluaðferðar: _____

Gerð umbúða: _____

Fjöldi pakkninga: _____

Nettó þyngd: _____

Nauðsynlegt hitastig við geymslu og flutning: _____

II. Uppruni fiskafurðanna

Heimilisfang og leyfisnúmer tilreiðslu eða vinnslustarfstöðvar sem leyfi hefur frá lögmætu stjórnvaldi til útflutnings:

_____

_____

_____

_____

_____

[1] Nafn og heimilisfang

[2] Lifandi tilbúið til neyslu, tilreitt, unnið, o.s.frv.

III. Ákvörðunarstaður fiskafurðanna

Fiskafurðirnar verða sendar

frá _____
(Sendingarstaður)

til _____
(Ákvörðunarland og ákvörðunarstaður)

með eftirfarandi flutningatæki: _____

Nafn og heimilisfang sendanda: _____

_____

_____

_____

Nafn móttakanda og heimilisfang á ákvörðunarstað: _____

_____

_____

_____

IV. Heilbrigðisyfirlýsing

Undirritaður opinber skoðunaraðili lýsir því hér yfir að:

(1) fiskafurðirnar sem lýst er að ofan hafa verið meðhöndlaðar, tilreiddar eða unnar, geymdar og fluttar við skilyrði sem að minnsta kosti eru jafngild þeim sem sett eru fram í tilskipun 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða;

(2) einnig, ef um er að ræða frosnar eða unnar samlokur, hafi þeim síðarnefndu verið safnað saman á framleiðslusvæðum þar sem aðstæður eru að minnsta kosti jafngildar þeim sem settar eru fram í tilskipun 91/492/EBE frá 15. júlí 1991 um heilbrigðisskilyrði fyrir framleiðslu og markaðssetningu samloka (tvískelja lindýra).

Gert í/á _____ þann, _____
(Staður) (Dagsetning)

_____
(Undirskrift opinbers eftirlitsmanns)

_____
(Nafn með hástöfum, staða og menntun)

Auglýsing þessi sem sett er samkvæmt 2. mgr. 23. gr. laga nr. 55/1998 um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. febrúar 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. janúar 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Loðnuvinnsluna hf., Fáskrúðsfirði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Loðnuvinnsluna hf., Fáskrúðsfirði, kt. 610994-2109. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. nóvember 2002.

Reykjavík, 21. janúar 1999.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

21. janúar 1999 Nr. 71

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Snæfell hf., fiskmjölsverksmiðju, Sandgerði.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Snæfell hf., fiskmjölsverksmiðju, Sandgerði, kt. 480797-2729. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 30. nóvember 1999.

Reykjavík, 21. janúar 1999.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

28. janúar 1999 Nr. 72

REGLUGERÐ

um varasjóð viðbótarlána.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til varasjóðs, skv. X. kafla laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, sem starfar í eigu og á ábyrgð sveitarfélaga. Skal sjóðurinn bæta einstök tjón, sem Íbúðalánasjóður verður fyrir, vegna útlánatapa á viðbótarlánum og vegna kostnaðar við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán.

Íbúðalánasjóður varðveitir varasjóðinn og skal hann aðskilinn frá öðrum fjárhag Íbúðalánasjóðs í bókhaldi og öðru reikningshaldi.

II. KAFLI
Stjórn og skipulag.

2. gr.
Stjórn.

Félagsmálaráðherra skipar stjórn varasjóðs til fjögurra ára í senn, sbr. 43. gr. laga um húsnæðismál. Stjórn sjóðsins skiptir með sér verkum.

Í starfsreglum, er stjórn varasjóðs setur, skal nánar kveðið á um innra skipulag og starfshætti sjóðsins.

Stjórn varasjóðs skal gæta þess að fé sjóðsins sé ávaxtað með tryggum hætti og að sjóðurinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

3. gr.
Verkefni.

Auk þess að bæta einstök tjón Íbúðalánasjóðs, sbr. 1. gr. sinnir varasjóður eftirtöldum verkefnum, sbr. ákvæði VIII til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál:

1. Að bæta tjón vegna byggingargalla, sbr. IV. kafla.
2. Að greiða niður áhvílandi eldri lán Byggingarsjóðs verkamanna, sbr. V. kafla.

Verkefni varasjóðs skv. 1. mgr. skulu aðgreind sem sérstakar deildir í bókhaldi sjóðsins sem hafa aðskilinn fjárhag. Stjórn sjóðsins er heimilt að færa fé á milli deildanna, ef ástæða þykir til.

4. gr.
Samráðsnefnd.

Stjórn Íbúðalánasjóðs og stjórn varasjóðs skulu koma á fót sérstakri samráðsnefnd, til að fjalla um samstarf varasjóðs og Íbúðalánasjóðs, miðla upplýsingum, er snerta framkvæmd III. kafla reglugerðar þessarar, og til að leysa úr ágreiningi, sem upp kann að koma vegna framkvæmdar reglugerðar þessarar og ákvæða X. kafla laga um húsnæðismál.

Samráðsnefnd skal skipuð fjórum mönnum og skipar hvor aðili tvo menn í nefndina. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Skipunartími samráðsnefndar er tvö ár. Samráðsnefnd velur einn nefndarmann til þess að vera formaður. Skal formaður annast boðun funda og stjórn þeirra.

III. KAFLI
Útlánatap á viðbótarlánum.

5. gr.
Framlag sveitarstjórna.

Til að standa undir tjóni Íbúðalánasjóðs, sbr. 1. gr., skal sveitarfélag greiða tiltekinn hundraðshluta viðbótarlána, sem framlag í varasjóð. Framlag skal nema 5% af viðbótarláni, sem veitt er út á hverja íbúð. Framlagið er óafturkræft.

Við árlega endurskoðun á fjárhag varasjóðs skal lagt mat á hundraðshluta framlaga sveitarfélaga, skv. 1. mgr. Á grundvelli slíks mats og að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands er félagsmálaráðherra heimilt að hækka eða lækka hlutfallið.

6. gr.
Innheimta vanskila og framkvæmd.

Íbúðalánasjóður gætir þess að við innheimtuaðgerðir vegna vanskila á viðbótarlánum sé beitt sömu reglum og við meðferð almennra lána.

Komi til nauðungarsölu skulu sömu reglur gilda um viðbótarlán og almenn lán Íbúðalánasjóðs, þ. á m. um verðmat og ákvörðun um kaup á íbúðum. Sömu reglur skulu enn-

fremur gilda um endursölu uppboðsíbúða með viðbótarlánum og íbúða eingöngu með almennum lánum.

Í vinnureglum, er Íbúðalánasjóður setur að höfðu samráði við stjórn varasjóðs, skal nánar kveðið á um innheimtuaðgerðir vegna vanskila á viðbótarlánum, um meðferð mála við nauðungarsölu og við endursölu íbúða. Íbúðalánasjóður skal annast um kynningu á reglunum, þ. á m. við nauðungarsölu íbúðar.

7. gr.

Tilkynning um nauðungarsölu.

Íbúðalánasjóður skal með tryggilegum hætti tilkynna stjórn varasjóðs um fyrirhugaða nauðungarsölu íbúðar með viðbótarláni um leið og tilkynning berst frá sýslumanni um framhald uppboðs, sbr. 1. mgr. 35. gr. laga nr. 90/1991, um nauðungarsölu.

Í tilkynningu Íbúðalánasjóðs skal, auk þeirra atriða, er fram koma í tilkynningu sýslumanns, sbr. 1. mgr., koma fram, hvenær viðbótarlán var veitt og hvert hafi verið síðasta söluverð eignarinnar.

Stjórn varasjóðs metur sjálfstætt, hvort hún telji ástæðu til að bjóða í hlutaðeigandi eign á nauðungarsölu.

8. gr.

Tilkynning um niðurstöðu nauðungaruppboðs.

Þegar frumvarp að úthlutun söluverðs hefur verið samþykkt hjá sýslumanni tilkynnir Íbúðalánasjóður varasjóði um niðurstöðu uppboðsins. Með tilkynningu fylgir yfirlitsblað þar sem m.a. kemur fram áætlað markaðsverð eignar á uppboðsdegi, sbr. 1. mgr. 57. gr. laga um nauðungarsölu, ljósrit af veðbókarvottorði, kröfulýsingu Íbúðalánasjóðs, frumvarpi sýslumanns og kaupsamningi með viðbótarláni.

9. gr.

Tjón og kostnaður Íbúðalánasjóðs.

Varasjóður greiðir tjón og kostnað Íbúðalánasjóðs vegna nauðungarsölu á íbúð með áhvílandi viðbótarláni. Um er að ræða tjón vegna tapaðra viðbótarlána Íbúðalánasjóðs og kostnað við uppboðsmeðferð eigna sem á hvíla viðbótarlán, frá því beðið er um uppboð hjá sýslumanni og þar til íbúð hefur verið seld á nauðungaruppboði.

Varasjóður greiðir tjón og kostnað, skv. 1. mgr. með eftirfarandi hætti:

1. Ef kaupandi er annar en Íbúðalánasjóður greiðir varasjóður það sem á vantar við útgáfu uppboðsafsals.
2. Ef Íbúðalánasjóður er kaupandi þá greiðir varasjóður Íbúðalánasjóði það sem á vantar, þegar endursala uppboðsíbúðar hefur farið fram.

10. gr.

Málskot.

Telji stjórn varasjóðs að tjón Íbúðalánasjóðs vegna viðbótarláns stafi af vangæslu hagsmuna á nauðungarsölu þá skal varasjóður senda kröfur sínar ásamt rökstuddri greinargerð um það til stjórnar Íbúðalánasjóðs.

Ákvörðun stjórnar Íbúðalánasjóðs má skjóta til kærunefndar húsnæðismála.

11. gr.

Framsal krafna.

Íbúðalánasjóður framselur varasjóði þá kröfu, sem ekki fæst greidd við sölu íbúðar á uppboði, sbr. 9. gr.

IV. KAFLI
Bætur tjóna vegna byggingargalla.

12. gr.
Tryggingarsjóður vegna byggingargalla.

Til að standa undir tjóni vegna byggingargalla rennur gjald sem greitt hefur verið í Tryggingarsjóð vegna byggingargalla, sbr. 4. mgr. 53. gr. laga um húsnæðismál.

Varasjóður skal bæta það tjón sem sannanlega er tilkomið vegna galla sem ekki er hægt að rekja til vanrækslu á eðlilegu viðhaldi.

13. gr.
Skilyrði.

Skilyrði fyrir greiðslum úr varasjóðnum sbr. 2. mgr. ákvæðis VIII til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál er eftirfarandi:

1. Íbúðirnar hafi verið byggðar eftir stofnun Tryggingarsjóðs enda hafi verið tekið allt að 1% iðgjald vegna þeirra.
2. Galla megi ekki rekja til vanrækslu á eðlilegu viðhaldi eða til eðlilegs slits.
3. Reglubundið eftirlit og úttekt sveitarfélags hafi verið framkvæmt. Sveitarfélag skal sýna fram á reglubundið eftirlit með skriflegum skýrslum um eftirlit á byggingarstað þar sem skráðir eru helstu verkþættir og framvinda verksins hverju sinni. Ef um var að ræða kaup á íbúðum í smíðum eða nýjum íbúðum á almennum markaði skal leggja fram úttekt sem sýnir hvernig staðið hefur verið að eftirliti á þeim byggingarþáttum sem lokið er þegar kaup voru gerð. Skýrslur þessar og úttektir skulu hafa legið fyrir við lokaúttekt Húsnæðisstofnunar ríkisins. Sveitarfélag skal sjá um að sérstök úttekt verði gerð áður en ábyrgð verktaka samkvæmt ÍST 30 eða öðrum framlögðum gögnum rennur út. Sveitarfélag ber ábyrgð á því að úttekt þessi sé gerð og ber kostnað af henni.
4. Úttektir byggingarfulltrúa á einstökum þáttum framkvæmdarinnar hafi farið fram og við lokaúttekt liggi fyrir vottorð byggingarfulltrúa á þeim byggingarstigum sem getið er um í byggingarreglugerð.
5. Verktaki hafi við lokaúttekt lagt fram skriflegar staðfestingar um að steypa og annað efni sem notað hefur verið sé í samræmi við gæðakröfur í efnis- og verklýsingu.
6. Lokaúttekt Húsnæðisstofnunar ríkisins, eða Íbúðalánasjóðs, sbr. ákvæði VI til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál hafi farið fram við verklok. Skrifleg skýrsla skal liggja fyrir þar sem m.a. er staðfest hvort skilyrðum 3. - 5. tl. þessarar greinar sé fullnægt.
7. Að tryggingar verktaka bæti ekki tjónið.

14. gr.
Krafa til sveitarfélags.

Eigandi skal gera kröfur til sveitarfélags um úrbætur. Sveitarfélag skal síðan gera rökstudda kröfu um greiðslu úr varasjóðnum. Varasjóður, eða sá aðili sem hann vísar til, framkvæmir úttekt og metur tjónið.

15. gr.
Endurkröfuréttur.

Varasjóður á endurkröfurétt á verktaka eða þá aðra sem samkvæmt lögum og almennum reglum skaðabótaréttar bera ábyrgð á tjóni sem bætt hefur verið af sjóðnum.

16. gr.
Ábyrgðartími.

Ábyrgð varasjóðsins varir í 15 ár frá lokaúttekt Húsnæðisstofnunar ríkisins eða Íbúðalánasjóðs, sbr. ákvæði VI til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál á framkvæmdunum

eða kaupunum. Ábyrgð sjóðsins er óháð öðrum reglum, samningum eða lögum um ábyrgð á tjóni vegna húsbygginga.

V. KAFLI
Niðurgreiðsla áhvílandi eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna.

17. gr.
Framlög.

Til niðurgreiðslu og afskrifta eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna skal renna:

1. Söluhagnaður af íbúðum sem sveitarfélög hafa byggt eða keypt og innleystar eru af hálfu sveitarfélaga, eftir gildistöku laga um húsnæðismál, og endurseldar eru á almennum markaði.
2. Framlög ríkissjóðs samkvæmt fjárlögum.

18. gr.
Söluhagnaður.

Söluhagnaður, skv. 1. tölul. 17. gr., er mismunur annars vegar á söluverði á almennum markaði og hins vegar á innlausnarverði skv. 6. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál, svo og öllum kostnaði sveitarfélags við sölu íbúðar.

19. gr.
Samþykki varasjóðs.

Kauptilboð á almennum markaði í íbúðir sveitarfélaga sem innleystar hafa verið skal vera með fyrirvara um samþykki varasjóðs. Sveitarfélagi ber að senda stjórn varasjóðs kauptilboð ásamt söluyfirliti. Stjórnin hefur viku til að taka afstöðu til kauptilboðsins. Telji hún kauptilboð of lágt miðað við markaðsverð getur stjórnin óskað mats trúnaðarmanns og samþykkt eða hafnað erindi eftir atvikum.

20. gr.
Umsókn.

Sveitarfélag skal sækja til varasjóðs um niðurgreiðslu eldri lána Byggingarsjóðs verkamanna skv. 3. mgr. ákvæðis VIII til bráðabirgða í lögum um húsnæðismál. Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja með umsókn:

1. Staða áhvílandi lána Byggingarsjóðs verkamanna.
2. Kauptilboð á almennum markaði með fyrirvara um samþykki varasjóðs.

21. gr.
Hámark niðurgreiðslu.

Samþykki stjórn varasjóðs umsókn er henni heimilt að greiða sveitarfélagi fjárhæð sem nemur að hámarki mismun á uppgreiddu láni Byggingarsjóðs verkamanna og 90% af söluverði á almennum markaði. Geta varasjóðs til þess að taka þátt í niðurgreiðslu mismunar ræðst af framlögum, skv. 17. gr.

Framlag ríkissjóðs, sbr. 17. gr., sem hlutfall af hámarki niðurgreiðslu skv. 1. mgr., skal ákveðið að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga.

Á grundvelli fjárhagsáætlunar sjóðsins setur stjórn varasjóðs nánari reglur um nýtingu heimilda, skv. 1. mgr., þ. á m. um hlut viðkomandi sveitarfélags í hámarki niðurgreiðslu áhvílandi uppreiknaðra lána Byggingarsjóðs verkamanna.

VI. KAFLI
Gildistaka.
22. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 45. gr., 50. gr. og 4. mgr. ákvæðis VIII til bráðabirgða í lögum nr. 44/1998, um húnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 28. janúar 1999.

Páll Pétursson.

Þórhallur Vilhjálmsson.

Nr. 73 26. janúar 1999

REGLUR

um áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema samkvæmt 5. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla.

1. gr.

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema úrskurðar í málum, þar sem námsmenn í ríkisháskólum eða háskólum, sem hlotið hafa staðfestingu menntamálaráðherra, telja brotið á rétti sínum varðandi:

a. námsmat, þ.m.t. fyrirlögn prófa, tilhögun einkunnagjafar, skipun prófdómara, birtingu einkunna,
b. mat á námsframvindu, þ.m.t. rétt til endurtökuprófs,
c. afgreiðslu umsókna um skólavist þ.m.t. tilhögun mats á námi á milli skóla.

Nefndin endurmetur ekki prófúrlausnir eða faglega niðurstöðu kennara, dómnefnda eða prófdómara.

Málum verður ekki skotið til áfrýjunarnefndarinnar nema kæruleið, skilgreind og samþykkt af háskólaráði viðkomandi háskóla, hafi verið tæmd eða þrír mánuðir liðnir frá því að kæra var fyrst skriflega lögð fyrir háskólaráðið.

2. gr.

Áfrýjunarnefnd í kærumálum háskólanema getur með úrskurðum sínum staðfest, breytt eða fellt úr gildi ákvarðanir háskóladeilda eða háskólaráðs í þeim málum, þar sem nemendur telja á rétt sinn hallað sbr. 1. gr. Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslustigi og verður þeim ekki skotið til ráðherra. Úrskurðir nefndarinnar skulu vera skriflegir og þar skal getið helstu gagna sem liggja til grundvallar niðurstöðu. Niðurstöðu skal fylgja stuttur rökstuðningur. Afl atkvæða ræður niðurstöðu nefndarinnar.

3. gr.

Í nefndinni eiga sæti þrír menn skipaðir af menntamálaráðherra til tveggja ára í senn, skal einn tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn tilnefndur sameiginlega af samtökum háskólanema og einn skipaður án tilnefningar, sem er formaður nefndarinnar. Skulu þeir allir fullnægja skilyrðum lögum samkvæmt til þess að vera héraðsdómari. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

4. gr.

Beiðni um úrskurð nefndarinnar skal vera skrifleg og í henni skal skilmerkilega greina hvert kæruefni er, hver sé krafa aðila og rökstuðningur fyrir henni. Nefndin skal fjalla um

úrskurð um kæruefnið eins fljótt og verða má en skal þó að jafnaði kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að kæran barst henni í hendur. Sé mál viðamikið og fyrirsjáanlegt að afgreiðsla taki lengri tíma skal nefndin tilkynna hlutaðeigandi það og tilgreina hvenær afgreiðslu sé að vænta. Afgreiðslutími skal þó aldrei vera lengri en þrír mánuðir.

5. gr.

Þegar kæra hefur verið lögð fram skal gefa viðkomandi háskólastofnun frest til þess að tjá sig skriflega um kæruna og önnur gögn, sem námsmaður kann að hafa lagt fram. Frestur þessi skal að jafnaði ekki vera lengri en 2 vikur en þó má veita lengri fresti þegar sérstaklega stendur á. Í lok frestsins skal halda fund í nefndinni með málsaðilum þar sem önnur viðbótargögn sem málsaðilar kjósa að leggja fram eru afhent.

Þegar öll gögn sem aðilar kjósa að leggja fram hafa verið afhent nefndinni skal nefndin taka ákvörðun um hvort málsaðilar fjalli um málið munnlega eða skriflega. Að jafnaði skal framlagningu gagna lokið á þessu tímamarki. Hvort sem ákveðið er að fjalla um málið munnlega eða skriflega skal ákveðinn stuttur frestur til þess. Viðkomandi háskólastofnun skal tjá sig fyrst um málið en námsmaður að því búnu.

6. gr.

Nefndinni er heimilt að afla upplýsinga og gagna og óska eftir umsögnum aðila og jafnframt að kveðja sér til fulltingis sérfróða aðila við úrskurð einstakra mála. Nefndin getur einnig óskað eftir því að tilteknir menn komi til viðtals við hana til þess að tjá sig um málefni, sem tengjast rannsóknarefninu, en gefa skal nemanda og fulltrúa háskólastofnunar sem í hlut á kost á að vera viðstaddir á slíkum fundum. Slíkar skýrslur má bóka eða hljóðrita eftir því sem henta þykir og skal gera þeim sem skýrslu gefur grein fyrir því hvernig upplýsingar, sem hann gefur, eru skráðar.

Nefndin skal halda málaskrá og gerðarbók. Nefndin skal árlega senda menntamálaráðherra stutta skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári.

7. gr.

Nefndin hefur heimild til þess, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, að ráða starfsmann til nefndarinnar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

8. gr.

Nefndarmönnum ber að gæta þagmælsku um það, sem þeir komast að í starfi sínu eða í tengslum við það.

9. gr.

Um málsmeðferð hjá nefndinni fer að öðru leyti skv. stjórnsýslulögum.

10. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. heimild í 5. gr. laga nr. 136/1997 um háskóla, öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 26. janúar 1999.

Björn Bjarnason.

Þórunn J. Hafstein.

Endurprentað blað.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 231/1995, um Listasafn Íslands.

1. gr.

5. mgr. 2. gr. orðast svo:

Í forföllum forstöðumanns er yfirmaður rekstrarsviðs staðgengill hans nema menntamálaráðherra mæli fyrir um aðra skipan.

2. gr.

10. gr. orðast svo:

Heimilt er að lána listaverk safnsins til opinberra stofnana, enda sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt, sbr. og 2. mgr.:

a) Verk skulu hengd upp af fagmanni á vegum safnsins þegar því verður við komið. Óheimilt skal að breyta staðsetningu verks án leyfis safnsins. Verk skulu flutt á milli staða í sérstökum þar til gerðum listaverkaumbúðum á kostnað lántaka.

b) Yfirmenn stofnana skulu ábyrgir fyrir verkum sem lánuð eru í stofnanir þeirra og bera þar með ábyrgð á öryggi þeirra og ástandi. Settum öryggisreglum safnsins skal fylgt í meðferð verka hvað hita, raka og sólarljós varðar, auk annars öryggis. Ef eitthvað kemur fyrir listaverk á meðan það er á ábyrgð lántaka, þannig að gera þurfi við það eða skipta um ramma, skal það gert á kostnað lántaka að fengnu leyfi forstöðumanns safnsins. Verk sem eru í útláni skulu sérstaklega tryggð á kostnað viðkomandi stofnunar. Tryggingafjárhæð skal ákveðin af safninu í samráði við lántaka. Ef ríkisstofnun á í hlut fer um tryggingar eftir almennum reglum ríkisins um kaup á vátryggingum.

c) Ef um vanrækslu af hálfu lántaka er að ræða á meðferð verka, samkvæmt reglum þessum, skal þeim strax skilað ef forstöðumaður safnsins eða fulltrúi hans óskar eftir því. Ef verk eru kölluð inn til sýninga getur lántaki óskað eftir að fá annað verk að láni í staðinn.

Gengið skal frá skriflegu samkomulagi milli Listasafns Íslands og hlutaðeigandi stofnunar, þar sem tilgreindir eru allir skilmálar fyrir láni listaverksins eða listaverkanna, þar með talin gjaldtaka, sbr. 4. mgr., lánstími og meðferð verkanna meðan á láni stendur.

Þess skal gætt við útlán verka að höfundur eða heildarsamtök myndhöfunda í umboði hans hafi veitt til þess samþykki sitt. Útlán samkvæmt þessari grein skulu og háð samþykki safnráðs.

Heimilt er að taka gjald fyrir útlán listaverka samkvæmt þessari grein og skal gjaldið ákvarðast hverju sinni miðað við beinan kostnað safnsins vegna útlánanna og þá vinnu sem safnið innir af hendi í því skyni. Skulu þeir kostnaðarþættir skilgreindir í samningnum. Þá skal gjaldið tryggja greiðslu til myndhöfunda, sbr. ákvæði 2. mgr. 25. gr. höfundalaga, nr. 73/1972 með síðari breytingum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 58/1988, um Listasafn Íslands, og öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Gjaldtökuheimild skv. 4. mgr. 2. gr. tekur ekki til þeirra verka sem við gildistöku reglugerðar þessarar hafa verið lánuð til opinberra stofnana.

Menntamálaráðuneytinu, 27. janúar 1999.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.

22. janúar 1999 Nr. 75

SAMÞYKKT

um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

I. KAFLI
Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.

1. gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar er skipuð 11 bæjarstjórnarmönnum kjörnum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer hún með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.

4. gr.

Bæjarstjórn skal gæta hagsmuna sveitarfélagsins og vera í fyrirsvari fyrir það og vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúa þess.

5. gr.

Bæjarstjórn annast þau verkefni sem henni eru falin í lögum, reglugerðum og samþykktum. Þá getur bæjarstjórn ákveðið að sveitarfélagið taki að sér verkefni sem varðar íbúa þess sérstaklega enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum.

6. gr.

Meðal verkefna bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Hornafjarðar er:

1. Að kjósa forseta bæjarstjórnar og varaforseta bæjarstjórnar, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla samþykktar þessarar, kjósa skoðunarmenn til að yfirfara ársreikninga sveitarfélagsins og ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem vinna skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu.
2. Að setja samþykktir og gjaldskrár eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur.
3. Að stjórna fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja skv. VI. kafla sveitarstjórnarlaga, sbr. og VI. kafla samþykktar þessarar.

4. Að ákveða stjórnkerfi sveitarfélagsins og ráða bæjarstjóra og aðra starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.

II. KAFLI
Um fundarsköp bæjarstjórnar.

7. gr.

Bæjarstjórn heldur reglulega fundi einu sinni í hverjum mánuði, sem er fyrsta fimmtudag hvers mánaðar. Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 16.00. Heimilt er að fella niður fundi í bæjarstjórn í allt að tvo mánuði að sumarlagi. Þá getur bæjarstjóri í samráði við forseta bæjarstjórnar ákveðið að fella niður einstaka fundi þegar sérstaklega stendur á.

Aukafundi skal halda í bæjarstjórn eftir því sem þörf krefur að mati forseta bæjarstjórnar og bæjarstjóra. Þá er skylt að halda aukafund í bæjarstjórn ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa krefst þess, enda geri þeir grein fyrir ástæðum og fundarefni.

8. gr.

Sá kjörinn fulltrúi sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn kveður hana saman til fyrsta fundar að afloknum bæjarstjórnarkosningum eigi síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum, þ.e. eigi síðar en 30 dögum eftir kjördag.

Hafi tveir eða fleiri fulltrúar í bæjarstjórn átt jafnlengi setu í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með fundarboð skv. 1. mgr.

9. gr.

Bæjarstjóri, sbr. þó 8. gr., boðar bæjarstjórnarfundi og ákveður jafnframt fundarstað hafi bæjarstjórn ekki gert það.

10. gr.

Íbúum sveitarfélagsins skal kunngert með auglýsingu hvar og hvenær bæjarstjórnarfundir eru haldnir. Miðað skal við að sem flestir íbúar sveitarfélagsins hafi greiðan aðgang að auglýsingunni.

Í upphafi kjörtímabils tekur bæjarstjórn ákvörðun um hvernig fundir hennar verði auglýstir og með hvaða fyrirvara. Skal sú ákvörðun kynnt íbúum sveitarfélagsins með tryggum hætti, svo sem í dreifibréfi eða auglýsingu í héraðsfréttablaði.

11. gr.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar, svo sem kosningu forseta bæjarstjórnar og varaforseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, svo og ráðningar bæjarstjóra og annarra starfsmanna í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins, sbr. 49. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri og/eða forseti bæjarstjórnar ákveður að taka á dagskrá eða einhver bæjarfulltrúi óskar að tekin verði á dagskrá. Bæjarfulltrúi sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna bæjarstjóra það skriflega með tillögu eða fyrirspurn a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða, tillagna og annarra gagna sem bæjarstjóri telur nauðsynleg til að bæjarfulltrúar geti undirbúið sig fyrir fundinn. Dagskrá skal jafnframt fylgja afrit fundargerðar síðasta bæjarstjórnarfundar.

12. gr.

Bæjarstjóri skal hafa sent bæjarstjórnarmönnum fundarboð bæjarstjórnarfundar ásamt dagskrá og fylgigögnum þannig að þau gögn berist þeim í síðasta lagi tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund.

13. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skal vera aðgengileg íbúum sveitarfélagsins þegar hún hefur verið samin, svo sem á auglýsingatöflu sveitarfélagsins, skrifstofu sveitarfélagsins á venjulegum afgreiðslutíma eða með öðrum hætti sem bæjarstjórnin ákveður.

14. gr.

Bæjarstjóri skal senda bæjarstjórnarmönnum fundarboð aukafundar í bæjarstjórn þannig að það berist þeim ásamt dagskrá a.m.k. sólarhring fyrir fund.

15. gr.

Sá bæjarfulltrúi er boðar til fyrsta fundar skv. 8. gr. setur fyrsta fund nýkjörinnar bæjarstjórnar og stýrir honum uns forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn.

Forseti bæjarstjórnar skal kjörinn til eins árs. Ef forseti bæjarstjórnar nýtur ekki lengur stuðnings meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn, skal hann víkja sæti og forsetakjör fara fram á ný.

Sá er rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fengið hefur atkvæði meirihluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjölda ekki náð skal kjósa að nýju um þá tvo sem flest atkvæði fengu. Hafi þrír eða fleiri bæjarfulltrúar fengið jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti um hverja tvo skuli kjósa. Verður þá sá rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fleiri atkvæði fær þó hann fái ekki helming atkvæða. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti kosningu.

Forseti bæjarstjórnar stjórnar kjöri varaforseta bæjarstjórnar og skal sömu aðferð beitt við kosningu þeirra, sbr. 3. mgr. Varaforsetar bæjarstjórnar skulu kjörnir til jafnlangs tíma og forseti bæjarstjórnar.

Tilkynna skal kjör forseta bæjarstjórnar og varaforseta bæjarstjórnar til félagsmálaráðuneytisins þegar að því loknu.

Sé enginn forseta bæjarstjórnar á fundi gegnir aldursforseti störfum forseta bæjarstjórnar nema bæjarstjórn ákveði að kjósa sérstakan fundarstjóra.

Ef forseti bæjarstjórnar deyr eða verður varanlega forfallaður frá störfum skal kjósa forseta bæjarstjórnar í hans stað til loka kjörtímabils forseta bæjarstjórnar, þ.e. út árið.

16. gr.

Bæjarstjórn getur kosið tvo skrifara og tvo varaskrifara úr hópi bæjarfulltrúa til eins árs í senn á sama fundi og kosning forseta bæjarstjórnar fer fram. Skrifarar skulu telja saman atkvæði við kosningar og þegar atkvæðagreiðslur fara fram í bæjarstjórn.

17. gr.

Bæjarstjórnarfundi skal að jafnaði halda í heyranda hljóði og almenningi heimilaður aðgangur að þeim eftir því sem húsrúm leyfir.

Bæjarstjórnarfundur skal haldinn í húsnæði sem fullnægir ákvæðum skipulags- og byggingarlaga og byggingarreglugerðar um aðgang fatlaðs fólks.

Bæjarstjórn getur ákveðið að einstök mál verði rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis málsins, svo sem ef til umræðu eru viðkvæm einkamál manna eða viðskiptamál sem æskilegt er vegna hagsmuna sveitarfélagsins að rædd verði fyrir luktum dyrum. Jafnframt getur bæjarstjórn ákveðið að bæjarstjórnarfundur þar sem eingöngu er fjallað um slík mál verði haldinn fyrir luktum dyrum. Tillaga um að mál skuli rædd fyrir luktum dyrum skal afgreidd umræðulaust í bæjarstjórn.

Óheimilt er að skýra frá því sem fram kemur við umræður á lokuðum fundi í bæjarstjórn, nema tilefnið leyfi.

18. gr.

Bæjarstjórnarfundur er lögmætur ef meira en helmingur bæjarfulltrúa er mættur á fundinn. Bæjarstjórn getur enga bindandi ályktun gert, nema fundur sé lögmætur.

19. gr.

Forseti bæjarstjórnar stýrir fundum hennar. Hann setur fund, kannar lögmæti hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Jafnframt sér hann um að fundargerðir séu skipulega færðar í gerðabók bæjarstjórnarinnar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar.

Forseti bæjarstjórnar úrskurðar um skilning á fundarsköpum, en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar. Forseti bæjarstjórnar sér um að allt fari skipulega og löglega fram á bæjarstjórnarfundum og er bæjarfulltrúum skylt að lúta valdi hans að því er varðar fundarsköp og góða reglu. Raski áheyrandi fundarfriði getur forseti bæjarstjórnar vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta bæjarstjórnar þarf til að taka myndir og hljóðrita umræður á bæjarstjórnarfundum.

20. gr.

Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í bæjarstjórn í þeirri röð sem þau eru á dagskrá, nema forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjórn ákveði annað.

Heimilt er að taka til meðferðar á bæjarstjórnarfundi mál sem ekki hefur verið á dagskrá ef 2/3 viðstaddra bæjarfulltrúa samþykkja slíkt afbrigði.

21. gr.

Bæjarstjórn afgreiðir mál að jafnaði við eina umræðu. Þó skal hafa tvær umræður með a.m.k. einnar viku millibili um eftirtalin málefni:

1. Fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
2. Ársreikninga sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja.
3. Samþykktir, reglugerðir og gjaldskrár sem hljóta eiga staðfestingu ráðherra.
4. Áætlanir fyrir sveitarfélagið sem gilda eiga til lengri tíma, svo sem þriggja ára áætlanir og skipulags- og framkvæmdaáætlanir.
5. Tilkynningu til eftirlitsnefndar skv. 75. gr. sveitarstjórnarlaga.

22. gr.

Bæjarfulltrúa er skylt að sækja alla bæjarstjórnarfundi nema lögmæt forföll hamli, svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi.

Sé bæjarfulltrúi forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til bæjarstjóra sem boðar þá varamann hans á fund. Varamenn taka sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmálaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt, en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur heimilað einstaklingi utan bæjarstjórnar að taka til máls á bæjarstjórnarfundi.

23. gr.

Bæjarfulltrúa ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Bæjarfulltrúar eru ekki vanhæfir þegar verið er að velja fulltrúa til trúnaðarstarfa á vegum bæjarstjórnarinnar eða ákveða þóknun fyrir slík störf.

Bæjarfulltrúar, sem jafnframt eru starfsmenn sveitarfélagsins og hafa sem slíkir átt þátt í að undirbúa tiltekið mál sem lagt er fyrir bæjarstjórn, eru alltaf vanhæfir þegar bæjarstjórn fjallar um málið. Þetta á þó hvorki við bæjarstjóra né þegar bæjarstjórn fjallar um og afgreiðir fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélagsins.

Bæjarfulltrúa sem veit hæfi sitt orka tvímælis ber að vekja athygli bæjarstjórnar á því. Bæjarfulltrúa er heimilt við meðferð máls sem hann er vanhæfur að afgreiða að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni. Bæjarstjórn sker umræðulaust úr um hvort mál er svo vaxið að einhver bæjarfulltrúa sé vanhæfur. Bæjarfulltrúi sem hlut á að máli má taka þátt í atkvæðagreiðslu um hæfi sitt.

Bæjarfulltrúi sem vanhæfur er við úrlausn máls skal yfirgefa fundarsal bæjarstjórnar við meðferð þess og afgreiðslu.

24. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Bæjarfulltrúi sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta bæjarstjórnar. Að jafnaði skulu bæjarfulltrúar taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Víkja má frá þeirri reglu ef um er að ræða bæjarstjóra, framsögumann í máli eða bæjarfulltrúa sem óskar að gera stutta athugasemd eða koma leiðréttingu á framfæri. Hafi tveir eða fleiri bæjarfulltrúar kvatt sér hljóðs samtímis ákveður forseti bæjarstjórnar í hvaða röð þeir skuli tala. Bæjarfulltrúi skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti bæjarstjórnar leyfi annað.

25. gr.

Bæjarfulltrúi skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar eða fundarins. Þegar til umræðu er fundargerð bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar skal bæjarfulltrúi taka fram hvaða lið/liði fundargerðarinnar hann óskar að ræða.

Bæjarfulltrúi má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarfulltrúa að taka oftar til máls til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta bæjarstjórnar. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftar en tvisvar við hverja umræðu máls.

Ekki má bæjarfulltrúi lesa upp prentað mál við umræður í bæjarstjórn nema með leyfi forseta bæjarstjórnar.

26. gr.

Beri bæjarfulltrúi aðra menn brigslum skal forseti bæjarstjórnar víta hann. Forseti bæjarstjórnar getur lagt til við bæjarstjórn að bæjarfulltrúi sem víttur hefur verið tvisvar á sama fundi verði sviptur málfrelsi á þeim fundi. Skal slík tillaga afgreidd umræðulaust. Hlýðnist bæjarfulltrúi ekki úrskurði forseta bæjarstjórnar eða bæjarstjórnar eða ef óregla kemur upp á fundi skal forseti bæjarstjórnar gera fundarhlé, fresta fundi eða slíta fundi ef nauðsyn krefur.

27. gr.

Telji forseti bæjarstjórnar umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarfulltrúa verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða umræðum um mál verði lokið þá þegar. Hver bæjarfulltrúi getur og borið fram slíkar tillögur. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál svo að hún standi skemur en tvær klukkustundir ef einhver bæjarfulltrúi kveður sér hljóðs. Umræður um fjárhagsáætlun eru ekki háðar ákvæðum greinar þessarar.

28. gr.

Bæjarfulltrúi getur borið fram breytingartillögu, viðaukatillögu, frávísunartillögu eða frestunartillögu við hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu vera skriflegar ef forseti bæjarstjórnar óskar. Forseti bæjarstjórnar ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu.

29. gr.

Mál er afgreitt í bæjarstjórn með því að samþykkja það eða fella það, vísa því frá bæjarstjórn eða vísa því til afgreiðslu bæjarráðs, annarrar nefndar, ráðs eða stjórnar eða bæjarstjóra. Máli sem bæjarstjórn ber að lögum að afgreiða verður þó eigi vísað til afgreiðslu annarra. Bæjarstjórn er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema um sé að ræða mál sem að lögum ber að afgreiða fyrir tiltekinn tíma.

30. gr.

Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Forseti biður þá bæjarfulltrúa sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar.

Ef mál er svo vaxið að forseti telur ástæðulaust að atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð.

Forseti getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseta að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur bæjarfulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarfulltrúa í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarfulltrúi greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarfulltrúi, þegar forseti les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þó þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarfulltrúi óskar og bæjarstjórn samþykkir.

Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar.

31. gr.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu.

Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og móti því fellur það, en við kosningar ræður hlutkesti.

Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn skulu vera hlutfallskosningar skv. d'Hondts reglu, sbr. 85. og 86. gr. laga um kosningar til bæjarstjórna nr. 5/1998. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kjör forseta bæjarstjórnar.

32. gr.

Bæjarstjórn getur ráðið sérstakan fundarritara utan bæjarstjórnar til að annast ritun fundargerða í gerðabók bæjarstjórnar. Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða, dagsetningu fundargerða og fjölda tölusliða.

Mál sem tekin eru fyrir á lokuðum fundi skal skrá sem trúnaðarmál, nema tilefni sé til annars.

Í lok fundar skal fundargerð lesin upp og skulu allir viðstaddir fundarmenn undirrita hana nema bæjarstjórn ákveði annað.

Fundargerðir bæjarstjórnar skulu að jafnaði skráðar í tölvu. Jafnframt skal bóka í gerðabók bæjarstjórnarinnar númer fundar, hvar og hvenær fundurinn er haldinn og að fundargerð sé færð í tölvu. Þá skal færa í gerðabók fundarslit og greina blaðsíðutal tölvufærðrar fundargerðar. Viðstaddir bæjarfulltrúar skulu rita nöfn sín við slit fundar í gerðabók. Í lok fundarins skal tölvuskráð fundargerð prentuð út og hún undirrituð af fundarmönnum. Einnig skal forseti bæjarstjórnar og a.m.k. einn fundarmanna setja upphafsstafi sína undir hverja blaðsíðu fundargerða sem blaðsíðusettar skulu í áframhaldandi töluröð. Undirritaðar tölvuskráðar fundargerðir skulu reglulega bundnar inn til varanlegrar varðveislu.

Bæjarfulltrúi sem gera vill athugasemd við eitthvert atriði í fundargerð getur undirritað fundargerðina með fyrirvara um það atriði.

Bæjarstjórn getur ákveðið að umræður á bæjarstjórnarfundum verði hljóðritaðar eða teknar upp með öðrum hætti. Verði það ákveðið skal bæjarstjórn setja um það nánari reglur.

III. KAFLI
Um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa.

33. gr.

Bæjarfulltrúa er bæði rétt og skylt að sækja fundi bæjarstjórnar nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins. Hver bæjarfulltrúi er skyldur til að taka að sér þau störf, sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar, svo sem störf forseta bæjarstjórnar. Þó getur sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar eitt kjörtímabil eða lengur eða setið í bæjarráði eða annarri nefnd sama tímabil skorast undan kosningu jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið á hendi.

34. gr.

Bæjarfulltrúa ber að gegna störfum sínum í bæjarstjórn af alúð og samviskusemi og gæta hagsmuna sveitarfélagsins, en í störfum sínum er bæjarfulltrúi einungis bundinn af lögum og sannfæringu sinni.

35. gr.

Bæjarfulltrúi hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt þessari.

Bæjarfulltrúa er ekki skylt að taka þátt í atkvæðagreiðslu um einstök mál. Þegar um er að ræða mál sem bæjarstjórn er að lögum skylt að afgreiða, svo sem fjárhagsáætlun, ársreikninga eða kjör fulltrúa í lögboðnar nefndir, getur forseti bæjarstjórnar ákveðið að endurtaka atkvæðagreiðslu ef minna en helmingur bæjarfulltrúa tekur þátt í atkvæðagreiðslunni.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá mál skv. 4. og 5. gr. samþykktar þessarar tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar enda tilkynni hann það bæjarstjóra skriflega a.m.k. fjórum sólarhringum fyrir fund.

36. gr.

Bæjarfulltrúi á aðgang að bókum og skjölum sveitarfélagsins og einnig óhindraðan aðgang að stofnunum og fyrirtækjum þess á venjulegum afgreiðslutíma til upplýsingaöflunar vegna starfa sinna.

37. gr.

Bæjarfulltrúi á rétt á að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til þeirra mála sem til umræðu eru í bæjarstjórn.

38. gr.

Bæjarfulltrúi skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst áfram eftir að bæjarfulltrúi lætur af þeim störfum.

39. gr.

Nú telur bæjarfulltrúi sig ekki geta gegnt skyldum sínum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags og getur bæjarstjórn þá létt af honum störfum eða veitt honum lausn að eigin ósk um tiltekinn tíma eða til loka kjörtímabils. Varamaður tekur þá sæti hans skv. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Missi fulltrúi í bæjarstjórn kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn, sbr. þó ákvæði 4. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

Nú er bæjarfulltrúi af einhverjum ástæðum sviptur fjárforræði, svo sem ef bú hans er tekið til gjaldþrotaskipta, og skal bæjarstjórn þá veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

40. gr.

Bæjarfulltrúi skal fá hæfilega þóknun úr sveitarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarfulltrúans og fundarstaðar bæjarstjórnar, getur bæjarstjórn auk þess ákveðið að hann skuli fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarfulltrúi á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

41. gr.

Haga skal fundum bæjarstjórnar þannig að bæjarstjórnarmenn eigi möguleika á að taka sér orlof árlega.

42. gr.

Ákvæði þessa kafla um réttindi og skyldur bæjarfulltrúa gilda einnig um varamenn sem taka sæti í bæjarstjórn.

IV. KAFLI
Nefndir, ráð og stjórnir.

43. gr.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í bæjarráð, aðrar nefndir, ráð og stjórnir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Slíkar kosningar skulu vera leynilegar bundnar hlutfallskosningar ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana er þeir starfa hjá.

44. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð.

Bæjarstjóri situr fundi bæjarráðs með málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

Bæjarstjórn getur heimilað flokki eða framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa.

Þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar, sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður, eru varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann.

45. gr.

Bæjarráð skal að jafnaði halda fund einu sinni í viku Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

46. gr.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs og sér um að ráðið sé boðað til fundar með skriflegu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund. Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og boðar bæjarstjórinn varamann hans á fund. Hafi bæjarstjóri fengið vitneskju um forföll bæjarráðsmanns skal hann boða eða láta boða varamann hans á fund.

47. gr.

Á fyrsta fundi nýkjörins bæjarráðs skal kjósa formann og varaformann ráðsins. Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðs. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarrráðsmanna óskar þess.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs. Um ritun fundargerða bæjarráðs gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 32. gr.

48. gr.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin. Bæjarráð hefur umsjón með stjórnsýslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, stofnana hans og fyrirtækja að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Þá sér bæjarráð um að ársreikningar sveitarsjóðs séu samdir og þeir ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag

sveitarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu. Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá getur bæjarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu mála nema lög mæli á annan veg.

49. gr.

Skylt er starfsmönnum sveitarfélagsins að sitja fundi bæjarráðs ef þess er óskað.

50. gr.

Bæjarstjórn kýs formenn og varaformenn nefnda, nema lög kveði á um annað.

Forseti bæjarstjórnar boðar nefnd saman til fyrsta fundar eða ákveður hver skuli gera það. Starfsmaður nefndar í samráði við formann, eða varaformann í forföllum hans, boðar eða lætur boða fundi í nefnd með a.m.k. eins sólarhrings fyrirvara.

51. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Þegar aðalmaður í nefnd forfallast um stundarsakir skal varamaður hans taka sæti í nefndinni. Þegar aðalmaður í nefnd flyst burt úr sveitarfélaginu, fellur frá eða forfallast á annan hátt varanlega tekur varamaður hans sæti þar til bæjarstjórn hefur kosið aðalmann að nýju og eftir atvikum annan varamann.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar, skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. mgr. 24. gr. sveitarstjórnarlaga.

52. gr.

Nefndarfundur skal haldinn fyrir luktum dyrum. Nefnd getur kvatt á sinn fund einstaka starfsmenn sveitarfélagsins. Ennfremur getur nefnd boðið aðila að koma á sinn fund til viðræðna um tiltekin mál.

53. gr.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði II. og III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

54. gr.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum eða samþykktum bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn getur falið nefnd fullnaðarafgreiðslu einstakra mála eða málaflokka nema slíkt vald sé að lögum sérstaklega falið bæjarstjórn til ákvörðunar.

55. gr.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu halda gerðabækur. Starfsmaður nefndar skal sjá um að rita fundargerð og færa hana í gerðabók. Um ritun fundargerða nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnarinnar, sbr. 32. gr.

56. gr.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna sveitarfélagsins skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og bæjarstjórnar og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Allar

fundargerðir nefnda og ráða sem bæjarstjórn kýs að öllu leyti, skv. ákvæðum 57. gr., koma til afgreiðslu bæjarráðs og samþykktar bæjarstjórnar. Fundargerðir annarra nefnda og ráða, skulu að öllu jöfnu lagðar fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til kynningar, nema fundargerðin innihaldi ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar. Er fundargerðin þá lögð fram til afgreiðslu og samþykktar bæjarstjórnar sbr. 29. gr.

Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð og/eða bæjarstjórn.

57. gr.

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð, stjórnir og embætti:

A. Fulltrúar kjörnir til eins árs á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Fimm aðalfulltrúar í bæjarstjórn sem aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998. Ásamt öðrum þeim verkefnum sem tilgreind eru í samþykktum þessum hefur bæjarráð yfirumsjón með vatnsveitum, fráveitum, brunavörnum og sorpeyðingu sveitarfélagsins og samningum við launafólk sveitarfélagsins.
2. *Undirkjörstjórn við alþingiskosningar.* Kjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 10. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 80/1987.
3. *Fulltrúar og varafulltrúar á aðalfund Samtaka sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi,* skv. samþykktum þar að lútandi.

B. Fulltrúar í fastanefndir kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Atvinnu- og ferðamálanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara.
2. *Byggingar- og skipulagsnefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.
3. *Félagsmálaráð.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráði eru jafnframt falin verkefni barnaverndarnefndar skv. 6. gr. barnaverndarlaga nr. 58/1992 og jafnréttisnefndar skv. 13. gr. laga nr. 28/1991 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
4. *Hafnarstjórn Hornafjarðarhafnar.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 4. gr. hafnalaga nr. 23/1994. Stjórnin er jafnframt rekstrarstjórn hafnarinnar.
5. *Heilbrigðis- og öldrunarráð.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989.
6. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
7. *Landbúnaðarnefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með hlutverk gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og tilnefnir búfjáreftirlitsmenn sem ráðnir eru af sveitarstjórn til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum.
8. *Menningarmálanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með stjórn sýslusafns Austur-Skaftafellssýslu og bókasafns skv. ákvæðum laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn.
9. *Samgöngunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
10. *Skólanefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995 og 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985. Skólanefnd fer með hlutverk leikskólanefndar skv. lögum nr. 78/1994.
11. *Umhverfisnefnd.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin annast störf náttúruverndarnefndar skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 93/1996 og stjórn fólkvangs í Óslandi, sbr. auglýsingu nr. 427/1982.

12. *Æskulýðs- og tómstundaráð.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara.

C. Aðrir fulltrúar kjörnir til fjögurra ára á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga um almannavarnir nr. 94/1962.
2. *Fulltrúar á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Tveir aðalmenn og tveir til vara.
3. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
4. *Heilbrigðisnefnd Austurlands.* Sveitarstjórnir á Austurlandi kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
5. *Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar.* Í yfirkjörstjórn þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998. Undirkjörstjórn fyrir hverja kjördeild. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Heimilt að kjósa síðar.
6. *Skoðunarmenn.* Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 (á fyrsta fundi nýkjörinnar sveitarstjórnar).
7. *Þjónustuhópur aldraðra í Austur-Skaftafellssýslu.* Fjórir skipa þjónustuhópinn, sem er samstarfshópur starfsliðs Heilsugæslustöðvarinnar og starfsliðs í félagslegri þjónustu sveitarfélagsins.

58. gr.

Bæjarstjórn setur fastanefndum skv. B-lið 57. gr. erindisbréf, þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk hverrar nefndar og helstu verkefni hennar.

Þá getur bæjarstjórn kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

59. gr.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við hann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af bæjarráði og bæjarstjórn.

60. gr.

Bæjarstjóri er framkvæmdastjóri sveitarfélagsins. Hann undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráð og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki ákveðið annað.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarstjórnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Bæjarstjóri ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

61. gr

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem framkvæmdastjóra málefnasviða, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.

Bæjarstjóri, í samráði við bæjarráð, ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 61. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett. Bæjarstjórn ákveður með sérstökum samþykktum hvaða störf skulu talin föst störf hjá sveitarfélaginu og stofnunum þess, auk þeirra starfa sem samkvæmt lögum og reglugerðum eru talin föst störf.

Fastar stöður skulu auglýstar til umsóknar á opinberum vettvangi nema bæjarráð heimili annað. Bæjarráð getur ákveðið hver almenn skilyrði skuli gilda um ráðningu í stöður hjá sveitarfélaginu.

Fastráðnir starfsmenn sveitarfélagsins skulu ráðnir til óákveðins tíma með gagnkvæmum þriggja mánaða uppsagnarfresti miðað við mánaðamót.

Gera skal skriflegan ráðningarsamning við fastráðna starfsmenn þar sem m.a. skal kveðið á um ráðningartíma og uppsagnarfrest, sbr. 3. mgr., svo og starfssvið þeirra.

Um kaup og kjör fer eftir ráðningarsamningi og gildandi kjarasamningum.

63. gr.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn í samráði við forstöðumenn stofnana. Um ráðningu fer eftir reglum sem bæjarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

65. gr.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal bæjarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun bæjarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í bæjarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur bæjarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Bæjarstjórn skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af bæjarstjórn.

Samþykki bæjarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er bæjarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir bæjarstjórn við eina umræðu á bæjarstjórnarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í bæjarstjórn með dagskrá viðkomandi bæjarstjórnarfundar.

68. gr.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal bæjarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af bæjarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Strax að lokinni afgreiðslu bæjarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Bæjarstjórn skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Bæjarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Bæjarfulltrúar og bæjarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn Hornafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 688/1994.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. janúar 1999.

F. h. r.
Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 252/1995 um hámark dýralyfjaleifa í sláturafurðum, eggjum og mjólk.

1. gr.

Í stað viðaukakafla reglugerðar kemur eftirfarandi kafli:

I. VIÐAUKI

Skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem hámarksmagn leifa hefur verið ákveðið fyrir.

1. Sýkingalyf

1.1. Efnameðferðarefni (Chemotherapeutics)

1.1.1. Súlfónamíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Öll efni í súlfónamíð flokknum	Móðurefni	Nautgripir, sauðfé, geitur	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	Heildarmagn leifa allra efna úr súlfónamíð flokknum má ekki vera meira en 100 µg/kg

1.2. Sýklalyf

1.2.1. Penisillín

1.2.1.1. Bensýlpenisillín	Bensýlpenisillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.2. Ampisillín	Ampisillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.3. Amoxisillín	Amoxisillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.4. Oxasillín	Oxasillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	300 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			30 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.5. Kloxasillín	Kloxasillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	300 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			30 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.6. Díkloxasillín	Díkloxasillín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	300 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	
			30 µg/kg	Mjólk	
1.2.1.7. Peneþamant	Bensýlpenisillín	Nautgripir	50 µg/kg	Nýra, lifur, vöðvi, fita	
			4 µg/kg	Mjólk	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
1.2.2. Sefalósporín					
1.2.2.1. Sefkínóm	Sefkínóm	Nautgripir	200 µg/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Vöðvi, fita	
			20 µg/kg	Mjólk	
1.2.2.2. Sefasólín	Sefasólín	Nautgripir	50 µg/kg	Mjólk	
1.2.3. Kínólón					
1.2.3.1. Enrófloxasín	Til samans enrófloxasín og síprófloxasín	Nautgripir, svín, alifuglar	30 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra	
1.2.3.2. Dífloxasín	Dífloxasín	Kjúklingar, kalkúnar	1900 µg/kg	Lifur	
			600 µg/kg	Nýra	
			300 µg/kg	Vöðvi	
			400 µg/kg	Hamur og fita	
1.2.4. Makrólíðar					
1.2.4.1. Tilmíkósín	Tilmíkósín	Nautgripir, sauðfé, svín	1000 µg/kg	Lifur, nýra	
			50 µg/kg	Vöðvi, fita, mjólk	
1.2.5. Flórfenikól og skyld sambönd.					
1.2.5.1. Flórfenikól	Summa flórfenikóls og umbrotsefna þess mæld sem flórfenikólamín 2,4-DMA-hlutann, gefið upp sem amitras	Nautgripir	200 µg/kg	Vöðvi	
			300 µg/kg	Nýra	
			3000 µg/kg	Lifur	
1.2.6 Tetrasýklín					
1.2.6.1. Tetrasýklín	Summa móðurefnis og 4-epímers þess	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	600 µg/kg	Nýra	
			300 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Vöðvi	
			100 µg/kg	Mjólk	
			200 µg/kg	Egg	
1.2.6.2. Oxýtetrasýklín	Summa móðurefnis og 4-epímers þess	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	600 µg/kg	Nýra	
			300 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Vöðvi	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
			100 µg/kg	Mjólk	
			200 µg/kg	Egg	
1.2.6.3. Klórtetrasýklín	Summa móðurefnis og 4-epímers þess	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	600 µg/kg	Nýra	
			300 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Vöðvi	
			100 µg/kg	Mjólk	
			200 µg/kg	Egg	

2. Sníklalyf

2.1 Innsníklalyf

2.1.1. Avermektín

2.1.1.1. Ívermektín	22,23 Díhýdró-avermektín B 1a	Nautgripir	100 µg/kg	Lifur	
		Sauðfé	15 µg/kg	Lifur	
		Hófdýr	20 µg/kg	Fita	
		Svín	40 µg/kg	Fita	
2.1.1.2. Abamektín	Avermektín B 1a	Nautgripir	20 µg/kg	Lifur	
			10 µg/kg	Fita	
2.1.1.3. Doramektín	Doramektín	Nautgripir	150 µg/kg	Fita	
			100 µg/kg	Lifur	
			30 µg/kg	Nýra	
			10 µg/kg	Vöðvi	

2.1.2. Salísýlanílíð

2.1.2.1. Klósantel	Klósantel	Nautgripir	1000 µg/kg	Vöðvi, lifur	
			3000 µg/kg	Nýra, fita	
		Sauðfé	1500 µg/kg	Vöðvi, lifur	
			5000 µg/kg	Nýra	
			2000 µg/kg	Fita	

2.3.1. Tetra-hýdró-ímídasól (ímíðasólþíasól)

2.1.3.1. Levamísól	Levamísól	Nautgripir, sauðfé, svín og alifuglar	10 µg/kg	Vöðvi, nýra, fita	
			100 µg/kg	Lifur	

2.2. Útsníklalyf

2.2.2. Formamídín

2.2.2.1. Amitras	Summa amitrass og allra umbrotsefna sem innihalda 2,4-DMA-hlutann, gefið upp sem amitras	Svín	400 µg/kg	Fita + húð	
			200 µg/kg	Lifur, nýra	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
2.3. Inn- og útsníklalyf					
2.3.1. Avermektín					
2.3.1.3. Dóramektín	Dóramektín	Nautgripir	150 µg/kg	Fita	
			100 µg/kg	Lifur	
			30 µg/kg	Nýra	
			10 µg/kg	Vöðvi	
2.3.1.4. Eprínómektín	Eprínómektín B 1a	Nautgripir	30 µg/kg	Vöðvi	
			30 µg/kg	Fita	
			600 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Nýra	
			30 µg/kg	Mjólk	
2.3.1.5. Moxídektín	Moxídektín	Nautgripir, sauðfé	500 µg/kg	Fita	
			100 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Vöðvi, nýra	
4. Bólgueyðandi lyf					
4.1. Steralaus bólgueyðandi lyf					
4.1.1. Afleiður arýlprópínsýru					
Vedaprófen	Vedaprófen	Hófdýr	1000 µg/kg	Nýra	
			100 µg/kg	Lifur	
			50 µg/kg	Vöðvi	
			20 µg/kg	Fita	

II. VIÐAUKI

Skrá yfir efni sem falla ekki undir takmörkun á hámarksmagni leifa.

1. Ólífræn efnasambönd

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
1.1 Vetnisperoxíð	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.2. Brennisteinn	Nautgripir, svín, sauðfé, geitur, hófdýr	
1.3. Joð og ólífræn joð: sambönd þar með talin:	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
Natríum og kalíum joðið		
Natríum og kalíumjoðat		
Joðófór þar með talin pólývínýlpynólídónjoð		
1.4. Natríumklórít	Nautgripir	Aðeins til staðbundinnar notkunar
1.5. Kalsíum asetat*	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
Kalsíum bensóat*		
Kalsíum karbónat*		
Kalsíum klórít*		
Kalsíum glúkónat*		
Kalsíum hýdroxíð*		
Kalsíum hýpófosfít*		
Kalsíum malat*		

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
Kalsíum oxít*		
Kalsíum fosfat*		
Kalsíum pólýfosfat*		
Kalsíum própíónat*		
Kalsíum sílíkat*		
Kalsíum stearat*		
Kalsíum súlfat*		
1.8. Bórsýra og bóröt	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.9. Magnesíum	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.10. Magnesíumsúlfat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.11. Magnesíumhýdroxíð	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.12. Magnesíumsterat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.13. Magnesíumglútamat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.14. Magnesíumórótat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.15. Magnesíumálsilíkat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.16. Magnesíumoxíð	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.17. Magnesíumkarbónat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.18. Magnesíumfosfat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.19. Magnesíumglýserófosfat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.20. Magnesíumaspartat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.21. Magnesíumsítrat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.22. Magnesíumasetat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.23. Magnesíumtrísilíkat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.24. Sinkasetat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.25. Sinkklóríð	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.26. Sinkglúkónat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.27. Sinkóleat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
1.28. Sinksterat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	

2. Lífræn efnasambönd

2.1. Etípróstóntrómetamín	Nautgripir	
	Svín	
2.2. Ketanserintartrat	Hófdýr	
2.3. Fertirelinasetat	Nautgripir	
2.4. Gónadótrófín úr þvagi kvenna eftir tíðahvörf	Nautgripir	
2.5. Mjólkursýra	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.6. Melatónín	Sauðfé, geitur	
2.7. Lífræn joðsambönd	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
-Joðform		
-pólývinýlpýrrólíðon-joð		
2.8. Asetýl systeín	Öll dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis	
2.9. Loshormón gónadótrófins	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.10. Gónadótrófín úr blóði fylfullra hryssa	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
2.11. 176 Östradíól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
2.12. Romifidín*	Hófdýr	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
2.13. Detómidín*	Nautgripir, hófdýr	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
2.14. Brótisólam*	Nautgripir	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
2.15. Manna kóríongónadótrófín* (HCG)	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Einungis til lækninga og dýratæknilegra nota.
2.28. Ólífræn vetniskolefni, lítil eða mikil seigja, að örkristölluðu vaxi meðtöldu, u.þ.b. C10-C60; alífatísk sambönd, sundurgreind alífatísk sambönd og alíhringasambönd	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Að undanskildum arómatískum og ómettuðum efnasamböndum.
2.29. Búserelín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.30. Ketóprófen	Svín	
2.31. Kaffín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.32. Þeófyllín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.33. Þeóbróm	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.34. Fjölsúlfamettað glýkósamínóglýkan	Hestar	
2.35. Rifaximín	Nautgripir	Einungis til nota í mjólkurkirtla - nema þegar nota má júgrið til manneldis - og í leg.
2.36. Tá-flúvalíant	Hunangsflugur	
2.37. Própan	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.38. n-bútan	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.39. Ísóbútan	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.40. Fenól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.41. Papaverín	Nautgripir	
2.42. Pólíkresúlen	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.43. Papaín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.44. Dímetýlftalat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.45. Díetýlftalat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.46. Etýllaktat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.47. Heptamínól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.48. Mentól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
2.49. Flóróglúsínól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.50. Trímetýlflóróglúsínól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.51. Perediksýra	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.52. Karbetósín	Allar tegundir spendýra sem nýttar eru til matar	
2.53. Kvillæjasapótín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.54. Bútýl-4-hýdroxýbensóat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.55. Natríum-bútýl-4-hýdroxýbensóat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
2.56. Natríum-bensýl-4-hýdroxýbensóat	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.57. Setrímíð	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.58. Lóbelín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.59. Pankreatín	Allar tegundir spendýra sem nýttar eru til matar	Aðeins til staðbundinnar notkunar
2.60. Klórókresól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.61. Þýmól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.69. Klórhexidín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Aðeins til staðbundinnar notkunar
2.70. Glýserólformal	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.71. Herperidín	Hestar	
2.72. Hesperidínmetýlkalkón	Hestar	
2.73. Menbútón	Nautgripir, sauðfé, geitur, svín, hestar	
2.74. Kvatresín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	Einungis til notkunar sem rotvarnarefni með styrk upp að 0,5%
2.75. Alfaprostól	Nautgripir, svín og hestar	
2.76. Sefasólín	Nautgripir	Einungis til nota í mjólkurkirtla (nema þegar nota má júgrið til manneldis)
2.77. Medroxýprógesterón asetat	Sauðfé	Til notkunar í leggöng og einungis í tengslum við dýrarækt
2.78. Própýlenglýkól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.79. Ísoxsúprín	Nautgripir, hófdýr	Aðeins til lækninga í samræmi við tilskipun ráðsins 96/22/EBE (*)
2.80. Prasíkvantel	Sauðfé	Aðeins fyrir kindur sem eru ekki mjólkandi
2.82. Þíómersal	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Einungis til notkunar sem rotvarnarefni í fjölskammta bóluefni, enda fari styrkur ekki yfir 0,02%
2.83. Tímerefónar	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	Einungis til notkunar sem rotvarnarefni í fjölskammta bóluefni, enda fari styrkur ekki yfir 0,02%
2.85. D-Phe^{6}-leysihormón gulbúshormóns	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
2.86. Neóstigmín	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	
(*) Stjtíð. EB nr. L. 125, 23.5. 1996, bls. 3.		

3. Efni sem almennt eru talin skaðlaus

3.1. Absintíumseyði	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.2. Asetýlmeþíónín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.3. Álhýdroxíð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.4. Álmónósterat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.5. Ammóníumsúlfat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.6. Bensóýlbensóat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.7. Bensýl p-hýdroxýbensóat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
3.8. Kalsíumbóróglúkónat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.9. Kalsíumsítrat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.10. Kamfóra	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	Aðeins til notkunar útvortis
3.11. Kardemommuseyði	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.12. Díetýlsebakat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.13. Dímetíkón	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.14. Dímetýlasetamíð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.15. Dímetýlsúlfoxíð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.16. Etýlendíamíntetraediksýra og sölt hennar	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.17. Evkalyptól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.18. Adrenalín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.19. Etýlóeat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.20. Formaldehýð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.21. Maurasýra	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.22. Eggbússtýrihormón (ESH) (náttúrulegt ESH úr öllum tegundum og nýmyndanir þeirra)	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.23. Glútaraldehýð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.24. Gvæjakól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.25. Heparín og sölt þess	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.26. Æðabelgskynhormónavaki manna (HCG) (náttúrulegt HCG og nýmyndanir þess)	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.27. Járnammóníumsítrat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.28. Járndextran	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.29. Járnglúkóheptónat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.30. Ísóprópanól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.31. Lanólín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.32. Gulbússtýrihormón (GSH) (náttúrulegt GSH úr öllum tegundum og nýmyndanir þeirra)	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.33. Magnesíumklóríð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.34. Magnesíumglúkónat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.35. Magnesíumhýpófosfít	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.36. Mannitól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.37. Montaníð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.38. Metýlbensóat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.39. Mónóþíóglýseról	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.40. Myglýól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.41. Orgótín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.42. Póloxalen	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.43. Póloxamer	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.44. Pólýetýlenglýkól 200	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.45. Pólýetýlenglýkól 400	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.46. Pólýetýlenglýkól 600	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	

Lyfjafræðilega virk efni	Dýrategundir	Önnur ákvæði
3.47. Pólýetýlenglýkól 3500	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.48. Pólýsorbat 80	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.49. Serótónín	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.50. Natríumklóríð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.51. Natríumkrómóglýkat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.52. Natríumdíoktýlsúlfósúksínat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.53. Natríumformaldehýðsúlfoxýlat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.54. Natríumlárýlsúlfat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.55. Natríumpýrósúlfít	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.56. Natríumsterat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.57. Natríumþíósúlfat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.58. Tragant	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.59. þvagefni	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.60. Sinksúlfat	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.61. Sinkoxíð	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	
3.62. Pólýetýlenglýkól (með mólþunga frá 200 upp í 10 000)	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	

4. Efni sem eru notuð í smáskammtadýralyf (hómópatadýralyf)

4.1. Öll efni sem notuð eru í smáskammtadýralyf (hómópata-dýralyf), að því tilskildu að styrkur þeirra fari ekki yfir 1:10 000	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	

5. Efni notuð sem aukefni í matvæli

5.1. Efni með E-númeri	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	Einungis efni viðurkennd sem aukefni í matvæli að undaskildum rotvarnarefnunum sem eru talin upp í C-hluta III. viðauka við tilskipun ráðsins 95/2/EB (*)
(*) Stjtíð. EB nr. L 61, 18. 3. 1995, bls. 1		

III. VIÐAUKI

Skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem notuð eru í dýralyf og hámarksmagn lyfjaleifa hefur verið ákveðið fyrir til bráðabirgða.

1. Sýkingarlyf

1.1. Efnameðferðarefni

1.1.1. Súlfónamíð

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
Öll efni í súlfónamíðflokknum	Móðurefni	Nautgripir, sauðfé, geitur	100 µg/kg	Mjólk	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. janúar 1996. Heildarmagn leifa allra efna úr súlfónamíð flokknum má ekki vera meira en 100 µg/kg

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
1.1.2. Díamínó-pýrimídín-afleiður					
1.1.2.1. Trímetóprím	Trímetóprím	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. janúar 1998
1.1.2.2. Bakvílóprím	Bakvílóprím	Nautgripir	300 µg/kg	Lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL
			150 µg/kg	Nýra	falla úr gildi 1. júlí 1998
			10 µg/kg	Fita	
			30 µg/kg	Mjólk	
		Svín	50 µg/kg	Lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL
			50 µg/kg	Nýra	falla úr gildi 1. júlí 1998.
			40 µg/kg	Fita og húð	
1.1.3. Nítrófúran					
1.1.3.1. Fúrasólidón	Allar leifar með óskerta 5-nítró byggingu	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	5 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. júlí 1995
1.1.4. Nítróimídasól					
1.1.4.1. Dímetrídasól	Allar leifar með óskerta nítróimídasól byggingu	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	10 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. jan. 1995
1.1.5. Bensensúlfónamíð					
1.1.5.1. Klórsúlón	Klórsúlón	Nautgripir	50 µg/kg	Vöðvi	Bráðabirgðagildi fyrir MRL
			150 µg/kg	Lifur	falla úr gildi 1. janúar 2000
			400 µg/kg	Nýra	
1.2. Sýklalyf					
1.2.1. Tetrasýklín					
Öll efni í tetrasýklínflokknum	Móðurefni	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	600 µg/kg	Nýra	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. jan. 1996.
			300 µg/kg	Lifur	Heildarmagn leifa allra efna úr
			200 µg/kg	Egg	tetrasýklín-flokknum
			100 µg/kg	Vöðvi	má ekki fara yfir
			100 µg/kg	Mjólk	tilgreind mörk.
1.2.2. Makrólíðar					
1.2.2.1. Spíramýsín	Spíramýsín	Nautgripir, svín	300 µg/kg	Lifur	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. júlí 1998.

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
			200 µg/kg	Nýra	MRL fyrir lifur, nýru og vöðva gildir bæði fyrir nautgripi og svín.
			50 µg/kg	Vöðvi	
		Nautgripir	150 µg/kg	Mjólk	
1.2.2.2. Týlósín	Týlósín	Nautgripir	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra	Bráðabirgða-MRL rennur út
		Svín	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, húð, fita	1. júlí 1997
		Alifuglar	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, húð, fita	Gildir ekki um varphænsni sem einungis gefa af sér egg til manneldis.
		Nautgripir	50 µg/kg	Mjólk	
1.2.2.4. Jósamýsín	Jósamýsín	Kjúklingar	400 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL
			200 µg/kg	Lifur, vöðvi, fita	falla úr gildi 1. júlí 2000
			200 µg/kg	Egg	

1.2.3. Þíamfeníkól og skyld efnasambönd

1.2.3.1. Þíamfeníkól	Þíamfeníkól	Nautgripir og alifuglar	40 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. janúar 1996

1.2.4. Sefalóspórín

1.2.4.1. Seftíófúr	Summa allra leifa sem halda betalaktam-byggingu sinni, gefin upp sem desfúróýl-seftíófúr	Nautgripir	2000 µg/kg	Nýra, lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL rennur út 1. júlí 1997
			200 µg/kg	Vöðvi	
			600 µg/kg	Fita	
			100 µg/kg	Mjólk	
		Svín	4000 µg/kg	Nýra	
			3000 µg/kg	Lifur	
			500 µg/kg	Vöðvi	
			600 µg/kg	Fita	
1.2.4.2. Sefapirín	Summa sefapiríns og desaketýl-sefapiríns	Nautgripir	100 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL
			50 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	falla úr gildi 1. jan. 1999
			10 µg/kg	Mjólk	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
1.2.5. Amínóglýkosíð					
1.2.5.1. Spektínómysín	Spektínómysín	Nautgripir	5000 µg/kg	Nýra	
		Svín	2000 µg/kg	Lifur	
		Alifuglar	300 µg/kg	Vöðvi	
			500 µg/kg	Fita	
		Nautgripir	200 µg/kg	Mjólk	
1.2.5.2. Streptómýsín	Streptómýsín	Nautgripir, sauðfé, svín	1000 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2000
		Alifuglar	500 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	
		Nautgripir, sauðfé	200 µg/kg	Mjólk	
1.2.5.3. Díhýdróstreptómýsín	Díhýdróstreptómýsín	Nautgripir, sauðfé, svín	1000 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2000
		Alifuglar	500 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	
		Nautgripir, sauðfé	200 µg/kg	Mjólk	
1.2.5.4. Gentamísín	Gentamísín	Nautgripir, svín	1000 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 2000
			200 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Vöðvi, fita	
		Nautgripir	100 µg/kg	Mjólk	
1.2.5.5. Neómýsín (einnig framýsetín)	Neómýsín	Nautgripir, sauðfé, geitur	5000 µg/kg	Nýra	
		Svín, kjúklingar, kalkúnar, endur	500 µg/kg	Vöðvi, lifur, fita	
		Nautgripir, sauðfé, geitur	500 µg/kg	Mjólk	
		Kjúklingar	500 µg/kg	Egg	
1.2.5.6. Amínósídín	Amínósídín	Nautgripir, svín, kanínur	500 µg/kg	Vöðvi	
		Kjúklingar	1500 µg/kg	Lifur, nýra	
1.2.6. Kínólón					
1.2.6.2. Dekókínat	Dekókínat	Nautgripir, sauðfé	500 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 2000
1.2.6.3. Marbófloxasín	Marbófloxasín	Nautgripir	150 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýru	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1998.
			50 µg/kg	Fita	
			75 µg/kg	Mjólk	
		Svín	150 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýru	
			50 µg/kg	Fita, húð	
1.2.6.4. Flúmekvín	Flúmekvín	Nautgripir, sauðfé, svín, kjúklingar	50 µg/kg	Vöðvi, fita eða fita/húð	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 2000

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
			100 µg/kg	Lifur	
			300 µg/kg	Nýra	
		Laxfiskar	150 µg/kg	Vöðvi/roð	

1.2.7. Ansamýsín með naftalínhring

1.2.7.1. Rifaximín	Rifaximín	Nautgripir	60 µg/kg	Mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 1998

1.2.8. Fjölmyxín

1.2.8.1. Kólistín	Kólistín	Nautgripir, sauðfé, svín, kjúklingar og kanínur	200 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 2000
			150 µg/kg	Lifur, vöðvi, fita	
		Nautgripir, sauðfé	50 µg/kg	Mjólk	
		Kjúklingar	300 µg/kg	Egg	

1.2.8.* Tetrasýklín * (Þetta kemur á sama nr. og fjölmyxín, sbr. 17/97/EC, og þess vegna er þetta stjörnumerkt)

1.2.8.1.* Doxýsíklín	Summa móðurefnisins og 4-epímers þess.	Svín, alifuglar	600 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1998
			300 µg/kg	Lifur, húð/fita	
			100 µg/kg	Vöðvi	
		Nautgripir	600 µg/kg	Nýra	
			300 µg/kg	Lifur	
			100 µg/kg	Vöðvi	

1.2.9. Penisillín

1.2.9.1. Peneþamat	Bensýlpenisillín	Sauðfé	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1998
			4 µg/kg	Mjólk	
		Svín	50 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	

1.2.10. Beta-laktamasa-hemlar

1.2.10.1. Klavúlansýra	Klavúlansýra	Nautgripir, sauðfé, svín	200 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1999
		Nautgripir, sauðfé	200 µg/kg	Mjólk	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
2. Sníklalyf					
2.1. Innsníklalyf					
2.1.1. Bensimídasól- og pró-bensimídasól					
2.1.1.1. Febantel 2.1.1.2. Fenbendasól	Heildarmagn leifa oxfendasóls, oxfendasólsúlfóns og fenbendasóls	Allar tegundir sem nýttar eru til matar.	1000 µg/kg	Lifur	Bráðabirgða-MRL rennur út 1. júlí 1995. MRL tekur til allra leifa febantels, fenbendasóls og oxfendasóls.
			10 µg/kg	Vöðvi, nýra, fita Mjólk	
2.1.1.3. Oxfendasól	Heildarmagn leifa oxfendasóls oxfendasól-súlfons, þíabendasól og 5-hýdroxý-þíabendasól				
2.1.1.4. Albendasól	Til samans albendasól og umbrotsefni þess, mæld sem 2- amínó-bensímidasól-súlfon.	Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg	Vöðvi,fita, mjólk	Bráðabirgða MRL rennur út 1. jan. 1996
			500 µg/kg	Nýra	
			1000 µg/kg	Lifur	
2.1.1.5. Þíabendasól	Summa þíabensóls og 5-hýdroxí-þíabensól	Nautgripir, sauðfé, geitur	100 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1998
2.1.1.6. Tríklabendasól	Til samans þær leifar sem hægt er að draga út og oxa við ketó-tríbendasól	Nautgripir	150 µg/kg	Vöðvi,lifur, nýra	Bráðab. rennur út 1. júlí 1995
		Sauðfé	50 µg/kg	Fita	
2.1.1.7. Flúbendasól	Flúbendasól	Alifuglar	500 µg/kg	Lifur	Bráðab. rennur út 1. jan. 1996
		Villifuglar	200 µg/kg	Vöðvi	
			400 µg/kg	Egg	
		Svín	10 µg/kg	Vöðvi,lifur, nýra, fita	
2.1.1.8. Oxíbendasól	Oxíbendasól	Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg	Vöðvi,lifur, nýra, fita	
		Nautgripir, sauðfé	50 µg/kg	Mjólk	
		Svín, hófdýr	100 µg/kg	Vöðvi,lifur, nýra, fita	

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
2.1.1.9. Netóbimin	Summa netóbimins, albenda- sóls og umbrotsefni albendasóls mæld sem 2-amínó-bensímídasól-súlfon	Nautgripir, sauðfé, geitur	1000 µg/kg	Lifur	Bráðab. rennur út 31. júlí 1997
2.1.1.10. Albendasól-súlfoxíð	Summa albendasóls, albenda-sólsúlfoxíðs, albendasól-súlfons og albendasól-2-amínósúlfons, gefið upp sem albendasól	Nautgripir, sauðfé og fashani	1000 µg/kg 500 µg/kg 100 µg/kg	Lifur Nýra Vöðvi, fita	Bráðabirgða MRL fellur úr gildi 1. jan. 1998
		Nautgripir, sauðfé	100 µg/kg	Mjólk	

2.1.2. Tetra-hýdró-imídasól (imídasólþíasól)

2.1.2.1. Levamísól	Levamísól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	10 µg/kg	Vöðvi, lifur, nýra, fita, mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1995

2.2. Útsníklalyf

2.2.1. Formamídín

2.2.1.1. Amítras	Summan af amítras og umbrots-efnunum sem eru mæld sem 2.4-dímetýlanilín	Svín	50 µg/kg 200 µg/kg	Vöðvi Nýra, lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1996
	Summa amítrass og allra umbrotsefna sem innihalda 2.4-DMA-hlutann, gefið upp sem Amitras	Nautgripir	200 µg/kg 10 µg/kg	Lifur, nýra, fita Mjólk	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1998
		Sauðfé	400 µg/kg	Fita	
			200 µg/kg	Lifur, nýra	

2.2.2. Lífræn fosföt

2.2.2.1. Asameþífos	Asameþífos	Laxategundir	100 µg/kg	Vöðvi og roð í eðlilegum hlutföllum	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júní 1997

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði

2.2.3. Afleiða imínófenýl-þíasólídín

2.2.3.1. Sýmíasól	Sýmíasól	Hunangsflugur	1000 µg/kg	Hunang	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1999

2.3. Inn- og útsníklalyf

2.3.1. Avermektín

2.3.1.1. Moxidektín	Moxidektín	Nautgripir	1000 µg/kg	Fita	Bráðabirgða MRL rennur út
		Sauðfé	1000 µg/kg	Nýra, lifur	1. júlí 1997
2.3.1.6. Ívermektín	22,23-Díhýdró-avermektín B 1 a	Hjartardýr, þar með talin hreindýr	20 µg/kg	Vöðvi, nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1999
			100 µg/kg	Fita	
			50 µg/kg	Lifur	

3. Lyf sem hafa áhrif á taugakerfið

3.1. Lyf sem hafa áhrif á miðtaugakerfið

3.1.1. Róandi lyf sem innihalda bútýrófenón

3.1.1.1. Asaperón	Asaperól	Allar tegundir sem eru nýttar til matar	100 µg/kg	Nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1996
			50 µg/kg	Lifur, vöðvi, fita	

3.2. Lyf sem hafa áhrif á ósjálfráða taugakerfið

3.2.1. And-adrenvirk lyf

3.2.1.1. Karasólól	Karasólól	Allar tegundir sem nýttar eru til matar	30 µg/kg	Lifur	Bráðabirgða MRL renna út 1. júlí 1995
			5 µg/kg	Nýra, vöðvi, fita	

3.2.2. $ß_2$ aðrenhermandi lyf

3.2.2.1. Klenbúteról-hýdróklóríð	Klenbúteról	Nautgripir	0,5 µg/kg	Lifur, nýra	Bráðab.gildi falla 1. jan. 2000
			0,1 µg/kg	Vöðvi	Ábending: Einnig til hríðarstöðvunar fyrir kýr með kálfasótt.
			0,05 µg/kg	Mjólk	
		Hestar	0,5 µg/kg	Lifur, nýra	Bráðab.gildi falla 1. júlí 2000
			0,1 µg/kg	Vöðvi	Ábending: Hríðar-stöðvun og með-ferð við öndunar-sjúkdómum

Lyfjafræðilega virk efni	Leifamerki	Dýrategundir	MRL	Markvefur	Önnur ákvæði
4. Barksterar					
4.1. Sykursterar					
4.1.1. Dexametasón	Dexametasón	Nautgripir, svín, hófdýr	2,5 µg/kg	Lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. júlí 1997
			0,5 µg/kg	Vöðvi, nýra	
		Nautgripir	0,3 µg/kg	Mjólk	
5. Bólgueyðandi lyf					
5.1. Steralaus bólgueyðandi lyf					
5.1.1. Arýlprópíónsýra					
5.1.1.1. Vedaprófen	Vedaprófen	Hestar	100 µg/kg	Lifur	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 2000
			1000 µg/kg	Nýra	
			50 µg/kg	Vöðvi	
5.1.1.2. Karprófen	Karprófen	Nautgripir	1000 µg/kg	Lifur, nýra	Bráðabirgðagildi fyrir MRL falla úr gildi 1. jan. 1998
			500 µg/kg	Vöðvi, fita	
		Hestar	1000 µg/kg	Lifur, nýra	
			50 µg/kg	Vöðvi	
			100 µg/kg	Fita	

IV. VIÐAUKI

Skrá yfir lyfjafræðilega virk efni sem ekki er hægt að ákvarða hámarksmagn leifa fyrir.

1. Nítrófúran, nema fúrasólídón (sjá III. viðauka)
2. Rónidasól
3. Dapsón
4. Klóramfenikól
7. Kolsisín
8. Klórprómasín
9. Klóróform

V. VIÐAUKI (sbr. br. nr. 762/92/EBE)

Upplýsingar og gögn er fylgja skulu beiðni um ákvörðun á hámarksmagni leifa lyfjafræðilega virks efnis sem notað er í dýralyf.

Yfirlitsgögn

1 Nafn umsækjanda eða firmaheiti og lögheimili.
2 Heiti dýralyfsins.
3 Heiti og magn virkra efna í lyfinu ásamt alþjóðlegu samheiti sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur samþykkt, sé það til.
4 Framleiðsluleyfi, ef það hefur verið veitt.
5 Markaðsleyfi, ef það hefur verið veitt.
6 Samantekt á eiginleikum dýralyfsins (-lyfjanna), unnin í samræmi við 5. gr. a tilskipunar 81/851/EBE.
A. Upplýsingagögn um öryggi
A.0. Skýrsla sérfræðings
A.1. Nákvæm sannkenni efnisins sem umsóknin varðar,
1.1. Alþjóðlegt samheiti (INN).
1.2. Heiti samkvæmt International Union of Pure and Applied Chemistry (IUPAC).
1.3. Heiti samkvæmt Chemical Abstract Service (CAS).

1.4. Flokkun:
- lækningaleg,
- lyfjafræðileg.

1.5. Samheiti og skammstafanir.
1.6. Byggingarformúla.
1.7. Sameindaformúla.
1.8. Mólmassi.
1.9. Hreinleikastig.
1.10. Tegund og magn óhreininda.
1.11. Lýsing á eðlisfræðilegum eiginleikum:
- bræðslumark,
- suðumark,
- gufuþrýstingur,
- leysni í vatni og lífrænum leysiefnum, greint í g/l, ásamt hitastigi,
- þéttni,
- brotstuðull, snúningur o.s.frv.

A.2. Viðeigandi lyfjafræðilegar rannsóknir
2.1 Lyfjahvarfafræði.
2.2 Lyfhrifafræði.

A.3. Eiturefnafræðilegar rannsóknir
3.1 Eiturhrif eftir einn skammt.
3.2 Eiturhrif eftir endurtekna skammta.
3.3 Þol hjá dýrategund sem lyfið er ætlað.
3.4 Áhrif eitrunar á æxlun, þar með talinn vansköpun fósturs.
3.4.1 Rannsókn áhrifa á æxlun.
3.4.2 Eituráhrif á fósturvísi/fóstur, þar með talinn vanskapnaður.
3.5 Stökkbreytivaldar.
3.6 Krabbameinsvaldar.

A.4. Rannsóknir á öðrum verkunum
4.1 Eituráhrif á ónæmiskerfið.
4.2 Örverufræðileg áhrif lyfjaleifa:
4.2.1 á þarmaflóru manna;
4.2.2 á lífverur og örverur sem notaðar eru í matvælaframleiðslu.
4.3 Áhrif á menn.

B. Upplýsingagögn um lyfjaleifar
B.0. Skýrsla sérfræðings
B.1. Nákvæm sannkenni efnisins sem umsóknin varðar
Efni skal sannkennt í samræmi við atriði A.1. Þó skal, þegar umsóknin tekur til eins eða fleiri dýralyfja, tilgreina ítarlega sannkenni lyfsins sjálfs, þar með talið:
- Heiti efna og magn þeirra;
- hreinleiki;
- auðkenni framleiðslulotunnar sem notuð er við rannsóknirnar; tengsl hennar við fullunnið lyfið;
- eðlisvirkni og hreinleiki geislamerktra efna;
- staðsetning merktra frumeinda í sameindinni.

B.2. Rannsóknir á lyfjaleifum
2.1 Lyfjahvarfafræði (frásog, dreifing, umbrot, útskilnaður).
2.2 Brotthvarf lyfjaleifa.
2.3 Útreikningar og skýringar á hámarksmagni leifa (MRL).

B.3. Venjubundin greiningaraðferð við athugun á lyfjaleifum
3.1 Lýsing á aðferðinni.
3.2 Gilding aðferðarinnar.
3.2.1 sérhæfni;
3.2.2 nákvæmni, þar með talið næmi;
3.2.3 samkvæmni;
3.2.4 greiningarmörk;
3.2.5 magngreiningarmörk;
3.2.6 notagildi og notkunarsvið við venjuleg skilyrði á rannsóknarstofu;
3.2.7 næmi fyrir truflunum.

2. gr.

8. *Félagsmálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálanefnd fer með verkefni barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar, hefur umsjón með daggæslu í heimahúsum, hefur umsjón með framkvæmd barnaverndarlaga, laga um málefni fatlaðra og málefni aldraðra. Nefndin tilnefnir fulltrúa í þjónustuhóp aldraðra í heilsugæsluumdæminu, en þjónustuhópurinn sinnir jafnframt verkefnum öldrunarnefndar skv. lögum um málefni aldraðra. Auk verkefna sem félagsmálanefnd hefur með höndum skv. lögum getur hreppsnefnd falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum. Hreppsnefnd getur ákveðið að tilnefna í sameiginlega félagsmálanefnd með nágrannasveitarfélögum samkvæmt nánara samkomulagi sveitarfélaganna þar um. Heimilt er að undanskilja verkefni húsnæðisnefndar verkefnum sameiginlegrar félagsmálanefndar.
9. *Stjórn Uppsala.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin sér um rekstur heimilis fyrir aldrað fólk í samvinnu við Fáskrúðsfjarðarhrepp. Ásamt kjörnum fulltrúum Búðahrepps situr í stjórn Uppsala fulltrúi Fáskrúðsfjarðarhrepps og læknir er sjálfskipaður. Þá situr sveitarstjóri fundi með tillögurétt, en ekki atkvæðisrétti. Nefndin skal vera sveitarstjórn til ráðgjafar varðandi byggingu hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði.
10. *Skoðunarmenn hreppsreikninga.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.
11. *Búfjáreftirlitsmenn.* Einn eða fleiri skv. lögum um búfjárhald nr. 46/1991.

Auk þess skipar hreppsnefnd í eftirtalið:

12. *Almannavarnarnefnd.* Í samræmi við 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir kýs sveitarstjórn fulltrúa í almannavarnarnefnd. Sex fulltrúar eru skipaðir af sveitarstjórn Búðahrepps en einn fulltrúi er skipaður af Fáskrúðsfjarðarhreppi. Kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar.
13. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt lögum um Samband íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins. Kjörtímabil þeirra er hið sama og sveitarstjórnar.
14. *Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi.* Samkvæmt samþykktum fyrir Samband sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi kýs sveitarstjórn ár hvert aðal- og varafulltrúa á aðalfund sambandsins.
15. *Stjórn Sorpsamlags mið-Austurlands.* Samkvæmt samþykktum fyrir Sorpsamlag mið-Austurlands kýs sveitarstjórn árlega aðal- og varafulltrúa í stjórn samlagsins.
16. *Fulltrúaráð Héraðsskjalasafns Austfirðinga.* Samkvæmt stofnsamningi Héraðsskjalasafns Austfirðinga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð safnsins og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.
17. *Fulltrúaráð Skólaskrifstofu Austurlands.* Samkvæmt stofnsamningi Skólaskrifstofu Austurlands kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráðið og er kjörtímabil þeirra hið sama og sveitarstjórnar.

58. gr.

Aðrar nefndir Búðahrepps.

Sveitarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils sveitarstjórnarinnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Sveitarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

V. KAFLI
Um framkvæmdastjórn og starfslið sveitarfélagsins.

59. gr.
Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn getur ráðið sveitarstjóra. Gera skal skriflegan ráðningarsamning við sveitarstjórann þar sem meðal annars skal kveðið á um ráðningartíma hans, kaup og kjör. Ráðningarsamningur skal staðfestur af sveitarstjórn.

60. gr.
Starfssvið sveitarstjóra.

Sveitarstjóri undirbýr fundi byggðarráðs og sveitarstjórnar, semur dagskrá og boðar til funda. Hann á sæti á fundum sveitarstjórnarinnar og byggðarráðsins og hefur þar málfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn fulltrúi í byggðarráðið og sveitarstjórnina. Hann hefur og rétt til setu á fundum nefnda sveitarfélagsins með sömu réttindum.

Sveitarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana sveitarstjórnar og málefna sveitarfélagsins að svo miklu leyti sem sveitarstjórnin hefur ekki ákveðið annað.

Sveitarstjórinn er prókúruhafi sveitarsjóðs. Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki sveitarstjórnarinnar þarf til. Framvæmdastjóranum er heimilt með samþykki sveitarstjórnarinnar að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru.

Sveitarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs sveitarfélagsins.

Sveitarstjórinn ákveður hver gegna skuli störfum hans í forföllum hans.

61. gr.
Ráðningar.

Sveitarstjórn ræður starfsmenn í helstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu, svo sem yfirmenn stofnana og deilda sveitarfélagsins, og veitir þeim lausn frá störfum.

62. gr.
Ráðningar.

Byggðarráð ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 62. gr., nema á annan veg sé mælt í reglugerð eða reglum sem sveitarstjórn hefur sett.

63. gr.
Ráðningar.

Um ráðningu lausráðinna starfsmanna fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur. Um kaup og kjör fer eftir kjarasamningum viðkomandi stéttarfélaga.

64. gr.
Starfskjör, réttindi og skyldur.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og/eða ákvæðum ráðningarsamninga.

VI. KAFLI
Um fjármálastjórn sveitarfélagsins.

65. gr.
Um áætlanagerð.

Fyrir lok janúarmánaðar ár hvert skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir yfirstandandi ár að undangengnum tveimur umræðum í sveitarstjórn. Ef ekki tekst að afgreiða fjárhagsáætlun fyrir lok frestsins skal sækja skriflega um frest til félagsmálaráðuneytisins og tilgreina ástæður fyrir umsókninni.

Form fjárhagsáætlunar skal vera í samræmi við form ársreiknings. Í fjárhagsáætlun skal koma fram rekstrar- og framkvæmdaáætlun, áætlun um efnahag í upphafi og lok árs, auk áætlaðra fjármagnshreyfinga.

Við afgreiðslu fjárhagsáætlunar tekur sveitarstjórn ákvarðanir um nýtingu tekjustofna sveitarsjóðs og tekjuöflun, um öflun lánsfjár ef um það er að ræða og um ráðstöfun fjármuna á fjárhagsárinu bæði til rekstrar og eignabreytinga. Þá skal við gerð fjárhagsáætlunar hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs í byrjun fjárhagsársins.

Sveitarstjórnin skal árlega gæta þess svo sem kostur er að heildarútgjöld sveitarfélagsins, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess.

66. gr.

Um fjárveitingar og útgreiðslur.

Fjárhagsáætlun skv. 65. gr. skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarfélagsins á fjárhagsárinu og ekki má stofna til útgjalda eða greiða fé úr sveitarsjóði, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun, útgjöldin séu lögbundin, samningsbundin eða samþykkt af sveitarstjórninni.

Samþykki sveitarstjórn fjárveitingu eða útgjöld utan fjárhagsáætlunar skal hún jafnframt taka ákvörðun um hvernig afla skuli fjár til þeirra útgjalda, svo sem með lækkun annarra útgjalda, auknum tekjum eða lánsfé. Samþykki slíkrar fjárveitingar telst breyting á fjárhagsáætluninni.

67. gr.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar.

Hafi forsendur fyrir gerð fjárhagsáætlunar breyst er sveitarstjórn heimilt að endurskoða fjárhagsáætlunina. Slíkar breytingar afgreiðir sveitarstjórn við eina umræðu á sveitarstjórnarfundi, enda hafi breytingartillögurnar verið sendar öllum fulltrúum í sveitarstjórn með dagskrá viðkomandi sveitarstjórnarfundar.

68. gr.

Þriggja ára áætlun.

Til viðbótar árlegri fjárhagsáætlun skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins. Þessi þriggja ára áætlun skal vera rammi um árlegar fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins. Skal hún unnin og afgreidd af sveitarstjórn innan eins mánaðar frá afgreiðslu árlegrar fjárhagsáætlunar.

69. gr.

Skil á ársreikningi.

Strax að lokinni afgreiðslu sveitarstjórnarinnar skal senda félagsmálaráðuneytinu fjárhagsáætlun skv. 65. gr. og þriggja ára áætlun skv. 68. gr. Sama á við um endurskoðaða áætlun eða breytta skv. 67. gr.

70. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður, endurskoðaður og tilbúinn til afgreiðslu í sveitarstjórn fyrir lok aprílmánaðar.

Sveitarstjórnin skal taka til umfjöllunar og afgreiðslu álit, greinargerðir og tillögur endurskoðanda og skoðunarmanna.

Sveitarstjórn skal hafa lokið fullnaðarafgreiðslu ársreikninga sveitarsjóðs, stofnana sveitarfélagsins og fyrirtækja þess eigi síðar en 1. júní ár hvert. Sveitarstjórnarmenn og sveitarstjóri skulu árita ársreikninginn.

Eintak af ársreikningnum skal senda félagsmálaráðuneytinu og Hagstofu Íslands fyrir 15. júní ár hvert ásamt greinargerð endurskoðanda og skoðunarmanna.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Búðahrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um stjórn og fundarsköp Búðahrepps nr. 468/1990, sbr. samþykkt nr. 502/1998.

Félagsmálaráðuneytinu, 24. febrúar 1999.

F. h. r.
Sigríður Lillý Baldursdóttir.

Sesselja Árnadóttir.

Nr. 150 5. mars 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 236/1990, um flokkun, merkingu og meðferð eiturefna, hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 2. gr. reglugerðarinnar:

a. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, 2. mgr. og 3. mgr., sem orðast svo:
   2.2 Með efni er í reglugerð þessari átt við frumefni og efnasambönd þeirra, náttúruleg eða framleidd, þar með talin öll aukaefni sem nauðsynleg eru til að viðhalda stöðugleika efnanna svo og óhreinindi sem stafa af vinnslu efnisins. Leysiefni sem hægt er að skilja frá, án þess að það hafi áhrif á stöðugleika efnisins eða breyti samsetningu þess, telst ekki hluti af efninu.
   2.3 Með efnablöndu er í reglugerð þessari átt við blöndur eða lausnir sem samsettar eru úr tveimur eða fleiri efnum.
b. 2. mgr. verður 4. mgr.
c. 3. mgr. verður 5. mgr.

2. gr.

Við 4. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar, 2. mgr. og 3. mgr., sem orðast svo:

4.2 Rannsóknir á þeim áhrifum og eiginleikum efna sem reglugerð þessi fjallar um skulu að öllu jöfnu framkvæmdar samkvæmt þeim prófunaraðferðum sem vísað er til í fylgiskjali 8.

4.3 Ef til eru niðurstöður úr rannsóknum sem framkvæmdar hafa verið samkvæmt öðrum aðferðum skal í hverju tilviki fyrir sig meta þörfina á að endurtaka þær rannsóknir. Leitast skal við að takmarka tilraunir á hryggdýrum. Rannsóknir skulu framkvæmdar samkvæmt reglugerð um góðar starfsvenjur við rannsóknir.

3. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 9. gr. reglugerðarinnar:

a. Við bætist ný málsgrein sem orðast svo:
   9.3 Umbúðir skulu hvorki þannig myndskreyttar né svo lagaðar að líklegt sé að þær veki forvitni barna.
b. 3. mgr. verður 4. mgr.

4. gr.

Eftirtaldar breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:

a. 2. tl. 1. mgr. orðast svo:
   2. Nafn, heimilisfang og sími framleiðanda, innflytjanda eða umboðsaðila á Evrópska efnahagssvæðinu.

b. 3. tl. 1. mgr. orðast svo:
   3. Magn efnavöru (þyngd eða rúmmál) ef hún er ætluð á almennan markað.

c. Við 1. mgr. bætist nýr töluliður, 10. tl., sem orðast svo:
   10. Á umbúðum efna, sbr. 2. mgr. 2. gr., skal standa EB-númer efnisins, ef það liggur fyrir, sbr. fylgiskjal 1. Umbúðir efna skulu einnig merktar með áletruninni „EB-merkimiði".

d. Við bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðast svo:
   12.2 Á umbúðir eiturefna og hættulegra efna og vörutegunda sem innihalda slík efni er óheimilt að nota orðalag sem gefur til kynna að varan skaði ekki heilsu eða umhverfi, t.a.m. orðin hættulaust, vistvænt, umhverfisvænt o. s. frv.

5. gr.

17. gr. orðast svo:

17.1 Þær upplýsingar sem eiga að koma fram, sbr. 12. gr., skulu vera á umbúðunum sjálfum eða á merkimiða sem er tryggilega festur á umbúðirnar. Texti skal vera með greinilegu letri, á áberandi stað, auðlesinn og aðskilinn frá öðrum upplýsingum eða myndskreytingum á umbúðum. Litur og hönnun merkimiða og umbúða skulu vera þannig að varnaðarmerki og appelsínugulur bakgrunnur þess skeri sig greinilega úr.

17.2 Upplýsingum sem krafa er gerð um í 12. gr., skal ætla a.m.k. eftirfarandi rými á merkimiða eða á umbúðunum sjálfum:

Rými	Umbúðastærð
52 x 74 mm (A8)	3 lítrar eða minni
74 x 105 mm (A7)	stærri en 3 lítrar og minni eða jöfn 50 lítrum
105 x 148 mm (A6)	stærri en 50 lítrar og minni eða jöfn 500 lítrum
148 x 210 mm (A5)	stærri en 500 lítrar

Rými þetta má einungis nota fyrir upplýsingar sem gerð er krafa um í 12. gr., og ef þörf er á, aðrar nauðsynlegar öryggisupplýsingar að undanskyldum notkunarleiðbeiningum.

17.3 Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda bæði um merkingu ytri og innri umbúða, sbr. þó 24. gr. Allur merkimiðinn verður að vera festur á umbúðir vörunnar og þannig að hægt sé að lesa textann lárétt þegar þær eru settar niður á eðlilegan hátt.

6. gr.

Við 20. gr. bætist ný málsgrein, 2. mgr., sem orðast svo:

20.2 Óheimilt er að auglýsa eða kynna eiturefni og hættuleg efni, sbr. 2. mgr. 2. gr., nema hættuflokkun efnis sé tilgreind.

7. gr.

Við reglugerðina bætist nýtt fylgiskjal, fylgiskjal 8, Prófunaraðferðir, sem birt er í I. viðauka við reglugerð þessa.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum 1. og 10. tl., XV. kafla, II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, eins og henni var breytt með tilskipunum 92/32/EBE, 92/69/EBE og 96/56/EB, svo og tilskipun 88/379/EBE um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi flokkun, pökkun og merkingu á hættulegum efnablöndum).

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir umbúðir sem þegar eru í notkun er veittur frestur til 1. janúar 2001 til að uppfylla kröfur a., b. og c. 4. gr. reglugerðar þessarar.

Umhverfisráðuneytinu, 5. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

I. VIÐAUKI

Fylgiskjal 8.

Prófunaraðferðir.

Þar sem í reglugerð þessari er vísað til rannsókna á þeim áhrifum og eiginleikum efna sem reglugerðin fjallar um skal nota þær prófunaraðferðir sem tilgreindar eru í V. viðauka við tilskipun 67/548/EBE um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna, eins og henni var breytt með tilskipun 92/69/EBE[1] og 1. gr. 4. tl. tilskipunar 93/21/EBE[2].

[1] Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa 1999.

[2] Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, sérstök útgáfa: Bók 3, bls. 426-427.

REGLUGERÐ

um álagningu spilliefnagjalds.

1. gr.

Gjaldskyldar vörur og undanþágur.

Sé gjaldstofn spilliefnagjalds ekki ákveðinn miðað við stykkjatölu miðast hann við tiltekna fjárhæð fyrir hvert kílógramm gjaldskyldrar vöru ásamt umbúðum. Ef um er að ræða margnota umbúðir, sem notaðar eru til flutnings umræddra vara og ekki eru smásöluumbúðir, skal þyngd þeirra ekki reiknuð með við ákvörðun gjaldstofns.

Vörur og völuflokkar sem ekki er fjallað um í reglugerð þessari eru undanþegin spilliefnagjaldi.

Umhverfisráðherra sker úr um ágreining um gjaldskyldu spilliefna.

2. gr.

Innfluttar vörur.

Öllum þeim sem flytja inn til landsins vörur sem geta orðið að spilliefnum og tilgreindar eru í reglugerð þessari ber skylda til að greiða spilliefnagjald sem innheimt skal ásamt aðflutningsgjöldum.

Spilliefnagjaldinu skal ráðstafað jafnskjótt og við verður komið til spilliefnanefndar.

3. gr.

Innlend framleiðsla.

Þeim sem framleiða hér á landi vörur sem geta orðið að spilliefnum og tilgreindar eru í reglugerð þessari ber skylda til að greiða spilliefnagjald af framleiðslu sinni og standa skil á því til spilliefnanefndar. Hafi spilliefnagjald verið greitt af hráefni til innlendrar framleiðslu þá er sú upphæð frádráttarbær við gjaldskyldu á innlendri framleiðslu.

4. gr.

Endurgreiðsla spilliefnanefndar.

Skilyrði fyrir greiðslu spilliefnanefndar vegna spilliefna er framvísun útflutnings- eða eyðingarvottorða frá móttökustöð sem meðhöndlar eða fargar spilliefnum og hefur gilt starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

5. gr.

Spilliefnagjald skal leggja á neðangreinda völuflokka:

a. Olíuvörur.
   Um gjaldtöku og flokkun á olíuvörum eftir tollskrárnúmerum gilda ákvæði Viðauka I.
b. Lífræn leysiefni.
   Um gjaldtöku og flokkun lífrænna leysiefna eftir tollskrárnúmerum gilda ákvæði Viðauka II.
c. Halógeneruð efnasambönd.
   Um gjaldtöku og flokkun á halógeneruðum efnasamböndum eftir tollskrárnúmerum gilda ákvæði Viðauka III.
d. Ísócýanöt.
   Um gjaldtöku og flokkun á ísócýanötum eftir tollskrárnúmerum gilda ákvæði Viðauka IV.
e. Málning.
   Um gjaldtöku og flokkun málningar eftir tollskrárnúmerum gilda ákvæði Viðauka V.

f. Rafhlöður.
Um gjaldtöku og flokkun á rafhlöðum eftir tollskrárnúmerum og tækjum eða búnaði sem í eru eða fylgja rafhlöður, gilda ákvæði Viðauka VI.

g. Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði.
Um gjaldtöku og flokkun kemískra vara eftir tollskrárnúmerum fyrir ljósmynda- og prentiðnað gilda ákvæði Viðauka VII.

h. Rafgeymar.
Um gjaldtöku og flokkun rafgeyma eftir tollnúmerum gilda ákvæði Viðauka VIII.

i. Varnarefni.
Um gjaldtöku og flokkun á varnarefnum eftir tollskrárnúmerum gilda ákvæði Viðauka IX.

6. gr.
Viðurlög.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varðar refsingu samkvæmt 11. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald.

7. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga nr. 56/1996 um spilliefnagjald og öðlast gildi 15. mars 1999 og tekur til allra vara sem þá eru ótollafgreiddar. Með reglugerð þessari fellur úr gildi reglugerð nr. 158/1997 um álagningu spilliefnagjalds með síðari breytingum.

Umhverfisráðuneytinu, 1. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

VIÐAUKI I

Olíuvörur sem geta orðið að spilliefnum.

Á olíuvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald.
Úr 27. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2710	**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar:**	
	– Smurolíur, aðrar þykkar olíur og blöndur:	
2710.0081	– – Smurolía og smurfeiti	10,00 kr/kg
2710.0082	– – Ryðvarnarolía	10,00 kr/kg
2710.0089	– – Aðrar	10,00 kr/kg

Úr 3811	**Efni til varnar vélabanki, oxunartálmi, harpixtálmi, smurbætiefni, tæringarvarnaefni og önnur tilbúin íblöndunarefni, fyrir jarðolíur (þar með talið bensín) eða fyrir aðra vökva sem notaðir eru í sama tilgangi og jarðolía:**	
	– Efni til varnar vélabanki:	
3811.1100	– – Að stofni til úr blýsamböndum	10,00 kr/kg
3811.1900	– – Önnur	10,00 kr/kg
	– Íblöndunarefni fyrir smurolíur:	
3811.2100	– – Sem innihalda jarðolíur eða olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum	10,00 kr/kg
3811.2900	– – Önnur	10,00 kr/kg
3811.9000	– Annað	10,00 kr/kg

VIÐAUKI II

Lífræn leysiefni sem geta orðið að spilliefnum.

Á lífræn leysiefni sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald.
Úr 27., 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

2707	**Olíur og aðrar vörur framleiddar með eimingu úr háhita koltjöru; áþekkar vörur þar sem þungi arómatískra efnisþátta er meiri en óarómatískra efnisþátta:**	
2707.1000	– Bensól	1,50 kr/kg
2707.2000	– Tólúól	1,50 kr/kg
2707.3000	– Xýlól	1,50 kr/kg
2707.4000	– Naftalín	1,50 kr/kg
2707.5000	– Aðrar arómatískar kolvatnsblöndur sem 65% eða meira miðað við rúmmál (að meðtöldu tapi) eimast við 250°C með ASTM D-86-aðferðinni	1,50 kr/kg
2707.6000	– Fenól	1,50 kr/kg
	– Annað:	
2707.9100	– – Kreósótolíur	1,50 kr/kg
2707.9900	– – Annars	1,50 kr/kg

Úr 2710	**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar:**	
	– Aðrar þunnar olíur og blöndur:	
2710.0031	– – Lakkbensín (white spirit)	1,50 kr/kg
Úr 2901	**Raðtengd kolvatnsefni:**	
2901.1000	– Mettuð	1,50 kr/kg
	– Ómettuð:	
2901.2100	– – Etylen	1,50 kr/kg
2901.2200	– – Própen (própylen)	1,50 kr/kg
	– – Önnur:	
2901.2909	– – – Annars	1,50 kr/kg
Úr 2902	**Hringlaga kolvatnsefni:**	
	– Cyclan, cyclen og cyclóterpen:	
2902.1100	– – Cyclóhexan	1,50 kr/kg
2902.1900	– – Önnur	1,50 kr/kg
2902.2000	– Bensen (bensól)	1,50 kr/kg
2902.3000	– Tólúen	1,50 kr/kg
	– Xylen:	
2902.4400	– – Blönduð myndbrigði xylen	1,50 kr/kg
2902.5000	– Styren	1,50 kr/kg
2902.9000	– Önnur	1,50 kr/kg
2912	**Aldehyð, einnig með annarri súrefnisvirkni; hringliða fjölliður aldehyða; paraformaldehyð:**	
	– Raðtengd aldehyð án annarrar súrefnisvirkni:	
2912.1100	– – Metanal (formaldehyð)	1,50 kr/kg
2912.1200	– – Etanal (asetaldehyð)	1,50 kr/kg
2912.1300	– – Bútanal (bútyraldehyð, venjuleg myndbrigði)	1,50 kr/kg
2912.1900	– – Önnur	1,50 kr/kg
	– Hringliða aldehyð án annarrar súrefnisvirkni:	
2912.2100	– – Bensaldehyð	1,50 kr/kg
2912.2900	– – Önnur	1,50 kr/kg
2912.3000	– Aldehyðalkóhól	1,50 kr/kg
	– Aldehyðeterar, aldehyðfenól og aldehyð með annarri súrefnisvirkni:	
2912.4100	– – Vanillín (4-hydroxy-3-metoxybensaldehyð)	1,50 kr/kg
2912.4200	– – Etylvanillín (3-etoxy-4-hydroxybensaldehyð)	1,50 kr/kg
2912.4900	– – Annað	1,50 kr/kg
2912.5000	– Hringliða fjölliður aldehyða	1,50 kr/kg
2912.6000	– Paraformaldehyð	1,50 kr/kg

Úr 3814	**Lífræn samsett upplausnarefni og þynnar, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:**	
3814.0001	– Þynnar	1,50 kr/kg
3814.0009	– Annað	1,50 kr/kg

VIÐAUKI III
Halógeneruð efnasambönd.

Á halógeneruð efnasambönd sem flokkast undir eftirtalin tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald.
Úr 29. og 38. kafla tollskrárinnar:

Úr 2903	**Halógenafleiður kolvatnsefna:**	
	– Mettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.1100	– – Klórmetan (metylklóríð) og klóretan (etylklóríð)	22 kr/kg
2903.1200	– – Díklórmetan (metylenklóríð)	22 kr/kg
2903.1300	– – Klóróform (tríklórmetan)	22 kr/kg
	– – Aðrar:	
2903.1909	– – – Annars	22 kr/kg
	– Ómettaðar klórafleiður raðtengdra kolvatnsefna:	
2903.2200	– – Tríklóretylen	22 kr/kg
2903.2300	– – Tetraklóretylen (perklóretylen)	22 kr/kg
2903.2900	– – Önnur	22 kr/kg

Úr 3814	**Lífræn samsett upplausnarefni og þynnar, ót.a.; unnir málningar- eða lakkeyðar:**	
3814.0002	– Málningar- eða lakkeyðar	22 kr/kg

VIÐAUKI IV
Ísócýanöt sem geta orðið að spilliefnum.

Á ísócýanöt sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald.

Úr 29. kafla tollskrárinnar:

2929	**Sambönd með annarri köfnunarefnisvirkni:**	
2929.1000	– Ísócyanöt	1,00 kr/kg
2929.9000	– Annað	1,00 kr/kg

VIÐAUKI V
Málning sem getur orðið að spilliefni.

Á málningarvörur sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald.

Úr 32. kafla tollskrárinnar:

3205	3205.0000		
		Litlögur (colour lakes); framleiðsla, sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla, að meginstofni úr litlegi	
3208		**Málning og lökk (þar með talin smeltlökk og lakkmálning) að meginstofni úr syntetískum fjölliðum (polymers) eða kemískt umbreyttum náttúrulegum fjölliðum, dreifðum eða uppleystum í vatnssnauðum miðli; lausnir skýrgreindar í 4. athugasemd við þennan kafla:**	
		– Að meginstofni úr pólyesterum:	
	3208.1001	–– Með litunarefnum	6,00 kr/kg
	3208.1002	–– Án litunarefna	6,00 kr/kg
	3208.1003	–– Viðarvörn	6,00 kr/kg
	3208.1004	–– Alkyð- og olíumálning, með eða án litunarefna	6,00 kr/kg
	3208.1009	–– Annað	6,00 kr/kg
		– Að meginstofni úr akryl- eða vinylfjölliðum:	
	3208.2001	–– Með litunarefnum	6,00 kr/kg
	3208.2002	–– Án litunarefna	6,00 kr/kg
	3208.2009	–– Annað	6,00 kr/kg
		– Annað:	
	3208.9001	–– Með litunarefnum (t.d. epoxíð, pólyúretan, klór-gúm, sellulósi o.fl.)	6,00 kr/kg
	3208.9002	–– Án litunarefna	6,00 kr/kg
	3208.9003	–– Upplausnir sem skýrgreindar eru í 4. athugasemd við þennan kafla	6,00 kr/kg
	3208.9009	–– Annars	6,00 kr/kg
3210		**Önnur málning og lökk (þar með talin smeltlökk, lakkmálning og límmálning, (distemper)); unnir vatnsdreifulitir notaðir við lokavinnslu á leðri:**	
		– Málning og lökk:	
	3210.0011	–– Blakkfernis, asfalt- og tjörumálning	6,00 kr/kg
	3210.0012	–– Önnur málning og lökk, (t.d. epoxy- eða pólyúretan-lökk o.fl.), með eða án leysiefna, einnig í samstæðum með herði	
	3210.0019	–– Annað	6,00 kr/kg
		– Annað:	
	3210.0021	–– Bæs	6,00 kr/kg
	3210.0029	–– Annars	6,00 kr/kg
3211	3211.0000	Unnin þurrkefni	6,00 kr/kg
3212		**Dreifulitir (þar með talið málmduft og málmflögur) dreifir í vatnssnauðum miðli, fljótandi eða sem deig, notað til framleiðslu á málningu (þar með talið smeltlakk); prentþynnur; leysilitir og önnur litunarefni í þeirri mynd eða umbúðum sem ætlað er til smásölu:**	
	3212.1000	– Prentþynnur	6,00 kr/kg
		– Annað:	
	3212.9001	–– Áldeig	6,00 kr/kg
	3212.9009	–– Annars	6,00 kr/kg

3213		**Litir til listmálunar, kennslu, skiltagerðar, blæbrigða, dægradvalar og þess háttar, í töflum, skálpum, krukkum, flöskum, skálum eða í áþekkri mynd eða umbúðum:**	
	3213.1000	– Litir í samstæðum	6,00 kr/kg
	3213.9000	– Aðrir	6,00 kr/kg
Úr 3214		**Gluggakítti, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kítti; spartl; óeldföst efni til yfirborðslagningar á byggingar eða innanhúss á veggi, gólf, loft eða þess háttar:**	
		– Gluggakítti, ágræðslukvoða, resínsement, þéttiefni og annað kítti; spartl:	
	3214.1001	– – Innsiglislakk	6,00 kr/kg
	3214.1002	– – Kítti	6,00 kr/kg
	3214.1003	– – Önnur þéttiefni	6,00 kr/kg
3215		**Prentlitir, rit- eða teikniblek og annað blek, einnig kjarnað eða í föstu formi:**	
		– Prentlitir:	
	3215.1100	– – Svartir	6,00 kr/kg
	3215.1900	– – Aðrir	6,00 kr/kg
	3215.9000	– Annað	6,00 kr/kg

VIÐAUKI VI
Rafhlöður sem geta orðið að spilliefnum.

Spilliefnagjald skal lagt á einnota og endurhlaðanlegar rafhlöður hvort sem þær eru fluttar inn stakar eða sem hluti af rafföngum sem innihalda orkugjafa.

Rafhlöður sem innihalda meira en 0,025% kvikasilfurs eða kadmíums flokkast sem spilliefni að notkun lokinni og er um eftirfarandi gerðir að ræða:

Rafhlöðugerð	Kvikasilfurinnihald
Kvikasilfuroxíð	30%
Loft-sink	1%
Silfuroxíð	1%
Alkalískar hnapparafhlöður - Aðrar alkalískar rafhlöður eru lausar við kvikasilfur	0,4%
Nikkelkadmíum rafhlöður flokkast undir spilliefni.	0,2%

Aðrar rafhlöður en tilgreindar eru í töflu I eru ekki spilliefni. Við tollafgreiðslu ber innflytjanda að tilgreina á þar til gerðan reit í tollskýrslu, sbr. leiðbeiningar ríkistollstjóraembættisins þar um, ef varan er ekki spilliefni og því ekki spilliefnagjaldsskyld.

Spilliefnagjald skal reikna sem tiltekna fjárhæð á hvert kílógramm (eða hluta úr kílógrammi) rafhlaðna.

Úr 85. kafla tollskrárinnar:

Úr 8506	**Frumrafhlöð og frumrafhlöður:**	
8506.3000	– Kvikasilfuroxíð	186,00 kr/kg
8506.4000	– Silfuroxíð	186,00 kr/kg
8506.6000	– Loft-sink	186,00 kr/kg
	– Annað:	
8506.8001	–– Alkalískar hnapparafhlöður	186,00 kr/kg
Úr 8507	**Rafgeymar, þar með taldar skiljur til þeirra, einnig rétthyrndir (þar með taldar ferningslaga):**	
	– Nikkilkadmíum:	
8507.3001	–– Rafgeymar, sem eru 1,2 V einingar í loftþéttum hylkjum, einnig rafgeymar, samsettir úr tveimur eða fleiri slíkum einingum	186,00 kr/kg
8507.3009	–– Aðrir	186,00 kr/kg
Úr 8543	**Rafmagnsvélar og -tækjabúnaður, til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**	
8543.4000	– Orkugjafar fyrir rafmagnsgirðingar	186,00 kr/kg
Úr 8548	**Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar; rafmagnshlutar til vélbúnaðar eða tækjabúnaðar, ót.a. í þessum kafla:**	
8548.1000	– Frumrafhlöð, frumrafhlöður og rafgeymar, sem úrgangur og rusl; notuð frumrafhlöð, notaðar frumrafhlöður og notaðir rafgeymar	186,00 kr/kg

VIÐAUKI VII

Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði.

Á kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald.

Úr 37. kafla tollskrárinnar.

Úr 3707	**Kemísk framleiðsla til ljósmyndunar (þó ekki lökk, lím, heftiefni og áþekk framleiðsla); óblandaðar vörur til ljósmyndunar í afmældum skömmtum eða smásöluumbúðum tilbúnar til notkunar:**	
	– Annað:	
	–– Annars:	
	––– Upplausnir:	
3707.9020	–––– Notaðar án þynningar með vatni	32,25 kr/kg
	–––– Þynntar með vatni fyrir notkun:	
3707.9031	––––– Í rúmmálshlutföllum minna en 1:2 (einn hluti kemísks efnis, minna en tveir hlutar vatns)	53,75 kr/kg
3707.9032	––––– Í rúmmálshlutföllum 1:2 og minna en 1:3 (einn hluti kemísks efnis, minna en þrír hlutar vatns)	107,50 kr/kg
3707.9033	––––– Í rúmmálshlutföllum 1:3 og minna en 1:4 (einn hluti kemísks efnis, minna en fjórir hlutar vatns)	129,00 kr/kg
3707.9034	––––– Í rúmmálshlutföllum 1:4 og minna en 1:5 (einn hluti kemísks efnis, minna en fimm hlutar vatns)	172,00 kr/kg
3707.9035	––––– Í rúmmálshlutföllum 1:5 eða meira (einn hluti kemísks efnis, fimm hlutar vatns eða meira)	258,00 kr/kg
3707.9090	––––– Annað:	258,00 kr/kg

VIÐAUKI VIII

Rafgeymar.

Spilliefnagjald skal reiknað með tvennum hætti, annars vegar sem tiltekin fjárhæð á hvert stykki þeirra vara sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer (stykkjagjald), sbr. dálk A, en hins vegar fyrir hvert kílógramm rafgeymis sem er sérinnfluttur eða sem hluti vöru sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer (magngjald), sbr. dálk B:

Úr 84. kafla tollskrárinnar

			A Kr/stk	B Kr/kg
8426		**Skipabómur, kranar, þar með taldir kapalkranar; hreyfanlegar lyftigrindur, klofberar og kranabúnir vinnuvagnar:**		
		– Brautarkranar í loft, flutningakranar, gálgakranar, brúarkranar, hreyfanlegir lyftikranar og klofberar:		
	8426.1100	-- Brautarkranar í loft á fastri undirstöðu		26,00
		-- Hreyfanlegar lyftigrindur á hjólum með hjólbörðum og klofberar:		
	8426.1201	--- Klofberar	2.288	
	8426.1209	--- Annað	1.144	
	8426.1900	-- Annað	2.288	
	8426.2000	– Turnkranar		26,00
	8426.3000	– Bómukranar á súlufótum		26,00
		– Annar vélbúnaður, sjálfknúinn:		
		-- Á hjólum með hjólbörðum:		
	8426.4101	--- Vinnuvagnar búnir krana	858	
	8426.4102	--- Vinnuvélar búnar framlengjanlegri fastri lyftibómu fyrir útskiptanlegan vökvaknúinn búnað eins og gaffla, skóflur, griptæki o.þ.h.	858	
	8426.4109	--- Annar	1.144	
	8426.4900	-- Annars	1.144	
8427		**Gaffallyftarar; aðrir vinnuvagnar með búnaði til lyftingar eða meðhöndlunar:**		
	8427.1000	– Sjálfknúnir vagnar knúnir rafhreyfli		26,00
	8427.2000	– Aðrir sjálfknúnir vagnar	858	
8429		**Jarðýtur, vegheflar, jöfnunarvélar, skafarar, vélskóflur, gröfur, ámokstursvélar, vélþjöppur og valtarar, sjálfknúið:**		
		– Jarðýtur:		
	8429.1100	-- Á beltum	2.288	
	8429.1900	-- Aðrar	2.288	

		A Kr/stk	B Kr/kg
	– Vegheflar og jöfnunarvélar:		
8429.2001	-- Vegheflar	2.288	
8429.2009	-- Annað	2.288	
8429.3000	– Skafarar	2.288	
8429.4000	– Vélþjöppur og valtarar	1.144	
	– Vélskóflur, gröfur og ámokstursvélar:		
8429.5100	-- Framenda ámokstursvélar	2.288	
8429.5200	-- Vélbúnaður með yfirbyggingu sem snúist getur 360°	2.288	
8429.5900	-- Aðrar	2.288	
8430	**Annar vélbúnaður til að færa, hefla, jafna, skafa, grafa, þjappa, binda, vinna eða bora í mold, steinefni eða málmgrýti; fallhamrar og stauratogarar; snjóplógar og snjóblásarar:**		
8430.1000	– Fallhamrar og stauratogarar	2.288	
	– Kola- eða bergskerar og gangnagerðarvélar:		
8430.3100	-- Sjálfknúið	2.288	
8430.3900	-- Annað	2.288	
	– Aðrar bor- eða brunnavélar:		
8430.4100	-- Sjálfknúnar	1.144	
8430.4900	-- Annars	1.144	
8430.5000	– Annar vélbúnaður, sjálfknúinn	2.288	
	– Annar vélbúnaður, ekki sjálfknúinn:		
	-- Annars:		
8430.6909	--- Annar		26,00
8479	**Vélar og vélræn tæki til sérstakra nota, ót.a. í þessum kafla:**		
8479.1000	– Vélbúnaður til opinberra verklegra framkvæmda, mannvirkjagerðar o.þ.h.		26,00
Úr 85. kafla tollskrárinnar			
Úr 8504	**Rafmagnsspennar, stöðustraumbreytar (t.d. afriðlar) og spankefli:**		
	– Aðrir spennar:		
8504.3100	-- 1 kVA eða minni		26,00
8504.3200	-- Stærri en 1 kVA til og með 16 kVA		26,00
8504.3300	-- Stærri en 16 kVA til og með 500 kVA		26,00
8507.1001	-- Með sýru		26,00
8507.1009	-- Án sýru		36,40
	– Aðrir blýsýrugeymar:		
8507.2001	-- Með sýru		26,00
8507.2009	-- Án sýru		36,40
	– Aðrir geymar:		
8507.8001	-- Með sýru		26,00
8507.8009	-- Án sýru		36,40
8507.9000	– Hlutar		36,40

Úr 87. kafla tollskrárinnar			A Kr/stk	B Kr/kg
8701		**Dráttarvélar (þó ekki dráttarvélar í nr. 8709):**		
	8701.1000	– Dráttarvélar stjórnað af gangandi	143	
		– Dráttarbifreiðar fyrir festivagna:		
	8701.2001	-- Nýjar	2.288	
	8701.2009	-- Notaðar	2.288	
	8701.3000	– Beltadráttarvélar	858	
	8701.9000	– Aðrar	858	
8702		**Vélknúin ökutæki til flutnings á tíu manns eða fleiri að meðtöldum ökumanni:**		
		– Með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálfdísil):		
		-- Fyrir 10-17 manns, að meðtöldum ökumanni:		
	8702.1011	--- Ný	1.144	
	8702.1019	--- Notuð	1.144	
		-- Önnur:		
	8702.1021	--- Ný	2.288	
	8702.1029	--- Notuð	2.288	
		– Önnur:		
	8702.9010	-- Rafknúin		26,00
		-- Fyrir 10-17 manns, að meðtöldum ökumanni:		
	8702.9021	--- Ný	572	
	8702.9029	--- Notuð	572	
		-- Önnur:		
	8702.9091	--- Ný	572	
	8702.9099	--- Notuð	572	
8703		**Bifreiðar og önnur vélknúin ökutæki aðallega gerð til mannflutninga (þó ekki ökutæki í nr. 8702), þar með taldir skutbílar og kappakstursbílar:**		
		– Ökutæki sérstaklega gerð til aksturs í snjó; golfbifreiðar og áþekk ökutæki:		
		-- Á beltum:		
	8703.1010	--- Rafknúin		26,00
		--- Vélsleðar (beltabifhjól):		
	8703.1021	---- Nýir	143	
	8703.1029	---- Notaðir	143	
		--- Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:		
	8703.1031	---- Með 1600 cm^3 sprengirými, eða minna	429	
	8703.1032	---- Með meira en 1600 cm^3 til og með 2500 cm^3 sprengirými	429	
	8703.1039	---- Með meira en 2500 cm^3 sprengirými	429	

		A Kr/stk	B Kr/kg
	--- Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálfdísil):		
8703.1041	---- Með 2100 cm³ sprengirými, eða minna	572	
8703.1042	---- Með meira en 2100 cm³ til og með 3000 cm³ sprengirými	572	
8703.1049	---- Með meira en 3000 cm³ sprengirými	572	
	-- Önnur:		
8703.1091	--- Rafknúin		26,00
8703.1092	--- Fjórhjól	143	
8703.1099	--- Annars	143	
	- Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:		
	-- Með 1000 cm³ sprengirými eða minna:		
8703.2110	--- Fjórhjól	143	
	--- Önnur:		
8703.2121	---- Ný	429	
8703.2129	---- Notuð	429	
	-- Með meira en 1000 cm³ til og með 1500 cm³ sprengirými:		
8703.2210	--- Fjórhjól	143	
	--- Önnur:		
8703.2221	---- Ný	429	
8703.2229	---- Notuð	429	
	-- Með meira en 1500 cm³ til og með 3000 cm³ sprengirými:		
	--- Með meira en 1500 cm³ til og með 1600 cm³ sprengirými:		
8703.2310	---- Fjórhjól	143	
	---- Önnur:		
8703.2321	----- Ný	429	
8703.2329	----- Notuð	429	
	--- Með meira en 1600 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:		
8703.2330	---- Fjórhjól	143	
	---- Önnur:		
8703.2341	----- Ný	429	
8703.2349	----- Notuð	429	
	--- Með meira en 2500 cm³ sprengirými:		
8703.2350	---- Fjórhjól	143	
	---- Önnur:		
8703.2391	----- Ný	429	
8703.2399	----- Notuð	429	
	-- Með meira en 3000 cm³ sprengirými:		
8703.2410	--- Fjórhjól	143	
	--- Önnur:		
8703.2491	---- Ný	429	
8703.2499	---- Notuð	429	

		A Kr/stk	B Kr/kg
	– Önnur ökutæki með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálfdísil):		
	-- Með 1500 cm³ sprengirými eða minna:		
8703.3110	--- Fjórhjól	143	
	--- Önnur:		
8703.3121	---- Ný	572	
8703.3129	---- Notuð	572	
	-- Með meira en 1500 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:		
	--- Með meira en 1500 cm³ til og með 2100 cm³ sprengirými:		
8703.3210	---- Fjórhjól	143	
	---- Önnur:		
8703.3221	----- Ný	572	
8703.3229	----- Notuð	572	
	--- Með meira en 2100 cm³ til og með 2500 cm³ sprengirými:		
8703.3250	---- Fjórhjól	143	
	---- Önnur:		
8703.3291	----- Ný	572	
8703.3299	----- Notuð	572	
	-- Með meira en 2500 cm³ sprengirými:		
	--- Með meira en 2500 cm³ til og með 3000 cm³ sprengirými:		
8703.3310	---- Fjórhjól	143	
	---- Önnur:		
8703.3321	----- Ný	572	
8703.3329	----- Notuð	572	
	--- Með meira en 3000 cm³ sprengirými:		
8703.3330	---- Fjórhjól	143	
	---- Önnur:		
8703.3391	----- Ný	572	
8703.3399	----- Notuð	572	
	– Önnur:		
	-- Rafknúin:		
8703.9011	--- Ný		26,00
8703.9019	--- Notuð		26,00
	-- Önnur en rafknúin:		
8703.9091	--- Ný		26,00
8703.9099	--- Notuð		26,00
8704	**Ökutæki til vöruflutninga:**		
8704.1000	– Demparar (dumpers) gerðir til nota utan þjóðvega	2.288	
	– Önnur, með stimpilbrunahreyfli með þrýstikveikju (dísil eða hálfdísil):		
	-- Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:		

		A Kr/stk	B Kr/kg
	--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi án vörurýmis:		
8704.2111	---- Nýjar	1.144	
8704.2119	---- Notaðar	1.144	
	--- Með vörupalli:		
8704.2121	---- Ný	1.144	
8704.2129	---- Notuð	1.144	
	--- Með vörurými:		
8704.2191	---- Ný	1.144	
8704.2199	---- Notuð	1.144	
	-- Að heildarþyngd yfir 5 tonn til og með 20 tonn:		
8704.2210	--- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	1.144	
	--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.2211	---- Nýjar	2.288	
8704.2219	---- Notaðar	2.288	
	--- Með vörupalli:		
8704.2221	---- Ný	2.288	
8704.2229	---- Notuð	2.288	
	--- Með vörurými:		
8704.2291	---- Ný	2.288	
8704.2299	---- Notuð	2.288	
	-- Yfir 20 tonn að heildarþyngd:		
8704.2310	--- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	2.288	
	--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.2311	---- Nýjar	2.288	
8704.2319	---- Notaðar	2.288	
	--- Með vörupalli:		
8704.2321	---- Ný	2.288	
8704.2329	---- Notuð	2.288	
	--- Með vörurými:		
8704.2391	---- Ný	2.288	
8704.2399	---- Notuð	2.288	
	- Önnur, með stimpilbrunahreyfli með neistakveikju:		
	-- Að heildarþyngd 5 tonn eða minna:		
	--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.3111	---- Nýjar	572	
8704.3119	---- Notaðar	572	
	--- Með vörupalli:		
8704.3121	---- Ný	572	
8704.3129	---- Notuð	572	
	--- Með vörurými:		
8704.3191	---- Ný	572	
8704.3199	---- Notuð	572	
	-- Að heildarþyngd yfir 5 tonn:		
8704.3210	--- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	572	

		A Kr/stk	B Kr/kg
	--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.3211	---- Nýjar	572	
8704.3219	---- Notaðar	572	
	--- Með vörupalli:		
8704.3221	---- Ný	572	
8704.3229	---- Notuð	572	
	--- Með vörurými:		
8704.3291	---- Ný	572	
8704.3299	---- Notuð	572	
	- Önnur:		
	-- Rafknúin:		
8704.9011	--- Ný		26,00
8704.9019	--- Notuð		26,00
	-- Önnur en rafknúin:		
8704.9020	--- Haffær ökutæki á hjólum fyrir láð og lög	1.144	
	--- Grindur með hreyfli og ökumannshúsi:		
8704.9021	---- Ný	429	
8704.9029	---- Notuð	429	
	--- Með vörupalli:		
8704.9031	---- Ný	429	
8704.9039	---- Notuð	429	
	--- Með vörurými:		
8704.9091	---- Ný	429	
8704.9099	---- Notuð	429	
8705	**Vélknúin ökutæki til sérstakra nota, þó ekki ökutæki aðallega hönnuð til flutnings á mönnum eða vörum (t.d. gálgabifreiðar, kranabifreiðar, slökkvibifreiðar, steypuhræribifreiðar, götuhreinsibifreiðar, úðunarbifreiðar, verkstæðisvagnar, röntgentækjavagnar):**		
8705.1000	- Kranabifreiðar	2.288	
8705.2000	- Borkranabifreiðar	2.288	
8705.3000	- Slökkvibifreiðar	2.288	
8705.4000	- Steypuhræribifreiðar	2.288	
	- Önnur:		
8705.9001	-- Snjóplógar	2.288	
8705.9002	-- Gálgabifreiðar	2.288	
8705.9009	-- Annars		26,00
8706	**Grindur með hreyfli fyrir vélknúin ökutæki í nr. 8701-8705:**		
8706.0001	- Fyrir almenningsbifreiðar og vörubifreiðar	2.288	
8706.0009	- Aðrar	572	
8709	**Vinnuvagnar, sjálfknúnir, án tækja til lyftingar eða meðhöndlunar, til nota í verksmiðjum, vörugeymslum, á hafnarsvæðum eða flugvöllum til flutnings á vörum**		

			A Kr/stk	B Kr/kg
		stuttar vegalengdir; dráttarvélar til nota á stöðvarpöllum járnbrauta; hlutar til framangreindra ökutækja:		
		– Ökutæki:		
	8709.1100	-- Rafknúin		26,00
	8709.1900	-- Önnur	858	
8711		**Bifhjól (þar með talin stigin bifhjól) og reiðhjól með hjálparvél, með eða án hliðarvagns; hliðarvagnar:**		
	8711.1000	– Með stimpilbrunahreyfli með sprengirými 50 cm^3 eða minna	143	
	8711.2000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 50 cm^3 sprengirými til og með 250 cm^3	143	
	8711.3000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 250 cm^3 sprengirými til og með 500 cm^3	143	
	8711.4000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 500 cm^3 sprengirými til og með 800 cm^3	143	
	8711.5000	– Með stimpilbrunahreyfli með meira en 800 cm^3 sprengirými	143	
		– Annað:		
		-- Annars:		
	8711.9091	--- Rafknúin vélhjól		26,00
8713		**Ökutæki fyrir fatlaða, einnig vélknúin eða knúin á annan vélrænan hátt:**		
	8713.9000	– Önnur		26,00

Úr 89. kafla tollskrárinnar

8901		**Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða, ferjur, flutningaskip, vöruflutningaprammar og svipuð för til flutnings á mönnum eða vörum:**		
		– Skemmtiferðaskip, bátar til skoðunarferða og svipuð för aðallega hönnuð til flutninga á mönnum; ferjur hvers konar:		
	8901.1001	-- Ferjur, hvers konar		26,00
	8901.1009	-- Önnur		26,00
	8901.2000	– Tankskip		26,00
	8901.3000	– Kæliskip, þó ekki skip í nr. 8901.2000		26,00
		– Önnur för til flutninga á vörum og önnur för til flutninga bæði á mönnum og vörum:		
	8901.9001	-- Notuð		26,00
	8901.9009	-- Annars		26,00

			A Kr/stk	B Kr/kg
8902		**Fiskiskip; verksmiðjuskip og önnur för til vinnslu eða geymslu á sjávarafurðum:**		
		– Vélskip:		
		-- Meira en 250 rúmlestir:		
	8902.0011	--- Notuð		26,00
	8902.0019	--- Önnur		26,00
		-- Meira en 100 til og með 250 rúmlestir:		
	8902.0021	--- Notuð		26,00
	8902.0029	--- Önnur		26,00
		-- 10 til og með 100 rúmlestir:		
	8902.0031	--- Notuð		26,00
	8902.0039	--- Önnur		26,00
		-- Önnur:		
	8902.0041	--- Notuð		26,00
	8902.0049	--- Annars		26,00
		– Önnur:		
	8902.0091	-- Notuð		26,00
	8902.0099	-- Annars		26,00
8903		**Snekkjur og önnur skemmtiför eða sportför; árabátar og kanóar:**		
		– Annað:		
	8903.9200	-- Vélbátar, þó ekki fyrir utanborðsvél		26,00
8904	8904.0000	**Dráttarbátar og för til að ýta öðrum förum**		26,00
8905		**Vitaskip, slökkviskip, dýpkunarskip, flotkranar, og önnur fljótandi för sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; flotkvíar; fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar:**		
	8905.1000	– Dýpkunarskip		26,00
	8905.2000	– Fljótandi eða sökkvanlegir bor- eða framleiðslupallar		26,00
		– Annað:		
	8905.9009	-- Annars		26,00
8906	8906.0000	**Önnur för, þar með talin herskip og björgunarbátar, þó ekki árabátar**		26,00
8908	8908.0000	**För og önnur fljótandi mannvirki til niðurrifs**		26,00

VIÐAUKI IX

Varnarefni sem geta orðið að spilliefnum.

Á varnarefni sem flokkast undir neðangreind tollskrárnúmer skal leggja spilliefnagjald.
Úr 38. kafla tollskrárinnar

3808	**Efni til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum, nagdýrum, sveppum og illgresi, efni til að hindra spírun og efni til að stjórna plöntuvexti, sótthreinsandi efni og áþekkar vörur í formi eða umbúðum til smásölu eða sem blöndur eða hlutir (t.d. brennisteinsunnin bönd, kveikir og kerti, og flugnaveiðarar):**	
3808.1000	– Skordýraeyðir	3,00 kr/kg
	– Sveppaeyðir:	
3808.2001	–– Fúavarnarefni	3,00 kr/kg
3808.2009	–– Annað	3,00 kr/kg
3808.3000	– Illgresiseyðir, spírunareyðir og efni til að stjórna plöntuvexti	3,00 kr/kg
3808.4000	– Sótthreinsandi efni	3,00 kr/kg
3808.9000	– Annað	3,00 kr/kg

Nr. 152 5. mars 1999

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 448, 16. júlí 1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.

1. gr.

5. tl. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

5.	Innfjarðarækja samtals	4.850
	þ.a. Arnarfjörður	550
	þ.a. Ísafjarðardjúp	1.000
	þ.a. Húnaflói	500
	þ.a. Skagafjörður	1.000
	þ.a. Skjálfandi	300
	þ.a. Öxarfjörður	1.500

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

AUGLÝSING

um almennar kosningar til Alþingis.

Með vísun til ákvæðis til bráðabirgða í stjórnarskipunarlögum, nr. 100 28. júní 1995, um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, sbr. og 57. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, sbr. lög nr. 9 27. febrúar 1995, er hér með ákveðið að almennar reglulegar kosningar til Alþingis skuli fara fram 8. maí 1999.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 4. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Björn Friðfinnsson.

22. janúar 1999 Nr. 154

REGLUR

um mengunarmörk og aðgerðir til að draga úr mengun á vinnustöðum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um alla starfsemi sem fellur undir lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum þar sem efni í mengunarmarkaskrá myndast eða eru notuð.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglum þessum eru eftirfarandi heiti notuð samkvæmt eftirgreindum skilgreiningum:
Mengunarmörk: Hæsta leyfilega meðaltalsmengun (tímavegið meðaltal) í andrúmslofti starfsmanna. Mengunin getur stafað af einu einstöku efni eða blöndu af efnum. Mengunarmörkin eru gefin upp með meðalgildi eða þakgildi.
Meðalgildi: Mengunarmörk miðuð við meðaltal yfir 8 stunda vinnudag.
Þakgildi: Mengunarmörk eru miðuð við meðaltal yfir 15 mínútna tímabil eða annað tiltekið tímabil.

Þó mengunarmörk séu miðuð við meðaltal yfir 8 stunda vinnudag má styrkur mengunar, á hverju tímabili (hæst 15 mínútna tímabili), aldrei fara yfir sem svarar tvisvar sinnum viðkomandi mengunarmörk.

3. gr.

Almennt ákvæði.

Vinnu skal skipuleggja og framkvæma þannig að mengun sé eins lítil og kostur er. Mengun í andrúmslofti starfsmanna skal ekki fara yfir mengunarmörk sem gefin eru upp í mengunarmarkaskrá. Við mengun frá fleiri en einu efni skal tekið tillit til samverkandi áhrifa. Við mat á mengunarálagi skal taka tillit til áreynslu við vinnu auk loftmengunar og einnig að sum efni geta borist inn í líkamann í gegnum húðina. Slík efni eru merkt með bókstafnum H.

Fyrir nokkur efni er unnt að meta mengun með svokölluðum líffræðilegum mælingum. Nánari upplýsingar um slíkt má fá hjá Vinnueftirliti ríkisins.

Fyrir þau efni, sem mengað geta andrúmsloftið og valdið starfsmönnum heilsutjóni og eru ekki á skrá, setur Vinnueftirlit ríkisins mengunarmörk í hverju einstöku tilviki.

4. gr.

Aðgerðir til að draga úr mengun í andrúmslofti starfsmanna.

Þegar augljóst er að mengun er yfir mengunarmörkum skal þegar grípa til aðgerða til að draga úr mengun. Leiki vafi á hvort mengun sé yfir eða undir mörkum skulu aðstæður þegar rannsakaðar með tilliti til þess. Ef rannsókn leiðir í ljós að mengun er yfir mörkum skal strax gripið til aðgerða til að draga úr henni þar til viðunandi má teljast. Við fyrirbyggjandi aðgerðir, eða aðgerðir til að draga úr mengun, skal leitast við að beita eftirfarandi aðgerðum í eftirfarandi röð:

a) Efni, vinnutilhögun, framleiðslurás eða tæknibúnað skal velja eða haga þannig að sem minnst mengun skapist. Þetta má t.d. gera með sjálfvirkni, nota önnur efni eða með því að nota vélmenni.
b) Vinna eða framleiðsla sem valdið getur mengun skal eiga sér stað í lokuðu kerfi eða rými, sérstöku vinnurými eða á afmörkuðu svæði. Kerfið eða rýmið skal þannig útbúið að mengun berist ekki inn í annað vinnurými.
c) Mengun skal fjarlægð við upptök hennar með loftræstingu. Þetta gildir einnig, ef þörf krefur, um lokuð kerfi eða rými, sérstakt vinnurými eða afmarkað svæði. Vélar og annar tæknibúnaður sem valda mengun skulu hafa búnað til að soga burt loftmengun ef hætta er á að hún dreifist út í andrúmsloft starfsmanna.
d) Vinnu skal framkvæma úr stjórnklefa sem hefur sérstaka lofttilfærslu. Aðflutt loft skal vera eins hreint og kostur er og yfirþrýstingur skal vera inni í klefanum. Aðflutta loftið skal hafa hæfilegt hitastig og hraða til að koma í veg fyrir dragsúg.
e) Mjög mengandi starfsemi skal framkvæma á sérstökum tímum þegar einungis þeir, sem framkvæma viðkomandi starf, eru nærverandi. Þeir skulu þá nota nauðsynlegan hlífðarbúnað.

Þegar gripið hefur verið til aðgerða eins og kveðið er á um í liðum a-e hér á undan skal framkvæma mengunarmælingar til að kanna hvort um fullnægjandi aðgerðir hafi verið að ræða nema augljóst sé að svo hafi verið.

Ef ekki er unnt að grípa til aðgerða samkvæmt liðum a-e eða á annan hátt þegar draga þarf úr mengun eða að þær eru ófullnægjandi, skal nota nauðsynlegan hlífðarbúnað, t.d. öndunargrímur. Vinnu skal þá skipuleggja þannig að notkun öndunargríma valdi starfsmönnum sem minnstum óþægindum.

Vinnurými sem loftmengun getur myndast í skal hafa góða loftræstingu. Aðflutt loft skal vera eins hreint og kostur er.

Tæknibúnað sem valdið getur mengun skal hanna og útbúa þannig að eftirlit og hreinsun sé auðveld. Reglubundið eftirlit og hreinsun skal framkvæma til að hindra myndun og dreifingu mengunarefna.

Leitast skal við að skipuleggja vinnurými þannig að auðvelt sé að halda því hreinu. Hreinsa skal jafnóðum upp efni sem farið hefur til spillis. Einnig skal hreinsa reglulega ryk sem sest hefur til í því skyni að koma í veg fyrir mengun og slysahættu.

5. gr.

Heimildarákvæði.

Vinnueftirliti ríkisins er heimilt að veita fyrirtækjum sem starfandi eru við gildistöku reglna þessara hæfilegan frest til að uppfylla ákvæði þeirra komi í ljós að mengun er yfir mörkum í mengunarmarkaskránni.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 34., 38., 39., 50. og 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipunum nr. 91/322/EC og nr. 96/94/EC, staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 401/1989 um mengunarmörk, ásamt síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. janúar 1999.

Páll Pétursson.

Elín Blöndal.

VIÐAUKI I

Skrá um mengunarmörk.

Skýringar.

Mælieiningar mengunarmarka.
Eins og skilgreint er fyrr í þessum reglum þá eru mengunarmörk mesta leyfilega magn efnis eða í sumum tilfellum blöndu efna í andrúmslofti starfsmanna. Magnið getur verið gefið upp í mg/m^3 (milligrömm í rúmmetra) lofts, fyrir þræði (asbest, steinull o.fl.) í fjölda þráða/cm^3 lofts. Fyrir lofttegundir og gufu eru mörkin í flestum tilvikum einnig gefin upp í ppm (parts per million, milljónustu hlutar af rúmmáli).

Eftirfarandi reikniregla, sem gildir við 20°C og 101,3 kPa (760 mm HG), hefur verið notuð.

$$\text{(Styrkur í mg/m}^3\text{ loft)} \quad \frac{\text{Mólmassi í g}}{24{,}1} \times \text{(styrkur í ppm)}$$

24,1 = mólrúmmál í lítrum við 20°C og 101,3 kPa
Við umreikninga hafa gildin verið afrúnuð.

CAS-númer.
75-69-4	R 11 (flúortríklórmetan, freon 11, tríklórflúormetan)	500	2810					19)
75-71-8	R 12 (díflúordíklórmetan, díklórdíflúormetan, freon 12)	500	2475					
75-72-9	R 13 (klórtríflúormetan)	1000	4270					
75-43-4	R 21 (freon 21, díklórflúormetan, mónóflúordíklórmetan)	10	40					19)
75-45-6	R 22 (freon 22, klórdíflúormetan)	500	1770					19)
76-12-0	R 112 (freon 112, 1,1,2,2-tetraklór-1,2-díflúoretan)	200	1665					
76-11-9	R 112a (freon 112a, 1,1,1,2-tetraklór-2,2-díflúoretan)	500	4170					
76-13-1	R 113 (freon 113, 1,1,2-tríklór-1,2,2-tríflúoretan)	500	3800					19)
76-14-2	R 114 (freon 114, 1,2-díklór-1,1,2,2-tetraflúoretan, tetraflúordíklóretan)	500	3500					
75-68-3	R 142b (1-klór-1,1-díflúoretan)	1000	4110					
121-82-4	RDX (hexahýdró-1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasín, sýklónít)	-	1,5	H				
108-46-3	Resorsinól (1,3-bensendíól)	10	45					
7440-16-6	Ródíum, duft, ryk og reykur, sem Rh	-	0,1					
	Ródíumsambönd, leysanleg, sem Rh	-	0,001					
299-84-3	Ronnel (*0,0*-dímetýl-*0*-(2,4,5-tríklórfenýl)þíó-fosfat)	-	5					
83-79-4	Rótenón	-	5					
	Ryk							
	heildarryk	-	10					28)

CAS-nr.		Efni	ppm	mg/m^3	Ath. H	O	K	Þ	nr.
		örfínt ryk	-	5					
		Ryk, harðplast (harðplastryk)	-	3					22)
		Ryk, kerskála-, við álframleiðslu (kerskálaryk)	-	5					
		Ryk, kola- (kolaryk)	-	2					
		Ryk og úði, lífrænt, heildarmagn	-	3					
		Ryk, sements- (sementsryk)							
		heildarryk	-	10					
		örfínt ryk	-	5					
		Ryk, steinefna, óvirkt							
		heildarryk	-	10					
		örfínt ryk	-	5					
		Ryk, steinefna, sem inniheldur kvarsryk	-	0,5					
		Ryk, tré- (trjáryk)	-	2			K		29) 30)
7697-37-2		Saltpéturssýra	2	5					
21351-79-1		Sesíumhýdroxíð	-	2					
7782-49-2		Selen og sambönd þess, sem Se, sjá einnig	-	0,1					
7783-07-5		vetnisselenið og	0,01	0,05					
7783-79-1		selenhexaflúoríð	0,05	0,4					
7783-79-1		Selenhexaflúoríð	0,05	0,4					
7783-07-5		Selenvetni (vetnisselenið)	0,01	0,03					
110-80-5		Sellósolv (2-etoxýetanól, etýlenglýkólmónóetýleter, etýlglýkól, glýkólmónóetýleter)	5	18,5	H				14)
111-15-9		Sellósolvasetat (2-etoxýetýlasetat, etýlenglýkólmónóetýleterasetat, etýlglýkólasetat, glýkólmónóetýleterasetat)	5	27	H				14)
		Sementsryk							
		heildarryk	-	10					
		örfínt ryk	-	5					
7440-22-4		Silfur, duft, ryk og leysanleg sambönd, sem Ag	-	0,01					
6067-86-0		Silíkatgler, örfínt ryk	-	0,1					
7440-21-3		Sílan	0,5	0,7					
69012-64-2		Silísíumdíoxíð, úði, örfínn	-	2					
7803-62-5		Silísíumtetrahýdríð (sílan)	0,5	0,7					
7440-67-7		Sirkóníumsambönd, sem Zr	-	5					
7646-85-7		Sínkklóríð og sínkklóríðreykur, sem Zn	-	0,5					
1314-13-2		Sínkoxíð og sínkoxíðreykur, sem Zn	-	4					
7803-62-5		Sílan (kísill)	0,5	0,7					
		Steinefnaryk, óvirkt (ryk-, steinefna)							
		heildarryk	-	10					
		örfínt ryk	-	5					
		Steinefnaryk sem inniheldur kvarsryk	-	0,5					
		Steinull (einangrunarþráður, glerull, MMMF „Man Made Mineral Fibers“)	1 þráður/ cm^3						3)
7803-52-3		Stíbin (antimónvetni)	0,05	0,25					
7789-06-2		Strontíumkrómat, sem Cr	-	0,0005			K		
57-24-9		Stryknín	-	0,15				Þ	
100-42-5		Stýren (etenýlbensen, fenýleten, vínýlbensen)	25	105	H			Þ	
1395-21-7 9014-01-1		Subtilisiner (ensím)	-	0,00006		O		Þ	
7773-06-0		Súlfamat (ammat, ammóníumsúlfamat)	-	10					
74222-97-2		Súlfómeturón-metýl?	-	5					

CAS-nr.	Efni	ppm	mg/m³	Ath. H	O	K	Þ	nr.
3689-24-5	Súlfótep	0,015	0,2	H				
2699-79-8	Súlfúrýlflúoríð	5	20					
35400-43-2	Súlprófos	-	1					
7783-41-7	Súrefnisdíflúoríð (díflúoroxíð)	0,05	0,1				Þ	
420-04-2	Sýanamíð	-	2					
143-33-9 151-50-8 592-01-8 2408-36-8	Sýaníðar, alkalíjárn, sem CN, (kalíumsýaníð, kalsíumsýaníð, natríumsýaníð)	-	5	H			Þ	
137-05-3	2-Sýanóakrýlsýrumetýlester (metýl-2-sýanóakrýlat)	2	9					
460-19-5	Sýanógen (dísýan, etandínítríl)	10	20					
506-77-4	Sýanóklóríð (klórsýan)	0,1	0,3					
74-90-8	Sýanvetni (vetnissýaníð)	5	5	H				
110-82-7	Sýklóhexan	50	172					
108-93-0	Sýklóhexanól (sýklóhexýlalkóhól)	50	200					
108-94-1	Sýklohexanón (anón)	10	40	H				
110-83-8	Sýklóhexen	300	1015					
108-93-0	Sýklóhexýlalkóhól (sýklóhexanól)	50	200					
108-91-8	Sýklóhexýlamín	10	40	H				
121-82-4	Sýklónít (hexahýdró-1,3,5-trínítró-1,3,5-tríasín, RDX)	-	1,5	H				
542-92-7	Sýklópentadíen	75	200					
287-92-3	Sýklópentan	300	850					
120-92-3	Sýklópentanón	25	90					
75-21-8	T-gas (1,2-epoxýetan, etýlenoxíð, oxíran)	1	1,8	H		K	Þ	
93-76-5	2,4,5-T (2,4,5-tríklórfenoxýediksýra)	-	5	H				
14807-96-6	Talkúm sem inniheldur þræði	0,3 þræðir/cm³						
626-17-5	*m*-Talódínítríl (1,3 bensódínítríl)	-	5					
85-44-9	Talsýruanhýdríð	1	6		O			
84-74-2	Talsýrudíbútýlester (díbútýltalat, DBP)	-	3					10)
131-11-3	Talsýrudímetýlester (dímetýltalat)	-	3					10)
7440-25-7	Tantal, duft, sem Ta	-	5					
1314-61-0	Tantaloxíð, sem Ta	-	5					
584-84-9 91-08-7	TDI (2,4-díísósýanatótólúen, 2,6-díísósýanatótólúen, 2,4-tólúendíísósýanat, 2,6-tólúendíísósýanat)	0,005 0,01*	0,04 0,07*		O			1) 18)
13494-80-9	Tellúr, duft og sambönd, sem Te	-	0,1					
7783-80-4	Tellúrhexaflúoríð	0,02	0,2					
107-49-3	TEPP (tetraetýlpýrófosfat)	0,004	0,05	H				
100-21-0	Teretalsýra	-	10					
84-15-1 92-06-8 92-94-4 26140-60-3	Terfenýlar	0,5	5					
8052-41-3	Terpentína (mineröls), hámark 20% arómatar, (mineralterpentína, white spirit)	25	145	H	O			25)
8006-64-2	Terpentína (jurta)	25	140					
	Terpentína (tré-) (frönsk terpentína)	25	140	H	O			
79-27-6	1,1,2,2-Tetrabrómetan (asetýlentetrabrómíð)	1	14					
558-13-4	Tetrabrómmetan (kolefnistetrabrómíð)	0,1	1,4					
78-10-4	Tetraetoxýsílan (etýlsilíkat, tetraetýlorþósilíkat)	10	85					
78-00-2	Tetraetýlblý (blýtetraetýl)	-	0,05	H				
78-10-4	Tetraetýlorþósilíkat (etýlsilíkat, tetraetoxýsílan)	10	85					
107-49-3	Tetraetýlpýrófosfat (TEPP)	0,004	0,05	H				

CAS-nr.	Efni	ppm	mg/m³	Ath. H	O	K	Þ	nr.
76-14-2	Tetraflúordíklóretan (1,2-díklór-1,1,2,2-tetraflúoretan, freon 114, R 114)	500	3500					
109-99-9	Tetrahýdrófúran	100	295					
76-12-0	1,1,2,2-Tetraklór-1,2-díflúoretan (freon 112, R112)	200	1665					
76-11-9	1,1,1,2-Tetraklór-2,2-díflúoretan (freon 112a, R 112a)	500	4170					
79-34-5	1,1,2,2-Tetraklóretan (asetýlentetraklóríð)	1	7	H				
127-18-4	Tetraklóreten (perklóretýlen, tetraklóretýlen)	20	70	H				
127-18-4	Tetraklóretýlen (perklóretýlen, tetraklóreten)	10	70	H				
	Tetraklórfenól og sölt	-	0,5	H				
56-23-5	Tetraklórkolefni (kolefnistetraklóríð, koltetraklóríð, tetraklórmetan)	1	6,3	H		K		
56-23-5	Tetraklórmetan (kolefnistetraklóríð, koltetraklóríð, tetraklórkolefni)	1	6,3	H		K		
1335-88-2	Tetraklórnaftalín	-	2	H				
75-74-1	Tetrametýlblý (blýtetrametýl)	-	0,05	H				
3333-52-6	2,2,3,3-Tetrametýlbútandínítríl (tetrametýlsussínnítríl)	0,5	3	H				
3333-52-6	Tetrametýlsussínnítríl (2,2,3,3-tetrametýlbútandínítríl)	0,5	3	H				
7722-88-5	Tetranatríumpýrófosfat (natríumpýrófosfat)	-	5					
509-14-8	Tetranítrómetan	0,005	0,04					
479-45-8	Tetrýl (2,4,6-trínítrófenýlmetýlnítramín)	-	1,5	H				
	Tinsambönd, lífræn, sem Sn, sjá einnig trí-*n*-bútýltinsambönd	- 0,002	0,1 0,05	H				
	Tinsambönd, ólífræn, sem Sn	-	2					
13463-67-7	Títandíoxíð, sem Ti	-	6					
16938-22-0 15646-96-5	TMDI (2,2,4- og 2,4,4-trímetýlhexametýlen-1,6-díísósýanat)	0,005 0,01*	0,04 0,09*		O			1) 18)
118-86-7	TNT (2,4,6-Trínítrótólúen)	-	0,1	H				
108-88-3	Tólúen (fenýlmetan, metýlbensen)	25	94	H				
584-84-9	2,4-Tólúendíísósýanat (2,4-díísósýanatótólúen, TDI)	0,005 0,01*	0,04 0,07*		O			1) 18)
91-08-7	2,6-Tolúendíísósýanat (2,6 díísósýanatótolúen, TDI)	0,005 0,01*	0,04 0,07*					1) 18)
106-49-0 108-44-1 26915-12-8	*m,p*-Tólúidín	2	9	H				
95-53-4	*o*-Tólúidín (2-metýlanilín)	2	9	H		K		
67-56-1	Tréspíritus (metanól, metýlalkóhól)	200	250	H				
126-73-8	Tríbútýlfosfat	0,2	2,5					
	Trí *n*-bútýltinsambönd	0,002	0,05					
	Trídýmít heildarryk örfínt ryk	- -	0,15 0,05					
102-71-6	Tríetanólamín	-	5		O			
121-44-8	Tríetýlamín	10	40	H				
112-24-3	Tríetýlentetraamín	1	6		O			
603-34-9	Trífenýlamín (N,N-difenýlanilín)	-	5					
115-86-6	Trífenýlfosfat	-	3					
151-67-7	1,1,1-Tríflúor-2-klór-2-brómetan (2-Bróm-2-klór-1,1,1-tríflúoretan, flúotan, halótan)	5	40					13)
75-63-8	Tríflúorbrómmetan	1000	6100					
75-47-8	Tríjoðmetan (joðform)	0,2	3					
76-13-1	1,1,2-Tríklór-1,2,2-tríflúoretan (freon 113, R 113)	500	3800					19)
50-29-3	1,1,1-Tríklór-2,2-bis(*p*-klórfenýl)etan (DDT,	-	1					

CAS-nr.	Efni	ppm	mg/m³	Ath. H	O	K	Þ	nr.
	díklórdífenýltríklóretan)							
87-61-6	1,2,3-Tríklórbensen	5	37	H				
120-82-1	1,2,4-Tríklórbensen	2	15	H				
108-70-3	1,3,5-Tríklórbensen	5	37	H				
76-03-9	Tríklórediksýra	-	1					
71-55-6	1,1,1-Tríklóretan (metýlklóróform)	50	275					
79-00-5	1,1,2-Tríklóretan (vínýltríklóríð)	10	54	H				
79-01-6	Tríklóreten (tríklóretýlen)	10	55					31)
79-01-6	Tríklóretýlen (tríklóreten)	10	55					31)
88-06-2	2,4,6-Tríklórfenól	-	0,5	H		K		
95-95-4 609-19-8 933-75-5 933-78-8 15950-66-0 25167-82-2	Tríklórfenól og sölt þar af, sem tríklórfenól	-	0,5	H				
93-76-5	2,4,5-Tríklórfenoxýediksýra (2,4,5-T)	-	5	H				
75-69-4	Tríklórflúormetan (flúortríklórmetan, freon 11, R 11)	500	2810					19)
67-66-3	Tríklórmetan (klóróform)	2	10			K		
1321-65-9	Tríklórnaftalín	-	5	H				
96-18-4	1,2,3-Tríklórprópan	10	60	H				
78-30-8	Trí-*o*-kresýlfosfat (trí-*o*-tólýlfosfat)	-	0,1					
552-30-7	Trímellitsýruanhýdríð (1,2,4-bensentríkarboxýlsýra-1,2-anhýdríð)	0,005	0,04		O		Þ	
75-50-3	Trímetýlamín	5	12					
95-63-6 108-67-8 526-73-8 25551-13-7	Trímetýlbensen	20	100					32)
121-45-9	Trímetýlfosfat	0,5	2,6					
15646-96-5	2,4,4-Trímetýlhexametýlen-1,6-díísósýanat (TMDI)	0,005 0,01*	0,04 0,09*		O			1) 18)
16938-22-0	2,2,4-Trímetýlhexametýlen-1,6-díísósýanat (TMDI)	0,005 0,01*	0,04 0,09*		O			1) 18)
78-59-1	3,5,5-Trímetýl-2-sýklóhexen-1-ón (ísóforón)	5	30				Þ	
12035-72-2	Trínikkeldísúlfíð (nikkelsúbsúlfíð)	-	0,01		O	K		
88-89-1	2,4,6-Trínítrófenól (pikrínsýra)	-	0,1	H				
479-45-8	2,4,6-Trínítrófenýlmetýlnítramín (tetrýl)	-	1,5	H				
118-96-7	2,4,6-Trínítrótólúen (TNT)	-	0,1	H				
13121-70-5	Trísýklóhexýltinhýdroxíð (pliktran)	-	5					
78-30-8	Trí-*o*-tólýlfosfat (trí-*o*-kresýlfosfat)	-	0,1					
	Trjáryk (ryk, tré-)	-	2			K		29) 30)
7440-61-1	Úransambönd, sem U	-	0,2					
110-62-3	Valeraldehýð (amýlaldehýð, pentanal)	50	175					
1314-62-1	Vanadíumpentoxíð, duft, ryk og reykur, sem V	-	0,2					
61788-32-7	Vetnaðir terfenýlar	0,4	4,4					
7782-79-8	Vetnisasíð (asóimíð)	0,1	0,2				Þ	
10035-10-6	Vetnisbrómíð (brómvetni)	2	6,7				Þ	
7664-39-3	Vetnisflúoríð (flúorvetni) [1]	0,7	0,6					

[1] Fyrirtæki sem starfandi eru við gildistöku reglna þessara skulu í síðasta lagi 2. október árið 2000 hafa mengun flúoríðs og flúorvetni undir 0,6 mg/m³.

CAS-nr.	Efni	ppm	mg/m^3	Ath. H	O	K	Þ	nr.
7803-51-2	Vetnisfosfíð (fosfín, fosfórtríhýdríð, fosfórvetni)	0,1	0,15					
7647-01-0	Vetnisklóríð (klórvetni)	5	8				Þ	
7722-84-1	Vetnisperoxíð	1	1,4					
7783-07-5	Vetnisselenío (selenvetni)	0,01	0,03					
7783-06-4	Vetnissúlfíð (brennisteinsvetni)	10 15*	14 20*					
74-90-8	Vetnissýaníð (blásýra, sýanvetni)	-	5	H				
108-05-4	Vínýlasetat	10	30					
100-42-5	Vínýlbensen (etenýlbensen, fenýleten, stýren)	25	105	H			Þ	
593-60-2	Vínýlbrómíð (brómeten)	5	20			K		
75-35-4	Vínýlídenklóríð (1,1-díklóreten)	2	8					
75-01-4	Vínýlklóríð (klóreten)	1	2,5	H		K		24)
100-40-3	4-Vínýlsýklóhexen	0,1	0,4					
106-87-6	4-Vínýlsýklóhexendíepoxíð (4-vínýlsýklóhexendíoxíð)	10	60					
106-87-6	4-Vínýlsýklóhexendíoxíð (4-Vínýlsýklóhexendíepoxíð)	10	60					
100-80-1 611-15-4 622-97-9 25013-15-4	Vínýltólúen, allir ísómerar, (metýlstýren)	25	120	H				
79-00-5	Vínýltríklóríð (1,1,2-tríklóretan)	10	54	H				
1310-73-2	Vítissódi (natríumhýdroxíð)	-	2				Þ	
81-81-2	Warfarin	-	0,1					
8052-41-3	White spirit (terpentínu (mineröIsk), mineralterpentína)	25	145	H	O			25)
7440-33-7	Wolfram, duft, ryk og torleysnaleg sambönd, sem W	-	5					
	Wolframsambönd, auðleysanleg, sem W	-	1					
13983-17-0	Wallastónitþræðir	1 þráður/cm^3						
1477-55-0	*m*-Xýlen-*a,a'*-díamín (a,a'-díamíní-1,3-dímetýlbensen)	0,02	0,1	H			Þ	
95-47-6 106-42-3 1330-20-7	Xýlen, allir ísómerar	25	109	H				
87-62-7	2,6-Xýlidín	0,5	2,5	H				
87-59-2 95-64-7 95-68-1 95-78-3 108-69-0 1300-73-8	Xýlidín, allir ísómerar	0,5	2,5	H				
7440-65-5	Yttríum, duft og sambönd, sem Y	-	1					
7440-28-0	Þallíumsambönd, uppleysanleg, sem Tl	-	0,1	H				
298-02-2	Þímet (forat)	-	0,05	H				
96-69-5	4,4'-Þíóbis(6-*tert*-bútýl-*m*-kresól)	-	10					
108-98-5	Þíófenól (fenýlmerkaptan)	0,5	2,3					
68-11-1	Þíóglýkólsýra (merkaptóediksýra)	1	5					
7719-09-7	Þíónýlklóríð	1	5				Þ	
137-26-8	Þíram	-	1		O			
	Þræðir, tilbúnir ólífrænir þræðir (einangrunarþræðir, glerull, MMMF „Man Made Mineral Fibers“, steinull)	1 þráður/cm^3						3)

Listi yfir athugasemdir við mengunarmarkaskrá.

1. Þakgildið er miðað við 5 mínútna tímabil.
2. Vissar upplýsingar benda til að brennisteinsdíoxíð geti aukið krabbameinsvirkni arseniks.
3. Sem þræðir reiknast hér agnir þegar hlutfallið milli lengdar og breiddar er minnst 3:1 sem eru minnst 5μm (míkrómetrar) langar og hafa ekki stærra þvermál en 3 μm. Mörkin eru miðuð við að talning sé framkvæmd með fasasmásjá (phase contrast microscopy).
4. Um asbest gilda reglugerð nr. 74/1980 um bann við innflutningi og notkun asbests og reglur nr. 379/1996 um asbest. Mengunarmörk eiga við í undanþágutilvikum.
5. p-Bensókínón (kínón) er oxunarefni sem umbreyst getur í hýdrókínón við s.k. afoxun. Hýdrókínón getur auðveldlega myndað p-bensókínón, t.d. fyrir áhrif frá súrefni andrúmsloftsins. Sjá einnig hýdrókínón.
6. Mörkin eru miðuð við að bensen innihaldið í bensíninu sé innan við 0,2 %.
7. Iðnaðarbensín er venjulega flokkað með því að gefa upp suðumark þess. Algengustu gerðirnar innihalda aðallega, ýmist hexan (u.þ.b. 25-50 % n-hexan, suðumark u.þ.b. 60-80°C), heptan (suðumark u.þ.b. 95-110°C) eða oktan (suðumark u.þ.b. 80-110°C eða u.þ.b. 100-140°C). Berið saman við n-hexan, aðra hexana, heptana og oktana.
8. Mörkin eru miðuð við bensín með innan við 5% n-hexan.
9. Bensó(a)pýren getur komið fyrir ásamt öðrum fjölhringlaga arómatískum kolvetnissamböndum (polyciclic aromatic hydrocarbon, PAH) í reyk, ryki eða gufu frá t.d. tjöru og malbiki og einnig í vissum olíum og eldsneyti.
10. Sömu mengunarmörk í mg/m^3 gilda einnig fyrir þá lífrænu talata sem ekki hafa eigin mengunarmörk.
11. Beryllíummálmur er ekki talinn valda ofnæmi.
12. Ennfremur gilda reglur um vinnu með blý og blýsölt nr. 698/1995.
13. Sömu mengunarmörk skal nota fyrir svipaðar halógensvæfingargastegundir, sem ekki hafa eigin mengunarmörk.
14. Undirstaða fyrir mengunarmörk glýkóletra og asetöt þeirra eru niðurstöðurnar á truflandi áhrifum þeirra á tímgun dýra í tilraunum. Við útreikninga á mengunarálagi frá blöndu glýkóletra og annarra leysiefna skal nota eftirfarandi gildi.
    - 2-Bútoxíetanól (bútýlglýkól, bútýlsellósolv, etýlenglýkólmónóbútýletri, glýkólmónóbútýletri): MG = 50 ppm (250mg/m^3).
    - 2-Etoxíetanól (glýkólmónóetýletri, etýlenglýkólmónóetýletri, etýlglýkól, sellósolv): MG = 100 ppm (350 mg/m^3).
    - 2-Etoxíetýlasetat (etýlenglýkólmónóetýleterasetat, etýlglýkólastetat, glýkólmónóetýleterasetat, sellósolvasetat): MG = 100 ppm (500mg/m^3).
    - Etýlenglýkólmónómetýletri (glýkólmónómetýleter, 2-metosýetanól, metýlglýkól, metýlsellósolv): MG = 25 ppm (80 mg/m^3).
    - Etýlenglýkólmónómetýleterasetat (glýkólmónómetýleterasetat, 2-metoxýetýlasetat, metýlglýkólasetat, metýlsellósolvasetat): MG = 25ppm (120 mg/m^3).
15. Nokkur mismunandi díoktýltalöt (DOP) geta komið fyrir. Dí-(2-etýlhexýl)talat (DEHP) er algengasta oktýltalat í iðnaði og er eins og önnur oktýltalöt oft kallað án skilgreiningar DOP. Með heitinu dí-sek-oktíltalat er oft átt við DEHP, sem efnafræðilega er ekki alveg rétt.
16. Samsvarandi magn af gufu reiknað í ppm skal reikna fyrir einstök efni.
17. Mörkin gilda einnig fyrir sölt af píperasín eftir að hafa verið umreiknuð í hreint píperasín.

18. Sömu mengunarmörk í ppm skal einnig nota fyrir þau ísósýanöt, sem ekki hafa eigin mengunarmörk. Sama gildir um ryk eða úða frá ísósýanati, þ.á m. frá hálffjölliðuðum ísósýanötum og svokölluðum hindruðum ísósýanötum. Samsvarandi gildi í mg/m^3 er mismunandi eftir efnum.
19. Díklórflúormetan, Freon 21 hefur mjög sterk eituráhrif.
20. Við snertingu við efnið getur upptaka í líkamann í gegnum húðina orðið það mikil að það valdi lífshættulegum skaða.
21. Efnið í gufuformi getur borist inn í líkamann í gegnum húðina í verulegu magni.
22. Mörkin eiga við ryk með eða án glerþráða, hvor sem er frá full eða hálfhörðnuðum epoxý-, akrýlat-, pólýúretan-, eða esterplasti, bakelít eða samsvarandi. Hér með talið einnig ryk frá óhörðnum duftefnum af epoxí gerð o. fl. Mörg litarefni sem geta komið fyrir í rykinu hafa eigin mengunarmörk.
23. Kadmíum má einnig mæla með s.k. líffræðilegum mælingum. Upplýsingar um framkvæmd slíkra mælinga og viðmiðunarmörk má fá hjá Vinnueftirliti ríkisins.
24. Ennfremur gilda reglur um vinnu við vínýlklóríðeinliðu nr. 699/1995.
25. Míneralterpentína (terpentína) samanstendur af blöndum af svokölluðum míneral-kolvetnum, venjulega með suðumark á bilinu 60-200°C. Heitin arómatísk terpentína og alifatísk terpentína geta komið fyrir um míneral terpentínu með annars vegar 100% arómata og allt að 100% alifata hins vegar. Algengust er terpentína með 17-22% (massahlutfall) arómata (15 - 20 rúmmálshlutfall) með suðumark á bilinu 150-200°C.
26. Vissar olíur gefa við upphitun fjölhringlaga arómatísk kolvetnissambönd (PAH) sem geta verið krabbameinsvaldandi. Auk þess geta jarðolíur innihaldið slík efni.
27. Fyrir úða af vatnsblönduðum skurðarvökva o.þ.h. þar sem önnur efni en olíur geta einnig komið fyrir er gildið notað sem heildarmagn fyrir þann hluta sem ekki inniheldur vatn. Fyrir efni með eigin mengunarmörk sem eru lægri skal nota þau.
28. Ef bæði lífrænt og ólífrænt ryk er til staðar má lífræni hluti ryksins ekki fara yfir 3 mg/m^3.
29. Ef um ryk frá fúavörðum trjáviði er að ræða, verður að taka tillit til fúavarnarefnanna. Magn þeirra efna í rykinu sem hafa eigin mengunarmörk skal ákvarða með efnagreiningu eða með útreikningi út frá styrk fúavarnarefnanna í trjáviðnum. Ef ekki er hægt að ákvarða styrk fúarvarnarefnanna eru mengunarmörkin fyrir tréryk 1 mg/m^3.
30. Við framleiðslu á fyrst og fremst húsgögnum hefur komið í ljós hætta á krabbameini í nefi við innöndun á tréryki.
31. Í tríklóretýlen er stundum blandað ákveðnum jafnvægisefnum. Fyrir sérstaklega krefjandi tækniverkefni getur tríklóretýlen innihaldið sem viðbótarefni sérstök jafnvægisefni í litlu magni m.a. epiklórhýdrín. Tríklóretýlen fyrir almennan iðnað inniheldur ekki slík efni.
32. Sömu mengunarmörk í mg/m^3 skulu notuð fyrir aðra pólýalkýlbensena.

Listi yfir mengunarmörk fyrir ryk.

Þegar notuð eru mengunarmörk fyrir ryk þá skal eftirfarandi leggjast til grundvallar.

* Fyrir ryk af vel skilgreindum efnum og efnasamböndum gilda mengunarmörk sem gefin eru í mengunarmarkaskránni.

* Sum efni hafa bæði mengunarmörk fyrir heildarryk og örfínt ryk („respirable“). Með örfínu ryki er átt við þann hluta heildarryksins sem fer í gegnum rykskilju sem uppfyllir skilyrði s.k. Jóhannesarborgarsamþykktar samkvæmt eftirfarandi:

Fallþvermál rykagna í μm	Hlutfall sem kemst í gegnum rykskilju, %
1,6	95
3,5	75
5,0	50
7,1	0

* Fallþvermál („aerodynamic diameter“) er skilgreint sem þvermál kúlulaga agnar með eðlismassa 1g/cm^3 sem hefur sama fallhraða í andrúmsloftinu og ögnin sjálf, óháð stærð, lögun og eðlismassa hennar. Reykagnir eru venjulega minni en 1 míkrómetri, sem þýðir að þær fara að mestu í gegnum rykskilju af fyrrnefndri gerð. Af þessu leiðir að allar reykagnir flokkast sem örfínt ryk og því þarf ekki að nota rykskilju við mælingar þegar bara er um reyk að ræða. Málmreykur myndast venjulega við þéttun eða oxun málmgufu.

* Þegar ekki er tilgreint um hvort heildarryk eða örfínt ryk er að ræða þá skal gert ráð fyrir að um heildarryk sé að ræða.

* Fyrir nokkur efni eru mengunarmörk sett fram sem magn þráða. Sjá skilgreiningu á þráðum í lista yfir athugasemdir, lið 3.

Samantekt á efnum sem hafa mengunarmörk fyrir örfínt ryk og þræði auk nokkurra efna sem falla ekki undir fyrsta lið þessarar greinar.

CAS-nr.	Efni		mg/m^3	Ath.
12172-73-5 77536-66-4 77536-67-5 77536-68-6 132207-32-0 132207-33-1 12001-28-4	Asbest	0,1 þræðir/cm^3		K 1)
12174-11-7	Attapulgit þræðir	1 þráður /cm^3		
	Bómullarryk (hrábómull)		0,5	
	Einangrunarþræðir, tilbúnir ólífrænir þræðir (glerull, MMMF „Man Made Mineral Fibers“, steinull)	1 þráður/cm^3		
12510-42-8 66733-21-9	Erionitþræðir	0,5 þræðir/cm^3		
	Gjallull	1 þráður/cm^3		

CAS-nr.	Efni		mg/m^3	Ath.
	Glerull (einangrunarþræðir, MMMF „Man Made Mineral Fibers“, steinull)	1 þráður/cm^3		
7782-42-5	Grafít			
	heildarryk		5	
	örfínt ryk		2,5	
	Harðplastryk (ryk- harðplast)		3	
7440-58-6	Hafnium, duft eða ryk		0,5	
	Hrábómull (bómullarryk)		0,5	
1309-37-1	Járnoxíð, sem Fe, örfínt ryk		3,5	
7440-43-9	Kadmíum, duft, ryk, reykur og ólífræn sambönd, sem Cd			
	heildarryk		0,03	K
	örfínt ryk		0,01	
1332-58-7	Kaolín, örfínt ryk		2,0	
	Keramískir þræðir	1 þráður/cm^3		
	Kerskálaryk við álframleiðslu, heildarryk (ryk, kerskála- við álframl.)		5	
	Kísilgúr, náttúrulegur, örfínt ryk		1,5	
1343-98-2	Kísilsýra, formlaus			
	heildarryk		5	
	örfínt ryk		2	
	Kolaryk þ.á m. kímreykur, örfínt ryk, (ryk, kola-)		2	
	Kristóbalít			
	heildarryk		0,15	
	örfínt ryk		0,05	
14808-60-7	Kvars			
	heildarryk		0,3	
	örfínt ryk		0,1	
7439-96-5	Mangan, duft, ryk og ólífræn bindiefni, sem Mn			
	heildarryk		2,5	
	þakgildi		5,0	
	örfínt ryk		1,0	
	MMMF „Man Made Mineral Fibers“ (einangrunarþráður, glerull, steinull)	1 þráður/cm^3		
	Olíuþoka, steinefnaolíuagnir		1	
	Ryk			
	heildarryk		10	
	örfínt ryk		5	
	Ryk, harðplast (harðplastryk)		3	
	Ryk, kerskála-, við álframleiðslu (kerskálaryk)		5	
	Ryk, kola- (kolaryk)		2	
	Ryk og úði, lífrænt, heildarmagn		3	
	Ryk, sements- (sementsryk)			
	heildarryk		10	
	örfínt ryk		5	
	Ryk, steinefna, óvirkt			
	heildarryk		10	
	örfínt ryk		5	
	Ryk, steinefna, sem inniheldur kvarsryk		0,5	
	Ryk, tré- (trjáryk)		2	K
	Sementsryk			
	heildarryk		10	
	örfínt ryk		5	
69012-64-2	Silisiumdioxíð, úði, örfínn		2	
6067-86-0	Silikatgler, örfínt ryk		0,1	

CAS-nr.	Efni		mg/m³	Ath.
	Steinull (einangrunarþráður, glerull, MMMF „Man Made Mineral Fibers")	1 þráður/cm³		
	Steinefnaryk, óvirkt (ryk-, steinefna)			
	heildarryk		10	
	örfínt ryk		5	
	Steinefnaryk sem inniheldur kvarsryk		0,5	
14807-96-6	Talkúm sem inniheldur þræði	0,3 þræðir/cm³		
	Trjáryk (ryk, tré-)		2	K
	Trídýmít			
	heildarryk		0,15	
	örfínt ryk		0,05	
13983-17-0	Wollastonitþræðir	1 þráður/cm³		
	Þræðir, tilbúnir ólífrænir þræðir (einangrunarþræðir, glerull, MMMF „Man Made Mineral Fibers", steinull)	1 þráður/cm³		

1) Um asbest gildir reglugerð nr. 74/1980 um bann við innflutningi og notkun asbests og reglur nr. 379/1996 um asbest. Mengunarmörk eiga við í undanþágutilvikum.

Mengunarmörk fyrir suðugas.

Við notkun á mengunarmörkum fyrir suðugas skal eftirfarandi leggjast til grundvallar.

* Fyrir fastan hluta (efnisagnir) suðugasa skal reikna mengunarmörk (GV) með eftirfarandi formúlu.

$$GV = \frac{C}{(C_1/GV_1 + C_2/GV_2 + ... + C_j/GV_j + C_R/GV_R)}$$

þar sem

C = heildarstyrkur í mg/m³

C_j = styrkur efnisins „j" í mg/m³

GV_j = mengunarmörk fyrir efnið „j" í mg/m³

C_R = styrkur þess sem eftir er, „R", sem ekki er skilgreint við greiningu

$C_R = C-(C_1+C_2+...C_j)$ í mg/m³

GV_R = mengunarmörk fyrir „R" er 5 mg/m³ (örfínn hluti („respirabel" hluti))

* Fyrir loftkenndan hluta suðugass skal reikna mengunarmörk með eftirfarandi formúlu.

$$GV = \frac{(C_1+C_2+...+C_j)}{(C_1/GV_1 + C_2/GV_2 + ... + C_j/GV_j)}$$

þar sem

C_j = styrkur efnisins „j" í ppm

GV_j = mengunarmörk fyrir efnið „j" í ppm

* Eftirfarandi formúla skal notuð til að reikna samanlögð áhrif fasts hluta (efnisagna) og loftkennds hluta suðugass.

$$\frac{\text{styrkur fasts hluta}}{\text{GV fyrir fastan hluta}} + \frac{\text{styrkur loftkennds hluta}}{\text{GV fyrir loftkenndan hluta}} \leq 1$$

Listi yfir ofnæmisvaldandi efni.

CAS-nr.	Efni
7440-41-7	Beryllíum, duft og sambönd (sem Be)
141-32-2	*n*- Bútýlakrýlat
2426-08-6	*n*-Bútýlglýsídýletri, 1-bútoxý-2,3-epoxýprópan, BGE
97-88-1	*n*-Bútýlmetakrýlat
111-40-0	Díetýlentríamín, 3-asapentan-1,5-díamín
2238-07-5	Díglýsidýletri, DGE
610-39-9 25321-14-6	Dínítrótólúen, allir ísómerar, DNT
97-77-8	Dísúlfiram
1395-21-7 9014-01-1	Ensím, subtílisiner
106-89-8	Epiklórhýdrín, 1-klór-2,3-epoxýprópan
140-88-5	Etýlakrýlat, akrýlsýraetýlester
107-15-3	Etýlendíamín, 1,2 díaminóetan, EDA
97-63-2	Etýlmetakrýlat
106-50-3	*p*-Fenýlendíamín
122-60-1	Fenýlglýsidýletri, PGE
103-71-9	Fenýlísósýanat
50-00-0	Formaldehýð, formalín
111-30-8	Glúteraldehýð, 1,5-pentandíal
822-06-0	Hexametýlendíísósýanat, 1,6 díísósýanatóhexan, HDI
100-97-0	Hexametýlentetramín
302-01-2	Hýdrasín
123-31-9	Hýdrókínón, *p*-bensendíól
818-61-1	2-Hýdroxýetýlakrýlat
97-86-9	Ísóbútýlmetakrýlat
4098-71-9	Ísófóróndíísósýanat, 3-ísósýanatometýl-3,5,5-trímetýlsýklóhexýlísósýanat, IPDI
7440-48-4	Kóbalt, ryk, reykur og ólífræn sambönd sem Co
6447-14-3	Kresýlglýsidýletri, 1,2-epoxý-3-tólýloxý-própan
7738-94-5	Krómsýra og krómöt sem Cr, fyrir utan strontíumkrómat
108-31-6	Maleinsýruanhýdríð
96-33-3	Metýlakrýlat, akrýlsýrumetýlester
101-68-8	Metýlenbis fenýlísósýanat, difenýlmetan-4,4-díísósýanat, MDI
80-62-6	Metýlmetakrýlat, metakrýlsýrametýlester, 2-metýlprópensýrametýlester
3173-72-6	1,5 Naftalíndíísósýanat, 1,5 díísósýanatonaftalín
7440-02-0	Nikkel duft og ryk, sem Ni
	Nikkelsambönd
12035-72-2	Nikkelsúbsúlfíð, trínikkeldísúlfíð
110-85-0	Píperasín og sölt þar af, díetýlendíamín
85-44-9	Talsýruanhýdríð
	Frönsk terpentína (terpentína, tré-)
8052-41-3	Terpentína (mineröl sk), mineralterpentína, white spirit
584-84-9	2,4 Tólúendíísósýanat, 2,4-díísósýanatótólúen, TDI
102-71-6	Tríetanólamín
112-24-3	Tríetýlentetraamín
552-30-7	Trímellitsýruanhýdríð, 1,2,4-bensentríkarboxýlsýra-1,2-anhýdrýð
15646-96-5	2,4,2-Trímetýlhexametýlen-1,6-díísósýanat, TMDI
16938-22-0	2,2,4-Trímetýlhexametýlen-1,6-díísósýanat, TMDI
137-26-8	Þíram

5. mars 1999 457 Nr. 155

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, Ásar norðan Ástjarnar.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 5. mars 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Aðalskipulagsbreytingin varðar grænt svæði milli friðlands og íbúðarsvæðis, sem breytist í íbúðarsvæði og að íbúðarsvæði breytist og bæst hefur við stofnanasvæði og stofnanasvæði/opið svæði til sérstakra nota.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfisráðuneytinu, 5. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

18. febrúar 1999 Nr. 156

AUGLÝSING

um nýtt deiliskipulag 1. áfanga í Ásum, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 26. janúar 1999, nýtt deiliskipulag 1. áfanga í Ásum.

Á svæðinu er gert ráð fyrir 1. áfanga íbúðarbyggðar, 148 íbúðum í blandaðri byggð, sambýli fatlaðra, leikskóla og náttúrustofu/fólkvangsmiðstöð.

Greinargerðin og uppdrátturinn hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 18. febrúar 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1999.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. apríl til kl. 10 að morgni 15. apríl 1999 eru allar veiðar óheimilar á eftirgreindum svæðum:

1. Fyrir Suður- og Vesturlandi á svæði sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi í austur frá Stokksnesi og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi 250° frá Skorarvita. Frá Stokksnesi markast svæðið að utan af línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu í punkt í 12 sjómílna fjarlægð suður frá Lundadrangi. Þaðan er línan dregin í punkt 63°08'0 N og 19°57'0 V og þaðan í 4ra sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi. Þaðan er línan dregin í 5 sjómílna fjarlægð utan við Geirfugladrang í punkt 64°43'7 N og 24°12'0 V og þaðan í 64°43'7 N og 24°26'0 V og síðan í punkt í 24,3 sjómílna fjarlægð 250° réttvísandi frá Skorarvita.
2. Fyrir Suðvesturlandi á svæði sem að austan markast af 21°V, að sunnan af 63°05'N og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi í suðvestur frá Reykjanesaukavita.

2. gr.

Á tímabilinu frá kl. 10 að morgni 15. apríl til kl. 10 að morgni 21. apríl 1999 eru allar veiðar óheimilar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi, sem að austan markast af línu sem dregin er réttvísandi 90° frá Stokksnesi og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi 250° frá Skor. Frá línu réttvísandi 90° frá Stokksnesi að línu réttvísandi 270° frá Garðskagavita markast svæðið að utan af línu sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins. Þaðan markast ytri mörk svæðisins af línu sem dregin er um punkta sem eru í 4ra sjómílna fjarlægð í tilgreindar réttvísandi stefnur frá eftirgreindum stöðum:

1. 270° frá Hjörsey
2. 180° frá Malarrifsvita
3. 270° frá Tröllakirkju
4. 270° frá Öndverðarnesvita
5. 360° frá Öndverðarnesvita
6. 360° frá Töskuvita við Rif
7. 250° frá Skorarvita

3. gr

Á tímabilinu frá og með 1. apríl til kl. 10 að morgni 21. apríl 1999 eru allar veiðar bannaðar innan þriggja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins fyrir Norður- og Austurlandi frá línu réttvísandi norður frá Horni að línu réttvísandi í austur frá Stokksnesi.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.-3. gr. eru grásleppuveiðar, innfjarðarækjuveiðar, hörpudisksveiðar og ígulkeraveiðar heimilar þeim sem tilskilin leyfi hafa til þeirra veiða innan svæðisins.

Þá er og heimilt að stunda rauðmagaveiðar á grynnra vatni en 10 föðmum á innanverðum Faxaflóa, innan línu sem dregin er frá Markakletti á Hraunsnesi vestan Straumsvíkur, í 6-baujuna, þaðan í Brekkuboðabauju og síðan um Andriðsey í land.

5. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 122, 18. febrúar 1999, um friðun hrygningarþorsks á vetrarvertíð 1999.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

11. febrúar 1999 Nr. 158

GJALDSKRÁ

vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1999.

1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1999, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. apríl 1999 með eindaga 1. júní 1999 verða sem hér segir:

		kr.
1.	*Röntgenskoðunartæki:*	
	a. Föst tæki - myndataka	12.500
	b. Föst tæki - skyggning	17.500
	c. Tölvusneiðmyndatæki	25.000
	d. Aukalampar	3.500
	e. Færanleg tæki - myndataka	10.000
	f. Færanleg tæki - skyggning	13.000
	g. Tannröntgentæki	7.500
	h. Tannröntgentæki - aukatæki	3.750
	i. Iðnaðarröntgentæki	11.000
	j. Dýralækningaröntgentæki	11.000
2.	*Geislalækningatæki*	17.500
3.	*Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað sem opnar lindir eru notaðar*	15.000
4.	*Geislavirk efni, litlar lokaðar lindir, lindir í skólum, fyrir hvern stað*	8.000
5.	*Önnur geislatæki:*	
	a. Nifteindatæki	30.000
	b. Önnur tæki sem ekki falla undir lið 1-4	
	1. Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað	8.000
	2. Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað	4.000
6.	*Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks:*	
	a. Filmumælingar, fyrir hverja filmu	400
	b. TLD-mælingar, fyrir hverja flögu	1.000

2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tækið sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

4. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 10.000. Fyrir hvert vottorð sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.000.

5. gr.

Fyrir sólarlampa sem stofnunin skoðar, skal greitt gjald, kr. 25.000. Skoðunargjald skal fylgja með umsókn um leyfi til innflutnings.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 18. gr. laga nr. 117/1985 um Geislavarnir ríkisins staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 1999.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. febrúar 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Davíð Á. Gunnarsson.

Nr. 159 1. mars 1999

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 174/1998 fyrir sorphirðu á Siglufirði.

1. gr.

4. mgr. gjaldskrárinnar sem hljóðar svo: „Þeir rekstraraðilar sem eru með sérsamning við verktaka í sorphreinsun skulu greiða sem nemur 15% af upphæð þess flokks sem fyrirtæki þeirra flokkast í. Gjald á rekstraraðila í flokki A með slíkan sérsamning skal vera kr. 20.000.“ fellur niður.

2. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Siglufjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi við birtingu.

Umhverfisráðuneytinu, 1. mars 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

STJÓRNARTÍÐINDI B 21 – 1999

11. mars 1999 461 Nr. 160

REGLUGERÐ

um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III B og IV B við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 75. gr. laga nr. 99/1993 með síðari breytingum.

2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Tollnúmer:	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	16.03.-28.03.99	ótilgr.	7,5	50
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	29.03.-04.04.99	ótilgr.	15	99
0702.0002	Tómatar, nýir eða kældir	05.04.-11.04.99	ótilgr.	22,5	148
0703.9001	Blaðlaukur	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.1000	Blómkál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.2000	Rósakál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.9002	Rauðkál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.9003	Kínakál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.9004	Spergilkál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.9005	Fóðurmergskál	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0704.9009	Annað	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0705.1112	Jöklasalat	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0705.1199	Annað (salat)	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0705.1900	Annað	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0705.2100	Kaffiffílsblöð	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0705.2900	Annað	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0706.9001	Gulrófur	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0706.9009	Annars	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.3000	Eggaldinjurtir	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.4000	Selja, önnur en seljurót	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.5100	Sveppir	16.03.-30.06.99	ótilgr.	7,5	100
0709.6009	Önnur (Chillepipar)	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.9002	Kúrbítur	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.9004	Steinselja	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
0709.9009	Annars	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0
Úr tollnúmeri:					
0709.6003	Paprika, græn	16.03.-28.03.99	ótilgr.	7,5	99
0709.6003	Paprika, græn	29.03.-18.04.99	ótilgr.	15	199
0709.6003	Paprika, græn	19.04.-30.06.99	ótilgr.	22,5	298
0709.6003	Paprika, önnur (lituð)	16.03.-30.06.99	ótilgr.	30	0

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollnúmer þar sem vörumagn er ekki tilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skv. reglugerð nr. 64/1991 skal þó miða við dagsetningu hennar.

Gutenberg

3. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 53. gr. og 70. gr. laga um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum nr. 99/1993, með síðari breytingum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 53. gr., 53. gr. A og 75. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1999.

Landbúnaðarráðuneytinu, 11. mars 1999.

Guðmundur Bjarnason.

Hjördís Halldórsdóttir.

Nr. 161 11. mars 1999

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 595/1997 um heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót og frekari uppbætur samkvæmt 9. og 10. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð.

1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar hljóði svo:

Frekari uppbætur.

8. gr.

Heimilt er að greiða frekari uppbætur til elli- og örorkulífeyrisþega ef sýnt þykir að lífeyrisþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Við mat á því hvort lífeyrisþegi geti framfleytt sér skal taka tillit til eigna og tekna bótaþega, þar á meðal bóta almannatrygginga og kostnaðar sbr. 2. mgr. Frekari uppbætur skulu þó aldrei greiddar til lífeyrisþega sem á eignir í peningum eða verðbréfum yfir 4.000.000 kr., eða hefur heildartekjur, að meðtöldum bótum almannatrygginga yfir 96.230 kr. á mánuði. Viðmiðunarmörk hjóna miðist við tvöfaldar þessar upphæðir.

Frekari uppbætur er heimilt að greiða vegna:

1. Umönnunarkostnaðar, sem heimilishjálp eða aðrir opinberir aðilar greiða ekki.
2. Sjúkra- eða lyfjakostnaðar, sem sjúkratryggingar greiða ekki.
3. Húsaleigu, sem fellur utan húsaleigubóta.
4. Vistunarkostnaðar á dvalarheimilum, stofnunum svo og sambýlum og áfangastöðum, sem fengið hafa starfsleyfi frá ráðuneyti eða reka sambærilega starfsemi að mati samráðsnefndar sbr. 3. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og öðlast gildi nú þegar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. mars 1999.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Jón Sæmundur Sigurjónsson.

STJÓRNARTÍÐINDI B 22 – 1999

15. mars 1999 463 Nr. 162

REGLUGERÐ

um bann við tog- og dragnótaveiðum norðvestur af Eldey.

1. gr.

Frá og með 16. mars 1999 til og með 30. apríl 1999 eru allar veiðar með fiskibotnvörpu og dragnót óheimilar á svæði norðvestur af Eldey, sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 63°46,00'N - 23°18,00'V
2. 63°44,50'N - 23°05,00'V
3. 63°50,00'N - 22°53,50'V
4. 63°50,00'N - 23°18,00'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 16. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

Stjórnartíðindi B 22, nr. 162. Útgáfudagur 15. mars 1999.

Gutenberg

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 – 1999

Nr. 163 464 24. febrúar 1999

AUGLÝSING

um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla.

1. gr.

Með vísan til 29. og 30. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, með áorðnum breytingum, staðfestir menntamálaráðherra hér með að ný aðalnámskrá grunnskóla tekur gildi frá og með 1. júní 1999. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í skólum frá og með skólaárinu 1999-2000 eftir því sem við verður komið og nánar er kveðið á um í almennum hluta hennar og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt fellur aðalnámskrá grunnskóla frá 28. apríl 1989 úr gildi.

2. gr

Aðalnámskrá grunnskóla er gefin út í tólf heftum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og ellefu sérstaka greinahluta.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla eru meðal annars tilgreindar kjarnagreinar, fjallað um uppeldishlutverk grunnskólans, meginstefnu í kennslu og kennsluskipan, meginmarkmið náms og kennslu og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Í greinahlutum aðalnámskrár grunnskóla, sem gefnar eru út í ellefu heftum, er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum og bera heftin þessi heiti:

Íslenska
Stærðfræði
Erlend tungumál
Heimilisfræði
Íþróttir – líkams- og heilsurækt
Kristin fræði, siðfræði, trúarbragðafræði
Listgreinar
Lífsleikni
Náttúrufræði
Samfélagsgreinar
Upplýsinga- og tæknimennt.

Heftin eru útgefin á tímabilinu frá 1. mars 1999 til 31. maí 1999 af menntamálaráðuneytinu og dreift jafnóðum til sveitarstjórna.

Menntamálaráðuneytinu, 24. febrúar 1999.

Björn Bjarnason.

Árni Gunnarsson.

Gutenberg

Fylgiskjal.

Almenni hluti aðalnámskrár grunnskóla.

GRUNNSKÓLINN.

Samkvæmt lögum nr. 66/1995, um grunnskóla, er grunnskólinn 10 ára skóli. Almennt er gert ráð fyrir að nemendur hefji nám árið sem þeir verða sex ára. Lögin heimila þó að í vissum tilvikum geti nemendur byrjað fyrr eða seinna. Af þessu leiðir að langflestir nemendur ljúka grunnskólanámi á því ári sem þeir verða sextán ára.

Frá árinu 1996 hafa sveitarfélög borið meginábyrgð á skólahaldi og framkvæmd grunnskólalaga. Grunnskólinn er skyldunám og er hverju sveitarfélagi skylt að sjá öllum börnum á aldrinum 6-16 ára, sem þar eiga lögheimili, fyrir skólavist. Lögin kveða á um það að skólaárið skuli ná yfir 9 mánuði og að nemendur skuli njóta 170 kennsludaga að lágmarki.

Foreldrar bera ábyrgð á því að nemendur innritist í grunnskóla og sæki skólann og skólanefnd fylgist með því að öll skólaskyld börn njóti lögboðinnar fræðslu. Verði misbrestur á skólasókn skólaskylds barns án þess að veikindi eða aðrar gildar ástæður hamli, ber skólanefnd að hafa afskipti af málinu.

Lög um grunnskóla gefa sveitarfélögum og skólum verulegt svigrúm til að skipuleggja nám í samræmi við þarfir og aðstæður á hverjum stað en meginstefnan, sem kemur fram í lögum og aðalnámskrá, er sú að allir nemendur eigi þess kost að stunda nám í heimaskóla sínum.

Uppbygging grunnskólanáms.

Kennsla í grunnskólum er í flestum tilvikum skipulögð þannig að nemendum á sama aldri er skipað saman í bekki. Í fjölmennum skólum skiptast bekkir í bekkjardeildir. Í fámennum skólum er samkennsla í námshópum nemenda á mismunandi aldri. Meginreglan er sú að nemendur færast á milli bekkja eftir því sem aldur þeirra segir til um. Í vissum tilvikum er þó unnt að flýta eða seinka nemanda.

Aðalnámskrá grunnskóla skilgreinir og lýsir sameiginlegum námsmarkmiðum sem grunnskólum ber að stefna að og segir til um þann lágmarkstíma sem skólum ber að bjóða nemendum í einstökum námsgreinum og námssviðum. Sveitarfélög og skólar geta ráðstafað frjálst hluta þess lágmarkstíma sem nemendur eiga rétt á og geta auk þess boðið lengri skólatíma en lögboðið lágmark segir til um. Í 9. og 10. bekk er þetta svigrúm um 30% af þeim tíma sem námskráin tiltekur. Gert er ráð fyrir að í þessum bekkjum fái nemendur tækifæri til að velja milli námsgreina og námssviða.

Námsgreinar eru áberandi í skipulagi kennslu í grunnskólum þótt erfitt sé að greina skýr mörk milli námsgreina í yngstu bekkjunum þar sem einn og sami kennarinn kennir flestar námsgreinar. Eftir því sem á skólagönguna líður eykst sérhæfing kennslunnar og í efstu bekkjum er kennslan að mestu í höndum faggreinakennara.

Í 4. bekk, 7. bekk og í lok 10. bekkjar eru haldin samræmd próf. Menntamálaráðuneytinu ber samkvæmt lögum skylda til að sjá til þess að samræmd próf séu haldin. Öllum nemendum í 4. og 7. bekk er skylt að gangast undir samræmd próf í íslensku og stærðfræði með vissum undantekningum. Þetta á t.d. við um nýbúa og heyrnarlausa. Samræmdu prófin í 10. bekk eru valfrjáls. Sérstök stofnun annast framkvæmd samræmdra prófa, samningu, yfirferð og úrvinnslu þeirra.

Tengsl leikskóla og grunnskóla.

Meginhlutverk leikskóla er að skapa umhverfi og aðstöðu til uppeldis og þroska þar sem hlúð er að líkamlegri og andlegri vellíðan barna.

Langflest börn hafa notið þess að vera í leikskóla um lengri eða skemmri tíma áður en grunnskólagangan hefst. Leikskólinn býr börnin undir hina formlegu skólagöngu á ýmsan hátt. Í leikskólum hafa börnin lært og þroskast gegnum leik og annað skipulagt uppeldisstarf. Þau hafa styrkt sjálfsmynd sína, öðlast sjálfstæði og lært að vinna saman. Ýmis viðfangsefni í leikskólum, sem tengjast íslensku, stærðfræði, náttúruskoðun, tónlist, myndlist og hreyfingu, hafa gildi í sjálfu sér sem þroskandi glíma við daglegt líf og umhverfi en stuðla jafnframt að undirbúningi undir formlegt nám í grunnskóla.

Mikilvægt er að leikskólar og grunnskólar efli tengsl sín í milli og komi á sambandi og samstarfi milli leikskólakennara sem hafa umsjón með elstu börnunum í leikskóla og grunnskólakennara sem taka við þeim í fyrsta bekk grunnskóla. Það er augljóslega hagur barnanna að kennarar á báðum þessum skólastigum séu kunnugir viðfangsefnum, starfsháttum og vinnuskipulagi hver annars. Því færra sem kemur börnunum og foreldrum þeirra á óvart þegar skipt er um skóla og vinnustað, því betri samfella sem er á milli skólastiganna, því meiri líkur eru á farsælu upphafi grunnskólagöngunnar. Brýnt er að foreldrum sé ljóst á hvern hátt grunnskóli er frábrugðinn leikskóla, hvaða nýjar kröfur eru gerðar til barna og foreldra, hver er réttur þeirra og hvaða vinnubrögð og skyldur mæta börnunum á nýjum vinnustað.

Auk samvinnu skólastjóra og kennara leikskóla og grunnskóla, geta gagnkvæmar heimsóknir barnanna stuðlað að hnökralausri færslu milli skólastiga. Leikskólabörn geta haft mikið gagn af að heimsækja væntanlegan grunnskóla þar sem þau fá tækifæri til að kynnast skólastofu, leikvelli, kennurum og nemendum. Á sama hátt getur heimsókn sex ára barna í gamla leikskólann sinn orðið til þess að styrkja tengsl leikskóla og grunnskóla. Ekki er síður gagnlegt fyrir foreldrafélög eða foreldrahópa á báðum skólastigum að hafa samvinnu og samráð sín á milli.

Grunnskólinn þarf einnig að huga að skólabyrjun barna sem ekki eru í leikskólum. Skólinn þarf að kynna sig fyrir þeim og foreldrum þeirra, útskýra hvers er að vænta, hvaða kröfur eru gerðar í upphafi skólagöngu og hvernig skólinn hyggst styðja við uppeldi og sinna námi og kennslu.

Tengsl grunnskóla og framhaldsskóla.

Langflestir nemendur hefja nám í framhaldsskóla strax að loknum grunnskóla. Um ýmsa kosti er að velja. Nemendur, sem hyggja á bóknám, eiga kost á námi á málabrautum, félagsfræðabrautum eða náttúrufræðabrautum framhaldsskólanna. Þeir sem hyggja á starfsnám geta valið úr fjölda starfsnámsbrauta sem leiða til starfsréttinda í ýmsum starfsgreinum.

Til þess að komast inn á tilteknar brautir þarf að standast þær kröfur sem gerðar eru um undirbúning. Inntökuskilyrði segja til um lágmarksárangur sem þarf í lykilgreinum einstakra brauta. Inntökuskilyrðin miðast bæði við frammistöðu á samræmdum prófum og einnig einkunnir sem skólinn gefur.

Það er afar mikilvægt að nemendum sé ljóst strax í 9. bekk hvað tekur við að loknum grunnskóla til þess að þeir geti nýtt sér valkosti sem þeim bjóðast í 9. og 10. bekk. Aðalnámskráin gerir ráð fyrir að í þeim bekkjum fái nemendur að ákveða sjálfir í samráði við foreldra og kennara og með tilliti til framtíðaráforma á hvað þeir leggja áherslu í námi sínu. Nemandi, sem t.d. hyggst fara á málabraut, á að geta lagt aukna áherslu á erlend mál með því að leggja stund á 3. erlenda málið í grunnskóla. Hann á líka að eiga þess kost að velja t.d. náttúrufræði eða listgreinar til að breikka menntun sína og reynslu áður en kemur að sérhæfingu framhaldsskólans. Aðalnámskráin gerir ráð fyrir að nemendur geti varið allt að þriðjungi námstímans í 9. og 10. bekk í valfrjálst nám.

Með auknu valfrelsi nemenda í 9. og 10. bekk er stuðlað að því að nemendur taki meiri ábyrgð á námi sínu. Þeir þurfa að horfa fram á veginn, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu. Aukið valfrelsi þýðir að nemendur geta lokið grunnskóla með mismunandi áherslum. Um leið er horfið frá því að skylda alla til að gangast undir öll samræmd próf í lok 10. bekkjar. Mismunandi inntökuskilyrði í framhaldsskóla og val í 9. og 10. bekk leiðir til þess að nemandinn ákveður sjálfur hvaða samræmd próf hann tekur, allt eftir því hvert hann stefnir í framhaldsnámi.

Inntökuskilyrði í framhaldsskóla.

Inntökuskilyrði fela í sér að nemandi þarf að hafa náð tilteknum lágmarksárangri í vissum greinum til að geta innritast á námsbrautir framhaldsskóla aðrar en almenna braut. Við ákvörðun inntökuskilyrða er tekið tillit til námsárangurs bæði á samræmdum prófum og skólaprófum. Miðað er við að einkunnir á samræmdum prófum séu í formi staðaleinkunna, þ.e. að árangur nemanda sé settur fram með hliðsjón af frammistöðu annarra nemenda. Við mat á umsóknum er miðað við svokallaða viðmiðunareinkunn í einstökum greinum, sem er meðaltal staðaleinkunnar á samræmdu prófi og skólaeinkunnar.

Á þessum forsendum eru sett eftirfarandi inntökuskilyrði:

- Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla.
- Allir þeir sem lokið hafa námi í grunnskóla en hafa ekki þreytt samræmd grunnskólapróf eða uppfylla ekki inntökuskilyrði annarra brauta eiga kost á að hefja nám í sérdeild eða á almennri braut. Á almennri námsbraut geta nemendur m.a. valið stutt, hagnýtt nám sem veitir undirbúning til skilgreindra starfa, nám sem gefur þeim kost á að bæta fyrri námsárangur í bóklegum greinum þannig að þeir geti hafið nám á námsbrautum sem gera kröfur um góðan undirbúning í einstökum námsgreinum svo og nám sem nemendur skilgreina sjálfir í samræmi við áhugamál sín í samstarfi við námsráðgjafa og foreldra.
- Nemandi, sem lokið hefur skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla, þ.m.t. samræmdum prófum a.m.k. í íslensku og stærðfræði og fengið tilskilda lágmarkseinkunn eða hærri viðmiðunareinkunn í þessum greinum, getur innritast á skilgreindar brautir framhaldsskólans svo fremi að ekki séu gerðar viðbótarkröfur um árangur í öðrum greinum. Vakin er athygli á að þróunin virðist vera í þá átt að eftir eins til tveggja ára grunnnám á skilgreindu sviði starfsnáms verði haldin próf til þess að ákvarða um frekara nám nemenda.
- Til að hefja nám á bóknámsbraut framhaldsskóla þarf nemandinn að uppfylla kröfur um viðmiðunareinkunn í ákveðnum lykilgreinum sem tilgreindar eru fyrir hverja braut. Til að hefja nám á málabraut þarf nemandinn að hafa hlotið tiltekna viðmiðunareinkunn í íslensku, ensku og dönsku og aðra tiltekna viðmiðunareinkunn í stærðfræði. Á félagsfræðabraut þarf nemandinn að hafa hlotið tiltekna viðmiðunareinkunn í íslensku, ensku og samfélagsgreinum og aðra tiltekna viðmiðunareinkunn í stærðfræði. Á náttúrufræðabraut þarf nemandinn að hafa hlotið tiltekna viðmiðunareinkunn í íslensku, stærðfræði og náttúrufræðum og aðra tiltekna viðmiðunareinkunn í ensku.
- Til að hefja nám á listnámsbraut þarf nemandinn að hafa fengið ákveðna viðmiðunareinkunn í íslensku og stærðfræði ásamt því að hafa lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla með fullnægjandi árangri að mati viðtökuskóla eða sýnt með öðrum hætti að námið henti honum.
- Skólameistari getur heimilað nemanda, sem uppfyllir ekki inntökuskilyrði brautar, að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef hann telur líkur á því að nemandinn standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur á brautinni enda hafi nemendum, sem

uppfylla inntökuskilyrðin, ekki verið hafnað. Auk þess er skólameistara heimilt skv. 15. gr. laga um framhaldsskóla að veita nemanda, sem orðinn er 18 ára gamall, inngöngu á einstakar brautir framhaldsskóla þótt hann uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla.
- Vilji nemandi tryggja sér rétt til náms á öllum námsbrautum þarf hann að ná viðmiðunareinkunn í öllum námsgreinum sem prófað er í samræmt við lok grunnskóla.
- Inntökuskilyrði samkvæmt framanrituðu taka gildi frá og með skólaárinu 2001-2002.

Hlutverk og markmið grunnskóla.

Í grunnskólanum skal unnið að því í samvinnu við heimilin að búa nemendur undir líf og starf. Frumábyrgð á uppeldi og menntun hvílir á foreldrum. Hlutur grunnskólans felst einkum í því að sjá nemendum fyrir formlegri fræðslu og taka þátt í félagslegri mótun þeirra. Þetta sameiginlega verkefni heimila og skóla kallar á náin tengsl, gagnkvæmt traust, gagnkvæma upplýsingamiðlun, samábyrgð og samvinnu.

Menntakerfið á að vera sveigjanlegt til að mæta nýjungum og breyttum kröfum. Höfuðskylda þess er þó að veita nemendum góða, alhliða menntun. Almenn menntun er besta veganesti sérhvers einstaklings í þekkingar- og upplýsingasamfélaginu. Einstaklingurinn verður strax á ungum aldri að búa sig undir þá staðreynd að menntun er æviverk. Námskrá verður heldur aldrei sett í eitt skipti fyrir öll. Þarfir og aðstæður breytast. Breytingar á fjölskyldu- og heimilislífi og í atvinnulífi kunna að gera nýjar og breyttar kröfur til skólanna.

Grunnskólinn skal leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska hvers og eins. Grunnskólar eiga að taka við öllum börnum hvernig sem á stendur um atgervi þeirra til líkama og sálar, félagslegt og tilfinningalegt ásigkomulag eða málþroska. Þetta á við um fötluð börn og ófötluð, afburðagreind og greindarskert og allt þar á milli, börn úr afskekktum byggðarlögum, börn úr minnihlutahópum sem skera sig úr hvað varðar mál, þjóðerni eða menningu. Grunnskólum er skylt að mennta öll börn á árangursríkan hátt.

Samkvæmt lögum eiga allir nemendur rétt á námi við hæfi í grunnskólum og sveitarfélögum er skylt að sjá öllum nemendum fyrir viðeigandi námstækifærum. Stefna stjórnvalda er sú að fatlaðir nemendur stundi nám með öðrum nemendum eftir því sem kostur er. Á grunnskólastigi eiga allir nemendur rétt á að stunda skyldunám í heimaskóla nema foreldrar og sérfræðingar skóla meti aðstæður nemandans þannig að honum sé fyrir bestu að vera í sérskóla eða heilsu hans sé þannig farið að ekki verði komist hjá vistun fjarri heimili. Aðalnámskrá grunnskóla lýsir helstu áhersluatriðum í menntun barna og unglinga á skólaskyldualdri.

Almenn menntun.

Almenn menntun er ein meginstoð lýðræðis. Hún er undirstaða menningar og almennrar velferðar. Almenn menntun á að efla gagnrýna, sjálfstæða hugsun hjá einstaklingum og hæfileika til þess að bregðast við nýjum aðstæðum. Í síbreytilegu umhverfi samtímans reynir á hæfni til þess að bregðast við nýjum aðstæðum, takast á við og tileinka sér nýjungar og framfarir á öllum sviðum. Í grunnskólum ber að efla með nemendum sjálfstraust og heilbrigðan metnað. Nemendur þurfa að fá tækifæri til þess að tjá skoðanir sínar í rituðu og mæltu máli í námi. Þeir þurfa að geta látið skoðanir sínar í ljós, vera óhræddir við breytingar og geta borið ábyrgð á gerðum sínum.

Almenn menntun á að stuðla að umburðarlyndi, virðingu fyrir náunganum og umhverfinu. Í grunnskólum ber að efla heilbrigða dómgreind, umburðarlyndi, náungakærleik og verðmætamat. Fjölbreytni í kennsluháttum og heilbrigt félagslíf stuðlar m.a. að þessum

markmiðum. Í grunnskólum ber að efla menningarvitund Íslendinga og virðingu fyrir menningu annarra þjóða. Almenn menntun á að skapa tækifæri til listnáms. Auk þess að vera þáttur í að stuðla að alhliða þroska nemenda er með listnámi lagður grunnur að skapandi þætti lista og að rækta hæfileika til þess að njóta menningar og lista.

Almenn menntun felur í sér að leggja í samvinnu við heimilin rækt við heilbrigði og hollar lífsvenjur, að efla siðferðisvitund og stuðla að ábyrgri umgengni við allt líf og umhverfi.

Almenn menntun á að styrkja einstaklinga til þess að átta sig á eigin stöðu í samfélaginu og að geta tengt þekkingu og færni við daglegt líf og umhverfi. Þessar skyldur skólans falla m.a. undir hugtakið lífsleikni og miða að því, í samvinnu við heimilin, að búa nemendur undir líf og starf í lýðræðislegu þjóðfélagi og að dýpka skilning þeirra á samfélaginu og hlutverki einstaklingsins í því. Þar má nefna skilning á sögulegum forsendum samfélagsins, atvinnuháttum, menningu, náttúru, fjölskylduábyrgð, fjármálaskyldum, skyldum einstaklingsins og rétti hans. Undir þetta falla einnig skyldur skólans til þess að stuðla að forvörnum gegn hvers konar vá með fíknivörnum, slysavörnum og umferðarfræðslu.

Jafnrétti til náms.

Eitt grundvallarviðmið í skólastarfi er jafnrétti til náms sem er fólgið í því að bjóða nemendum nám og kennslu við hæfi og gefa þeim tækifæri til að spreyta sig á viðfangsefnum að eigin vali. Í þessu felast ekki endilega sömu úrræði fyrir alla heldur sambærileg og jafngild tækifæri. Verkefnin skulu höfða jafnt til drengja og stúlkna, nemenda í dreifbýli sem þéttbýli og fatlaðra og ófatlaðra óháð uppruna, trú og litarhætti. Aðalnámskrá grunnskóla leggur áherslu á að skólar búi bæði kynin undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og í samfélaginu. Eitt mikilvægasta úrlausnarefni skóla og skólayfirvalda í þessu sambandi er að finna leiðir til að koma til móts við ólíka getu og ólík áhugamál nemenda, þ.e. að veita nemendum menntun við hæfi hvers og eins.

Grunnskólinn skal stuðla að menntun hvers og eins. Veita skal nemendum tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni og temja sér vinnubrögð sem stuðli að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Jafnframt skal leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfa hæfni þeirra til heilbrigðs samstarfs og samkeppni við aðra.

Skólinn þarf að búa nemendur undir ævilangt nám og síbreytilegar kröfur með því að leggja áherslu á vinnubrögð sem þroska félagslega færni og skipulags- og samskiptahæfni. Einnig er mikilvægt að nemendum lærist að þekkja og tjá eigin tilfinningar og kunni jafnframt að virða tilfinningar annarra og tjáningu þeirra, óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun.

Starfshættir í grunnskólum.

Til að standa undir þeim skyldum sem markmiðsgrein grunnskólalaganna (2. gr.) setur, þ.e. að búa nemendur undir líf og starf, verður skólinn að bjóða fram metnaðarfull námstækifæri við hæfi allra nemenda. Í því felst m.a. að skólar verða að leggja áherslu á að byggja sérhvern nemanda upp sem heilsteyptan einstakling með trausta menntun og þjálfun til að takast á við frekara nám og búa hann undir þátttöku í atvinnulífi, fjölskyldulífi og félagslífi. Í þessu skyni verður skólinn að bjóða margvísleg en jafngild námstækifæri þannig að komið sé til móts við sérstöðu einstaklinga. Hver nemandi á að geta fundið nám við sitt hæfi sem eflir hann og þroskar.

Grunnskólinn skal stuðla að því að nemendur temji sér víðsýni og efli skilning sinn á mannlegum kjörum og umhverfi, á íslensku þjóðfélagi, sögu þess og sérkennum, skyldum einstaklingsins við samfélagið og rétti hans innan þess.

Forsenda lýðræðis er meðvitaður og ábyrgur einstaklingur sem er fær um þátttöku í opnu og frjálsu þjóðfélagi. Hin siðferðilegu gildi samfélagsins verða að endurspeglast í öllu skólastarfi. Umfjöllun um siðfræðileg gildi og forsendur þeirra á heima í öllum námsgreinum.

Starfshættir í grunnskóla skulu mótast af gildum lýðræðislegs samstarfs, kristins siðgæðis og umburðarlyndis. Helstu gildi lýðræðislegs samstarfs eru: jafngildi allra manna, virðing fyrir einstaklingum og samábyrgð. Helstu gildi kristins siðgæðis, sem skólinn á að miðla og mótast af, eru: ábyrgð, umhyggja og sáttfýsi. Umburðarlyndi tengist lýðræðinu og kristnu siðgæði og byggist á sömu forsendum. Það verður að ætla öllum rétt til sjálfstæðra skoðana og tækifæri til að tjá þær og reyna að vinna þeim fylgi, að því tilskildu að það sé gert á heiðarlegan hátt og réttur annarra til hins sama virtur.

Í samvinnu við heimilin ber að leggja áherslu á það í grunnskólum að efla siðferðisvitund og ábyrga hegðun nemenda. Með því er átt við hvers kyns framkomu, verknað og orðræðu sem snertir samskipti við aðra nemendur, kennara, annað starfsfólk skóla og aðra sem nemendur umgangast. Á sama hátt ber kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að vera nemendum fyrirmynd um þessi atriði.

Áhersla er lögð á að notkun upplýsingatækni verði sjálfsagt hjálpartæki í öllum námsgreinum. Stórstígar framfarir á þessu sviði hafa breytt ýmsum samfélagsháttum og atvinnuháttum. Í sérhverri námsgrein verður að nýta þau tækifæri sem upplýsingatæknin gefur til að ná markmiðum greinarinnar.

Allir kennarar eru íslenskukennarar, hvaða grein sem þeir kenna. Leggja ber áherslu á að þjálfun í notkun íslensku er lykill að árangri í öllu námi.

Þau grundvallaratriði, sem fjallað er um í þessum kafla, fela í sér að lögð skal rækt við ýmis almenn, uppeldisleg markmið í skólastarfinu. Almenn uppeldis- og menntunarmarkmið grunnskólans ná ekki fram að ganga nema hugað sé sérstaklega að þeim markmiðum sem ganga eins og rauður þráður gegnum allt skólastarf en eru ekki flokkuð undir einstakar námsgreinar eða námssvið. Allar námsgreinar og kennsla verða að stuðla að því að þessum markmiðum verði náð. Ekki þarf síður að hafa þessi markmið að leiðarljósi á öðrum sviðum skólastarfsins svo sem í frímínútum og skólaferðum, í starfi nemendaráða og félags- og tómstundastarfi og samskiptum umsjónarkennara við nemendur sem hann hefur umsjón með.

AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA.

Hlutverk aðalnámskrár.

Í aðalnámskrá grunnskóla er að finna nánari útfærslu á ákvæðum laga og reglugerða um nám og kennslu í grunnskóla. Aðalnámskrá tekur til allra nemenda og setur sameiginleg markmið náms og kennslu í öllum grunnskólum landsins. Í aðalnámskrá grunnskóla er kveðið á um uppeldis- og menntunarhlutverk grunnskólans og sett fram meginstefna um kennslu og kennsluskipan. Aðalnámskrá útfærir nánar ákvæði laga um kjarnagreinar og aðrar skyldunámsgreinar og segir til um áherslur og vægi. Viðmiðunarstundaskrá, sem sýnir hlutfallslegt vægi milli námsgreina og námssviða, er hluti af aðalnámskrá.

Aðalnámskrá er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir og gegnir margvíslegu hlutverki. Hún er allt í senn, stjórntæki til að fylgja eftir ákvæðum laga, fyrirmæli fræðsluyfirvalda um að ákveðinni skólastefnu sé framfylgt og safn sameiginlegra markmiða skólastarfs í landinu. Aðalnámskrá er ætlað að samræma nám og kennslu að því marki sem þörf er talin á og tryggja rétt allra nemenda til tiltekinnar lágmarksmenntunar.

Aðalnámskrá er ætlað að þjóna mörgum aðilum. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um alla nemendur og starfsmenn grunnskóla. Hún er jafnframt viðmiðun við mat á skólum og skólastarfi, leiðarljós fyrir þá sem fást við námsefnisgerð

og kennaramenntun og grundvöllur skólanámskrárgerðar og sjálfsmats skóla. Aðalnámskrá er einnig upplýsing og viðmiðun fyrir foreldra til þess að þeir geti fylgst grannt með vinnubrögðum og árangri skólastarfsins og velferð og líðan nemenda.

Sömu markmið fyrir alla.

Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að þorri nemenda eigi að geta náð flestum markmiðum námskrárinnar á sama tíma. Ljóst er þó að einhver hluti nemenda ræður vel við fleiri og flóknari markmið en aðrir þurfa lengri tíma og laga þarf námið sérstaklega að þeim. Markmið aðalnámskrár eiga því hvorki að skoðast sem hámark né lágmark. Það er skylda hvers skóla að laga námið sem best að nemendum hverju sinni. Nemendur eiga rétt á viðfangsefnum sem henta námsgetu þeirra og hæfni.

Athygli manna beinist í vaxandi mæli að nemendum með sértæka námsörðugleika. Margir þessara nemenda eiga í erfiðleikum við að ná tökum á lestri. Til að koma til móts við þennan vanda og aðra námsörðugleika er nauðsynlegt að meta sérþarfir nemenda með öflugri skimun og greiningu sem allra fyrst á skólagöngunni. Í ljósi slíkrar greiningar getur skólinn, í samvinnu við forráðamenn nemandans, brugðist við á markvissan hátt. Í aðalnámskrá grunnskóla eru settar fram skýrar kröfur til skóla um greiningu á lestrarörðugleikum. Þessir nemendur eiga einnig rétt á því að tekið sé tillit til lestrarörðugleika þeirra við próf og annað námsmat.

Mjög duglegir nemendur, afburðanámsmenn og nemendur, sem búa yfir sérhæfileikum á vissum sviðum, eiga líka rétt á að fá námstækifæri við sitt hæfi. Þeir eiga að fá tækifæri til að þroska sérhæfileika sína og nýta tímann til hins ítrasta með því að glíma við fleiri og flóknari markmið og krefjandi nám.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausir nemendur.

Í aðalnámskrá grunnskóla eru í fyrsta sinn sett ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Einnig eru ný ákvæði um sérstaka íslenskukennslu fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta nemendur og táknmálskennslu fyrir heyrnarlausa. Markmið fyrir íslenskukennslu nýbúa og heyrnarlausra og táknmálskennslu falla undir námssvið íslensku í grunnskóla.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að takast á við almennt nám í íslenskum skólum. Nemendurnir eiga rétt á því að fá sérstaka íslenskukennslu í grunnskólum með það að markmiði að þeir verði hæfir til að taka fullan þátt í skólastarfi og íslensku samfélagi.

Heyrnarlaus börn læra ekki íslensku á sama hátt og heyrandi börn. Þau heyra ekki málið í umhverfinu og þurfa því að reiða sig á tilbúnar aðstæður til að eignast sitt fyrsta mál. Í aðalnámskránni eru kröfur um að skólar bjóði heyrnarlausum börnum að læra og þroskast á eigin forsendum til að þau geti tileinkað sér íslensku. Táknmál hefur grundvallarþýðingu fyrir þroska máls, persónuleika og hugsunar heyrnarlausra nemenda. Hjá heyrnarlausum er táknmálið mikilvægasta uppspretta þekkingar og leið til að taka þátt í íslenskri menningu og menningu heyrnarlausra. Táknmálið hefur mikla þýðingu fyrir alla vinnu í skólanum og fyrir líf og starf nemendanna.

Sérstök íslenskukennsla fyrir nýbúa og heyrnarlausa þarf að taka mið af stöðu nemenda almennt í námi og mállegum og menningarlegum bakgrunni þeirra. Af þeim ástæðum er eðlilegt að þessir nemendur eigi þess kost að fá undanþágur frá því að stunda tilteknar námsgreinar, undanþágur frá því að taka samræmd próf og möguleika á frávikum frá prófreglum.

Markmið og markmiðssetning.

Skýr markmið eru grundvallarþáttur skólastarfs. Markmið eru leiðarvísir í öllu skólastarfi og forsenda áætlanagerðar um nám og kennslu. Þau stýra kennslunni og námsmatinu og eru grundvöllur mats á gæðum skólastarfs.

Skýr framsetning markmiða er undirstaða þess að allir leggi í þau sama skilning þannig að þau dugi sem viðmið í skólastarfi. Markmið aðalnámskrár eru sett fram með þetta að leiðarljósi. Í þeim felst skólastefna, þau eru nemendamiðuð og segja til um hvað nemendum er ætlað að geta og kunna við ákveðin skil í grunnskólanáminu, þau taka til alhliða þroska nemandans, allra þátta námsgreina og einnig til þverfaglegra þátta sem eru sameiginlegir öllum námsgreinum. Markmið námsgreina eða skyldra námssviða eru flokkuð saman og gefin út í sérstökum heftum. Almennur hluti myndar ásamt öllum heftunum aðalnámskrá grunnskóla. Í heftum um einstakar námsgreinar eða námssvið er að finna rök fyrir nauðsyn greinarinnar í grunnskóla og lýst stöðu hennar og hlutverki. Sett eru fram lokamarkmið greinarinnar sem eiga að lýsa í meginatriðum hvaða kunnáttu, skilnings og færni er krafist af nemendum almennt að loknu grunnskólanámi í greininni og sett eru fram markmið við ákveðin skil í náminu.

Markmið aðalnámskrár grunnskóla eru sett fram í þremur flokkum:

- Lokamarkmið.
- Áfangamarkmið.
- Þrepamarkmið.

Lokamarkmið.

Eðli lokamarkmiða er að gefa heildarmynd af því sem stefnt er að í kennslu einstakra námsgreina í grunnskólanum. Lokamarkmið skýra almennan tilgang náms og lýsa því sem skólar eiga að stefna að og því sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu lögbundnu skyldunámi. Í námskránni eru lokamarkmið greind niður í áfangamarkmið sem aftur eru greind í þrepamarkmið. Þessi undirmarkmið eru sett fram sem nákvæmari útlistun á einstökum markmiðum eftir aldursstigum. Áfanga- og þrepamarkmið eru þannig í beinu samhengi við lokamarkmið. Til þess að ná áfangamarkmiðum þarf að ná þrepamarkmiðunum. Til þess að lokamarkmiðum verði náð þarf að ná áfangamarkmiðum.

Áfangamarkmið.

Aðalnámskráin gerir ráð fyrir því að áfangamarkmið verði meginviðmið í öllu skólastarfi. Áfangamarkmiðum er deilt niður á þrjú stig. Í fyrsta lagi er um að ræða áfangamarkmið eftir nám í 1.-4. bekk, í öðru lagi eftir nám í 5.-7. bekk og að síðustu áfangamarkmið eftir nám í 8.-10. bekk. Áfangamarkmiðin gefa heildarmynd af því sem ætlast er til að nemendur hafi almennt tileinkað sér við lok áfanganna. Áfangamarkmiðin eru þannig orðuð að tiltölulega auðvelt á að vera að mæla eða meta hvort eða að hvaða marki þeim hefur verið náð. Áfangamarkmið mynda einnig grundvöll lögboðinna samræmdra prófa í íslensku og stærðfræði í 4. og 7. bekk og samræmdra prófa við lok grunnskóla.

Þrepamarkmið.

Þrepamarkmiðin eru safn markmiða/viðfangsefna til að ná áfangamarkmiðum. Þau eiga að lýsa skipulagi, samfellu og stígandi í kennslu hverrar námsgreinar og sýna hvernig unnt er að útfæra áfangamarkmiðin nánar og raða þeim á einstök þrep eða lotur sem geta verið námsár grunnskólans. Aðalnámskráin setur þrepamarkmið fram kennurum, foreldrum og nemendum til leiðsagnar. Skóli getur ákveðið að raða þrepamarkmiðum með öðrum hætti og birt það skipulag í skólanámskrá.

SKÓLANÁMSKRÁ.

Samkvæmt lögum skal árlega gefa út skólanámskrá í hverjum skóla og er skólastjóri ábyrgur fyrir því að hún sé unnin, gefin út og kynnt. Skólanámskrá skal vera nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla en jafnframt gefur hún kost á að laga fyrirmæli aðalnámskrár að sérstöðu hvers skóla og staðbundnum aðstæðum, draga þessi sérkenni fram og nýta þau til eflingar námi og kennslu.

Í aðalnámskrá grunnskóla er lögð megináhersla á að námsmarkmið séu sett fram á skýran hátt þannig að hvorki kennarar, nemendur né foreldrar velkist í vafa um hvaða kröfur eru gerðar til nemenda og skóla. Sömu kröfur eru gerðar til skólanámskrár. Aðalnámskrá setur skólum almenn viðmið en það er hins vegar hvers skóla að útfæra þau nánar í skólanámskrá bæði með tilliti til þess nemendahóps sem stundar nám í skólanum sem og þeirra kennsluhátta sem skólinn aðhyllist. Í skólanámskrá útfærir skólinn t.d. ýmis almenn og fagbundin markmið aðalnámskrár og birtir þær verklagsreglur sem í gildi eru í skólanum, t.d. varðandi umgengni, aga og aðgang að ráðgjöf og stuðningi af ýmsu tagi. Þar kemur m.a. fram hvernig skólinn skipuleggur kennsluna, hvaða kennsluaðferðum er beitt og hvernig staðið er að námsmati í skólanum.

Brýnt er að skóli rækti tengsl við ýmsa aðila utan skólans. Því þarf að lýsa í skólanámskrá hvernig skólinn hyggst vinna með heimilum, fyrirtækjum, félögum, stofnunum og öðrum aðilum utan skólans að því sameiginlega verkefni að veita öllum nemendum haldgóða menntun. Í skólanámskrá þarf m.a. að koma fram áætlun skólans um tengsl við atvinnulífið og áætlun um starfsfræðslu og starfs- og námskynningar.

Við framsetningu markmiða í aðalnámskrá er miðað við að þorri nemenda nái þeim markmiðum á svipuðum tíma. Hins vegar er ljóst að sumir nemendur ná settum markmiðum á mun skemmri tíma, aðrir þurfa lengri tíma. Þessum nemendum þarf að finna verkefni við hæfi og lýsa þeim úrræðum í skólanámskrá.

Aðalnámskrá segir ekki fyrir um röðun eða blöndun í bekki. Bekkjaskipting og röðun í bekki er ákvörðun hvers skóla. Í skólanámskrá þarf því að koma fram lýsing á bekkjaskipan og samsetningu námshópa og rök skólans fyrir þeirri skipan. Vönduð skólanámskrá er ein forsenda þess að markmiðum aðalnámskrár verði náð og skólar njóti trausts foreldra og almennings.

Í skólanámskrám þarf m.a. að gera grein fyrir:

- stefnumiðum skólans og starfsáætlun, m.a. árlegum starfstíma og skóladagatali
- kennsluskipan, röðun þrepamarkmiða, samfellu í náminu, skipan í bekki og námshópa
- kennslufræðilegri stefnu skólans, sérkennsluúrræðum, kennslu langveikra barna
- tilhögun námsmats, prófafyrirkomulagi, einkunnaskala
- skólareglum sem m.a. skulu kveða á um umgengni, samskipti, mætingar og meðferð agamála og lýsa því hvernig skólinn hyggst taka á málum ef skólareglur eru brotnar
- upplýsingum um starfslið skólans, menntun þess og starfsreynslu
- skipulagi samskipta við foreldra
- þátttöku foreldra í skólastarfi, heimanámi o.fl.
- lífsleikniáætlun, hvernig skólinn hyggst skipuleggja lífsleiknináminu og standa að forvörnum
- félags- og tómstundastörfum á vegum skólans

Skylt er að leggja skólanámskrá fyrir skólanefnd og foreldraráð til umsagnar ár hvert. Til þess að umsagnaraðilar geti nýtt umsagnarrétt sinn er augljóst að leggja verður skólanámskrá fram til umsagnar svo tímanlega að unnt sé að taka tillit til athugasemda áður en til framkvæmda kemur.

KENNSLUTÍMI.

Grunnskólalög segja til um þann lágmarkstíma sem nemendur eiga að vera í skóla. Sá tími er jafnframt skilgreining á lágmarkskennslu sem nemandi á rétt á. Samkvæmt lögum um grunnskóla eiga nemendur í 1.-4. bekk rétt á 30 kennslustundum á viku miðað við níu mánaða skólatíma og fjörutíu mínútna kennslustundir, nemendur í 5.-7. bekk eiga rétt á 35 kennslustundum á viku og nemendur í 8.-10. bekk 37 kennslustundum. Þetta á við frá og með skólaárinu 2001-2002 þegar ákvæði grunnskólalaga um kennslutíma verða að fullu komin til framkvæmda. Sveitarfélög geta boðið nemendum lengri viðveru í skóla utan daglegs skólatíma.

Skóladagar nemenda skulu eigi vera færri en 170 á skólaári.

Heildartímanum, sem er til ráðstöfunar í hverjum bekk, er skipt niður á skyldunámsgreinar í svokallaðri viðmiðunarstundaskrá. Hún segir til um vægi námsgreina innbyrðis og sýnir lágmarkskennslu sem hver nemandi á rétt á í einstökum námsgreinum.

Námssvið	1.b.	2.b.	3.b.	4.b.	5.b.	6.b.	7.b.	8.b.	9.b.	10.b.	Alls	% af bundnum stundum
Íslenska	6	6	6	6	5	5	5	5	5	5	54	19
Stærðfræði	5	5	5	5	5	5	5	5	5	5	50	17
Danska							3	3	4	4	14	5
Enska					2	2	2	3	3	4	16	6
Heimilisfræði	1	1	1	1	2	2	2	2			12	4
Íþróttir	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3	30	10
Listir	4	4	4	4	4	4	4	4			32	11
Lífsleikni				1	1	1	1	1	1	1	7	2
Náttúrufræði	2	2	2	2	3	3	3	3	3	3	26	9
Samfélagsgreinar og kristinfræði	3	3	3	3	4	4	3	3	2	2	30	10
Upplýsinga- og tæknimennt	2	2	2	2	2	2	2	2			16	6
Bundnar stundir	**26**	**26**	**26**	27	31	31	33	34	26	27	287	100
Val	4	4	4	3	4	4	2	3	11	10	49	
Vikustundir alls	30	30	30	30	35	35	35	37	37	37	336	

Í viðmiðunarstundaskránni fá íslenska og stærðfræði mestan tíma eða um 36% heildartímans í grunnskólum. Þessar námsgreinar eru skilgreindar sem kjarnagreinar vegna mikilvægis þeirra sem undirstöðu náms í öðrum greinum. Einnig er lögð áhersla á þjálfun í íslensku í öllum námsgreinum og öllu starfi nemenda í skóla.

Í viðmiðunarstundaskrá er gert ráð fyrir að einstakir skólar geti ráðstafað hluta þess lágmarkstíma sem lög ákveða. Í 1.-8. bekk er þetta svigrúm um 12% og er ætlast til að skólar geri grein fyrir því í skólanámskrá hvernig þeir hyggjast verja þessum tíma. Heimilt er að nota hann til að auka kennslu í kjarnagreinum eða öðrum skyldunámsgreinum. Einnig má nýta hann til að ná staðbundnum markmiðum skólans eða til kennslu efnis sem ekki er í aðalnámskrá grunnskóla.

Val og valgreinar.

Í 9. og 10. bekk er gert ráð fyrir að einstakir skólar skipuleggi tæplega 30% heildartímans. Ætlast er til að í þessum bekkjum sé nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið. Tilgangurinn með auknu valfrelsi nemenda er að laga námið sem mest að

þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform í samvinnu við foreldra, kennara og námsráðgjafa.

Með þessu vinnst einkum þrennt. Í fyrsta lagi er ekki horfið frá sjónarmiðum um nauðsyn almennrar menntunar á grunnskólastigi, samanber ákvörðun um kjarnagreinar og viðmiðunarstundaskrá. Í annan stað er nemendum gefinn kostur á því með vali að nálgast tiltekin greinasvið eftir áhuga eða fyrirætlunum um framhaldsnám. Í þriðja lagi gefst nemendum kostur á að velja sig frá greinum eða námssviðum sem ekki höfða til þeirra eða minni þörf er á miðað við framtíðaráform.

Inntak valnáms í 9. og 10. bekk má fella í þrjá meginflokka. Í fyrsta lagi er um að ræða val sem miðar að skipulegum undirbúningi fyrir nám á bóknámsbrautum framhaldsskóla. Í öðru lagi er val sem miðar að skipulegum undirbúningi undir starfsmenntun, list- eða tæknínám. Í þriðja lagi eiga nemendur að geta valið um viðfangsefni sem einkum miða að því að víkka sjóndeildarhring þeirra eða stuðla að lífsfyllingu.

Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Grunnskólar skulu skilgreina og skýra markmið valgreina sem boðnar eru fram, leggja fram kennsluáætlanir, yfirlit yfir námsefni og ákvarðanir um námsmat og kynna nemendum og foreldrum að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

KENNSLA OG KENNSLUHÆTTIR.

Kennsla beinist að því að hjálpa nemendum að tileinka sér þekkingu og skilning, að móta sér skoðanir og viðhorf og ná leikni og færni á tilteknum sviðum. Kennsla miðar að því að nemendur nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Kennsla er því leið að fyrir fram settu marki.

Í skólastarfi á að ríkja fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennarar bera faglega ábyrgð á að velja heppilegustu og árangursríkustu leiðirnar til að ná markmiðum aðalnámskrár og skólanámskrár. Við val á kennsluaðferðum og vinnubrögðum verður að taka tillit til markmiða sem stefnt er að, aldurs, þroska og getu nemenda sem í hlut eiga hverju sinni og eðlis viðfangsefnisins. Vönduð kennsla, sem lagar sig að markmiðum og nemendum, eykur líkur á árangri.

Kennsluaðferðirnar og vinnubrögðin í skólanum verða að þjóna þeim markmiðum sem stefnt er að hverju sinni. Markmiðum, sem lúta að eflingu félagsþroska, verður t.d. því aðeins náð að nemendur fái tækifæri til samvinnu. Markmiðum, sem lúta að því að þjálfa nemendur í lýðræðislegum vinnubrögðum, verður best náð með því að skipuleggja nám og kennslu og önnur samskipti út frá þeim.

Markmið skólastarfs eru margvísleg, allt frá markmiðum, sem varða afmarkaða þætti kunnáttu, leikni og viðhorfa, til langtímamarkmiða sem skólum er ætlað að sinna og einstaklingar halda áfram að vinna að eftir að skólagöngu lýkur. Grunnskólinn á að skila af sér sjálfstæðum nemendum sem hafa öðlast sjálfstraust og öryggi. Þeir eiga að kunna að læra, hafa kjark til frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða, geta unnið með öðrum og kunna að tjá sig skýrt og skilmerkilega í töluðu og rituðu máli. Á þessa þætti ber að leggja áherslu í öllu starfi skólans allt frá upphafi skólagöngu. Val á kennsluaðferðum og skipulag skólastarfs verður að miðast við þá skyldu grunnskóla að sjá hverjum nemanda fyrir bestu tækifærum til náms og þroska. Kennslan verður að taka mið af þörfum og reynslu einstakra nemenda og efla með nemendum námfýsi og vinnugleði. Kennsluaðferðir mega ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum eða félagslegri stöðu.

NÁMSGÖGN.

Námsgögn, kennsluaðferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmatið á allt að taka mið af settum markmiðum og vera þannig útfært

að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ítrasta. Námsgögn gegna því mjög þýðingarmiklu hlutverki sem leið að markmiðum aðalnámskrár og skóla. Sem dæmi um námsgögn má nefna prentað efni, s.s. námsbækur, handbækur og leiðbeiningarrit af ýmsu tagi, myndefni ýmiss konar, s.s. ljósmyndir, kvikmyndir, myndbönd, veggspjöld, hljóðefni eins og hljómbönd og hljómdiska, tölvuforrit, efni á Netinu, margmiðlunarefni, efni til verklegrar kennslu o.fl.

Samkvæmt lögum eiga grunnskólanemendur að fá námsgögn til afnota sér að kostnaðarlausu í þeim námsgreinum sem aðalnámskrá grunnskóla kveður á um. Óheimilt er að krefja nemendur í skyldunámi um greiðslu fyrir kennslu, námsgögn eða annað sem þeim er gert skylt að nota í náminu samkvæmt aðalnámskrá.

Námsgögn eru til að ná markmiðum. Aðalnámskráin verður því leiðarljós námsgagnahöfunda og viðmiðun við val á námsgögnum. Jafnframt er aðalnámskráin viðmiðun fyrir mat og úttektir á gæðum og notagildi námsgagna.

Námsgögn, sem sérstaklega eru gerð eða valin til notkunar í grunnskólum, verða að höfða til nemenda, vera aðlaðandi, efni þeirra skýrt og skipulega fram sett og taka mið af því sem ætla má að nemendur hafi áður tileinkað sér. Námsgögn eiga að vera fjölbreytt og vönduð, auka þekkingu nemenda, dýpka skilning þeirra á sjálfum sér og umheiminum, þjálfa þá í margvíslegum vinnubrögðum og stuðla að því að þeir móti sér heilbrigð og holl lífsviðhorf. Námsgögn, sem nýta nýjustu upplýsingatækni, gera hvorttveggja í senn að miðla þekkingu og þjálfa nemendur í vinnubrögðum sem nýtast þeim í lífi og starfi.

Við gerð námsgagna og val á þeim skal þess gætt að mismuna ekki einstaklingum eða hópum vegna kynferðis, búsetu, uppruna, litarháttar, fötlunar, trúarbragða eða félagslegrar stöðu.

NÁMSMAT.

Hverjum kennara og skóla ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat miðar að því að afla sem öruggastrar vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstökum nemendum eða hópum gengur að ná settum markmiðum. Megintilgangur námsmats er því sá að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við námið, örva þá og hvetja til að leggja sig enn betur fram.

Námsmat á að veita nemendum og foreldrum þeirra, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda sem m.a. má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Aðferðir við námsmat.

Námsmat í grunnskóla skal að jafnaði framkvæmt af kennurum skólans og skulu nemendur og forráðamenn þeirra fá sem gleggstar upplýsingar um námsárangur.

Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Mat á námi og framförum er því hluti skólastarfsins. Með námsmati er reynt að komast að því hvort nemandi hefur náð þeim markmiðum sem að er stefnt eða hversu vel hann hefur nálgast þau. Þar sem markmiðin eru margvísleg og hægt að fara ýmsar leiðir til að ná þeim, er augljóst að matsaðferðir verða að vera fjölbreytilegar. Þær verða að hæfa markmiðunum og endurspegla áherslur í kennslu. Þess er enginn kostur að meta námsgengi og framfarir eingöngu með prófum og öðrum formlegum aðferðum. Mörg markmið eru þess eðlis að einungis óformlegum aðferðum verður við komið. Niðurstöður námsmats verða því að byggjast jöfnum höndum á óformlegu mati kennara og á formlegum aðferðum, s.s. prófum og könnunum. Hafa verður hugfast

að sum markmið eru þess eðlis að ekki kemur fram fyrr en seinna í lífinu hvort þeim varð náð eða ekki. Þau verða því ekki alltaf metin með venjulegu námsmati í skóla.

Námsmat á að vera óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Það þýðir að meta verður alla þætti námsins, framfarir, þekkingu, skilning og leikni og láta þá vega í samræmi við áherslur í náminu. Ekki er t.d. nægilegt að meta eingöngu hvaða þekkingu nemandi hefur tileinkað sér þar sem hluti kennslunnar beinist óhjákvæmilega einnig að öðrum tegundum markmiða. Mikilvægt er að meta bæði verklega og bóklega þætti og prófa ýmist skriflega, verklega eða munnlega eftir því sem við á.

Með því að meta stöðu nemenda í upphafi námstímabils má fá gagnlegar upplýsingar sem auðvelda skipulag kennslu og gera námið markvissara. Námsmat þarf einnig að fara fram jafnt og þétt á námstímanum. Kennarar þurfa að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats, gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim. Upplýsinga um námsgengi verður því að afla jöfnum höndum með mati sem fram fer í hverri kennslustund og mati sem nær til lengri tímabila, t.d. skólaárs.

Samræmd og stöðluð próf.

Auk óformlegra matsaðferða eins og huglægs mats kennara og formlegra mælinga, t.d. með skólaprófum, könnunum og skipulegum athugunum, eru gerðar samræmdar mælingar á námsárangri í stærðfræði og íslensku í 4. og 7. bekk og í nokkrum námsgreinum í 10. bekk. Samræmdum prófum í þessum bekkjum er einkum ætlað að mæla hvort áfangamarkmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og gefa nemendum, foreldrum og starfsmönnum skóla og fræðsluyfirvöldum upplýsingar og viðmiðanir á landsvísu.

Niðurstaða skólamats og niðurstaða samræmdra prófa geta bætt hvor aðra upp og saman lagt til heildstæðar upplýsingar sem auðvelda nemendum að leggja mat á frammistöðu sína og árangur, veikar hliðar og sterkar og auðvelda skólum að skipuleggja kennslu við hæfi.

Í vaxandi mæli eiga skólar og einstakir kennarar aðgang að greinandi prófum og öðrum mælitækjum sem auðvelda könnun á tilteknum þáttum náms og kennslu. Stöðluð lestrarpróf, stærðfræðipróf, hreyfiþroskapróf, lesskimunarpróf sem spá fyrir um hugsanlegan lestrarvanda, staðlaðir spurningalistar og fleiri slík mælitæki geta reynst afar gagnleg hjálpartæki til að greina vandamál snemma á skólagöngunni og auka líkur á að ráðin verði bót á þeim með skipulegum aðgerðum.

Notkun niðurstaðna.

Starfsmönnum skóla ber að gera nemendum og foreldrum/forráðamönnum vandlega grein fyrir því mati sem fram fer í skólanum.

Færa ber einkunnir nemenda og annan vitnisburð um skólagöngu þeirra reglulega, ekki sjaldnar en árlega, inn í sérstakar vitnisburðarbækur sem nemendur hafa heim með sér.

Vitnisburð verður að setja fram á skýran og ótvíræðan hátt þannig að nemendur og foreldrar skilji hvað við er átt. Nota má tölur, bókstafi, orð eða aðra framsetningu en ljóst þarf að vera hvaða markmið eiga í hlut og hvaða viðmiðun um frammistöðu var notuð. Einnig er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir takmörkunum námsmats. Einkunn í tölustöfum segir t.d. lítið ef ekki fylgir skrifleg eða munnleg skýring á því hvernig hún er fengin og hvað hún þýðir. Lögð er áhersla á munnlegan vitnisburð auk skriflegs vitnisburðar, einkum á fyrstu námsárunum.

Skólum er frjálst að ákveða sjálfir með hvaða hætti niðurstöður námsmats skólans eru birtar nemendum og foreldrum þeirra. Samræmi er æskilegt í framsetningu vitnisburðar í hverjum skóla. Nauðsynlegt er að gerð sé rækileg grein fyrir námsmatsreglum skóla og vitnisburðarkerfi í skólanámskrá þannig að nemendum, foreldrum og öllum starfsmönnum skóla sé ljóst hvaða kröfur eru gerðar, hvernig skólinn hyggst mæla eða meta hvort þær eru uppfylltar og hvers konar vitnisburðarkerfi eða einkunnaskali er notaður.

Þeir sem í hlut eiga, nemendur, foreldrar og starfsmenn skóla, verða allir að geta skilið niðurstöður námsmats á sama hátt. Það er forsenda þess að unnt sé að nýta upplýsingarnar til að bæta nám og kennslu. Það er í þágu nemenda og forráðamanna þeirra að sem skýrastar upplýsingar liggi fyrir um hvar nemandi stendur í námi, bæði út frá eigin getu og einnig í samanburði við aðra nemendur.

Þegar mat er lagt á framfarir eða frammistöðu nemenda með hliðsjón af markmiðum grunnskóla er nauðsynlegt að hafa tvennt til viðmiðunar. Annars vegar þann nemanda sem í hlut á; þá er lagt mat á framfarir hans, ástundun og árangur miðað við eigin forsendur. Hins vegar samanburð við aðra, t.d. jafnaldra í skólanum eða landinu öllu. Til þess að upplýsingar þær sem námsmat gefur verði trúverðugar, réttlátar og heiðarlegar og byggi upp raunhæft sjálfsmat nemenda, verður að nota báðar þessar viðmiðanir.

Þegar um samræmd próf er að ræða gefur sá aðili, sem falin er framkvæmd prófanna, út yfirlit yfir heildarniðurstöður prófanna og dreifir til grunnskóla, foreldraráða við grunnskóla, framhaldsskóla og fræðsluyfirvalda. Þar skulu koma fram meðaltöl einstakra skóla eftir prófum, meðaltöl allra skóla og aðrar upplýsingar sem þarf til að skýra niðurstöðurnar og túlka þær. Heimilt er að láta öðrum í té upplýsingar um niðurstöður samræmdra prófa en ætíð skal gæta trúnaðar gagnvart einstökum nemendum.

Mat á skólastarfi.

Mati á skólastarfi er yfirleitt skipt í innra og ytra mat. Með innra mati er átt við sjálfsmat stofnunar, unnið af starfsmönnum hennar. Með ytra mati er átt við úttekt á starfsemi stofnunar sem unnin er af utanaðkomandi aðilum.

Í gildandi lögum um grunnskóla er í fyrsta skipti að finna ákvæði um mat á skólastarfi. Þar er megináhersla lögð á sjálfsmat skóla en jafnframt ber menntamálaráðuneytinu að sjá til þess að fram fari ytra mat á starfsemi einstakra skóla eða á einstökum þáttum skólastarfs og jafnframt að úttekt sé gerð á sjálfsmatsaðferðum skóla.

Sjálfsmat.

Sjálfsmat er leið til þess að vinna kerfisbundið að gæðum og umbótum í skólastarfi. Sjálfsmat er einnig leið til þess að miðla þekkingu og upplýsingum um skólastarf. Í sjálfsmati skal koma fram stefna og markmið skóla, skilgreining á leiðum til þess að ná þeim, greining á sterkum og veikum hliðum skólastarfs og áætlun um úrbætur. Megintilgangur þess er að gera starfsfólki skóla auðveldara að vinna að framgangi markmiða skólans, meta hvort þeim hafi verið náð, endurskoða þau og stuðla að umbótum. Þetta á jafnt við um markmið og áherslur í lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og staðbundin markmið sem skólarnir setja fram í skólanámskrám. Um leið skapar sjálfsmat faglegan grundvöll fyrir umbætur. Með sjálfsmati fer fram víðtæk gagnaöflun um skólastarfið sem veitir upplýsingar um í hve miklum mæli árangur skólastarfsins er í samræmi við markmið. Sjálfsmat er ekki unnið í eitt skipti fyrir öll heldur þarf stöðugt að vinna að því. Það er langtímamiðað en ekki einangruð aðgerð. Í sjálfsmatsskýrslu skóla þarf að vera ítarleg lýsing og greining á markmiðum og starfi skólans. Jafnframt er mikilvægt að í sjálfsmatsskýrslu skóla komi fram tillögur um úrbætur.

Í gildandi lögum um grunnskóla eru skýr ákvæði um að skólar skuli innleiða sjálfsmat. Samkvæmt lögunum er skólum í sjálfsvald sett hvaða aðferðum þeir beita við sjálfsmat. Í lögunum eru einnig ákvæði um að á fimm ára fresti skuli menntamálaráðuneytið láta fara fram úttekt á þeim sjálfsmatsaðferðum sem skólar nota.

Viðmið fyrir sjálfsmat.

Þau atriði, sem menntamálaráðuneytið telur mikilvæg sem viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat, eru að sjálfsmatið sé:

Formlegt. Lýsing á aðferðum við sjálfsmat þarf að liggja fyrir í sjálfsmatsskýrslu, skólanámskrá og hugsanlega í fleiri skriflegum gögnum frá skólanum. Fram þarf að koma hvort um er að ræða viðurkennda sjálfsmatsaðferð eða samsetta og aðlagaða aðferð. Gera þarf grein fyrir því hvernig að sjálfsmatinu er staðið í heild. Í lýsingunni þarf að koma fram hverjir stjórna verkinu, hverjir vinna það á hverjum tíma og til hverra það nær.

Altækt. Sjálfsmatið skal ná til allra helstu þátta skólastarfsins, þ.e. markmiða, stjórnunar, náms, kennslu, námsmats, nemenda, starfsfólks, aðbúnaðar og ytri tengsla. Ekki er þó gert ráð fyrir að skólar geti tekið jafn ítarlega á öllum þáttum á hverju ári.

Áreiðanlegt. Mikilvægt er að sjálfsmatið byggist á traustum gögnum og áreiðanlegum mælingum. Gögn úr bókhaldi skólans, t.d. námsferilsskrá og fjarvistaskrá, þurfa að vera tiltæk. Skólar geta þó ekki í öllum tilvikum byggt á skráðum gögnum en þurfa þá að meta starf sitt með öðrum hætti, eins og viðhorfakönnunum meðal ólíkra hópa, t.d. meðal nemenda, starfsfólks, foreldra, viðtökuskóla, almennings, atvinnulífs og brautskráðra nemenda.

Samstarfsmiðað. Allt starfsfólk þarf með einum eða öðrum hætti að koma að vinnu við sjálfsmatið. Við skipulagningu og undirbúning sjálfsmatsins þarf að kynna öllum starfsmönnum umfang verkefnisins. Jafnframt þarf að nást sátt um framkvæmd þess. Verkaskipting þarf að vera skýr og sömuleiðis stjórnun og ábyrgð. Á þessu stigi þarf að hafa í huga þátttöku nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila í sjálfsmatinu.

Umbótamiðað. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta aðgerða- og starfsáætlun um þær umbætur í skólastarfinu sem vinna þarf að í kjölfar sjálfsmats. Einnig þarf að birta upplýsingar um hvernig markmiðum umbótaáætlunar verði náð. Viðmið um hvað bættur árangur felur í sér þurfa að vera skilgreind.

Árangursmiðað. Skólinn skal vinna að því að meta hvort markmiðum skólans hafi verið náð og hvaða árangri skólastarfið hefur skilað út frá viðmiðum sem hann hefur sett sér. Þetta geta t.d. verið viðmið um námsárangur, vellíðan, umgengni, fjarvistir og brottfall.

Stofnana- og einstaklingsmiðað. Sjálfsmatið þarf að beinast bæði að stofnuninni sjálfri og einstaklingum innan hennar. Sem dæmi um þetta má nefna mat á frammistöðu skólans í samanburði við aðra, t.d. á samræmdum prófum, og mat á stjórnun og kennslu.

Lýsandi. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að vera stutt, hnitmiðuð lýsing á starfsemi skólans (texti, myndir, töflur). Lýsingin þarf að hafa tengsl við markmiðssetningu.

Greinandi. Í sjálfsmatsskýrslu þarf að birta styrkleika- og veikleikagreiningu sem sett er fram kerfisbundið við hvern þátt matsins og síðan í samantekt í lokin.

Opinbert. Fyrir fram þarf að ákveða hverjir hafa aðgang að tilteknum þáttum sjálfsmatsins en sjálfsmatsskýrslu þarf að birta opinberlega. Hér þarf að tryggja að haldin séu í heiðri ákvæði gildandi laga, m.a. um meðferð persónuupplýsinga.

Ytra mat.

Megintilgangur ytra mats á skólum er að fá heildarmynd af skólastarfinu eða einstökum þáttum þess eins og það er á hverjum tíma. Sjónum er beint að ýmsum þáttum í innra starfi skólanna, svo sem stjórnun, kennslu, þróunarstarfi, samstarfi og samskiptum í skólanum, námsárangri og tengslum skólans við samfélagið.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum.

Úttektum á sjálfsmatsaðferðum skóla er ætlað að veita upplýsingar um hvernig grunnskólar uppfylla ákvæði laga um mat á skólastarfi. Þessar úttektir fela ekki í sér að fjalla eigi efnislega um einstaka þætti skólastarfsins eða bera saman skóla heldur er þeim ætlað að kanna hvort þær aðferðir, sem beitt er við sjálfsmat, uppfylli faglegar kröfur og styðji umbætur í skólum.

Úttektir á sjálfsmatsaðferðum skóla byggjast m.a. á mati á sjálfsmatsskýrslu viðkomandi skóla, heimsókn í skólann og viðtölum við stjórnendur og fulltrúa starfsmanna og

nemenda. Til að fá sem skýrasta mynd af sjálfsmatsferlinu þurfa úttektaraðilar að kynna sér hvaða gögn skólinn hefur lagt til grundvallar sjálfsmatinu, úrvinnslu þeirra gagna og þær aðferðir sem skólinn hefur notað við sjálfsmatið. Sem dæmi um gögn skóla má nefna upplýsingar um nýtingu tíma, árangur á prófum, foreldrasamstarf og menntun og endurmenntun starfsmanna. Þau viðmið fyrir vinnu við sjálfsmat, sem fjallað er um hér að ofan, liggja einnig til grundvallar úttektum á sjálfsmatsaðferðum.

Úttektir á skólastarfi.

Sem hluta af almennri eftirlitsskyldu menntamálaráðuneytisins getur það látið gera úttektir á skólastarfi. Slíkar úttektir geta tekið til ákveðinna þátta í skólastarfi, t.d. kennslu í ákveðinni faggrein, en geta einnig falið í sér heildarmat á starfi einstakra skóla.

TENGSL HEIMILA OG SKÓLA.

Þrír hópar mynda skólasamfélagið í hverjum skóla, þ.e. nemendur, starfsfólk skólans og foreldrar. Mikilvægt er að þessir hópar vinni vel saman að mótun þessa samfélags og þeirra umgengnishátta sem eiga að einkenna samskipti innan skólans og utan. Til þess að það gangi vel þarf að ræða reglulega um áherslur og koma sér saman um meginviðmið.

Foreldrar/forráðamenn bera frumábyrgð á uppeldi barna sinna. Á þeim hvílir sú skylda að börnin sæki skóla og að þau séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn annast og framast er unnt. Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður fram menntunartækifæri. Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Mesta áherslu ber að leggja á samstarf heimila og skóla um hvern einstakling, nám hans og velferð og heimili og skóla sem vettvang menntunar. Einnig ber að leggja áherslu á samstarf í einstökum bekkjardeildum eða samkennsluhópum og árgöngum bæði um nám, velferð nemenda, bekkjaranda og meginviðmiðanir í uppeldisstarfi skólans.

Loks er mikilvægt að traust samstarf sé milli heimila og skóla um skólastarfið í heild, t.d. hvað varðar meginviðmiðanir í hegðun og umgengni, skólabrag, áhersluatriði í skólastefnu hvers skóla eða sveitarfélags. Gert er ráð fyrir að foreldrar taki þátt í mótun skólasamfélagsins og vinni að því með kennurum og öðrum starfsmönnum skóla að koma markmiðum skólastarfs í framkvæmd. Einnig að foreldrar taki í auknum mæli höndum saman til að tryggja börnum sem best uppeldisskilyrði og almenna velferð. Reynslan sýnir að öflugt foreldrastarf og sterk samstaða um grundvallarviðmið er besta forvörnin gegn hvers kyns vá, t.d. fíkniefnum. Ef foreldrar nemenda í bekk eða skóla ná að stilla saman strengi hvað varðar meginviðmiðanir í uppeldismálum, aukast líkur á árangri í skólastarfinu.

Upplýsingamiðlun.

Fjölskylda, skóli og nánasta umhverfi eru sterkustu áhrifavaldar í mótun einstaklingsins. Gagnkvæm og virk upplýsingagjöf milli foreldra og starfsfólks skóla stuðlar að gagnkvæmu trausti milli aðila. Með auknum kynnum foreldra af daglegu starfi í skólanum og skipulegri samvinnu um skólastarfið, t.d. í tengslum við heimanám, aukast líkur á vellíðan nemenda og árangri. Það er mjög mikilvægt að foreldrar fylgist vel með skólagöngu barna sinna, líðan þeirra í skóla, námsárangri og framförum. Brýnt er að skólar gefi reglulega skýrar og góðar upplýsingar um skólastarfið og áætlanir sem liggja fyrir um starfsemi skólans. Þetta má gera með ýmsum hætti, t.d. í foreldraviðtölum, á sameiginlegum kynningarfundum með foreldrahópum, í skólanámskrá og á vefsíðu skólans.

Foreldrafélög.

Starfsemi foreldrafélaga í grunnskólum er í stöðugri þróun. Við flutning grunnskólans

til sveitarfélaga færðist ákvarðanataka í skólamálum nær foreldrum sem undirstrikar þörf fyrir formlegan samstarfsvettvang þeirra. Tilkoma foreldraráða við grunnskóla gefur tilefni til að endurskoða starfsemi foreldrafélaga og styrkja undirstöðuna enn frekar. Vel rekin og virk foreldrafélög við hvern skóla eru tvímælalaust af hinu góða. Foreldrar hafa þar vettvang til að ræða saman um skólagöngu barnanna og hvað eina sem varðar uppeldi og menntun. Til að ná sem bestum árangri er nauðsynlegt að þeir sem tengjast stjórnun og rekstri slíks félags velti fyrir sér markmiðum félagsins og hvernig sé hægt að skipuleggja starfið svo að þau markmið náist.

Foreldraráð.

Foreldraráð eru vettvangur sem grunnskólar hafa til að kynna áform sín og fá formleg viðbrögð foreldra við þeim. Hlutverk foreldraráðs er samkvæmt grunnskólalögum einkum að fjalla um og gefa umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá sem öllum skólum er skylt að gefa út árlega. Foreldraráð á einnig að fylgjast með því að áætlanir séu kynntar foreldrum svo og að fylgjast með framkvæmd þeirra. Brýnt er að foreldrar nýti þennan formlega vettvang til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Foreldraráðin geta með öflugri starfsemi veitt skólum og skólayfirvöldum virkt og uppbyggjandi aðhald og komið með raunhæfar tillögur til umbóta.

Velferð nemenda.

Auk nemenda eru í skólasamfélaginu kennarar og aðrir starfsmenn skólanna og foreldrar. Samstarf og samábyrgð þarf að ríkja í skólasamfélaginu og kennarar og aðrir starfsmenn skóla jafnt og foreldrar þurfa að gera sér grein fyrir ábyrgð sinni sem fyrirmyndir.

Umsjónarkennarar gegna í þessu sambandi veigamiklu hlutverki. Fyrir hverja bekkjardeild eða námshóp skal skólastjóri velja umsjónarkennara. Hann er öðrum fremur tengiliður skólans við heimilin og einnig fylgist hann náið með námi nemenda sinna og þroska. Hann leiðbeinir þeim í námi og starfi, aðstoðar þá og ráðleggur þeim um persónuleg mál. Umsjónarkennarar og námsráðgjafar gegna að þessu leyti mjög mikilvægu hlutverki.

Mikilvægt er að nemendur geti leitað til hvaða starfsmanns skóla sem er með mál sem snúa að velferð sinni og líðan og að brugðist sé við strax og á viðeigandi hátt ef upp koma vandamál af einhverju tagi, t.d. stríðni, einelti, agabrot eða vanlíðan.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995 með síðari breytingum öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. mars 1999.

Halldór Blöndal.

Ólöf Nordal.

Nr. 228 30. mars 1999

REGLUR

um breytingu á reglum um tímabundnar undanþágur frá akstri eigin leigubifreiðar nr. 492/1997.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Leyfishafa er heimilt að gera út bifreið sína í 5 vikur í orlofi. Við hver 5 ár frá leyfisveitingu í samfelldu starfi bætist ein vika við útgerðarheimildina. Þó má orlofsútgerð

aldrei vara lengur en 9 vikur á ári. Útgerð í orlofi er bundin við heilar vikur og er lágmarksútgerðartími ein vika.

2. gr.

11. gr. orðist svo:

Frami getur heimilað leyfishafa að gera út bifreið sína föstudags- og laugardagsnætur og skal félagið þá einnig ákveða tímamörk slíkra útgerða.

3. gr.

12. gr. orðist svo:

Þegar leyfishafi nær 65 ára aldri eða er 65% öryrki er honum heimilt að gera út bifreið sína frá kl. 20.00 til kl. 08.00 helgarnætur. Má leyfishafi ekki aka milli kl. 20.00 föstudag og kl. 08.00 sunnudag þá helgi sem útgerðin stendur yfir.

4. gr.

13. gr. fellur niður og breytist númeraröð greina samkvæmt því.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995 og öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. mars 1999.

Halldór Blöndal.

Ólöf Nordal.

30. mars 1999 Nr. 229

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um leigubifreiðar nr. 224/1995 með síðari breytingum.

1. gr.

4. tl. 1. mgr. 5. gr. orðist svo:

Árborg. Hámarkstala er 7 fólksbifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 61/1995 öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. mars 1999.

Halldór Blöndal.

Ólöf Nordal.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 448/1998, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1998/1999.

1. gr.

3. mgr. 19. gr. orðist svo: Skipstjórar fiskiskipa sem halda til úthafsrækjuveiða á Dohrnbanka, sbr. 2. mgr. 4. gr., skulu tilkynna sérstaklega til Fiskistofu hvenær þær hefjast og hvenær þeim lýkur. Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður afli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 31. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Snorri Rúnar Pálmason.

Nr. 231 29. mars 1999

AUGLÝSING

um umferð á Egilsstöðum.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Austur-Héraðs og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um bifreiðastöður á Egilsstöðum:

Í íbúðahverfum er bannað að leggja stórum vinnuvélum, vörubifreiðum, sendiferðabifreiðum og fólksflutningabifreiðum, sem eru 4,0 tonn að eigin þyngd eða þyngri. Eigendum og umráðamönnum þessara ökutækja ber að nota sérstaklega merkt stæði, sem ætluð eru þessum stóru ökutækjum eða fara að öðru leyti eftir fyrirmælum lögreglunnar um geymslu þeirra. Óheimilt er að geyma fylgihluti ökutækjanna á þessum sérstaklega afmörkuðu stæðum.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi 20. mars 1999.

Ofangreindar reglur staðfestar.

Seyðisfirði, 29. mars 1999.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði,

Lárus Bjarnason.

AUGLÝSING

um umferð á Egilsstöðum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Austur-Héraðs hefur verið ákveðið að setja eftirfarandi reglur um umferð á Egilsstöðum:

I. 1. Aðalbrautir eru:
1.1. *Fagradalsbraut.*
1.2. *Tjarnarbraut,* þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
1.3. *Skógarlönd,* þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Tjarnarbraut og Borgarfjarðarveg.
1.4. *Árskógar.*
1.5. *Selás,* þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut og Tjarnarbraut.
1.6. *Lagarás,* þó þannig að umferð um hana víki fyrir umferð um Fagradalsbraut og Selás.
2. Umferð um Fénaðarklöpp víki fyrir umferð um Vallaveg, Kaupvang og Tjarnarás.
3. Umferð um Hamrahlíð, Hjarðarhlíð og Bjarkarhlíð víki fyrir umferð um Fénaðarklöpp.
4. Umferð um Furuvelli víki fyrir umferð um Sólbrekku.
5. Umferð um Flugvallarveg víki fyrir umferð um Austurlandsveg.
6. Umferð um Flugvallarhlað víki fyrir umferð um Flugvallarveg.
7. Umferð um Árhvamm víki fyrir umferð um Borgarfjarðarveg og Árskóga.
8. Umferð um Miðás víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
9. Umferð um Kaupvang víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.
10. Umferð um Tjarnarás víki fyrir umferð um Fagradalsbraut.

II. 1. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Seláss á milli Fagradalsbrautar og Skjólbrekku og Laufáss og Tjarnarbrautar.
2. Bannað er að leggja ökutækjum á vesturbrún Laufáss.
3. Bannað er að leggja ökutækjum á suðurbrún Skógarlanda.
4. Bannað er að leggja ökutækjum á vinstri brún Bláskóga miðað við akstursátt.

III. 1. Vinstri beygja af Fagradalsbraut inn að söluskála Skeljungs hf. er bönnuð.
2. Einstefna er til norðurs á tengibraut frá Fagradalsbraut að söluskála Skeljungs hf.
3. Ökutækjum, lengri en 6 metrar, er bönnuð umferð um bifreiðastæði við hús nr. 9 og 11 við Fagradalsbraut (Fagratorg).
4. Einstefna er um Bláskóga frá norðri til suðurs.

Reglur þessar taka þegar gildi og falla um leið niður allar eldri auglýsingar um umferð á Egilsstöðum.

Ofangreindar reglur staðfestar.

Seyðisfirði, 29. mars 1999.

Sýslumaðurinn á Seyðisfirði,

Lárus Bjarnason.

REGLUGERÐ

um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða.

I. KAFLI
Almenn ákvæði.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um hollustuhætti við og eftirlit með meðferð, vinnslu og dreifingu afla og fiskafurða til manneldis og jafnframt til eftirlits með vinnslu, dreifingu og pökkun hafbeitar-, vatna- og eldisfisks.

2. gr.

Reglugerðin tekur ekki til smásöluverslunar innanlands.
Reglugerðin tekur ekki til eftirlits með vatnsbólum og vatnsveitum.

3. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Afli/sjávarafli:* Öll sjávardýr önnur en spendýr, eða hlutar þeirra eins og hrogn, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr.
2. *Fiskfurðir/afurðir:* Matvæli sem unnin eru að hluta eða öllu leyti úr sjávarafla.
3. *Eldisfiskur:* Öll lagardýr sem klakist hafa út eða verið alin við stýrðar aðstæður. Sjávar- eða ferskvatnsfiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar, sem teknir eru úr náttúrulegu umhverfi sínu og aldir þar til þeir hafa náð æskilegri sölustærð til manneldis, teljast einnig til eldisfiska. Fiskar, skrápdýr, liðdýr, lindýr og aðrir hryggleysingjar sem náð hafa sölustærð, teknir hafa verið úr náttúrulegu umhverfi sínu og haldið lifandi til sölu síðar, teljast ekki til eldisfiska ef þeim er aðeins haldið lifandi án þess að reynt sé að auka við stærð þeirra eða þyngd.
4. *Eldisafurðir:* Heill eldisfiskur eins og honum er dreift til neyslu eða afurðir unnar úr honum.
5. *Aðgerð:* Hausun og slæging fisks.
6. *Dreifing:* Hvers konar flutningur, framboð og afhending, þar með talinn innflutningur, útflutningur, sala og geymsla.
7. *Eftirlitsaðili:* Fiskistofa eða faggiltur eftirlitsaðili sem hún hefur falið eftirlit með framkvæmd þessarar reglugerðar.
8. *Ferskur fiskur:* Heill fiskur eða hlutar hans, þar með taldar afurðir pakkaðar í loftþættar eða loftskiptar umbúðir, sem ekki hafa hlotið aðra meðferð en kælingu til þess að lengja geymsluþol þeirra.
9. *Fiskmarningur:* Fínhakkað eða saxað beinlaust fiskhold eða fiskhold sem pressað er í gegnum sigti í þar til gerðum vélum.
10. *Fiskmarkaður:* Uppboðs- eða heildsölumarkaður fyrir sjávarafla.
11. *Flutningatæki:* Þeir hlutar vélknúinna ökutækja, járnbrautarvagna eða loftfara sem ætlaðir eru fyrir vörur, svo sem lestir skipa og gámar til vöruflutninga á landi, sjó eða í lofti.
12. *Frystar afurðir:* Afurðir sem hafa verið frystar þar til hitastig hefur lækkað a.m.k. niður í -18°C og hefur jafnast.

13. *Hollustuhættir:* Allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja öryggi og hollustu fiskafurða.
14. *Hreinn sjór:* Sjór eða sjóblandað vatn sem ekki er mengað örverugróðri, hættulegum efnum og/eða eitruðu sjávarsvifi að því marki að það geti spillt heilnæmi fisks eða fiskafurða og sem notað er við þau skilyrði sem kveðið er á um í reglugerð þessari.
15. *Innflutningur:* Flutningur fiskafurða inn á íslenskt yfirráðasvæði.
16. *Kæling:* Sú meðferð að lækka hitastig afla eða fiskafurða þar til það nálgast hitastig bráðnandi íss.
17. *Lota:* Tilgreint magn fiskafurða sem fæst við sambærilegar aðstæður.
18. *Meindýr:* Hvers konar óþurftardýr, þ.m.t. nagdýr, skordýr og lirfur þeirra, sem geta borið óhreinindi eða smitefni í matvæli.
19. *Neysluvatn:* Neysluhæft vatn eins og það er skilgreint í rg. nr. 319/1995 um neysluvatn.
20. *Niðursuða:* Vinnsluaðferð sem felst í því að pakka afla og fiskafurðum í loftþéttar umbúðir og hita þær að því marki að sjúkdómsvaldandi örverum sem gætu fjölgað sér er eytt eða þær gerðar óvirkar, án þess að það hitastig sem afurðirnar síðar kunna að verða geymdar við hafi nokkur áhrif þar á.
21. *Pökkun:* Sú aðgerð að vernda fiskafurðir með umbúðum, ílátum eða öðrum viðeigandi umbúnaði.
22. *Sending:* Það magn afla og fiskafurða sem sent er til eins eða fleiri kaupenda í móttökulandinu og flutt með sama flutningatæki.
23. *Tilreiddar afurðir:* Fiskur sem ekki er lengur heill en hefur t.d. verið slægður, hausaður, þverskorinn, flakaður, hakkaður o.s.frv.
24. *Verkaðar afurðir:* Afli og fiskafurðir sem hafa fengið efnameðferð eða meðferð eins og hitun, reykingu, söltun, þurrkun eða verið lagðar í kryddlög, unnar úr kældum eða frystum sjávarafla eða fiskafurðum, hvort sem þær eru blandaðar öðrum matvælum eða ekki eða hafa hlotið eina eða fleiri þeirra meðferða sem að framan er getið.
25. *Vinnsluskip:* Skip þar sem sjávarafli er unninn um borð, honum pakkað, hann flakaður, flattur, sneiddur, roðdreginn, hakkaður, frystur eða verkaður á annan hátt. Fiskiskip þar sem aðeins fer fram frysting um borð á heilum eða hausskornum fiski, heilfrysting rækju eða suða á rækju og skelfiski teljast ekki vinnsluskip í skilningi reglugerðar þessarar.
26. *Vinnslustöð*: Hver sú aðstaða þar sem afli eða fiskafurðir eru tilreiddar, verkaðar, unnar, kældar, frystar, pakkaðar eða geymdar. Fiskmarkaðir sem aðeins selja sjávarafla í heildsölu, teljast ekki vinnslustöðvar.

4. gr.

1. Dreifing afla og fiskafurða er háð því að uppfyllt séu almenn skilyrði laga ásamt þeim sem hér fara á eftir:
   a) i) að meðferð aflans um borð, svo sem blóðgun, slæging, hausun, kæling og frysting hafi verið í samræmi við ákvæði 1. og 2. kafla viðauka 1.
   ii) að afli hafi verið unninn um borð í vinnsluskipi í samræmi við ákvæði 3. kafla viðauka 1.
   Suða á krabbadýrum og samlokum um borð í fiskiskipi hafi farið fram í samræmi við 5. tl. í I. hluta viðauka 3 og 7. tl. í IV. hluta viðauka 4.
   b) Að meðferð afla við löndun, á fiskmörkuðum og við flutning hafi verið í samræmi við ákvæði viðauka 2.
   c) Að meðferð aflans og, þar sem við á, verkun hans, vinnsla, frysting, þíðing, pökkun og geymsla hafi farið fram við fullnægjandi hollustuhætti í viðurkenndri vinnslustöð,

sbr. 8. gr., og í samræmi við ákvæði viðauka 3 og 4. Þrátt fyrir þetta ákvæði er Fiskistofu heimilt að leyfa að afli sé settur í gáma á bryggju svo hægt sé að flytja hann strax í viðurkennda vinnslustöð eða á uppboðs- eða heildsölumarkað þar sem hann skal metinn.

d) Að aflinn hafi verið metinn og að fram hafi farið skoðun og leit að sýnilegum sníkjudýrum og þau fjarlægð í samræmi ákvæði viðauka 5 og 9.

e) Að afurðum hafi verið pakkað með fullnægjandi hætti samkvæmt ákvæðum viðauka 6.

f) Að merkingar vegna rekjanleika afurða og annarra atriða séu í samræmi við ákvæði viðauka 7.

g) Að afurðir hafi verið geymdar og fluttar í samræmi við ákvæði viðauka 8.

2. Þar sem slægingu verður við komið frá tæknilegu eða viðskiptalegu sjónarmiði skal hún framkvæmd eins fljótt og auðið er eftir að fiskurinn er kominn um borð eða honum hefur verið landað.

3. Dreifing eldisafurða og afurða hafbeitar- og vatnafisks er háð eftirfarandi skilyrðum:

a) Slátrun skal hafa farið fram við fullnægjandi hollustuhætti. Fiskurinn skal vera laus við mold, slím og saur. Ef verkun eða vinnsla fer ekki fram strax skal fiskinum haldið kældum.

b) Þessar afurðir skulu auk þess fullnægja kröfum þeim sem gerðar eru í liðum c)-g) í 1. mgr.

4. Dreifing á lifandi samlokum fellur undir ákvæði reglugerðar um veiðar, meðferð, vinnslu og sölu lifandi samloka.

a) Þær skal ávallt geyma við bestu lífsskilyrði.

b) Afurðir unnar úr samlokum skulu uppfylla ákvæði a)-liðar svo og þau skilyrði sem fram koma í liðum c)-g) í 1. mgr.

5. gr.

Sjávarafla, sem setja á lifandi á markað, skal ávallt flytja og geyma við bestu lífsskilyrði.

6. gr.

Dreifing eftirtalinna fisktegunda og afurða unninna úr þeim er bönnuð:

a) Eitraðs fisks af eftirtöldum ættum: kýlinga (Tetradontidae), tunglfiska, (Molidae), ígulfiska (Diodontidae) og knattfiska (Canthigasteridae).

b) Fiska sem innihalda lífræn eiturefni svo sem ciguatera eða eitur sem valda lömun.

7. gr.

1. Fiskistofa skal tryggja að forsvarsmenn vinnslustöðva, þ.m.t. vinnsluskipa sem þarfnast vinnsluleyfis, geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að kröfum þessarar reglugerðar sé fullnægt á öllum stigum vinnslu afla og fiskafurða. Þeir eru m.a. ábyrgir fyrir því, hver í sínu fyrirtæki, að komið sé á fót og starfrækt innra eftirlit í fyrirtækjum þeirra í samræmi við ákvæði rg. nr. 558/1997 um innra eftirlit með framleiðslu sjávarafurða sem miða að því að framleiðendur geti tryggt og sannað að fiskafurðir þeirra uppfylli kröfur þessarar reglugerðar. Niðurstöður eftirlits skal skrá þegar og á sama stað og það fer fram, með óafmáanlegum hætti og geyma aðgengilegar eftirlitsaðila að minnsta kosti einu ári lengur en uppgefið geymsluþol afurðanna segir til um en þó aldrei skemur en í tvö ár.

2 Ef niðurstöður innra eftirlits eða upplýsingar sem forsvarsmenn þeir sem um getur í 1. mgr. hafa aðgang að leiða í ljós að afurðir vinnslustöðvar séu eða líkur benda til

að þær gætu verið skaðlegar heilsu neytenda skal gripið til viðeigandi ráðstafana undir eftirliti Fiskistofu.

8. gr.

1. a) Allar vinnslustöðvar, þ.m.t. vinnsluskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða, skulu hafa vinnsluleyfi til staðfestingar því að fullnægt sé settum skilyrðum. Þetta gildir einnig um stöðvar þar sem vinnsla eða pökkun hafbeitar- og eldisfisks fer fram.
   b) Fiskiskip sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða, önnur en vinnsluskip, og fiskmarkaðir sem selja sjávarafla aðeins í heildsölu, skulu hafa starfsleyfi.
2. Fiskistofa veitir tölusett vinnslu- og starfsleyfi þegar hún hefur gengið úr skugga um að uppfylltar séu kröfur um hreinlæti, hönnun, búnað og samning við faggilta skoðunarstofu. Vinnsluleyfi skal binda vinnslu tilgreindra afurða. Þau skal endurnýja ef vinnsluleyfishafi ákveður að önnur starfsemi fari fram í húsnæðinu en leyfið tekur til.
3. Óheimilt er að veiða, vinna eða geyma afla og fiskafurðir án vinnslu- eða starfsleyfis.
4. Fiskistofa heldur skrár yfir vinnsluleyfis- og starfsleyfishafa og sér um að senda þær reglulega með áorðnum breytingum sjávarútvegsráðuneytinu, eftirlitsstofnun EFTA og öðrum erlendum eftirlitsaðilum eftir því sem við á.

9. gr.

Forsvarsmönnum starfs- og vinnsluleyfishafa er skylt að veita Fiskistofu og samningsbundinni skoðunarstofu allar þær upplýsingar og þá aðstoð sem nauðsynleg er við framkvæmd eftirlits og skoðunar, þar með talinn aðgang að hverjum þeim stað þar sem afli og fiskafurðir eru unnar eða geymdar. Fiskistofa og skoðunarstofur fara með upplýsingar þær sem leynt eiga að fara sem trúnaðarmál.

Skylt er að láta skoðunarstofu og Fiskistofu í té, án endurgjalds, sýni af afla eða fiskafurðum til rannsókna.

Reglulegt eftirlit skal framkvæmt samkvæmt skoðunarhandbók er Fiskistofa gefur út.

Eftirlitsmenn Fiskistofu og hinna faggiltu skoðunarstofa geta hvenær sem er gert skyndiskoðanir á öllum eða einstökum þáttum starfsemi vinnslu- og starfsleyfishafa án þess að gera boð á undan sér. Leiði eftirlit í ljós að skilyrði fyrir leyfisveitingu eru ekki lengur fyrir hendi skal Fiskistofa grípa til viðeigandi ráðstafana.

10. gr.

Starfsmönnum Eftirlitsstofnunar EFTA er heimilt í samráði við Fiskistofu að gera vettvangskannanir hjá hverjum þeim aðila sem fellur undir ákvæði reglugerðar þessarar til að ganga úr skugga um að ákvæði hennar séu virt. Fiskistofa getur heimilað öðrum erlendum eftirlitsaðilum sambærilegar vettvangskannanir.

11. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Með mál út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Við gerð þessarar reglugerðar var höfð hliðsjón af reglugerð ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 2406/96 (um ferskfiskmat), tilskipunum ráðherraráðs Evrópusambandsins nr. 91/493 (um hollustuhætti við vinnslu og dreifingu fisks og fiskafurða), nr. 95/71 (um breytingar á viðauka við tilskipun 91/493), nr. 92/48 (um fiskiskip) og ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, nr. 93/51 (um örverurannsóknir), nr. 93/140 (um sníkjudýr), nr. 93/351 (um kvikasilfur), nr. 94/356 (um innra eftirlit framleiðenda) og nr. 95/149 (um niðurbrotsefni, TVB).

13. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 162, 1. mars 1998, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða.

Sjávarútvegsráðuneytinu 30. mars 1999.

Þorsteinn Pálsson.

Guðrún M. Eysteinsdóttir.

VIÐAUKI 1

1. kafli
Kröfur um búnað og hreinlæti um borð í fiskiskipum sem landa kældum afla.

1. Ekkert má geyma í körum, á þilfari, milliþilfari eða í lest fiskiskipa sem mengað getur eða skemmt aflann. Stíur og ílát sem afli er geymdur í skulu þannig hönnuð að auðvelt sé að þrífa þau, tryggt sé að aflinn liggi ekki í ísvatninu og það geti óhindrað runnið úr þeim.
2. Þegar veiðar hefjast skulu þilfar, lest, uppstillingar og öll ílát sem notuð eru til geymslu aflans vera hrein. Sérstaklega skal þess gætt að á þeim sé hvorki brennsluolía né kjalvatn.
3. Um leið og aflinn er kominn um borð verður að vernda hann fyrir mengun og sólarljósi eða öðrum hita. Afla má aðeins þvo úr hreinum sjó eða neysluvatni til þess að gæði hans rýrni ekki.
4. Vanda skal alla meðferð og geymslu afla og koma í veg fyrir að hann verði fyrir hnjaski. Þar sem ífærur og/eða fiskstingir eru notaðir til að innbyrða eða færa til fisk skal gæta þess að stinga ekki í vöðva hans.
5. Allan fisk, annan en þann sem selja á lifandi, skal blóðga, slægja, þvo og kæla eins fljótt og við verður komið eftir að hann hefur verið innbyrtur. Bátum sem landa afla sínum daglega er þó heimilt að koma með óslægðan fisk að landi, enda hafi hann undantekningarlaust verið blóðgaður, þveginn og kældur á fullnægjandi hátt.
6. Ís sem notaður er til að kæla afla má aðeins framleiða úr hreinum sjó eða neysluvatni. Þar til hann er notaður skal geyma hann í hreinum ílátum eða stíum.
7. Fyllsta hreinlætis skal gætt við hausun og slægingu um borð. Fiskinn skal tafarlaust þvo vel úr hreinum sjó eða neysluvatni. Hrogn, lifur og svil sem ætluð eru til manneldis ber að kæla eða frysta.
8. Áhöld sem notuð eru við blóðgun, slægingu, hausun, kvið-, sporð- eða uggaskurð svo og tæki og ílát, sem fiskurinn kemst í snertingu við, skulu vera hrein og gerð úr eða húðuð með ógagndræpum efnum sem ekki tærast, eru slétt og sem auðvelt er að þvo og gerileyða. Þeim skal ávallt haldið hreinum.

9. Að löndun lokinni skal þrífa með neysluvatni eða hreinum sjó öll ílát og áhöld sem notuð hafa verið við meðferð aflans svo og þá hluta skipsins þar sem unnið hefur verið við hann eða hann geymdur.
10. Áhafnir fiskiskipa skulu gæta fyllsta persónulegs hreinlætis við störf sín og að því er varðar vinnuklæðnað.

2. kafli
Frekari búnaðar- og hreinlætiskröfur varðandi fiskiskip sem eru lengur úti en sólarhring.

1. Fiskiskip skulu útbúin með lest, tönkum eða ílátum til að geyma kældan eða frystan afla við það hitastig sem tilgreint er í viðauka 8. Lestar skulu aðskildar frá vélarúmi og vistarverum áhafnar með skilrúmum, nægilega þéttum til að koma í veg fyrir hvers kyns mengun aflans eða fiskafurðanna.
2. Innra byrði lesta, tanka og íláta skal vera vatnsþétt og auðvelt að þrífa og gerileyða. Það skal vera úr sléttu efni eða að minnsta kosti vel málað og þannig við haldið að afurðirnar mengist ekki af efnum skaðlegum heilsu manna.
3. Lestarrými sem afli er geymdur í skulu þannig hönnuð að tryggt sé að aflinn liggi ekki í vatninu sem myndast við bráðnun íssins.
4. Ílát sem afli eða fiskafurðir eru geymdar í skulu þannig gerð að þau tryggi geymslu við fullnægjandi hreinlætisskilyrði og skal þess sérstaklega gætt að greið leið sé fyrir frárennsli ísvatns. Ílátum skal ávallt haldið hreinum.
5. Vinnuþilför, búnaður, lestarrými og ílát skulu þrifin í hvert skipti eftir notkun. Nota skal hreinan sjó eða neysluvatn í því skyni. Gerileyðing og eyðing meindýra, þ.m.t. skordýra, skal fara fram þegar þess er þörf.
6. Hreinsiefni, gerileyðandi efni, skordýraeitur og önnur efni sem innihalda eitur skal geyma í læstum hirslum eða herbergjum. Notkun þeirra má ekki valda mengun afurðanna.
7. Sé afli frystur um borð skal það gert í samræmi við ákvæði 1. og 3. mgr. II. hluta viðauka 4. Fari frystingin fram í pækli skal þess gætt að hann mengi ekki aflann.
8. Fiskiskip sem útbúin eru til að kæla afla sinn í krapi eða vélkældum sjó skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   a) Tankar skulu útbúnir með fullnægjandi inntaks- og losunarbúnaði fyrir sjó sem og búnaði til að tryggja sem jafnast hitastig í kuldablöndunni.
   b) Sjálfritandi hitamælar skulu tengdir við tankana og skynjurum þeirra komið fyrir þar sem hitastig getur orðið hæst.
   c) Tryggt skal að hitastig kuldablöndunnar og fisksins verði í hæsta lagi 3°C innan sex klst. frá því að hann er settur í tankana og ekki hærra en 0°C innan sextán klst.
   d) Eftir hverja losun skal tæma tankana og lagnirnar og hreinsa vel með hreinum sjó eða neysluvatni. Tankana má aðeins fylla með hreinum sjó.
   e) Dagsetningar og númer á tönkum skulu koma fram í skráningum sjálfritandi hitamæla og vera tiltækar þegar eftirlitsmenn á vegum Fiskistofu krefjast þeirra.
9. Fiskistofa skal halda og uppfæra með reglubundnu millibili skrá yfir skip sem útbúin eru í samræmi við ákvæði 7. og 8. tl. að undanskildum skipum með færanleg ílát sem, með fyrirvara um 2. málslið 5. tl. I. kafla, eru ekki reglulega notuð til þess að geyma afla í kældum sjó.
10. Útgerðarmaður eða fulltrúi hans um borð skal gera fullnægjandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að einstaklingur sem gæti borið sýkla í hráefnið eða afurðirnar starfi við

framleiðslu þeirra eða meðferð þar til tryggt er að smithættan sé liðin hjá. Heilbrigðiseftirlit með slíkum einstaklingum skal fara fram samkvæmt opinberum reglum þar um.

3. kafli
Kröfur varðandi vinnsluskip.

I. Kröfur varðandi hönnun og búnað:

1. Lágmarkskröfur varðandi vinnsluskip eru eftirfarandi:
   a) Móttaka sé sérstaklega frágengin og skipt í stíur sem eru nógu stórar til þess að hægt sé að flokka aflann úr hverju hali. Auðvelt skal vera að þrífa hana svo og stíur og uppstillingar. Móttaka skal þannig hönnuð að hægt sé að verja aflann fyrir sólskini, frosti og hvers konar mengun af völdum óhreininda.
   b Fyllsta hreinlætis sé gætt við tilfærslu afla úr móttöku á vinnslusvæði.
   c) Vinnslusvæði séu nógu rúmgóð til að hægt sé að tilreiða og vinna afla við bestu hreinlætisaðstæður. Þau skulu þannig hönnuð og skipulögð að unnt sé að koma í veg fyrir mengun afurðanna.
   d) Geymslur fyrir fullunnar afurðir séu nógu rúmgóðar og þannig hannaðar að auðvelt sé að þrífa þær. Ef um borð eru tæki til vinnslu á úrgangi skulu þær afurðir geymdar í sérstakri lest.
   e) Umbúðageymsla sé aðskilin frá tilreiðslu- og vinnslusvæðum.
   f) Sérstakur búnaður sem dælir úrgangi og afla sem ekki er hæfur til manneldis annaðhvort beint í sjóinn eða, þar sem þörf krefur, í vatnsheldan geymi sem eingöngu er til þess ætlaður. Sé úrgangur geymdur og unninn um borð skal það gert í aðskildu rými.
   g) Búnaður til að veita neysluhæfu vatni eða hreinum sjó undir fullnægjandi þrýstingi á þá staði um borð í skipinu þar sem þess er þörf. Inntakið skal vera staðsett þannig að ekki sé hætta á mengun af frárennsli skólps, úrgangs eða kælivatni véla.
   h) Hæfilegur fjöldi búningsklefa, handlauga og salerna. Salernishurðir mega ekki opnast beint út að svæði þar sem gert er að afla, hann unninn eða geymdur. Við handlaugar sé handþvotta- og gerileyðandi efni og einnota handþurrkur þannig að hreinlætiskröfum sé fullnægt. Kranar við handlaugar mega ekki vera handstýrðir.
2. Á svæðum þar sem aðgerð, vinnsla, verkun eða frysting afla eða fiskafurða fer fram skulu vera:
   a) Stöm gólf sem jafnframt er auðvelt að þrífa og gerileyða og þannig hönnuð að frárennslisvatn eigi greiða leið í niðurföll. Yfir niðurfallsrennum í gólfum skulu vera ristar, nægilega opnar til þess að úrgangur stífli þær ekki og sjór geti runnið hindrunarlaust frá vinnsluvélum og af gólfum.
   b) Veggir og loft sem auðvelt er að þrífa. Festingum lagna við loft og veggi skal þannig hagað að þær torveldi ekki þrif.
   c) Vökvalagnir þannig frágengnar eða varðar að olíuleki geti ekki mengað afurðirnar.
   d) Fullnægjandi loftræsting og þar sem þess er þörf, góður búnaður til að fjarlægja gufu.
   e Næg lýsing.
   f) Búnaður til þess að þrífa og gerileyða áhöld, tæki og búnað.
   g) Handlaugar með krönum sem ekki eru handstýrðir til að þvo og gerileyða hendur, ásamt einnota handþurrkum.
3 Búnaður og áhöld, svo sem flökunarborð, ílát, færibönd, slægingar- eða flökunarvélar o.s.frv., séu úr seltuvörðum efnum, auðveld að þrífa og gerileyða og þeim vel við haldið.

4. Eftirtalinn búnaður skal vera um borð í vinnsluskipum þar sem frysting afurða fer fram:
   a) Frystibúnaður sem er nógu öflugur til að lækka hitastigið hratt og ná því hitastigi í kjarna afurðanna sem samrýmist ákvæðum þessarar reglugerðar.
   b) Frystibúnaður sem er nógu öflugur til að halda hitastigi fiskafurða í frystilestum í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar. Í frystilestum skulu vera sjálfritandi hitamælar sem auðvelt er að lesa af.

II. Kröfur um hreinlæti við meðhöndlun og geymslu fiskafurða um borð:

1. Þar til hæfur maður um borð í vinnsluskipi skal vera ábyrgur fyrir því að vinnsla fari fram í samræmi við góða framleiðsluhætti. Hann skal hafa vald til þess að tryggja að ákvæðum þessarar reglugerðar sé fylgt og lætur eftirlitsmönnum í té upplýsingar um þær aðferðir sem beitt er við skoðun og eftirlit með áhættuatriðum um borð, sem og skrá með athugasemdum og upplýsingum um hitastigsmælingar sem kann að vera krafist.
2. Almennar kröfur um hreinlæti á vinnslu- og geymslusvæðum skulu vera hinar sömu og kveðið er á um í A-lið í II. hluta í viðauka 3.
3. Almennar kröfur um hreinlæti starfsfólks skulu vera þær sömu og kveðið er á um í B-lið í II. hluta í viðauka 3.
4. Hausun, slæging og flökun skal fara fram við þær hreinlætisaðstæður sem kveðið er á um í 2., 3. og 4. tl. í I. hluta í viðauka 4.
5. Verkun sjávarafla um borð skal fara fram við þær hreinlætisaðstæður sem kveðið er á um í III., IV. og V. hluta í viðauka 4.
6. Pakka skal og búa um fiskafurðir við þær hreinlætisaðstæður sem kveðið er á um í viðauka 6.
7. Merkingar afurða skulu vera í samræmi við ákvæði viðauka 7.
8. Fiskafurðir skal geyma um borð við þær hreinlætisaðstæður sem kveðið er á um í 1. og 2. tl. í viðauka 8.

VIÐAUKI 2
Kröfur varðandi meðferð afla og fiskafurða við og eftir löndun.

1. Losunar- og löndunarbúnaður skal gerður úr efnum sem auðvelt er að þrífa og gerileyða og honum skal vel við haldið og hann skal vera hreinn.
2. Við losun og löndun skal þess gætt að aflinn verði ekki fyrir mengun. Sérstaklega skal tryggja eftirfarandi atriði:
   a) Að losun og löndun gangi hratt.
   b) Að aflanum sé komið eins fljótt og hægt er á öruggan stað við tilskilið hitastig og þegar nauðsyn krefur, ísaður í flutningi, geymslu, á markaði eða í vinnslustöð.
   c) Að tæki og aðferðir við meðhöndlun, sem valda ónauðsynlegum skemmdum á ætum hlutum aflans, séu ekki leyfð.
3. Þau svæði á uppboðs- eða heildsölumörkuðum þar sem afli og fiskafurðir eru sýndar og seldar skulu uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   a) Þau skulu vera undir þaki og með veggjum sem auðvelt er að þrífa.
   b) Þau skulu vera með vatnsþéttum gólfum sem auðvelt er að þvo og gerileyða og lögð þannig að vatn renni greiðlega að niðurföllum sem tengd eru lokuðu skólplagnakerfi.
   c) Þau skulu búin hreinlætisaðstöðu með nægum fjölda handlauga og vatnssalerna. Við handlaugarnar skulu vera efni til handþvottar ásamt einnota handþurrkum.

d) Þau skulu vera vel lýst til að auðvelda eftirlit og mat afla og fiskafurða í samræmi við ákvæði viðauka 5 og 9.
e) Þau skulu ekki nýtt til annarrar starfsemi þegar sjávarafurðir eru þar geymdar, sýndar eða boðnar upp. Ökutæki með vélaútblæstri sem gæti rýrt gæði aflans mega ekki koma inn á markaðina. Engum dýrum má hleypa inn á markaðina.
f) Þau skulu þrifin reglulega, a.m.k. eftir hverja sölu. Öll ílát sem notuð eru undir afla skal skola að utan sem innan með neysluvatni eða hreinum sjó eftir hverja sölu. Ef nauðsyn krefur skal gerileyða þau.
g) Þau skulu hafa skilti á áberandi stöðum sem banna reykingar, hrækingar, neyslu matar, sælgætis og drykkjar.
h) Dyr skulu þannig frágengnar að hægt sé að loka þeim og hafa þær lokaðar ef eftirlitsmenn Fiskistofu telja þess þörf.
i) Þau skulu búin lagnakerfi í samræmi við ákvæði 7. tl. í I. hluta viðauka 3, sem flutt getur nægilegt vatnsmagn.
j) Þau skulu hafa sérstök vatnsheld ílát úr ótæranlegu efni til geymslu á afla sem óhæfur er til manneldis.
k) Ef Fiskistofa hefur ekki eigin aðstöðu á staðnum eða í næsta nágrenni til eftirlits og með hliðsjón af því magni sem boðið er til sölu, skulu eftirlitsmenn hafa læst herbergi til afnota með fullnægjandi búnaði og nauðsynlegum tækjum til þess að þeir geti sinnt störfum sínum.

4. Eftir löndun eða, eftir því sem við á, að lokinni sölu, ber að flytja aflann tafarlaust á ákvörðunarstað við þau skilyrði sem kveðið er á um í viðauka 8.
5. Ef skilyrðum 4. tl. er ekki fullnægt verða markaðir, þar sem geyma má aflann áður en hann er boðinn til sölu eða eftir að sala hefur farið fram og á meðan beðið er eftir flutningi til ákvörðunarstaðar, þó að hafa nógu stórar kæligeymslur sem fullnægja þeim skilyrðum sem kveðið er á um í 3. tl. í I. hluta viðauka 3. Aflann skal þá geyma við hitastig sem er nálægt bráðnunarmarki íss.
6. Þær almennu hreinlætiskröfur sem tilgreindar eru í B-hluta viðauka 3, að undanteknum a-lið 1. tl. skulu gilda eftir því sem við á um markaði þar sem afli eða fiskafurðir eru boðnar til sölu eða geymdar.
7. Heildsölumarkaðir þar sem afli eða fiskafurðir eru boðnar til sölu eða geymdar skulu hlíta sömu skilyrðum og kveðið er á um í 3. og 5. tl. þessa viðauka og þeim sem kveðið er á um í 4., 10. og 11. tl. í I. hluta viðauka 3.

Þær almennu hreinlætiskröfur sem tilgreindar eru í II. hluta viðauka 3 gilda um heildsölumarkaði eftir því sem við á.

VIÐAUKI 3
Vinnslustöðvar í landi.

I. Almennar kröfur varðandi byggingar og búnað:

Í eða við vinnslustöðvar skulu a.m.k. eftirfarandi þættir vera fyrir hendi:

1.

a) Olíubornar, malbikaðar eða steyptar akbrautir og bílastæði með góðum halla að niðurföllum til þess að auðvelt sé að halda lóðinni hreinni og koma veg í fyrir að aur eða önnur óhreinindi berist inn í vinnslustöðina eða meindýr geti búið þar um sig. Sé lóðin grasi vaxin skal halda því snöggslegnu. Á henni skal ekki geyma vélar, tæki eða annan búnað sem ekki er í notkun en rusl getur safnast í.

b) Nægilega rúmgóð vinnuaðstaða til þess að starfsemin geti farið fram við fullnægjandi hreinlætisaðstæður, hönnun og skipulag með þeim hætti að komist verði hjá mengun afurðanna og hægt sé að halda vinnsluþáttum og vinnslusvæðum aðskildum í samræmi við þær hreinlætiskröfur sem gerðar eru til hvers þeirra um sig.
c) Þurr og hrein umbúðageymsla.

2. Í þeim hlutum vinnslustöðvanna þar sem gert er að afla, hann tilreiddur eða unninn:
a) Gólf úr vatnsþéttu efni sem auðvelt er að þrífa og gerileyða og þannig lagt að vatn renni greiðlega að niðurföllum eða til staðar séu tæki til að fjarlæga það.
b) Veggir með sléttu, vatnsþéttu og slitþolnu yfirborði sem auðvelt er að þrífa.
c) Loft eða loftklæðning sem auðvelt er að þrífa.
d) Hurðir úr slitþolnu efni sem auðvelt er að þrífa.
e) Fullnægjandi loftræsting og, þar sem þess er þörf, góð loftræstingartæki til að fjarlægja gufu.
f) Næg dagsbirta eða lýsing.
g) Í vinnslusölum og snyrtiherbergjum skal vera nægur fjöldi handlauga með hæfilega heitu rennandi vatni ásamt handþvotta- og gerileyðandi efnum og einnota handþurrkum. Kranar mega ekki vera handstýrðir.
h) Tæki og aðstaða til að þrífa húsnæði, tæki og áhöld.

3. Í kæli- og frystiklefum þar sem hráefni eða afurðir eru geymdar gilda sömu ákvæði og er að finna í (a)-, (b)-, (d)- og (f)-liðum 2. tl. hér af framan. Einnig skal, þar sem þess er þörf, vera nógu öflugur kæli- eða frystibúnaður til að geyma hráefnið eða afurðirnar við það hitastig sem tilgreint er í reglugerð þessari.
4. Viðeigandi varnir gegn skordýrum, nagdýrum, fuglum, o.s.frv.
5. Tæki og áhöld svo sem flökunar-, snyrti- og pökkunarborð, ílát, færibönd og hnífar úr ryðvörðum eða ryðfríum efnum sem auðvelt er að þrífa og gerileyða
6. Sérstök vatnsheld ílát, gerð úr efnum sem ekki tærast, fyrir úrgang og/eða afla, sem ekki er hæfur til manneldis, og aðskildar geymslur fyrir þessi ílát ef þau eru ekki losuð a.m.k. í lok hvers vinnudags.
7. Fullnægjandi lagnakerfi með dælu, ef með þarf, til að veita nægu magni af neysluvatni eða hreinum sjó um vinnslustöðina. Heimilt er þó að leyfa að óneysluhæft vatn sé notað til framleiðslu á gufu, til slökkvistarfa og/eða til að kæla frystivélar, enda sé lögnunum þannig fyrir komið að útilokað sé að það verði tekið til annarra nota og ekki sé hætta á mengun afurðanna. Lagnir fyrir óneysluhæft vatn skulu vera rækilega auðkenndar frá lögnum fyrir neysluvatn eða hreinan sjó.
8. Niðurföll tengd lokuðu skólplagnakerfi.
9. Nægur fjöldi búningsherbergja með sléttum, vatnsþéttum veggjum og gólfum sem þola þvott, handlaugum og vatnssalernum. Hurðir salerna opnist ekki beint inn í vinnusal. Við handlaugar skulu vera efni til að þvo hendur svo og einnota handþurrkur. Kranar mega ekki vera handstýrðir.
10. Ef framleitt magn er það mikið að Fiskistofa telur þörf á reglubundinni eða stöðugri viðveru starfsmanns hennar, skal hann hafa afnot af sérstöku læstu herbergi sem búið er nauðsynlegum tækjum til þess að hann geti sinnt störfum sínum.
11. Fullnægjandi aðstaða til að þrífa og gerileyða flutningatæki. Þó er ekki skylt að hafa slíka aðstöðu ef flutningatæki eru þrifin og gerileydd í þvottastöð sem Fiskistofa hefur viðurkennt.
12. Í vinnslustöðvum sem geyma lifandi sjávardýr sé fullnægjandi aðstaða sem tryggir bestu lífsskilyrði þeirra.

II. Almennar kröfur um hreinlæti:

A. Almennar kröfur varðandi athafnasvæði og búnað.

1. Gólfi, veggjum, loftum eða loftklæðningu, skilveggjum, tækjum og áhöldum sem notuð eru við vinnslu fiskafurða skal halda vel við og hreinum þannig að ekki stafi af þeim mengunarhætta fyrir afurðirnar.
2. Meindýrum, þ.m.t. skordýrum, skal eyða með skipulegum hætti á lóð og í húsnæði vinnslustöðva. Nagdýraeitur, skordýraeitur, gerileyðandi efni og önnur efni sem hugsanlega innihalda eitur skal geyma í herbergjum eða hirslum sem hægt er að læsa. Notkun þeirra má ekki valda mengun afurðanna.
3. Vinnusvæði, búnað og áhöld má aðeins nota við vinnslu fiskafurða. Þó má, að fengnu leyfi Fiskistofu, nota þau við vinnslu annarra matvæla samtímis eða á öðrum tímum.
4. Í vinnslustöðvum er einungis heimilt að nota neysluvatn eða hreinan sjó. Þó má í undantekningartilvikum leyfa að notað sé vatn sem er óhæft til drykkjar, til framleiðslu á gufu, við slökkvistörf og til kælingar frystivéla, enda sé vatnslögnum þannig fyrir komið að útilokað sé að vatnið verði tekið til annarra nota eða að af því geti stafað hætta á mengun afurðanna.
5. Aðeins er heimilt að nota þau hreinsiefni, gerileyðandi efni eða önnur lík efni, sem Hollustuvernd ríkisins hefur samþykkt. Notkun þeirra má ekki hafa skaðleg áhrif á vélar, búnað eða afurðir.

B. Almennar kröfur um persónulegt hreinlæti starfsfólks.

1 Til starfsfólks eru gerðar kröfur um fyllsta hreinlæti. Einkum skal það uppfylla eftirfarandi kröfur:
   a) Starfsfólk skal klæðast hentugum og hreinum vinnufatnaði og hafa höfuðföt sem hylja algjörlega hárið. Þetta á sérstaklega við um fólk sem vinnur við flatningu, flökun, snyrtingu eða pökkun afurða.
   b) Starfsfólk sem meðhöndlar og tilreiðir fiskafurðir skal þvo sér um hendur, að minnsta kosti í hvert sinn sem það kemur að verki. Sár á höndum skal hylja með vatnsþéttum umbúðum.
   c) Reykingar, hrækingar og neysla matar, sælgætis og drykkja í vinnslusal og geymslum fyrir hráefni, umbúðir og afurðir skulu bannaðar. Skiltum þessa efnis skal komið fyrir á viðeigandi stöðum.
2. Vinnuveitandi skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að fólk sem gæti valdið mengun afurðanna starfi við eða handleiki þær þar til fullvíst er að það geti áhættulaust sinnt þeim störfum.
   Hver sá sem ráða á til að vinna við fiskafurðir og handleika þær skal leggja fram læknisvottorð sem staðfestir að ekkert sé því til fyrirstöðu að hann annist þessi störf. Heilbrigðisskoðun starfsfólks skal haga samkvæmt opinberum reglum þar um.

VIÐAUKI 4
Sérkröfur varðandi meðferð afla og fiskafurða í vinnslustöðvum á landi.

I. Kröfur varðandi ferskar afurðir:

1. Ferskan, ópakkaðan sjávarafla, sem ekki er verkaður, unninn eða sendur á markað strax eftir að hann kemur í vinnslustöð, skal ísa eða kæla með vélbúnaði og geyma við hitastig bráðnandi íss. Endurísa skal eftir þörfum. Ísinn, sem notaður er með eða án salts, skal framleiða úr neysluvatni eða hreinum sjó og geyma að viðhöfðu fyllsta hreinlæti í þar til ætluðum ílátum. Þessum ílátum skal haldið hreinum og í góðu lagi. Forpakkaðar, ferskar afurðir skal kæla og geyma á sambærilegan hátt.

2. Skipum sem landa afla sínum daglega er heimilt að koma með hann óslægðan að landi, enda sé hann undantekningarlaust blóðgaður, þveginn og kældur á fullnægjandi hátt. Slæging, þvottur og ísun skal fara fram við fyllsta hreinlæti svo fljótt sem verða má að löndun lokinni.
3. Gæta skal fyllsta hreinlætis við vinnslu, t.d. þegar fiskur er flakaður eða skorinn í sneiðar, snyrtur og gegnumlýstur, til þess að koma í veg fyrir að flökin og sneiðarnar óhreinkist eða mengist. Slík störf skal ekki vinna þar sem aðgerð fer fram. Flök og sneiðar mega ekki liggja lengur á vinnuborðum en nauðsynlegt er vegna tilreiðslu þeirra. Þeim verður að pakka sem fyrst til að verja þau fyrir mengun. Flök og sneiðar sem selja á fersk skal kæla eins fljótt og hægt er að lokinni tilreiðslu þeirra.
4. Innyfli og þá hluta fisksins sem gætu verið heilsuspillandi skal skilja frá og halda aðskildum frá afurðum sem ætlaðar eru til manneldis.
5. Ílát sem notuð eru til flutnings ferskra fiskafurða á markað skulu þannig gerð að þau veiti þeim fullnægjandi vörn gegn óhreinindum, hnjaski og mengun en sérstaklega að komið sé í veg fyrir að afurðirnar liggi í vatni sem myndast við bráðnun íssins.
6. Ef ekki er aðstaða til að fjarlægja úrgang jafnóðum og hann fellur til, skal láta hann í vatnsheld, lokuð ílát sem auðvelt er að þrífa og gerileyða. Úrgangur má ekki safnast saman á vinnslusvæðum. Annað hvort verður að fjarlægja hann jafnóðum eða um leið og hvert ílát fyllist, og að minnsta kosti í lok hvers vinnudags skal flytja hann í aðskilda geymslu þar sem engin mengunarhætta stafar af honum, sbr. 6. gr. I. hluta þessa viðauka. Ílátin og/eða geymslurnar sem notaðar eru fyrir úrganginn skal alltaf þrífa rækilega að lokinni losun og gerileyða þegar þess er þörf.

II. Kröfur varðandi frystingu afla og fiskafurða:

1. Afla eða fiskafurðir má aðeins frysta í vinnslustöðvum sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   a) Frystitæki séu nægilega afkastamikil til þess að kæla afurðinar hratt niður í það hitastig sem tilskilið er í reglugerð þessari.
   b) Í frystigeymslum skal vera hægt að halda jöfnu hitastigi í afurðum sem ekki er hærra en tilgreint er í reglugerð þessari, hvar sem mælt er í þeim.
2. Af tæknilegum ástæðum sem tengjast aðferðum við pækilfrystingu heils fisks, svo sem túnfisks sem ætlaður er til niðursuðu, og meðferð slíkra afurða, má hitastig í þeim vera hærra en að framan greinir, þó aldrei yfir -9°C.
3. Meðferð á ferskum sjávarafla sem ætlaður er til frystingar skal vera hin sama og kveðið er á um í I. hluta þessa viðauka.
4. Í frystigeymslum skulu vera sjálfritandi hitamælar á stöðum þar sem auðvelt er að lesa á þá. Hitaskynjurum þeirra skal komið fyrir þar sem hitastig í geymslunum er hæst.
5. Fiskistofa skal hafa aðgang að þessum skráningum, þegar eftirlitsmönnum hennar þykir ástæða til, og þær skal varðveita a.m.k. einu ári lengur en nemur áætluðu geymsluþoli afurðanna.

III. Kröfur varðandi þíðingu afla og fiskafurða:

Vinnslustöðvar, sem þíða hráefni til vinnslu, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Aflann skal þíða við þær aðstæður að fyllsta hreinlætis sé gætt. Komið skal í veg fyrir mengun aflans með því að tryggja að vatn sem myndast við þíðnunina geti óhindrað runnið undan honum. Við þíðingu skal hitastig aflans ekki hækka of mikið.
2. Að þíðingu lokinni skal meðferð og vinnsla vera í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Aflann skal vinna strax eftir að hann er þíðinn. Séu afurðirnar sendar beint á markað, skulu upplýsingar um að aflinn hafi verið þíddur vera greinilegar á umbúð-

unum í samræmi við ákvæði reglugerðar um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

IV. Kröfur varðandi verkaðar afurðir:

1. Ferskt, fryst og þítt hráefni, sem notað er til verkunar, skal standast þær kröfur, sem gerðar eru samkvæmt I., II. eða III. hluta þessa viðauka.
2. Ef verkunaraðferðin beinist að því að hindra vöxt sjúkdómsvaldandi örvera eða er mikilvægur þáttur í því að auka geymsluþol, verður meðferðin, sem gildandi lög leyfa, að hafa hlotið vísindalega viðurkenningu. Þar sem um er að ræða meðferð skelfisks, sem um getur í b)- og c)-lið 2. tl. 1. gr. viðauka 1 við reglugerð um veiðar, meðferð, vinnslu og dreifingu lifandi samloka og hefur ekki verið umlagður eða hreinsaður, verður sú meðferð einnig að hafa hlotið vísindalega viðurkenningu.
   Þeim aðila sem ber ábyrgð á vinnslustöðinni er skylt að halda skrá yfir alla vinnslu sem þar fer fram. Fylgjast skal með og skrá hitunartíma, hitastig, saltinnihald, sýrustig (pH), vatnsinnihald o.s.frv., eftir því hvers eðlis verkunin er. Þessar skráningar skal geyma tiltækar eftirlitsmönnum Fiskistofu a.m.k. einu ári lengur en geymsluþol vörunnar segir til um, þó aldrei skemur en tvö ár.
3. Á umbúðum afurða sem aðeins þola geymslu í takmarkaðan tíma, svo sem saltaðra, reyktra, þurrkaðra eða kryddleginna, skulu vera greinargóðar upplýsingar um hvernig þær skuli geyma, í samræmi við ákvæði reglugerðar um merkingu, auglýsingu og kynningu matvæla.

Auk þess skulu eftirtalin skilyrði uppfyllt:

4. *Niðursuða.*
   a) Einungis er heimilt að nota neysluvatn við þvott tómra niðursuðudósa.
   b) Við suðuna skal hafa hliðsjón af mikilvægum þáttum, svo sem hitunartíma, hitastigi, fyllingu, stærð dósa o.s.frv. og skrá haldin um þau öll. Hitunin skal vera nægileg til þess að drepa eða gera óvirka sýkla og gró sjúkdómsvaldandi örvera. Á suðutækjum skulu vera síritandi hitamælar sem sýna hvort innihald dósanna hafi í raun hlotið fullnægjandi hitun. Eftir suðu skal nota neysluvatn til að kæla dósirnar. Leyfilegt er, í samræmi við góðar tæknilegar venjur, að blanda í vatnið viðurkenndum efnum til að hindra tæringu tækja og umbúða.
   c) Framleiðandinn skal gera frekari eftirtaldar prófanir á slembiúrtökum til að tryggja að niðursoðnar afurðir hafi fengið fullnægjandi hitunarmeðferð:
      i) Ræktunarprófanir við 37°C í sjö daga eða við 35°C í tíu daga eða aðrar jafngildar aðstæður.
      ii) Rannsóknir á dósum og örverurannsóknir á innihaldi þeirra í eigin rannsóknastofu sem hlotið hefur viðurkenningu eða í annarri viðurkenndri rannsóknastofu.
   d) Framleiðandi skal daglega taka sýni með fyrirfram ákveðnu millibili til þess að tryggja að lokun dósa sé í lagi. Í því skyni verða að vera til nauðsynleg tæki til þess að rannsaka þversnið sauma á lokuðum dósum.
   e) Eftirlit skal haft með því að dósir séu ekki skaddaðar.
   f) Allar dósir sem hlotið hafa sambærilega hitun skulu vera með þrykktum eða öðrum sambærilegum óafmáanlegum merkingum sem sýna lotumerki og leyfisnúmer framleiðanda.

5. *Reyking.*
   a) Reyking skal fara fram í húsnæði sem er skilið frá annarri vinnslu eða, ef þess gerist þörf, á sérstökum stað sem er með loftræstibúnaði til að varna því að reykur eða hiti frá brennslunni berist í önnur húsakynni eða staði þar sem fiskafurðir eru tilreiddar, unnar eða geymdar.
   b) Eldsneyti til reykingar skal geyma á stað sem skilinn er frá reykingarstaðnum og nota á þann hátt að það mengi ekki afurðirnar.
   c) Óheimilt er að nota við sem eldsneyti hafi hann verið málaður, lakkaður, límdur eða fúavarinn.
   d) Eftir reykingu skal kæla afurðirnar hratt niður í það hitastig, sem þær á að geyma við, áður en þeim er pakkað.

6. *Söltun.*
   a) Söltun skal fara fram á aðskildum vinnslusvæðum og í nægilegri fjarlægð frá svæðum þar sem önnur fiskmeðferð á sér stað.
   b) Salt skal vera hreint og ómengað og geymt á þurrum og hreinlegum stað. Ekki er leyfilegt að endurnota salt.
   c) Ílát sem notuð eru til söltunar eða pæklunar skulu þannig gerð að engin hætta sé á mengun afurðanna.
   d) Ílát og svæði þar sem söltun eða pæklun fer fram skal þrífa áður en vinnsla hefst.

7. *Soðin krabbadýr og samlokur.*
   a) Eftir suðu skal ávallt snöggkæla afurðirnar í neysluvatni eða hreinum sjó. Sé engin önnur aðferð notuð til að auka geymsluþolið, skal halda kælingu áfram þar til hitastigi bráðnandi íss er náð.
   b) Fyllsta hreinlætis skal gætt við skelflettingu og úrskeljun til að koma í veg fyrir mengun afurðanna. Starfsfólk skal þvo sér vel um hendur og gæta þess að allir snertifletir séu hreinir. Séu vélar notaðar við vinnsluna skal skola þær með reglulegu millibili og þrífa þær og gerileyða í lok hvers vinnudags.
   c) Soðnar afurðir skal frysta tafarlaust eða halda þeim kældum við hitastig sem kemur í veg fyrir gerlafjölgun og setja þær í viðeigandi geymslu.

Framleiðandinn skal láta fara fram örverufræðilegt mat á afurðunum með reglulegu millibili og skulu niðurstöður þeirra standast viðmiðunarmörk sem tilgreind eru í c-lið III. hluta í viðauka 5.

8. *Fiskmarningur.*

Vinnsla fiskmarnings er háð eftirfarandi skilyrðum:
   a) Vinnsla marnings úr slægðum fiski skal fara fram án óþarfa tafa eftir að hann hefur verið flakaður, enda hafi innyfli verið fjarlægð. Sé heill fiskur notaður skal slægja hann og þvo áður en vinnslan hefst.
   b) Marningsvélarnar verður að hreinsa með stuttu millibili og eigi sjaldnar en á tveggja stunda fresti.
   c) Eftir vinnslu skal frysta marninginn svo fljótt sem mögulegt er eða blanda í hann efnum til að auka geymsluþolið.

V. Kröfur varðandi sníkjudýr:

1. Meðan á vinnslu stendur og áður en fiskur og fiskafurðir eru afhentar til neyslu skal skoða þær til að leita að og fjarlægja sníkjudýr.

a) Sýnileg sníkjudýr eru einstakir hringormar eða ormaklasar (*Anisakis, Phocanema*), krabbasníkjudýr í karfa (copepoda (*Sphyrion lumpi*)), svört kýli („blekkýli“) undir roði blálöngu svo og eftirstöðvar sníkjudýra („mein“, „kýli“) sem eru það stór að auðvelt er að greina þau með berum augum eða hafa valdið augljósri breytingu í holdi.
b) Sjónræn skoðun merkir skoðun sem gerð er án þess að skemma fiskinn eða fiskstykkið, án stækkunarglers, við góða birtu og ef nauðsynlegt er með gegnumlýsingu.
c) Taka skal hæfilegt sýni til sjónrænnar skoðunar. Forsvarsmaður vinnslustöðvar í landi eða sérhæfður starfsmaður um borð í vinnsluskipi skal ákveða stærð sýna og tíðni skoðana þeirra með tilliti til fisktegundar, veiðisvæðis og endanlegra afurða.
d) Þegar gert er að fiski skal skoða kviðarhol hans, lifur og hrogn sem ætluð eru til manneldis. Skoðun skal haga á eftirfarandi hátt:
   i) Sé fiskurinn handslægður skulu aðgerðarmenn skoða hann um leið og þeir slægja hann og þvo.
   ii) Sé fiskurinn slægður í vélum skal taka marktækan fjölda fiska til skoðunar, a.m.k. 10 úr hverri lotu.
e) Starfsfólk sem hlotið hefur nauðsynlega þjálfun skal, að flökun eða skurði loknum, annast skoðun flaka og fiskstykkja. Þar sem gegnumlýsingu verður við komið skal slík skoðun vera hluti af reglum um innra eftirlit og sýnatökur. Verði sjónrænni skoðun ekki við komið vegna stærðar flakanna eða vinnsluaðferðarinnar skal setja reglur um töku sýna sem haldið skal til haga fyrir eftirlitsmenn til skoðunar, sbr. 1. mgr. 8. gr. þessarar reglugerðar. Heill fiskur og fiskhlutar teljast óhæfir til manneldis þegar einstakir ormar eru það margir að ógerlegt er að fjarlægja þá, þeir mynda klasa eða þegar eftirstöðvar þeirra, svo sem „mein“ eða „kýli“, hafa valdið augsýnilegum breytingum eða skemmdum á holdi sem ekki verða fjarlægðar nema með því að skemma fiskinn.

Heilan fisk eða fiskhluta sem eru augljóslega sýktir af sníkjudýrum og hafa verið lagðir til hliðar má ekki setja á markað.

2. Fisk eða fiskafurðir sem um getur í 3. tl. hér á eftir, og ætlaðar eru til neyslu eins og þær koma fyrir, skal enn fremur frysta þannig að hitastigið í kjarna þeirra sé -20°C eða lægra í að minnsta kosti 24 klukkustundir. Fiskinn eða afurðirnar má frysta hvort heldur er ferskar eða fullunnar.
3. Eftirtalinn fiskur og fiskafurðir falla undir ákvæði 2. tl.:
   a) Fiskur sem neyta á hrás eða næstum hrás, t.d. matjessíld.
   b) Eftirtaldar tegundir, ef þær eru ætlaðar til reykingar og hitastigið í miðjum fiskinum er lægra en 60°C:
      Síld,
      Makríll,
      Brislingur og (villtur) Atlantshafs- og Kyrrahafslax,
   c) Marineruð og/eða söltuð síld, ef verkunin hefur ekki nægt til þess að drepa lirfur hringormanna.
4. Framleiðandinn skal tryggja að fiskur og fiskafurðir sem um getur í 3. tl. eða hráefni sem notað er til framleiðslu þeirra hafi hlotið þá meðferð sem lýst er í 2. tl., áður en þær fara til neyslu.
5. Fiskafurðum sem um getur í 3. tl. skal, þegar þær eru settar á markað, fylgja vottorð framleiðanda með upplýsingum um hvers konar meðferð þær hafa hlotið.

VIÐAUKI 5
Heilbrigðiseftirlit og umsjón með framleiðsluaðstæðum.

I. Almenn umsjón:

Fiskistofa annast framkvæmd þessarar reglugerðar og hefur opinbert eftirlit með því að farið sé að ákvæðum hennar. Slíkt eftirlit og umsjón felur einkum í sér eftirfarandi þætti:

1. Eftirlit með fiskiskipum, sem að öllu jöfnu fari fram í höfn.
2. Eftirlit með aðstæðum við löndun og uppboð.
3. Eftirlit með reglulegu millibili í vinnslustöðvum einkum til að sannreyna:
   a) Hvort skilyrði fyrir vinnsluleyfi séu uppfyllt.
   b) Hvort mat á hráefni, meðferð og vinnsla afla og fiskafurða sé í samræmi við fyrirmæli.
   c) Þrif á vinnslusvæðum, búnaði og tækjum, svo og hreinlæti starfsfólks.
   d) Hvort merkingar séu réttar og séu rétt settar á umbúðirnar.
4. Eftirlit með uppboðs- og heildsölumörkuðum.
5. Eftirlit með aðstæðum við geymslu og flutning hráefnis og afurða.

II. Sérstakar kröfur:

1. Skynmat.

Forsvarsmenn fiskmarkaða og vinnslustöðva skulu láta starfsmenn sem hlotið hafa sérstaka þjálfun í ferskfiskmati meta afla hvers veiðiskips, í samræmi við matsreglur þær sem er að finna í viðauka 9, þegar hann kemur í móttöku og skrá allar niðurstöður. Þeir skulu og tryggja að öll aðstaða, tæki og áhöld sem notuð eru við móttöku, mat og geymslu afla, sem landað er til sölu eða vinnslu, séu hrein og þeim vel við haldið. Þeim ber einnig að ganga úr skugga um að meðferð aflans, geymsla, löndun og flutningur hafi verið í samræmi við ákvæði 1. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar þessarar.

Sjávarafli sem uppfyllir þær gæðakröfur sem gerðar eru samkvæmt áðurnefndum matsreglum telst einnig uppfylla kröfur varðandi skynmatseinkenni sem nauðsynlegar eru til þess að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fullnægt.

Endurtaka skal ferskfiskmatið ef í ljós kemur, eftir að aflinn hefur verið seldur, að hann stenst ekki gæðakröfur sem tilgreindar eru í reglugerð þessari eða þegar það er talið nauðsynlegt. Eftir fyrstu sölu skal aflinn að minnsta kosti fullnægja lágmarkskröfum um gæði samkvæmt framangreindum reglum.

Finnist ferskfiskmatsmanni eða eftirlitsmanni niðurstöður skynmatsins ekki ótvíræðar getur hann látið gera á honum efnamælingar og/eða örverufræðilegar rannsóknir, sbr. liði A-C í III. hluta þessa viðauka og stuðst við niðurstöður þeirra. Að öðru leyti eru niðurstöður skynmatsins endanlegar. Ennfremur er heimilt að taka sýni af öllum afurðum í sama tilgangi.

Komi í ljós við skynmat að fiskafurðir eru ekki hæfar til manneldis skal gera ráðstafanir til að taka þær af markaði og einkenna þær eða breyta þannig að þær verði ekki nýttar til manneldis, sbr. reglur um ferskfiskmat í viðauka 9. Óleyfilegt er að setja á markað til manneldis fisk eða fiskstykki sem augljóslega eru sýkt af sníkjudýrum.

2. Efnarannsóknir.

A. Niðurbrotsefni:

a) *Trímethylamín-köfnunarefni (TMA-N).*

b) *Rokgjörn köfnunarefnissambönd (TVB-N).* Óunninn fiskur af eftirtöldum tegundum telst óhæfur til manneldis ef meðaltalsgildi rokgjarnra köfnunarefnasambanda í honum mælist yfir eftirfarandi mörkum:

i) 25 mg/100 g

Karfategundir	*Sebastes spp*
Svartgóma	*Helicoelenus dactylopterus*
	Sebastichtys capensis

ii) 30 mg/100 g

Fiskar af flyðruætt nema lúður	*Pleuronectidae*
	Hyppoglossus spp

iii) 35 mg/100 g

Lax	*Salmo salar*
Fiskar af lýsingaætt	*Merlucciidae*
Fiskar af þorskaætt	*Gadidae*

c *Histamín.*

Taka skal níu sýni af hverri framleiðslulotu. Þau skulu standast eftirfarandi kröfur:

i) Meðaltalsgildi skal ekki vera hærra en 100 ppm,

ii) Tvö sýnanna mega hafa gildi yfir 100 ppm en undir 200 ppm,

iii) Ekkert sýni má hafa hærra gildi en 200 ppm.

Þessi viðmiðunarmörk gilda aðeins um fisktegundir af ættum makríla (*Scombridae*), sílda (*Clupidae*), ansjósu (*Engraulidae*) og höfrunga (*Coryphaenidae*). Þó má fiskur af þessum ættum, sem er enzym-verkaður í pækli, hafa hærra histamíninnihald en aldrei yfir tvöföldum ofangreindum gildum. Mælingar verður að framkvæma með viðurkenndum vísindalegum aðferðum, svo sem hágæða vökvalitskiljum (HPLC).

B. Mengandi efni í umhverfi vatns og sjávar.

Kvikasilfur.

1. Meðaltalsgildi alls kvikasilfurs, mælt í einsleitri hræru af fersku holdi 5 fiska sem valdir eru til að gefa meðalþyngd fiskanna í viðkomandi lotu má ekki vera hærra en 0,5 mg/kg (0,5 ppm).
2. Meðaltalsgildi alls kvikasilfurs (Hg), mælt í einsleitri hræru af fersku holdi 10 fiska af eftirtöldum tegundum sem valdir eru til að gefa meðalþyngd fiskanna í viðkomandi lotu má vera hærra en þó aldrei yfir 1 mg/kg, (1 ppm).

aborri	*Perca fluviatilis*
álar	*Anguilla spp*
barri (vartari)	*Dicentrarchus labrax*
blálanga	*Molva dipterygia*
búrfiskur (búri)	*Hoplostethus atlanticus*
gedda	*Esox lucius*
háfiskar	*Pleurotremata spp*
karfar	*Sebastes marinus, S. mentella, S. viviparus*
keila	*Brosme brosme*
langa	*Molva molva*
túnfiskar	*Euthynnus spp*
lúða	*Hippoglossus hippoglossus*
marbendill	*Lepidopus caudatus*
oddnefir	*Makaira spp*
rákleysingi	*Orcynopsis unicolor*
rákungar	*Sarda spp*

seglfiskur	*Istiporus albicans/platypterus*
skötur	*Rajidae spp*
skötuselur	*Lophiidae spp*
stinglax	*Aphanopus carbo*
steinbítur	*Anarhicas lupus*
styrjur	*Acipenser spp*
sverðfiskur	*Xiphias gladius*
túnfiskar	*Thunnus spp*
vatnaflekkur	*Lota lota*
vatnaviðnir	*Stizostedion lucioperca.*

VI. Örverufræðilegar viðmiðanir við framleiðslu á soðnum krabbadýrum og samlokum.

1. Sýklar.

Gerð sýkils	Staðall
Salmonella spp	Ekki til staðar í 25 g n = 5 c = 0

Auk þess mega sýklar sem leita skal að samkvæmt áhættugreiningu og eitur sem þeir framleiða ekki finnast í því magni sem gæti skaðað heilsu neytandans.

2. Lífverur sem benda til lélegs hreinlætis (bendillífverur).

Gerð lífvera	Staðall, fjöldi í g
Staphylococcus aureus	m = 100 M = 1000 n = 5 c = 2
Annað hvort: Hitaþolnir kólígerlar (44°C á föstu æti)	m = 10 M = 100 n = 5 c = 2
eða: *Escherichia coli* (á föstu æti)	m = 10 M = 100 n = 5 c = 1

Breyturnar n, m, M og c eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

n = fjöldi eininga í sýni.

m = allar niðurstöður undir þessum mörkum teljast fullnægjandi.

M = allar niðurstöður yfir þessum mörkum teljast ófullnægjandi.

c = fjöldi eininga sem gefa gerlafjölda milli m og M.

Gæði lotu eru talin:
a) Fullnægjandi þegar öll gildi eru 3m eða minni,
b) Viðunandi þegar fengin gildi lenda milli 3m og 10m (=M) og þar sem c/n er 2/5 eða minna.

Gæði lotu eru talin ófullnægjandi:
a) Í öllum tilfellum þegar gildi fara yfir M.
b) Þegar c/n er meira en 2/5.

3. Bendillífverur (viðmiðunarreglur).

Gerð lífvera	Staðall, fjöldi í g
Miðlungshitakærir loftháðir gerlar (30°C):	
a) Afurðir í skel	m = 10.000 M = 100.000 n = 5 c = 2
b) Úrskeljaðar afurðir, að krabbakjöti undanskildu	m = 50.000 M = 500.000 n = 5 c = 2
c) Krabbakjöt	m = 100.000 M = 1.000.000 n = 5 c = 2

Þessar viðmiðunarreglur eru ætlaðar framleiðendum til þess að þeir geti gengið úr skugga um að þrif og gerileyðing séu fullnægjandi.

Í vinnslustöðvum, sem hlotið hafa vinnsluleyfi samkvæmt 8. gr. þessarar reglugerðar skal gera athugun á útkomu úr örverurannsóknum á sýnum sem tekin eru meðan á vinnslu krabbadýra og samloka stendur og áður en afurðirnar eru sendar á markað og bera niðurstöður þeirra saman við gildandi viðmiðunarmörk.

Skipuleggjendur og umsjónaraðilar innra eftirlits skulu setja sér verklagsreglur um sýnatökur í samræmi við endanlegar afurðir (í skel, skelflett, úrskeljuð), hitastig, suðutíma og áhættumat, í samræmi við ákvæði 7. gr. þessarar reglugerðar og rg. nr. 558/1997, um innra eftirlit.

Í ofangreindum verklagsreglum um sýnatökur skal, í þeim tilvikum sem niðurstöður örverurannsókna eru yfir viðmiðunarmörkum, vera skuldbinding þess efnis að:
a) Tilkynna Fiskistofu um niðurstöðurnar og tilgreina til hvaða ráðstafana hefur verið gripið vegna framleiðslulotna sem ekki standast viðmiðunarmörk.
b) Endurskoða eftirlits- og vöktunaraðferðir á mikilvægum eftirlitsstöðum til þess að finna orsök mengunarinnar og að auka tíðni örverurannsókna.
c) Dreifa ekki til manneldis þeim framleiðslulotum sem ekki standast viðmiðunarmörk vegna sýkla sem í þeim hafa fundist eða ef M-gildi fyrir staphylococca (klasahnettlur) eru fyrir ofan þau mörk, sem tilgreind eru hér að framan.

VIÐAUKI 6
Pökkun.

1. Pökkun skal fara fram við fullnægjandi hreinlætisaðstæður til að komið verði í veg fyrir mengun afurðanna.
2. Umbúðir og annað sem líklegt er að komi í snertingu við fiskafurðirnar skal fullnægja öllum reglum um hollustuhætti. Einkum skal þess gætt:
   a) Að ekki séu í þeim efni sem haft geta áhrif á bragð, útlit eða lyktareinkenni afurðanna.
   b) Að ekki séu í þeim efni sem borist geta í afurðirnar og skaðleg eru heilsu neytenda.
   c) Að umbúðirnar séu nægilega sterkar til að veita afurðunum fullnægjandi vernd.
3. Umbúðir má ekki endurnota, að undanskildum ílátum úr ógagndræpum, sléttum og ótæranlegum efnum sem auðvelt er að þrífa og gerileyða, og leyfilegt er að nota eftir slík þrif. Umbúðir fyrir ferskar, ísaðar fiskafurðir skulu þannig gerðar að þær veiti þeim fullnægjandi vörn gegn óhreinindum, hnjaski og mengun og að afurðirnar liggi ekki í vatninu sem myndast við bráðnun íssins.
4. Ónotaðar umbúðir skal geyma í umbúðageymslum sem aðskildar eru frá vinnslusvæðum þar sem unnt er að verja þær fyrir ryki og annarri mengun.

VIÐAUKI 7
Merkingar.

Vegna eftirlits þarf að vera hægt að rekja uppruna fiskafurða til sendanda þeirra, annað hvort af merkingum á umbúðum eða fylgiskjölum þeirra. Til þess að svo megi verða skulu eftirfarandi upplýsingar vera á umbúðum pakkaðra fiskafurða en í fylgiskjölum þeirra séu þær ópakkaðar:

1. Nafn sendingarlands, sem rita má óstytt, Island, eða skammstafað, IS, með hástöfum. Um önnur aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins gilda eftirfarandi skammstafanir: B, - DK, - EL, - E, - F, - IRL, - NL, - NO, - P, - UK, - AT, - FI, - SE.
2 Leyfisnúmer vinnslustöðvar eða vinnsluskips og uppboðs- og heildsölumarkaðar, þar sem þess þarf, eða skráningarnúmer hans svo og fiskiskips sem um getur í 7. gr. II. hluta viðauka 1.
3 Allir þessir stafir og tákn skulu vera auðlæsileg og standa saman á umbúðunum á stað þar sem þau eru sýnileg án þess að þær þurfi að opna.

VIÐAUKI 8
Geymsla og flutningur.

1. Við geymslu og flutning skal eftirgreindum afla og fiskafurðum haldið við hitastig það sem tilgreint er í reglugerð þessari:
   a) Lifandi sjávarafla skal ávallt flytja og geyma við bestu lífsskilyrði í neysluvatni eða hreinum sjó.
   b) Ferskum og þíddum afla og fiskafurðum, soðnum og kældum krabbadýrum og samlokum við bráðnunarmark íss.
   c) Hitastig í frystum afla og fiskafurðum, að undanskildum pækilfrystum afla sem ætlaður er til niðursuðu, skal vera -18°C eða lægra, hvar sem mælt er í þeim. Hitastig má þó hækka í skamman tíma í flutningi, enda sé sú hækkun aldrei meiri en 3°C.

d) Verkuðum fiskafurðum skal haldið við það hitastig sem framleiðandi tilgreinir. Sé það ekki tilgreint skal halda afurðunum við það hitastig sem tilgreint er í reglugerð þessari.

2. Sé frystur afli fluttur frá frystigeymslu til vinnslustöðvar þar sem þíða á hann strax við móttöku og vinna og þar sem um stutta vegalengd er að ræða, innan við 50 km eða einnar klst. akstur, getur Fiskistofa veitt undanþágu frá ákvæðum b)-liðar 1. tl. hér að ofan.
3. Afla eða fiskafurðir má hvorki geyma né flytja með neinum þeim vörum sem gætu haft neikvæð áhrif á heilnæmi þeirra, nema þær séu í umbúðum sem veita þeim fullnægjandi vernd.
4. Flutningatæki sem notuð eru til flutnings á afla eða fiskafurðum skulu vera þannig gerð og útbúin að unnt sé að halda þeim við það hitastig sem tilgreint er í reglugerð þessari meðan á flutningi stendur. Sé ís notaður til að kæla aflann eða afurðirnar skal sjá til þess að vatnið sem bráðnar úr ísnum geti greiðlega runnið af þeim svo að þær liggi ekki í því og mengist. Klæðning skal vera slétt og auðvelt að þrífa hana og gerileyða. Henni skal halda vel við og hreinni.
5. Óheimilt er að flytja afla eða fiskafurðir í flutningatækjum sem notuð hafa verið til flutnings annarra afurða nema þau hafi áður verið vandlega þrifin og gerileydd eða hægt sé að tryggja að aflinn eða fiskafurðirnar mengist ekki.
6. Afla og fiskafurðir skal ekki flytja í flutningatækjum eða gámum sem eru ekki hrein eða hafa ekki verið gerileydd.

VIÐAUKI 9
Skynmat.

Heimilt er að setja eftirtaldar tegundir á markað innan Evrópska efnahagssvæðisins, hvort sem þær eru upprunnar innan þess eða ekki, að því tilskyldu að þær uppfylli þær kröfur sem fram koma í reglugerð þessari:

a)	*ansjósur*	*Engraulis teg.*
	bramafiska	*Brama teg.*
	brynstirtlu	*Trachurus teg.*
	flundru	*Platichthys flesus*
	flúrur	*Solae teg.*
	geddur	*Esocidiae teg.*
	hafál	*Conger conger*
	háfa	*Squalus acanthias og Scyliorhinus teg.*
	hlýra	*Anarhichas minor*
	karfa	*Sebastes teg.*
	keilu	*Brosme brosme*
	knurrara	*Trigla teg.*
	kolmunna	*Micromesistius poutassou eða Gadus poutassou*
	lýr	*Pollachius pollachius*
	lýsu	*Merlangius merlangus*
	lýsing	*Merluccius merluccius*
	lúðu	*Hyppoglossus hyppoglossus*
	löngur	*Molva teg.*
	makríl	*Scomber scombrus*
	makríl, spænskan	*Scomber japonicus*

marbendil	*Lepidopus caudatus*
röndunga	*Mugil teg.*
sandkola	*Limanda limanda*
sardínu	*Sardina pilchardus*
síld	*Clupea harengus*
skarkola	*Pleuronetes platessa*
skötur	*Raja teg.*
skötuseli	*Lophius teg.*
spærlinga	*Trisopterus teg.*
steinbít	*Anarchias lupus*
stinglax	*Aphanopus carbo*
stórglyrni	*Boops boops*
stórkjöftur	*Lepidorhombus teg.*
túnfisk	*Thunnus thynnus*
túnfisk, hvíta	*Thunnus alalunga (Germo alalunga)*
túnfisk, stóreyga, glápara	*Thunnus eða Parathunnus obesus*
ufsa	*Pollachius virens*
ýsu	*Melanogrammus aeglefinus*
þorsk	*Gadus morhua*
þykkvalúru	*Microstomus kitt*

b) Krabbadýr, lifandi, fersk, ísuð eða soðin í gufu eða vatni (sjó):

sandrækju	*Crangon crangon,*
stóra kampalampa	*Pandalus borealis*
töskukrabba	*Cancer pagurus*
leturhumar	*Nephros norvegicus*

c smokkfiska:

blekfisk	*Sepia officinalis*
kolkrabba	*Rossia macrosoma*

Matsreglur.

Flokkun eftir gæðum samkvæmt eftirfarandi reglum byggist á því að skoða og meta viss einkenni sem eru sérstök fyrir hverja tegund eða svipaðar tegundir.

Matsreglurnar taka þó ekki til smámagns sem sjómenn á dagróðrarbátum selja beint til smásala eða neytenda.

A. Bolfiskur og flatfiskur (fisktegundir sem safna fitu að mestu leyti í lifrina): Ýsa, þorskur, ufsi, karfi, lýsa, langa, lýsingur, bramafiskur, skötuselur, spærlingur, stórglyrni, geddur, hafáll, knurrarar, röndungar, skarkoli, sandkoli, þykkvalúra, marbendill.
B. Feitfiskar (fisktegundir sem safna fitu að verulegu/mestu leyti í holdið): Túnfiskur, hvíti túnfiskur, stóreygði túnfiskur, kolmunni, síld, sardína, stinglax/röndungur.
C. Brjóskfiskar: Háfar, skötur.
D. Smokkfiskar: Beitusmokkur, kolkrabbar.
E. Krabbadýr: Rækja, leturhumar.

A. BOLFISKUR OG FLATFISKUR

MATSÞÁTTUR	HÆFUR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFUR TIL MANNELDIS **
Roð	Farið að tapa lit og verða matt.	Mött áferð.
Slím	Mjólkurlitað.	Ógagnsætt.
Augu	Flöt. Ópalleit hornhimna. Augasteinn mattur.	Íhvolf. Hornhimna mjólkurlituð. Augasteinn gráleitur.
Tálkn	Brúnleit, farin að upplitast. Slímið þykkt og ógagnsætt.	Slímið gulleit og mjólkurlitað.
Kviðhimna (í slægðum fiski)	Blettótt, auðvelt að losa hana frá þunnildum.	Laus frá þunnildum.
Lykt úr tálknum og kviðarholi á bolfiski og kola	Minnir á súrmjólk, súrt brauð. Fitubrák, lykt af gerjun, vottur af þráa.	Súr. Súr.
Þéttleiki holds	Nokkuð lint, minnkandi fjöðrun. Vaxkennd og mött áferð.	Lint. Hreistur losnar auðveldlega af roði. Yfirborð farið að skorpna.

Sérstakar kröfur varðandi hausaðan skötusel.

Blóðæðar í þunnildum.	Nokkuð breiðar og brúnleitar.*	Allar breiðar, brúnleitar og holdið orðið gulleitt.**

* Lágmarkskröfur

** Eða skemmdareinkennin meiri

B. FEITFISKUR

MATSÞÁTTUR	HÆFUR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFUR TIL MANNELDIS **
Roð	Gljálaust, matt, litur daufur, roðið myndar fellingar ef fiskurinn er sveigður.	Litur mjög daufur, farið að losna frá holdinu.
Slím	Mjólkurleitt.	Gul-grátt, ópalleitt.
Hold	Vottur af losi.	Los.
Tálknbörð	Brúnleit eða áberandi blóðflæði út frá æðum.	Gulleit.
Augu	Flöt, augasteinn ógreinilegur, blóðlitur umhverfis auga.	Íhvolf. Miðjan sokkin, augasteinn grár, sjónhimnan mjólkurleit.
Lykt úr tálknum	Minnir á bjór- eða gerlykt, egg sem farið er að fúlna eða brennisteinsfnyk.	Rotnunar- eða súrlykt.

* Lágmarkskröfur
** Eða skemmdareinkennin meiri

Ath.: Fiskur í miklu æti verður þrár áður en skemmdarlykt kemur af honum.

C. BRJÓSKFISKAR

MATSÞÁTTUR	HÆFIR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFIR TIL MANNELDIS **
Augu	Flöt, mött.	Íhvolf, gulleit.
Útlit/slím	Nokkurt slím í kjafti og í tálknopum, kjálkar lítillega útflattir.	Mikið slím í kjafti og tálknopum.
Lykt	Lítilsháttar ammoníakslykt, súrlykt.	Sterk ammoníakslykt.

Sérstakar kröfur varðandi skötur.

MATSÞÁTTUR	HÆFAR TIL MANNELDIS *	ÓHÆFAR TIL MANNELDIS **
Roð	Litarbreyting byrjuð, gljái horfinn, slím ópalleitt.	Upplitað, skorpið, slím orðið þykkt.
Hold	Meirt.	Áberandi los, skvapkennt.
Útlit	Börðin lin.	Börðin slapandi.
Kviðarhol	Hvítt og matt með rauða eða gula bletti.	Gulir eða grænir blettir, rauðir blettir í holdinu.

* Lágmarkskröfur
** Eða skemmdareinkennin meiri

D. SMOKKFISKUR

MATSÞÁTTUR	HÆFUR TIL MANNELDIS *
Roð	Upplitað, losnar auðveldlega frá holdinu.
Hold	Aðeins byrjað að meirna, ljósbleikt eða ljósgult.
Armar	Ekki erfitt að ná þeim af.
Lykt	Bleklykt.

* Lágmarkskröfur

E. KRABBADÝR

1. Rækjur.

MATSÞÁTTUR	HÆF TIL MANNELDIS *
Lágmarkskröfur	Yfirborð skeljar skal vera rakt og gljáandi. Rækjur skulu renna lausar og aðskildar þegar þær eru færðar milli íláta. Ekkert aukabragð skal vera af vöðvanum. Rækjan skal vera laus við hvers konar utanaðkomandi óhreinindi, s.s. sand eða slím.
Útlit 1. Rækja í skel (Crangon crangon) 2. Djúpsjávarrækja (Pandalus borealis)	Litur breytilegur frá föl-rauðbleikum yfir í blárauðan með hvítum blettum. Kviður ætti að vera ljós en þó má vera vottur af gráum lit á skelinni. Bleik en hausinn gæti verið byrjaður að sortna.
Hold	Losnar treglega úr skelinni og smávægilegar holdtægjur fylgja henni. Farið að meirna, svolítið seigt.
Brotin rækja	Smávægilegt magn af brotinni rækju má finnast.
Lykt	Lítið eitt súr. Engin þanglykt.

* Lágmarkskröfur

2. Leturhumar, lágmarkskröfur.

MATSÞÁTTUR	HÆFUR TIL MANNELDIS *
Skel	Vottur af litarbreytingu, nokkrir svartir blettir og skelin gráleit, einkum milli liða á halanum.
Tálkn	Tálkn dökkgrá og græn slikja á efra borði skeljarinnar.
Lykt	Vottur af súrlykt.
Hold (hali)	Ópalleitt og matt.

* Lágmarkskröfur

REGLUR

um veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum.

1. gr.

Tilgangur þessara reglna er að skapa ramma fyrir veitingu leyfa til rannsókna og nýtingar á örverum sem finnast á jarðhitasvæðum landsins og að tryggja eftirlit með rannsóknum og nýtingu. Reglunum er jafnframt ætlað að tryggja markmið samningsins um líffræðilega fjölbreytni, sem birtur var í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1995, að þessu leyti og um leið að stuðla að aðgangi að niðurstöðum rannsókna og tækniþróun og réttlátri skiptingu efnahagslegs hagnaðar af nýtingu örvera.

Iðnaðarráðherra veitir, að höfðu samráði við umhverfisráðherra, leyfi til að rannsaka og nýta örverur sem vinna má á jarðhitasvæðum.

2. gr.

Með örveru er átt við hverskonar örverufræðilega einingu, myndaða af frumum eður ei, sem fær er um eftirmyndun eða yfirfærslu erfðaefnis og tekur til alls erfðaefnis örverunnar hvort sem það er innan eða utan upphaflegu örverunnar.

Með jarðhitasvæði er átt við afmarkað landsvæði, hvort sem er á landi, í botni stöðuvatna og vatnsfalla og á sjávarbotni innan netlaga. Jarðhitasvæði í skilningi reglna þessara getur bæði átt við svæði sem jarðfræðilega telst ein heild og hluti þess, t.d. svæði þar sem jarðhiti er tengdur við sömu uppstreymisrás. Með jarðhita er bæði átt við jarðvarmaforða í bergi í jarðskorpunni og stöðugan straum varma (gufu eða heits vatns) úr iðrum jarðar sem ekki telst grunnvatn.

3. gr.

Iðnaðarráðherra veitir skv. reglum þessum rannsóknarleyfi annars vegar og nýtingarleyfi hins vegar. Rannsóknarleyfi eru veitt í samræmi við eðli rannsóknanna og skuldbindingar rannsóknaraðila varðandi rannsóknirnar. Um er að ræða eftirfarandi leyfi:

Rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna: Leyfi eins aðila til hagnýtra rannsókna á örverum á sérstaklega afmörkuðu jarðhitasvæði í takmarkaðan tíma.

Um er að ræða sérleyfi til þess að rannsaka hagnýtt gildi hveraörvera. Þetta leyfi kemur ekki í veg fyrir að unnt sé að gefa út almennt rannsóknarleyfi til vísindalegra grunnrannsókna en hindrar aftur á móti að aðrir stundi hagnýtar rannsóknir á hitakærum örverum á sama svæði á gildistíma leyfisins. Skilyrði veitingar rannsóknarleyfis til hagnýtra rannsókna eru m.a. verulegar fjárhagslegar skuldbindingar rannsóknaraðila vegna rannsóknanna.

Almennt rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsóka: Leyfi eins eða fleiri aðila til hagnýtra rannsókna á örverum á sérstaklega afmörkuðu jarðhitasvæði.

Um er að ræða sömu réttindi og felast í rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna, án þess að um sérleyfi sé að ræða. Skilyrði veitingar almenns rannsóknarleyfis til hagnýtra rannsókna eru m.a. háð fjárhagslegum skuldbindingum sem þó skulu vera minni en ef um sérleyfi er að ræða. Í almennu rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna eru ekki gefin fyrirheit um forgang að sérleyfi til hagnýtra rannsókna síðar.

Almennt rannsóknarleyfi til grunnrannsókna: Leyfi eins eða fleiri aðila til grunnrannsókna á örverum á sérstaklega afmörkuðu jarðhitasvæði.

Um er að ræða leyfi sem veitt er vísindamönnum og öðrum þeim aðilum sem eingöngu stunda grundvallarrannsóknir. Leyfið er ekki veitt fyrirtækjum eða stofnunum sem stunda

vísindarannsóknir með efnahagslegan ávinning í huga. Leyfið veitir aðgang að jarðhitasvæðum án tillits til þess hvort aðrir hafi þar gilt sérleyfi til hagnýtra rannsókna eða ekki.

Nýtingarleyfi: Leyfi til að hagnýta tilteknar örverur í framleiðslu og/eða til sölu.

Nýtngarleyfi geta allir fengið sem áður hafa fengið rannsóknarleyfi sem leitt hefur til hinna hagnýtu nota, einnig þeir sem haft hafa almennt rannsóknarleyfi til grunnrannsókna. Almennt gildir að áður en nýtingarleyfi er gefið út skal rannsóknaraðili hafa tryggt samkomulag við eiganda jarðhitasvæðisins um endurgjald fyrir notin. Einnig er unnt að setja sem skilyrði fyrir veitingu nýtingarleyfis að aflað hafi verið einkaleyfis fyrir hin tilteknu not. Hafi einkaleyfis verið aflað skal veiting nýtingarleyfis að öðru jöfnu aðeins háð því að samkomulag sé við landeiganda um nýtinguna.

Við útgáfu nýtingarleyfa skal taka tillit til 15.–19. gr. samningsins um líffræðilega fjölbreytni.

4. gr.

Rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna, sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr., verður aðeins gefin út að undangenginni almennri auglýsingu.

Veiting almenns rannsóknarleyfis til hagnýtra rannsókna, sbr. 4. og 5. mgr. 3. gr. og almenns rannsóknarleyfis til grunnrannsókna, sbr. 6. og 7. mgr. 3. gr., er ekki bundin slíkri auglýsingu.

Leyfi skulu bundin við afmörkuð jarðhitasvæði eins og sýnt er í viðauka eða afmörkuð minni svæði innan þeirra.

5. gr.

Við mat á umsóknum um rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna, sbr. 4. gr., skal fyrst og fremst taka mið af 5.-10. tölul. 7. gr.

6. gr.

Rannsóknarleyfi skulu ekki gefin út til lengri tíma en fimm ára í senn. Á meðan almennt rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna er í gildi er ekki unnt að veita öðrum sérleyfi á því svæði.

Nýtingarleyfi takmarka ekki veitingu annarra leyfa á viðkomandi jarðhitasvæði á nýtingartímanum.

Í bæði rannsóknarleyfi og nýtingarleyfi er unnt að setja skilyrði um innlenda rannsóknar- og /eða nýtingaraðild aðila með staðfestu á EES-svæðinu enda verði þau skilyrði í fullu samræmi við ákvæði þeirra alþjóðasamninga sem Ísland á aðild að.

7. gr.

Umsóknir um rannsóknar- og nýtingarleyfi skulu vera á íslensku og skal eftirfarandi koma þar skýrt fram:

1. Tegund leyfis sem sótt er um.
2. Samþykktir umsækjanda og samstarfsaðila þeirra ef um félög er að ræða en starfssvið og samstarfsaðilar ef um einstaklinga er að ræða. Ef samstarfsaðilar einstaklinga eru félög skulu samþykktir þeirra félaga fylgja með.
3. Tímalengd leyfis sem sótt er um.
4. Staðarmörk svæðis sem sótt er um.
5. Skil rannsóknarsvæða á rannsóknartímanum ef sótt er um fleiri en eitt svæði.
6. Verkefnislýsing ásamt markmiðum.
7. Tímasett áætlun um rannsóknir og rannsóknaráfanga ef um rannsóknarleyfi er að ræða.

8. Lágmarks fjárhagslegar skuldbindingar umsækjanda, ef um leyfi til hagnýtra rannsókna er að ræða.
9. Upplýsingar um ábyrgðarmann verkefnisins og helstu stjórnendur verkþátta.
10. Upplýsingar um hvar rannsóknirnar eða hagnýtingin fer fram ásamt upplýsingum um aðstöðu, tæki og búnað, eins og við á.
11. Samningur við landeigendur svo og upplýsingar um verndun rannsóknarniðurstaðna, ef um nýtingarleyfi er að ræða.

8. gr.

Leyfi til rannsóknar- og nýtingar á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum skulu vera á íslensku og hafa þýðingar þeirra á önnur tungumál ekkert sjálfstætt gildi. Í leyfum þessum skal eftirfarandi koma fram:

1. Nafn, kennitala og heimilisfang leyfishafa.
2. Tegund leyfis.
3. Tímalengd leyfis.
4. Staðarmörk leyfis.
5. Sérákvæði í leyfi, ef um rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna er að ræða.
6. Skil rannsóknarsvæða á leyfistímanum ef um leyfi til hagnýtra rannsókna er að ræða og leyfið nær til fleiri en eins svæðis.
7. Skuldbindingar, eins og við á.
8. Upplýsingaskylda um framvindu og niðurstöður.
9. Öryggis- og umhverfisverndarráðstafanir.
10. Kaup vátrygginga vegna hugsanlegrar skaðabótaábyrgðar leyfishafa.
11. Eftirlit Náttúrufræðistofnunar og greiðslu kostnaðar hennar af því eftirliti.

Leyfin verða birt í fullri lengd á opnum gagnagrunni undir heimasíðu iðnaðarráðuneytis.

9. gr.

Heimild til rannsókna felur í sér leyfi til sýnatöku. Í þeirri heimild felst ekki eignarréttur á sýnunum eða ræktunum úr þeim, né heldur neinn annar réttur umfram þau tilteknu not sem skilgreind eru í rannsóknarleyfinu. Öll sýni skal skrá og staðsetja sýnatökustaðinn nákvæmlega við sýnatöku og afhenda Náttúrufræðistofnun Íslands ljósrit úr rannsóknardagbókum af þeim skráningum.

Óheimilt er að afhenda sýni eða ræktanir úr þeim þriðja aðila án samþykktar iðnaðarráðherra. Um veitingu slíks leyfis hefur iðnaðarráðherra samráð við umhverfisráðherra.

Um flutning sýna og/eða ræktana úr landi gildir eftir því sem við á ákvæði 4. mgr. 15. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 með áorðnum breytingum, sbr. lög nr. 169/1998.

10. gr.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur eftirlit með rannsóknum á örverum sem vinna má á jarðhitasvæðum og nýtingu þeirra. Þeir sem fengið hafa leyfi til rannsókna eða nýtingar örvera á jarðhitasvæðum skulu veita stofnuninni allar upplýsingar um sýnatökur og niðurstöður rannsókna á örverum sem safnað hefur verið á jarðshitasvæðum.

Leyfishafi skal eigi sjaldnar en árlega senda Náttúrufræðistofnun skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um ofangreinda þætti.

Við lok leyfistíma eða við lok rannsóknar, ef þau eru fyrr, skal leyfishafi senda Náttúrufræðistofnun skýrslu um niðurstöður sínar og úrdrátt til iðnaðarráðuneytis og umhverfisráðuneytis. Allar skýrslur og upplýsingar skulu vera á íslensku.

11. gr.

Upplýsingar og rannsóknarniðurstöður sem afhentar eru Náttúrufræðistofnun Íslands eða öðrum opinberum aðilum skulu bundnar trúnaði í tvö ár umfram gildistíma rannsóknarleyfis. Verði á grundvelli rannsóknarleyfis og á gildistíma þess gefið út nýtingarleyfi til sama aðila skulu rannsóknarniðurstöður er varða viðkomandi uppstreymisrás bundnar trúnaði í fimm ár eftir lok gildistíma rannsóknarleyfis.

Eftir að trúnaðarskylda er fallin niður er Náttúrufræðistofnun heimilt að láta öðrum í té umrædd gögn.

12. gr.

Leyfi eru almennt ekki takmörkuð við ákveðinn hámarksfjölda jarðhitasvæða, enda liggi fyrir fullnægjandi rannsóknar- og fjárhagsáætlun sem réttlætir það. Hafi sami aðili rannsóknarleyfi til hagnýtra rannsókna á fleiri en einu jarðhitasvæði skal í leyfinu kveðið á um skil svæða þannig að jarðhitasvæði séu ekki bundin að óþörfu og öðrum sé tryggð eðlileg aðkoma að þeim.

13. gr.

Leyfi sem gefin eru út samkvæmt reglum þessum eru ekki framseljanleg.

14. gr.

Brot gegn reglum þessum varða afturköllun leyfisins, skv. 20. gr. l. um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu nr. 57/1998. Komi til afturköllunar skal leyfishafi skila sýnum og rannsóknargögnum til Náttúrufræðistofnunar Íslands.

15. gr.

Reglur þessar eru settar í samræmi við 34. gr. laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 og með hliðsjón af samningnum um líffræðilega fjölbreytni, að höfðu samráði við umhverfisráðherra og öðlast gildi við birtingu.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. apríl 1999.

Finnur Ingólfsson.

Sveinn Þorgrímsson.

VIÐAUKI

Skrá yfir jarðhitasvæði.

Í skrá þessari er jarðhitasvæðum skipt í 60 svæði vegna rannsókna og nýtingar á hitakærum örverum. Jarðhitasvæðunum er skipt í háhitasvæði og lághitasvæði. Háhitasvæðunum er aftur skipt í tvennt. Eru í fyrri hópnum öflug svæði, stór um sig eða aðgengileg, með miklum fjölda jarðhitastaða. Þessi svæði eru 16 talsins. Þau eru hér á eftir auðkennd með bókstafnum A og hvert svæði með raðtölu frá 1 til 16.

Í síðari hópnum eru svæði, sem eru með mun færri jarðhitastaði á yfirborði, minni að orku eða stærð, eða torveldari aðgöngu. Þau svæði eru 12 talsins og eru þau auðkennd með bókstafnum B og raðtölu frá 1 til 12.

Lághitasvæðunum er einnig skipt í tvennt. Eru í fyrri hópnum öflug svæði, með fjölda hvera eða lauga. Þessi svæði eru 16 talsins. Þau eru auðkennd með bókstafnum C og raðtölu frá 1 til 16.

Í síðari hópnum eru svæði með færri og oft minna heitar jarðhitauppsprettur. Þau eru 16 talsins og auðkennd með bókstafnum D og raðtölu frá 1 til 16.

Númer hvers svæðis samanstendur þannig af bókstaf og raðtölu. Auk þess er þeim gefið einkennisheiti, hverju fyrir sig. Svæði þessi öll eru talin upp hér á eftir og getið marka þeirra í aðalatriðum.

Öflug háhitasvæði (A - flokkur):

A 1 *Reykjanes*: Yst á Reykjanesskaga, vestan línu úr Ósabotnum á Staðarberg.

A 2 *Svartsengi*: Austan A 1 að línu úr Dágon í Fagradalsfjall og Keilisnes.

A 3 *Krýsuvík*: Austan A 2 að línu úr Seljabót í Vatnshlíðarhorn og Straumsvík.

A 4 *Brennisteinsfjöll*: Austan A 3 að línu úr Vogsósi í Bláfjöll, eftir þeim í Vífilsfell og í Straumsvík.

A 5 *Hellisheiði*: Austan A 4 að línu úr Ölfusárósum og um hreppamörk og í Núpafjall, Bitru og Kýrgil og á hreppa- og sýslumörkum um Eiturhól í Vífilsfell.

A 6 *Hveragerði*: Austan A 5 að línu af Ástaðafjalli í Klóarfjall, Inghól á Ingólfsfjalli, Silfurberg og í Ölfusá.

A 7 *Ölkelduháls*: Norðan A 5 og A 6 að austan frá línu úr Klóarfjalli í Dráttarhlíð að línu úr Kýrgilsmynni í Hagavík að vestan.

A 8 *Nesjavellir*: Norðan A 5 og vestan A 7 að sýslu- og hreppamörkum úr Eiturhóli í Vatnsbrekku.

A 9 *Torfajökull*: Að Fjallabaki innan línu úr Stórusúlu í Mælifell, Svartafell, Kirkjufell, Reykjafjöll, Háskerðing, Stóra-Grænafjall í Stórusúlu.

A 10 *Landmannalaugar*: Norðan A 9 að línu úr Reykjafjöllum í Stóra-Mógilshöfða, Norðurnám og í Kirkjufell.

A 11 *Jökultungur*: Vestan A 9 að línu úr Reykjafjöllum í Laufafell, Krakatind syðri og í Stóra-Grænafjall.

A 12 *Reykjadalir*: Vestan A 10 og norðan A 11 að línu úr Krakatindi syðri í Rauðfossafjöll og Stóra-Mógilshöfða.

A 13 *Námafjall*: Í Mývatnssveit innan línu úr Sellandafjalli í Bláfjall, Búrfell, Jörund, Hlíðarfjall, Vörðumel á Grímsstaðaheiði, Vindbelgjarfjall og í Sellandafjall.

A 14 *Krafla*: Norðan A 13 að línu úr Jörundi í Hágöng, Gæsafjöll og í Vörðumel.

A 15 *Gjástykki*: Norðan A 14 að línu úr Hágöngum í Eilíf, Eyjólfshæð, Þeistareykjabungu og í Gæsafjöll.

A 16 *Þeistareykir*: Vestan A 15 og norðan A 13 að línu úr Eyjólfshæð í Sæluhússmúla, í Lambafjöll og eftir þeim í Gustahnúk og í Vörðumel.

Minni háttar háhitasvæði (B - flokkur):

B 1 *Tindfjallajökull*: Innan línu um Markarfljót frá Markarfljótsaurum hjá Þórsmörk upp að Stóra-Grænafjalli, um það í Krakatind syðra, Þrífjöll, Þórólfsfell í Markarfljót og eftir því inn að Þórsmörk.

B 2 *Geysir*: Innan línu úr Múlafjalli undir Bjarnarfelli í Brúarhlöð, um Hvítá í Hvítárvatn og Skriðufell um jökulskil í Hagafell, Bjarnarfell og í Múlafjall.

B 3 *Hveravellir*: Norðan B 2 úr Hvítá um Jökulfall og Blákvísl í Blágnípu, Hásteina í Hofsjökli, Sátu (syðri), um Ströngukvísl í Blöndu, Sandkúlufell, Lyklafell og í Langjökul og um jökulskil upp af Skriðufelli.

B 4 *Kerlingarfjöll*: Austan B 2 og B 3 að línu úr Hvítá um Sandá og Fúlá í Rjúpnafell og um Múla í Hásteina.

B 5 *Arnarfell*: Austan B 3 og B 4 að línu úr Hásteinum í Klakk undir Miklafelli, um Háöldukvísl og Fjórðungskvísl að Hagakvísl, í Krosshnúka, Hnöttóttuöldu og í Rjúpnafell.

B 6 *Vonarskarð*: Austan B 5 að línu úr Hnöttóttuöldu í Hamarinn, Bárðarbungu, Svarthöfða við Köldukvísl og í Krosshnúka.

B 7 *Grímsvötn*: Austan B 6 að línu úr Hamrinum Í Þórðarhyrnu, Snæhettu, um jökulskil á Kverkfjallahrygg í Bárðarbungu og í Hamarinn.

B 8 *Vonarskarð*: Austan B 5 og B 6 og norðan B 7 að línu úr Bárðarbungu í Kistufell, Fjórðungsöldu og í Hagakvísl við Fjórðungskvísl.

B 9 *Kverkfjöll*: Norðan að B 7 og austan við B 8 að línu af Kverkfjallahrygg í söðul Norðlingalægðar, í upptök Kverkár, um Kverká og Kreppu í Kreppulón og í Jökulsá undir Upptyppingum, um Jökulsá undir Urðarháls og í Kistufell.

B 10 *Dyngjufjöll*: Norðan B 9 að línu úr Upptyppingum í Herðubreið, Suðurárbotna, Trölladyngju og í Kistufell.

B 11 *Fremri-Námur:* Norðan B 10 að línu úr Herðubreið í Glæðarás gegnt Núpaskoti, Búrfell, um mörk A 13 í Sellandafjall og í Suðurárbotna.

B 12 *Öxarfjörður*: Norðan A 15 og A 16 að austan að línu úr Eilífi í Dettifoss, Gagndagahnúk og á vatnaskilum í Leirhafnarfjöll og Rauðanúp, en að vestan að línu úr Sæluhúsmúla um sýslumörk í Skeiðsöxl.

Öflug lághitasvæði (C - flokkur):

C 1 *Suður-Borgarfjörður*: Innan línu um sýslumörk um Botnsá í Kvígindisfell, og Þórisjökul, í Ok, Fanntófell, Lundarháls í Grímsá við Fossatún, um Grímsá og Hvítá til ósa.

C 2 *Deildartunga*: Norðan C 1 að línu úr Oki um vatnaskil á Kroppsmúla og austan við Kleppjárnsreykja- og Deildartungutorfur í Hvítá og með henni í Grímsárós.

C 3 *Reykholtsdalur*: Norðan C 1 og austan C 2 að línu úr Þórisjökli um jöklaskil upp af Skriðufelli, í Eiríksjökul og í Hvítá og með henni niður að Deildartungutorfu.

C 4 *Stafholtstungur*: Norðan C 1, C 2 og C 3 að línu af jöklaskilum upp af Skriðufelli í Lyklafell og um sýslumörk vestur á Langavatnsdal, um Víðidalsá og Langá til sjávar.

C 5 *Skagafjörður*: Innan línu um sýslumörk frá Kaldbak í Sæmundarhlíð inn á Háheiði við Litlasand, í Lambárfell við Vesturdal, Torfnahnúk við Eyjafjarðardal, um vatnaskil í Galtárhnúk og um sýslumörk á Hjaltadalsjökul og um vatnaskil í Glóðafeyki og í Kaldbak.

C 6 *Sauðárkrókur*: Norðan C 5 að austan að línu af Hjaltadalsjökli um sýslumörk á vatnaskil norðan Unadals og um þau í Sandvík norðan Höfða, en að vestan um sýslumörk frá Kaldbak um Skaga í sjó.

C 7 *Fljót*: Norðan C 6 að línu um bæjarmörk milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

C 8 *Dalvík*: Austan C 6 og C 7 að línu úr sýslumörkum á Tungnahryggsjökli um vatnaskil sunnan Skíðadals og Þorvaldsdals í Arnarnesvík.

C 9 *Eyjafjörður*: Sunnan C 8 og austan C 5 og C 6 að línu úr Torfnahnúki í hæð (1055 m y.s. á korti LMÍ í 1:250.000) upp af Sölvadal og um vatnaskil milli Eyjafjarðar og Fnjóskadals út á Staðarskarð og vestur til sjávar hjá Miðvík.

C 10 *Fnjóskadalur*: Austan C 9 að línu úr fyrrnefndri hæð 1055 í Hrafnabjörg og í Skjálfandafljót og með því til sjávar.

C 11 *Aðalreykjadalur*: Austan C 10 og vestan B 11, A 13 og A 16 að sunnan að línu úr Skjálfandafljóti undir Hrafnabjörgum í Suðurá og með henni í Suðurárbotna, að norðan úr Gustahnúk í Laxá neðan virkjunar og með henni til sjávar.

C 12 *Reykjahverfi*: Norðan C 11 og A 16 en vestan B 12.

C 13 *Hreppar*: Sunnan B 4 og B 5 að línu um Hvítá frá Sandá í Stóru-Laxá að hreppamörkum neðan Sandlækjar og eftir þeim yfir í Þjórsá og með henni að B 5.

C 14 *Biskupstungur*: Vestan C 13 og sunnan og vestan B 2 að línu af Hagafelli í Hlöðufell, í Brúarárskörð og með Brúará í Hvítá og með henni að Stóru-Laxá.

C 15 *Laugardalur*: Vestan C 13 og C 14, en austan A 6, A 7, A 8, C 1 og C 2, að vestan að línu um sýslumörk af Mosfellsheiði í Kvígindisfell, en að sunnan um Hvítá frá Brúará að Sogi og úr Sogi um hreppamörk í Inghól.

C 16 *Flói*: Sunnan C 13, C 14, C 15, A 6 og A 5.

Minni háttar lághitasvæði (D - flokkur):

D 1 *Mosfellssveit*: Norðan A 4 og A 5, vestan A 8 og C 15 og sunnan C 1.

D 2 *Snæfellsnes*: Vestan C 4 að norðan og austan að línu um sýslumörk á vatnaskilum til Hvammsfjarðar og um Gljúfurá.

D 3 *Dalir*: Austan D 2 og norðan C 4 að austan og norðan að línu um sýslumörk á vatnaskilum til Hrútafjarðar og um Brekkuá í Gilsfirði.

D 4 *Breiðafjarðareyjar*: Eyjar á Breiðafirði.

D 5 *Reykhólasveit*: Norðan D 3 og D 4 að línu um sýslumörk á vatnaskilum til Breiðafjarðar og í Skiptá í Kjálkafirði.

D 6 *Vestfirðir*: Vestan D 5 að línu um sýslumörk á vatnaskilum til Ísafjarðardjúps og norðan Súgandafjarðar í Öskubak.

D 7 *Djúp*: Norðan D 5 og austan D 6 að línu um sýslumörk á vatnaskilum til Húnaflóa og í Geirólfsgnúp.

D 8 *Strandir*: Austan D 5 og D 7 að línu á vatnaskilum milli Kollafjarðar og Bitrufjarðar í Ennishöfða.

D 9 *Húnaþing*: Austan D 3, sunnan D 8, norðan C 4 og B 3 en vestan C 5 og C 6 að suðaustan að línu úr ármótum Strönguvíslar og Blöndu í Háheiði við Litlasand.

D 10 *Sprengisandur*: Austan B 3, norðan B 5 og B 6, vestan B 10 og sunnan C 11, C 10, C 9 og C 5.

D 11 *Jökulsárfjöll*: Austan B 9, B 10, B 11, A 13 og A 14 en sunnan B 12 að línu af jöklaskilum á Kverkfjallahrygg á jöklaskilum um Breiðabungu á vatnaskil milli Jökulsár á Brú og Jökulsár á Fljótsdal og um Snæfell í Hölkná og með henni í Jökulsá, í Eiríksstaðahnefla, í Þjóðfell og á vatnaskilum í Gagndagahnúk.

D 12 Austurland: Austan D 11 og B 12 að línu um sýslumörk á vatnaskilum milli Álftafjarðar og Lóns og jökulskil á Breiðubungu.

D 13 Hornafjörður: Sunnan D 12, D 11 og B 8 að línu um sýslumörk af Skaftafellsfjöru í Grænalón og í Þórðarhyrnu.

D 14 Síða: Vestan D 13, sunnan B 8 og austan A 10 og A 9 að norðvestan að línu úr Hamrinum í Tungnaá og með henni um Kirkjufellsós í Kirkjufell, að vestan úr Mælifelli um sýslumörk sjó við Skógafjöru.

D 15 Rangárþing: Vestan D 14, B 1, A 12, A 11 og A 10, sunnan B 7 og B 5 en austan C 13 og C 16.

D 16 Vestmannaeyjar: Eyjar í Vestmannaeyjaklasanum.